

Úrslitakeppnin hefst
**nba** 28



Ragga nagli
**heilsa** 24



**spottið** 12


Græddu á gulli á Grand Hótel
Laug. sun, mán, frá kl 11:00 til 19:00
Skoðið nánar á bls. 33
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr.



# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
28. apríl 2012
99. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Forsetinn á að ráða**
*Jón Lárusson telur að forsetinn eigi að taka framkvæmdavaldið yfir.*
**forsetakosningar** 26



**Leyndur heimur**
*Þúsundir nýrra tegunda uppgötvast á hverju ári.*
**dýralíf** 34

**Flókin tengsl**
*Skilnaðir og stjúptengsl geta skapað erfiðleika.*
**réttindi barna** 32

**4 SÉRBLÖÐ** í Fréttablaðinu
Ferðir | Fjármál fyrirtækja
Allt atvinna | Fólk





**HLAUPIÐ TIL FRIÐAR** Krakkar úr 7. og 8. bekk Laugalækjarskóla voru í forgrunni er 25 ára afmæli Friðarhlaupsins var fagnað við Höfða í gær. Þau hafa kynnt sér friðarmálefni undanfarna mánuði og fengu við þetta tækifæri afhent hvatningarverðlaunin „Kyndilberi friðar“. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Glæpum fækkar um fjórðung

**Skráðum afbrotum fækkaði um tæp 25 prósent í fyrra, samkvæmt tölum ríkislögreglustjóra. Fíkniefna- og kynferðisbrotum fjölgaði. Aukið eftirlit lögreglu spilar stóran þátt að sögn yfirmanns rannsóknardeildar.**

**LÖGREGLUMÁL** Skráðum afbrotum hjá ríkislögreglustjóra fækkaði um 23,5 prósent í fyrra sé miðað við árið á undan. Heildarfjöldi glæpa árið 2010 var 73.525 en 56.257 í fyrra, samkvæmt bráðabirgðatölum frá embættinu. Tölurnar spanna tímabilið frá 1. janúar til 29. desember 2011.

Þegar litið er til fjölda glæpa í öllum flokkum má sjá fækkun alls staðar, að undanskildum fíkniefna- og kynferðisbrotum.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirmaður rannsóknardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir erfitt að tilgreina eitthvert eitt atriði sem geti útskýrt þróunina.

> Ég hef trú á því að aðgerðir lögreglu er varða innbrot og þjófnaði séu að skila árangri.
>
> FRIÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON
> YFIRMAÐUR RANNSÓKNARDEILDAR LÖGREGLUNNAR

„Ég hef trú á því að aðgerðir lögreglu er varða innbrot og þjófnaði séu að skila árangri,“ segir Friðrik Smári. „Það er fylgst náið með síbrotamönnum og málum er fylgt vel eftir.“

Varðandi fjölgun skráðra fíkniefnabrota telur Friðrik Smári að ástæðan liggi meðal annars í því að lögreglan sé virkari og vinni þar mikla frumkvæðisvinnu. „Það þarf þó að skoða betur hvað gerir það að verkum að kynferðisbrotum sé að fjölga. Hvort fólk sé gjarnara að tilkynna brot eða hvort þeim sé beinlínis að fjölga?“

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra tekur undir orð Friðriks Smára. „Við erum einhvers staðar á réttri leið. Kannski eru forvarnir farnar að skila sínu tilætlaða verki,“ segir Ögmundur. „Lögreglan er að sinna sínu hlutverki mjög vel og það er að skila sér út í samfélagið.“

Umferðarlagabrot hafa ekki verið færri síðan árið 2005, en í skýrslunni segir að ástæðuna megi að hluta til rekja til bilana í hraðamyndavélum á vegum þar sem umferð er mikil.

Tilkynntum afbrotum til lögreglu hefur fækkað jafnt og þétt síðan árið 2007. Sé fjöldi afbrota í fyrra borinn saman við árið 2007, hefur glæpum fækkað um tæp 30 prósent.

Heildarfjöldi starfandi lögreglumanna hefur að sama skapi dregist saman síðustu ár. Árið 2007 voru starfandi 827 lögreglumenn en 716 í fyrra, sem er fækkun um 111 manns.

- sv / sjá síðu 6


KAUPI GULL
Magnús Steinþórsson
Demantar.is
Upplýsingar í síma 699 8000
Verið velkomin
Pósthússtræti 13 101 Reykjavík
– sjá bls. 67 dagskrá
Opið alla helgina frá 10 – 18









## SPURNING DAGSINS



*Jói, hvort værirðu heldur til í Pepsi-deildina eða Coca-Cola Championship?*

„Pepsi-deildina. Pepsí er betra en Kók.“

Knattspyrnukappinn Jóhannes Karl Guðjónsson snýr aftur í raðir ÍA og mun leika með liðinu í Pepsi-deildinni í sumar. Hann hefur komið víða við og meðal annars leikið í ensku Coca-Cola Championship-deildinni.

Hreppsnefnd kemur af fjöllum og biður um fund með Landsvirkjun:

# Áform um virkjun í Stóru-Laxá

**UMHVERFISMÁL** Landsvirkjun hefur farið fram á við Orkustofnun að fá rannsóknaleyfi vegna áætlana um virkjun í Stóru-Laxá í Hreppum. Hreppsnefnd Hrunamanna hefur engar upplýsingar um málið og hefur óskað eftir fundi með fyrirtækinu.

Það var Dagskráin – fréttablað Suðurlands sem sagði frá áformum Landsvirkjunar á fimmtudag. Um er að ræða virkjun með lóni og aðrennslisgöngum, alls um 20 megavött.

Ragnar Magnússon, oddviti Hrunamanna, segir í viðtali við Fréttablaðið að heimamenn hafi ekki heyrt af áformum um virkjun Stóru-Laxár fyrr en bréf barst nýlega frá Orkustofnun, en þar var óskað umsagnar hreppsnefndarinnar vegna óskar Landsvirkjunar um rannsóknaleyfi.

„Þetta kemur okkur afskaplega mikið á óvart og óskuðum við þess vegna eftir fundi með Landsvirkjun og Orkustofnun,“ segir Ragnar sem telur afskaplega ótrúlegt að heimamenn séu tilbúnir að skrifa undir stórtækar virkjunarhugmyndir á svæðinu. „Í mínum huga kemur aldrei til greina að gefa eftir Laxárgljúfrin eða framkvæmdir sem ógna laxastofninum í ánni.“ **- shá**



**EFST Á SVÆÐI 4** Áin er landsfræg fyrir náttúrufegurð en hér er horft upp eftir ánni þar sem veiðisvæðið endar. MYND/BJÖRGÓLFUR HÁVARÐSSON

Auglýsa 900 sumarstörf:

# 500 sumarstörf fyrir námsmenn

**ATVINNUMÁL Velferðarráðuneytið og Vinnumálastofnun auglýsa nú 500 störf sem eru opin öllum námsmönnum, sem eru á milli anna eða skólastiga, auk þeirra sem eru á atvinnuleysisskrá. Störfin eru hluti af tímabundnu átaksverkefni.**

**Auk þess auglýsa sveitarfélög um þessar mundir önnur 400 sumarstörf fyrir námsmenn og atvinnuleitendur. Opnað verður fyrir umsóknir um störfin í dag og umsóknarfresturinn er til 14. maí.** **- shá**

Forsætisráðherra dæmdur:

# Gekk fagnandi út úr dómsal

**PAKISTAN, AP Pólitísk ólga magnaðist enn á ný í Pakistan eftir að hæstiréttur landsins sakfelldi Yousuf Raza Gilani forsætisráðherra fyrir að hafa sýnt dómstól lítilsvirðingu.**

**Honum var þó hvorki gert að segja af sér né var hann dæmdur í fangelsi, eins og dómstóllinn hefði getað gert, og gekk hann því út úr dómhúsinu í fylgd fagnandi stuðningsmanna sinna. Búast má við að vaxandi þrýstingur verði á hann að segja af sér næstu mánuðina.**

**Lítilsvirðinguna er hann sagður hafa sýnt dómstól þegar hann neitaði að verða við úrskurði um að hann ætti að biðja stjórnvöld í Sviss um að hefja á ný rannsókn á spillingarmáli forseta landsins, Asif Ali Zardari.** **- gb**

Eitt ár frá síðasta útboði:

# Ríkið á leið í erlent skuldabréfaútboð

**EFNAHAGSMÁL** Íslensk stjórnvöld hafa ráðið Deutsche Bank, JP Morgan og UBS til þess að annast fjárfestakynningu í Bandaríkjunum og Evrópu vegna fyrirhugaðrar útgáfu á ríkisskuldabréfum á erlendum mörkuðum. Frá þessu greindu fréttastofur Bloomberg og Reuters í gær.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir, upplýsingafulltrúi fjármálaráðuneytisins, sagðist ekki geta tjáð sig um málið þegar Fréttablaðið leitaði eftir staðfestingu á fréttunum.

Íslenska ríkið seldi í júní í fyrra einn milljarð Bandaríkjadala í fyrsta og hingað til eina erlenda skuldabréfaútboði ríkisins frá bankahruni. Áhættuálag á skuldabréfin í því útboði nam 320 punktum umfram áhættulausa vexti. **- mþl**

# Glerbotnsbátur sigli frá Rauðukusunesi

**Þingvallanefnd hefur heimilað útgerð rafknúins útsýnisbáts með gegnsæjum botni til siglinga á Þingvallavatni. Þjóðgarðsvörður mælir með því að bryggja fyrir glerbytnuna verði í Rauðukusunesi en skipulagsmálin eru óleystur vandi.**

**ÞJÓÐGARÐAR** „Okkur finnst við ekki fá nógan stuðning frá Þingvallanefnd með þessu leyfi sem hún gaf,“ segir Gissur Baldursson skipstjóri, annar tveggja sem heimilað hefur verið að gera út útsýnisbát með glerbotni frá þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Gissur og Snæbjörn Ólafsson hafa um nokkurra missera skeið sóst eftir leyfi fyrir að gera út rafknúna glerbytnu fyrir fimmtán til tuttugu farþega á Þingvallavatni. Þeir hafa þrýst á um svör áður en lokahönnun og smíði bátsins hefst. Í desember síðastliðnum lagði Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður ásamt fræðslufulltrúa þjóðgarðsins til að Þingvallanefnd samþykkti málið. Nefndin ákvað þá að fela Ólafi að semja við Gissur og Snæbjörn um verkefnið, meðal annars um aðstöðugjald vegna kostnaðar fyrir þjóðgarðinn. Ábúandinn á Kárastöðum mun einnig hafa gefið sitt samþykki.

„Við erum búnir að hanna bátinn í grófum dráttum og rafbúnaðinn í hann en það hefur lítið annað gerst frá því Þingvallanefnd ákvað að samingurinn við okkur yrði gerður,“ segir Gissur.

Í áðurnefndu minnisblaði þjóðgarðsvarðar og fræðslufulltrúans segir að þeir hafi með Gissuri og Snæbirni skoðað þrjú svæði undir starfsemina. Mæltu þeir með að Nestá á Rauðukusunesi í Kárastaðalandi yrði skoðuð nánar sem aðstaða fyrir rafmagnsbátinn. Þar í kring er talsverð sumarhúsabyggð.

„Þetta mál er í vinnslu bæði hjá þeim og okkur. Við höfum verið að horfa á Kárastaðalandið en það er ekki kominn neinn botn í það,“ segir Ólafur og bendir á að gæta þurfi að mjög mörgum atriðum.

„Ef það þarf að reisa þarna flotbryggju, bílastæði, salerni og önnur mannvirki og laga vegi þá þarf það náttúrlega að fara fyrir byggingarnefnd,“ segir Ólafur og bætir við að eins þurfi Siglingastofnunin að fara yfir öyggismál. „Þetta tekur allt sinn tíma.“

Gissur segir þá Snæbjörn ánægða með Rauðukusunes fyrir bátinn sem verður með glerglugga á kilinum svo farþegar geti horft ofan í djúp Þingvallavatns. Svo virðist hins vegar sem runnar séu tvær grímur á Þingvallanefnd vegna skipulagsmála á svæðinu.

„En við erum ekkert hættir því við erum búnir að leggja allt of mikla vinnu og peninga í að hanna þetta og koma þessu af stað til að leggja árar í bát núna,“ segir Gissur Baldursson. gar@frettabladid.is




**RAUÐUKUSUNES** Yst á Rauðukusunesi er svokölluð Nestá sem menn sjá fyrir sér að geti þjóna sem heimahöfn fyrir útsýnisbát með glerbotni á Þingvallavatni. MYND/LOFTMYNDIR

> Við erum búnir að hanna bátinn í grófum dráttum og rafbúnaðinn í hann en það hefur lítið annað gerst frá því Þingvallanefnd ákvað að samingurinn við okkur yrði gerður.
> GISSUR BALDURSSON



**LÍNA** Varðskipsmenn skutu línu til norska skipsins og tóku það í tog. MYND/LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS

Ægir með norskt skip í togi:

# Dregið um 500 mílur til hafnar

**BJÖRGUN** Varðskipið Ægir tók norska línuskipið Torita í tog um klukkan 4 í gærmorgun. Skipið óskaði eftir aðstoð á miðvikudag, þegar það var statt um 500 sjómílur suðvestur af Garðskaga.

Skipið var á mörkum íslensku og grænlensku leitar- og björgunarsvæðanna þegar hjálparbeiðnin barst. Gangi sigling skipanna eftir áætlun verða þau komin til hafnar á suðvesturhorni landsins á sunnudagskvöld eða aðfaranótt mánudags. Torita er 377 tonna línuskip, um 40 metra langt. **- bj**

Forstjóri um komandi sumar:

# Ekkert ákveðið með hvalveiðar

**SJÁVARÚTVEGUR Kristján Loftsson, forstjóri Hvals hf., segir ekkert hæft í fréttum þess efnis að ákveðið hafi verið að stunda hvalveiðar hér við land í sumar. Fréttavefurinn Skessuhorn sagðist á fimmtudag hins vegar hafa „traustar heimildir fyrir því að verulegar líkur séu nú á að hvalveiðar hefjist að nýju“ eftir að hafa legið niðri í fyrrasumar.**

**„Vonandi verður eitthvað og ekkert er útilokað en það er ekkert ákveðið. Skessuhorn er að búa til fréttir hérna heima til að þjóna antí-hvalaliðinu á erlendum vettvangi,“ segir Kristján.** **- gar**






Jóhannes Valgeir Reynisson ánægður með vitundarvakninguna Bláa naglann:

# Hefur fengið frábærar viðtökur

**SAMFÉLAGSMÁL** Samfélagsátakið Blái Naglinn hefur gengið vonum framar frá því að það hófst um síðustu mánaðamót. Það segir Jóhannes Valgeir Reynisson, upphafsmaður verkefnisins, en upphaf árverknisog vitundarátaks um blöðruhálskirtilskrabbamein markaðist af frumsýningu heimildamyndar þar sem sagt var frá baráttu Jóhannesar við sjúkdóminn.

„Við fjölskyldan höfum fengið rosalega mikil og góð viðbrögð síðan myndin var sýnd. Það hefur komið mér á óvart hversu margir hafa lýst yfir ánægju með að við höfum vakið umræðu um þessi mál.“

Samhliða átakinu efndi Jóhannes til söfnunar til styrktar tækjakaupum fyrir Landspítalann. Sölufólk um allt land hefur selt Bláa nagla til að fjármagna kaup á línuhraðli, sem er tæki sem notað er í geislunarmeðferð krabbameinssjúklinga.

Jóhannes segir að salan hafi víðast hvar gengið mjög vel. „Sölufólkið okkar segir móttökur almennings hafa verið frábærar. Fólk veit greinilega um hvað málið snýst og er tilbúið að styrkja málefnið.“

Söfnunarátakinu lýkur á fimmtudag og segir Jóhannes að enn sé nóg til af nöglum til að selja, og hann hvetur áhugasama til að hafa samband. Til dæmis sé hægt að bæta við fólki á Suðurlandi og Austfjörðum.

„Mitt markmið með þessu öllu er fyrst og fremst að upplýsa fólk um hvað þetta mein er algengt og mun meira feimnismál en flestir gera sér grein fyrir,“ segir Jóhannes. **- þj**



**BLÁIR NAGLAR** Jóhannes naut aðstoðar séra Gunnars Sigurjónssonar og sjónvarpsmannsins Helga Seljans við að reka bláa nagla í trédrumb í Kringlunni í gær.

husa.is

# REIÐHJÓLA DAGAR

## AUTHOR HJÓLIN Á FRÁBÆRU VERÐI

BLÁI NAGLINN

HÚSASMIÐJAN ER BAKHJARL BLÁA NAGLANS.
SÝNDU STUÐNING Í VERKI.

HJÁLMUR FYGIR ÖLLUM HJÓLUM
LAUGARDAG TIL SUNNUDAGS



**Author Vectra 26"**
Bremsur: V-brake
Gírar: 18, gírskipting: Shimano Revoshift
3899998

VERÐ VERND
**29.900 kr.**
LÆGSTA LÁGA VERÐ



**Author Trophy 26"**
Bremsur: V-brake
Gírar: 18, gírskipting: Shimano Revoshift
3899987

VERÐ VERND
**29.900 kr.**
LÆGSTA LÁGA VERÐ

KOMDU OG SJÁÐU ÚRVALIÐ!



**Author Matrix 24"**
Bremsur: Tektro 55 AL
Gírar: 18
Gírskipting: Shimano Revoshift
3899972

**32.900 kr.**



**AuthorCompact 26"**
Stell: 20" og 22"
Bremsur: Tektro 855 AL
Gírar: 21, gírskipring: Shimano Revoshift
Þyngd: 12.2 kg
3899953-4

**45.900 kr.**

## KYNNING OG RÁÐGJÖF!

**Kynning á Author reiðhjólum í dag, laugardag frá kl.13-17, í Húsasmiðjunni Skútuvogi.**

**Árni Traustason** keppnishjólreiðakappi kynnir Author gæðahjólin og veitir ráðgjöf við val á hjólum. Árni er margreyndur hjólreiðakappi með áratuga reynslu og mikla þekkingu á reiðhjólum. Komdu og finndu hjól við þitt hæfi.

DYNAMO REYKJAVÍK



**Author Energy 20"**
Bremsur: Tektro 45AL
Gírar: 6
Gírskipring: Shimano Revoshift
3899947

**39.900 kr.**



**Author Orbit 16"**
Bremsur: Tektro 855 AL
Fótbremsur
Þyngd: 9.1 kg
3899943

**24.900 kr.**



**Author Jet 12"**
Bremsur: Fótbremsur
Þyngd: 8.3 kg
3899945

**23.900 kr.**

AUTHOR®
-í fremstu röð

**Author** er einn af leiðandi framleiðendum reiðhjóla og fylgihluta í Evrópu. Author framleiðir gæðahjól á frábæru verði fyrir hinn almenna hjólreiðamann jafnt sem atvinnumenn. Author reiðhjólin hafa slegið rækilega í gegn hjá Húsasmiðjunni undanfarin ár og nú bjóðum við upp á meira úrval en nokkru sinni fyrr – á frábæru verði.

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

## GENGIÐ 27.04.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,38 | 125,98 |
| Sterlingspund | 203,42 | 204,40 |
| Evra | 165,89 | 166,81 |
| Dönsk króna | 22,298 | 22,428 |
| Norsk króna | 21,907 | 22,037 |
| Sænsk króna | 18,639 | 18,749 |
| Japanskt jen | 1,5521 | 1,5611 |
| SDR | 194,20 | 195,36 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
228,003

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnvöld í Úkraínu segja röð sprengjutilræða í austurhluta landsins hryðjuverk:

# Nærri þrjátíu manns særðust

**ÚKRAÍNA, AP** Nærri þrjátíu manns særðust í fjórum sprengjutilræðum, sem gerð voru í borginni Dnipropetrovsk í austanverðri Úkraínu í gærmorgun. Stjórnvöld eru sannfærð um að þetta hafi verið hryðjuverk. „Við munum skoða hvernig bregðast á við þessu," sagði Viktor Janúkovits, forseti landsins.

Pólitísk hryðjuverk hafa ekki tíðkast í Úkraínu en dæmi eru um sprengjutilræði þar sem tengjast glæpastarfsemi. Stjórnarandstöðuflokkur Júlíu Timosjenkó, sem situr nú í fangelsi, hefur hins vegar stungið upp á því að hugsanlega hafi stjórnvöld staðið að baki þessum tilræðum til að draga athygli fjölmiðla og almennings frá máli hennar. Hún hefur verið í hungurverkfalli í viku til að mótmæla fangavist sinni, sem hún segir af pólitískum rótum sprottna. Þá hefur hún skýrt frá misþyrmingum, sem hún hefur orðið fyrir í fangelsinu. - gb



**FANGELSISVIST TIMOSJENKÓ MÓTMÆLT** Stuðningsmenn Júlíu Timosjenkó telja stjórnvöld standa að baki sprengjutilræðunum til að draga athyglina frá máli hennar. NORDICPHOTOS/AFP

Sá lögreglu og tók á sprett:

# Henti kannabis á hlaupum

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður á fertugsaldri tók á sprett eftir göngustíg í Reykjanesbæ þegar hann varð lögreglu var á aðfaranótt föstudags.**

**Að sögn lögreglu á Suðurnesjum var hann hlaupinn uppi og handtekinn. Fíkniefnahundurinn Ella var síðan látin fara sömu leið og maðurinn hafði hlaupið. Þar fannst poki með neysluskammti af kannabisefnum sem maðurinn var talinn hafa hent frá sér. Hann játaði brot sitt og var látinn laus að því loknu, segir lögreglan. - óká**



**HAFARNARPARIÐ** Karlfuglinn er 6 ára en kerlingin 5 ára en á þessum aldri hefja ernir yfirleitt varp. MYND/DANÍEL BERGMANN

Hreiðri steypt fram af klettum:

## Spillt fyrir varpi hafarna

**UMHVERFISMÁL** Fulltrúar Náttúrustofu Vesturlands og Fuglaverndar staðfestu grun sinn í vikunni um að spillt hefði verið fyrir varpi hafarnarhjóna í eyju á Breiðafirði. Sýnilegar skemmdir höfðu verið unnar á hreiðrinu með því að róta í því og kasta hluta hreiðurefnanna fram af klettum niður í fjöru. Skemmdirnar eru tvímælalaust af mannavöldum.

Að spilla fyrir varpi hafarna er skýrt brot á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Málið hefur verið kært til lögreglu og líta Náttúrustofa Vesturlands og Fuglavernd málið mjög alvarlegum augum enda hefur örninn verið strangfriðaður í tæpa öld. - shá

### NÁTTÚRUMÁL

**Rammaáætlun rædd í dag**

Náttúruverndarhreyfingin á Íslandi efnir til náttúruverndarþings í HR klukkan 16 í dag. Fjallað verður um stöðu rammaáætlunar og næstu skref í baráttunni fyrir verndun mikilvægra náttúrusvæða.

### LEIÐRÉTT

Rangt nafn birtist með forsíðumynd blaðsins á fimmtudag. Á myndinni var Diana Symskyte úr Hagaskóla, en hún lenti í öðru sæti í armbeygjum í Skólahreysti.

# Þrotabú Kaupþings og Klakki gefa eftir 250 milljarða hvor

**Þrotabú Kaupþings og félög í eigu þess eiga 56 prósent hlut í Klakka eftir risavaxið samkomulag sem gert var í síðustu viku. Klakki gefur eftir kröfur upp á 254 milljarða króna og Kaupþing sambærilega upphæð.**

**VIÐSKIPTI** Þrotabú Kaupþings og félög í þess eigu eiga 56 prósent af Klakka, sem áður hét Exista, eftir að samkomulag náðist í ágreiningsmálum milli aðilanna í síðustu viku. Þar af verður um 20 prósenta hlutur í beinni eigu þrotabúsins en afgangurinn er að mestu í eigu Arion banka, sem er að mestu í eigu þrotabús Kaupþings. Þetta kemur fram í skjali sem kynnt hefur verið fyrir kröfuhöfum Kaupþings, og Fréttablaðið hefur undir höndum.

Samkomulagið, sem náðist í síðustu viku, felur auk þess í sér að Klakki/Exista gefur alls eftir 254 milljarða króna kröfur í þrotabú Kaupþings. Þar á meðal eru 13,5 milljarða króna forgangskrafa, 209,2 milljarða króna óveðtryggð krafa og 31,3 milljarða króna krafa sem lögð hafði verið fram í riftunar- og skaðabótamálum. Kröfurnar voru að mestu tilkomnar vegna afleiðusamninga sem Klakki/Exista gerði við Kaupþing fyrir bankahrun. Um er að ræða stærstu einstöku kröfuna í bú Kaupþings sem enn var í ágreiningi. Klakki/Exista var stærsti einstaki eigandi Kaupþings þegar bankinn féll. Félagið var líka annar stærsti skuldari bankans.

Á móti mun Kaupþing, sem átti 50 milljarða króna samþykkta kröfu á Klakka/Existu, losa um 15 milljarða króna innstæðu sem búið hafði haldið hjá sér á meðan deilur stóðu yfir á milli aðilanna tveggja. Heimildir Fréttablaðsins herma að Kaupþing muni auk þess falla frá kröfum á Klakka/Existu sem eru að svipaðri upphæð og þær sem Klakki/Exista féll frá.

Magnús Scheving Thorsteinsson, forstjóri Klakka/Existu, sagði í samtali við Fréttablaðið að hann gæti ekki tjáð sig um efnisatriði samkomulagsins vegna trúnaðar. Hann staðfestir þó að þeir fjármunir sem Klakki/Exista mun fá út úr samkomulaginu muni greiðast til eigenda félagsins. Helstu eignir Klakka/Existu eru Skipti hf. (móðurfélag Símans, Mílu og Skjásins), VÍS, Lífís og Lýsing hf. Í nauðasamningi félagsins, sem var staðfestur 17. október 2010, fólst meðal annars að kröfuhafar þess breyttu tíu prósentum af 239,1 milljarða króna kröfum í nýtt hlutafé. 90 prósentum þeirra var síðan breytt í kröfur sem breytanlegar eru í hlutabréf í félaginu ef því tekst ekki að greiða skuldina til baka á tímabilinu 31. desember 2020 til loka árs 2030. Upphæðin fluttist við það af efnahagsreikningi félagsins og kröfuhafar fengu öll yfirráð yfir því. Áður hafði Klakki/Exista verið að mestu í eigu bræðranna Lýðs og Ágústs Guðmundssona. Vegna nauðasamningsins lækkuðu skuldir Klakka/Existu-samstæðunnar um 308 milljarða króna á árinu 2010. Um er að ræða stærstu staðfestu niðurfærslu á lánum til íslensks félags, ef föllnu bankarnir eru frátaldir.

thordur@frettabladid.is

**254** milljarða króna kröfur gefur Klakki/Exista eftir í þrotabú Kaupþings.




**STÆRSTUR** Hlutur Arion banka, sem er í 87 prósent eigu þrotabús Kaupþings og 13 prósent eigu íslenska ríkisins, mun þynnast út vegna samkomulagsins. Bankinn verður samt sem áður stærsti einstaki eigandi Klakka. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

### Þrír vogunarsjóðir á meðal eigenda

Á meðal annarra eigenda Klakka/Existu eru þrír erlendir vogunarsjóðir. Þeir heita Burlington Loan Management Ltd., CVI GVF (lux) Master S.A.R.L. og Fir Tree Value master fund L.P. Fyrir samkomulagið við þrotabú Kaupþings, og þá hlutafjáraukningu sem því fylgdi, áttu sjóðirnir þrír um 17,5% hlut. Hann mun þynnist niður í um 14% eignarhlut vegna samkomulagsins. Fréttablaðið skýrði frá því í lok nóvember í fyrra að sjóðirnir hefðu meðal annars eignast þær kröfur sem síðar var breytt í hlutafé í Klakka/Existu með því að kaupa kröfur annarra, sérstaklega á síðustu misserum.

Aðrir eigendur Klakka/Existu, sem eru samtals tæplega 190 talsins, eru meðal annars franski bankinn BNP Paribas og Lífeyrissjóður Verslunarmanna sem áttu 2,2% hlut hvor fyrir samkomulagið í síðustu viku. Hlutur þeirra þynnist væntanlega niður í um 1,8%.


**Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar**

**Ársfundur 2012**

Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar 2012, verður haldinn miðvikudaginn 16. maí kl. 15.00 í húsakynnum BSRB að Grettisgötu 89, Reykjavík.

**Dagskrá**

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Breyting á samþykktum
3. Önnur mál löglega upp borin

Allir sjóðfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélög eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta.

Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins.

*Reykjavík, 24. apríl 2012*

*Stjórn Lífeyrissjóðs stafsmanna Reykjavíkurborgar*


## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**BLAUTT Í DAG**

Rigning um allt land í dag en ætti að hanga þurr A-til framan af degi. Strekkingur um tíma V-til en hægari annars. Næturfrost N- og A-til og svalt á morgun. Birtir til S-lands á morgun og N-til seinnipartinn. Hlýnar N- og A-lands á mánudag.



**Á MORGUN** Hægviðri V-til, að 12 m/s austast.

**MÁNUDAGUR** Víða hægviðri.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 21° |
| Basel | 25° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 26° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 11° |
| Kaupmannahöfn | 11° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 11° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 13° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 12° |
| París | 17° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*



500 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma!

**Samsung Galaxy Y**

**2.290 kr.** í 12 mán.

**24.990 kr.** stgr.



1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma!

**Samsung Galaxy S II**

**6.490 kr.** í 18 mán.

**99.990 kr.** stgr.

# Snjallir og sniðugir hjá Nova!



1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma!

**HTC Wildfire S**

**3.690 kr.** í 12 mán.

**39.990 kr.** stgr.



500 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma!

**HTC Explorer**

**2.790 kr.** í 12 mán.

**29.990 kr.** stgr.



500 kr. notkun á mán. í 6 mán. fylgir þessum farsíma!

**LG Optimus L3**

**2.290 kr.** í 12 mán.

**24.990 kr.** stgr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Miðgarði Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi.
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

## KJÖRKASSINN



*Myndir þú vilja kafa í gjánni Silfru?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 36,6% |
| NEI | 63,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að gera eigi saksókn vegna hatursáróðurs á netinu auðveldari?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is. Vísir

Borgin ætlar í umbyltingu í sviðakerfinu og breytir skipuriti stjórnsýslunnar:

# Auglýst eftir nýjum yfirmönnum

**REYKJAVÍKURBORG** Tillaga um ýmsar breytingar á stjórnkerfi borgarinnar var lögð fram í borgarráði á fimmtudag. Sett verður á laggirnar nýtt umhverfis- og skipulagssvið og ný skrifstofa eigna og atvinnuþróunar. Jafnframt á að breyta skipuriti fyrir miðlæga stjórnsýslu hjá Reykjavíkurborg og stofna embætti umboðsmanns borgarbúa.

„Umboðsmaðurinn fær það hlutverk að leiðbeina borgarbúum sem telja að á sig hafi verið hallað að einhverju leyti í borgarkerfinu og vera okkur jafnframt til ráðgjafar um hvað megi betur fara,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs.



DAGUR B. EGGERTSSON

Við breytingarnar verður framkvæmda- og eignasvið lagt niður og sett undir nýtt umhverfis- og skipulagssvið sem starfa á í umboði nýs skipulags- og umhverfisráðs. Ný skrifstofa eigna og atvinnuþróunar á að taka yfir hluta verkefna framkvæmda- og eignasviðs, meðal annars málefni eignasjóðs borgarinnar.

Minnihluti Sjálfstæðisflokks og Vinstri grænna í borgarráði sagði óvíst með fjárhagslegan ávinning af breytingum og gerði athugasemdir við vinnslu málsins.

Dagur segir breytingarnar verða gerðar í áföngum og að fullu komnar til framkvæmda fyrir lok ársins. „Það verður byrjað á því að auglýsa eftir yfirmönnum yfir nýja sviðinu og skrifstofunni sem munu síðan leiða annað starfsfólk í að móta þessa nýju starfsstaði.“ - gar

Áfram í gæsluvarðhaldi:

# 17 ára á viðeigandi stofnun

**DÓMSTÓLAR** Sautján ára piltur hefur verið úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald til 11. maí að kröfu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

„Pilturinn var handtekinn í Kópavogi um síðustu helgi eftir að lögreglu barst tilkynning um alvarlega líkamsárás. Þar hafði hann veitt konu á þrítugsaldri áverka með hnífi,“ segir í tilkynningu lögreglu. Fram kemur að pilturinn sé vistaður á viðeigandi stofnun í samráði við barnaverndaryfirvöld. - óká

Ráðgjafahópur skipaður:

# Kanna lagningu sæstrengs

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisstjórnin hefur samþykkt, að tillögu Oddnýjar G. Harðardóttur iðnaðar- og fjármálaráðherra, að skipa ráðgjafahóp til að kanna möguleikana á því að leggja sæstreng frá Íslandi til meginlands Evrópu.

Í hópnum munu eiga sæti fulltrúar allra þingflokka, aðilar vinnumarkaðarins og fulltrúar helstu hagsmunaaðila. Hópurinn á að skila greinargerð um málið í lok þessa árs. Sérstök verkefnisstjórn, sem skipuð verður fulltrúum stjórnvalda, mun starfa samhliða ráðgjafarhópnum. - kóp










# Ráðherra vill standa vörð um lögregluna

**Landssamband lögreglumanna ályktar um að láta leggja lögregluna niður í núverandi mynd. Innanríkisráðherra gagnrýnir ályktunina og kallar hana stílbragð. Glæpum hefur fækkað um fjórðung og fjárframlög ríkisins eru þau sömu**

**LÖGREGLUMÁL** Fjárframlög ríkisins til lögreglunnar voru þau sömu í fyrra og árið 2007, eða um 7,2 milljarðar króna. Lögreglumönnum hefur fækkað um 111 á sama tímabili, en síðustu þrjú ár hafa engir nemar verið í lögregluskólanum eins og áður tíðkaðist.

Landssamband lögreglumanna (LL) ályktaði í vikunni um að „leggja lögregluna á Íslandi niður í núverandi mynd“ sökum fjárskorts. Ályktunin var samþykkt einróma á þingi LL.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir gilda hið sama um lögregluna og aðrar opinberar stofnanir og að hún hafi vissulega þurft að sæta niðurskurði. „En við vonumst til að sólin rísi á hinum efnahagslega himni og þar með vænkist hagur hennar,“ segir Ögmundur.

„Ég er sammála LL um að standa vörð um löggæsluna, en leyfi mér að vekja athygli á því að það að leggja til að lögreglan verði lögð niður því hún sé orðin einskis nýt er stílbragð og það má alveg deila um hversu smekklegt það er. Eitt er víst að það er ekki raunsætt og ekki meint samkvæmt orðanna hljóðan.“

Ekinn kílómetrafjöldi lögreglubifreiða hefur dregist verulega saman undanfarin ár, þó mismikið eftir umdæmum. Mest hefur akstur dregist saman hjá embættinu á Akranesi, eða um 55 prósent, 53 prósent hjá lögreglunni í Borgarnesi og 42 prósent hjá Blönduósslögreglunni. Hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu dróst akstur saman um 31 prósent frá 2007 til 2011.

Í bráðabirgðatölum ríkislögreglustjóra fyrir síðasta ár kemur fram að afbrotum hafi fækkað gríðarlega á milli áranna 2010 og 2011, eða um tæp 25 prósent. Kynferðisbrotum og fíkniefnabrotum fjölgaði milli ára. Ekki náðist í Snorra Magnússon, formann LLí gær.

sunna@frettabladid.is



DANNEBROG Brotið átti sér stað um borð í snekkju drottningar á meðan á opinberri heimsókn til Grænlands stóð.

Afbrot um borð í Dannebrog:

# Nauðgað á skipi drottningar

**DANMÖRK Tveir sjóliðar af dönsku drottningarsnekkjunni Dannebrog voru í gær dæmdir í átján mánaða fangelsi fyrir nauðgun, fyrir rétti í Nuuk.**

**Þeir eru á þrítugsaldri og eru sakfelldir fyrir að hafa nauðgað grænlenskri konu um borð í snekkjunni þegar hún lá við höfn í Nuuk í júlí síðastliðnum, á meðan á heimsókn Margrétar Þórhildar drottningar stóð.**

**Vefmiðillinn Sermitsiaq.ag segir frá, en þar kemur jafnframt fram að þeir hafi verið dæmdir til skaðabótagreiðslu að upphæð 70 þúsund danskar krónur.**

**Mennirnir áfrýjuðu báðir dómum sínum.** - þj



AFHENDING Jón Viðar Stefánsson afhenti Ragnheiði Haraldsdóttur forstjóra Krabbameinsfélagsins styrkinn.

Krabbameinsfélagið fær styrk:

# Gáfu hagnað af sölu nikótínlyfs

**FÓLK** Krabbameinsfélagið fékk í gær rúmlega eina og hálfa milljón króna í styrk frá heilsuvörufyrirtækinu Artasan.

Fyrirtækið flytur inn Nicotinell nikótínvörur og ákvað að láta allan söluhagnað í mars renna til Krabbameinsfélagsins. Að sögn Krabbameinsfélagsins lét fjöldi fyrirtækja söluhagnað eða annars konar stuðning renna til átaksins Mottumars, en enn er verið að skila inn styrkjum. Heildarupphæðin verður tekin saman og eru vonir bundnar við að hún hækki töluvert. - þeb

Hveragerði fær viðurkenningu:

# Fyrsta græna samfélagið

**UMHVERFISMÁL** Hveragerði varð í gær fyrsta samfélagið í heiminum til þess að fá viðurkenningu sem Toucan grænt samfélag.

Toucan Eco eru algjörlega umhverfisvænar hreinsivörur og allar stofnanir í Hveragerði notast nú við slík efni. Geoff Bowers, sem fann upp hreinsiefnið, afhenti bæjarstjóra Hveragerðis, Aldísi Hafsteinsdóttur, viðurkenningu vegna þessa í gær. Efnið er unnið úr vatni og matarsalti og hefur verið notast við það í nokkra mánuði í bænum. - þeb


Hamingjurík helgi í Köben

8.–11. júní
15.–18. júní
22.–25. júní
6.–9. júlí

Nú er upplagt að skella sér í helgarferð til **Kaupmannahafnar** á hagstæðum kjörum og láta **WOW ferðir** sjá um allan pakkann. Hægt er að rölta um borgina, virða fyrir sér mannlífið og njóta menningarinnar, matarins og lífsins almennt. Við biðjum að heilsa hafmeyjunni.

Verð á mann í tvíbýli: **69.900 kr.**

Innifalið er flug með sköttum og gisting í 3 nætur með morgunverði.



wowferdir.is

WOW FERÐIR

WOW ferðir | Grímsbæ, Efstalandi 26 | 108 Reykjavík | +354 590 3000 | wowair@wowair.is

# TAX FREE

## ALLIR SKÓR ÁN VIRÐISAUKASKATTS

fimmtudag til sunnudags



# SKÓAÐU ÞIG UPP!

## skór á alla fjölskylduna

Pearly · Gino Ventori · DreamTeam · bullboxer · ecco · aze · STUDIO London · FILANTO · Skoppa & Skrítla · viking · mkids · Ella Shoes · Duffy · Cars · true · Þór · grisport · Waterland · Spiderman · Dora

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 29. apríl 2012.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hversu margir milljarðar voru greiddir til fólks í veikindafríi árið 2008?*

**2.** *Hvar hefur Agnes M. Sigurðardóttir, næsti biskup, búið síðustu 18 ár?*

**3.** *Hvað heitir barnalagið sem Norðmenn sungu gegn Breivik?*

**SVÖR:**

**1.** *34 milljarðar -* **2.** *Í Bolungarvík -* **3.** *Regnbogabörn*

Tekjur Landsnets á árunum 2006 til 2010 mun hærri en leyfilegt var:

# Landsnet endurgreiði 5 milljarða

**STJÓRNSÝSLA** Tekjur Landsnets á árunum 2006 til 2010 voru 5 milljörðum hærri en sem nemur leyfilegum tekjumörkum fyrirtækisins sem starfar eftir raforkulögum. Landsnet ber því að endurgreiða ofteknar tekjur en í lok árs 2020 skulu uppsafnaðar ofteknar tekjur ekki nema meira en 10 prósentum af uppfærðum tekjumörkum.

Varð þessi niðurstaða ljós þegar uppgjöri Orkustofnunar á tekjumörkum Landsnets fyrir árabilið var skilað nýverið. Orkustofnun skal samkvæmt raforkulögum setja Landsneti svokölluð tekjumörk sem eru þær hámarkstekjur sem fyrirtækinu er leyfilegt að innheimta með gjaldskrá sinni. Er hámarkið ákvarðað út frá rekstrarkostnaði, arðsemi og afskriftum fyrirtækisins.

Í nóvember í fyrra sendi Orkustofnun Landsneti uppgjörið en Landsnet gerði athugasemdir við aðferðafræði stofnunarinnar í ákveðnum þætti uppgjörsins. Í kjölfarið voru gerðar á aðferðafræðinni ákveðnar breytingar og liggur uppfærð niðurstaða nú fyrir. **- mþl**

**Ofteknar tekjur Landsnets í milljónum króna**

| Ár | Almennir notendur | Stórnotendur | Kerfisþjónusta | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| 2006 | 601,1 | -479,9 | 12,5 | 133,7 |
| 2007 | 334,8 | -975,234 | 0,2 | -640,2 |
| 2008 | 342,4 | 212,6 | 107,6 | 662,7 |
| 2009 | 256,5 | 2.332,9 | 69,7 | 2.659,1 |
| 2010 | -50,5 | 2.312,2 | -144,7 | 2.117,5 |

Kostar að sameina ráðuneyti:

# Kostnaður um 243 milljónir

**ALÞINGI** Kostnaður ríkisins við flutning ráðuneyta og stofnana, meðal annars í tengslum við sameiningu ráðuneyta, nemur ríflega 243 milljónum króna á þessu kjörtímabili. Þetta kemur fram í svari Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra við fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins.

Fjögur ráðuneyti sameinuðust í tvö og eitt ráðuneyti til viðbótar hefur flutt. Þá hafa Fjársýsla ríkisins og hluti Vinnumálastofnunar flutt með tilheyrandi kostnaði. **- bj**






Kínverskur andófsmaður flúði úr stofufangelsi:

# Chen er talinn fara huldu höfði í Peking

**KÍNA, AP** Kínverski andófsmaðurinn Chen Guangcheng hefur flúið úr stofufangelsi og er sagður í felum einhvers staðar í Peking. Embættismenn hófu strax ákafa leit að honum og beindu athyglinni í fyrstu að fjölskyldu hans.

Það var He Pirong sem náði í Chen og ók honum á stað sem hún segir „nokkuð öruggan“ án þess að vilja láta meira uppi. He hefur verið í fararbroddi baráttunnar fyrir því að hann yrði látinn laus.

Hún segir það ekki rétt, sem fullyrt var í dagblaði í Singapúr, að Chen sé kominn í bandaríska sendiráðið í Peking. Kínverska lögreglan sé byrjuð að leita að honum og í raun sé ekkert hægt að ábyrgjast um öryggi hans.

Hún segir að Zhang Jian, bæjarstjóri í Dongshigu, þorpinu þar sem Chen var í haldi, hafi orðið æfur þegar hann komst að því að hann væri flúinn. Hann hafi óðar farið með lið manna að heimili bróður Chens, klifrað þar yfir vegg og byrjað að þjarma að fjölskyldunni.

„Þeir börðu alla úr fjölskyldunni sem voru heima,“ segir He. Einn frænda Chens, sem heitir Chen Kegui, hafi þá tekið upp kjötsax sér til varnar. „Hann sagðist hafa höggvið til nokkurra manna með kjötsaxinu og sært þá,“ hefur He eftir frændanum.

Chen, sem er fertugur, hefur verið í stofufangelsi á heimili sínu í Dongshigu í hálft annað ár, eða frá því hann var látinn laus úr fangelsi árið 2010. Hann hafði þá lokið afplánun fjögurra ára dóms sem hann hlaut fyrir að hafa valdið bæði eignaspjöllum og truflunum á umferð.



**FLÚINN** Chen Guangcheng er blindur og fullvíst þykir að hann hafi notið aðstoðar við að flýja úr stofufangelsinu.

Chen er lögfræðingur sem árið 2005 vakti athygli á bágu ástandi mannréttindamála í sveitahéruðum Kína, þar sem embættismenn framfylgdu af mikilli hörku þeirri stefnu að enginn megi eiga fleiri en eitt barn.

Chen er blindur og fullvíst þykir að honum hefði ekki tekist að flýja nema með hjálp íbúa í þorpinu Dongshigu. **gudsteinn@frettabladid.is**


Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

## Ársfundur 2012

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda
þriðjudaginn 15. maí 2012 kl. 16:30,
að Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38.

### Dagskrá

1. Skýrsla rannsóknarnefndar lífeyrissjóða yfirferð Intellecta.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Gerð grein fyrir ársreikningi.
4. Tryggingafræðileg úttekt.
5. Samþykktir sjóðsins.
6. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
7. Önnur mál.

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 23. 04. 2012

**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**

ENNEMM / SÍA / NMS2111

26.-29. apríl

# Brúðkaupsdagar

Happdrætti
fyrir tilvonandi brúðhjón




Bráðskemmtilegt brúðarblað á smaralind.is



Eitthvað gamalt, eitthvað nýtt og eitthvað blátt. Turtildúfur og veisluhaldarar fá allt fyrir stóru stundina á Brúðkaupsdögum Smáralindar sem ná hámarki nú um helgina.

## DAGSKRÁ UM HELGINA

### Laugardagur 28. apríl

| | |
|---|---|
| 14.00 | Guðrún Árný syngur |
| 14.30 | Gísli og Doddi úr ballsveitinni Púgó |
| 15.00 | **Brúðkaupssöngleikurinn „Kannski“** |
| 16.00 | Ína Valgerður syngur |

### Sunnudagur 29. apríl

| | |
|---|---|
| 14.00 | Gísli og Doddi úr ballsveitinni Púgó |
| 15.00 | Ína Valgerður syngur |
| 15.30 | Kristín Birna syngur |
| 16.00 | Guðrún Árný syngur |

Smáralind

smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18



**SNJÓKYNGI Á BÁÐA BÓGA** Það hefur snjóað dálítið mikið þarna í Zolja-skarði í Kasmír, enda í 3.500 metra hæð yfir sjávarmáli. NORDICPHOTOS/AFP

# Einhliða upptaka alþjóðlegs gjaldmiðils raunhæfur kostur

**Manuel Hinds, fyrrum fjármálaráðherra El Salvador, hvetur Íslendinga til að skoða þann valkost að taka einhliða upp alþjóðlegan gjaldmiðil. El Salvador tók einhliða upp Bandaríkjadal fyrir áratug síðan og segir Hinds, sem veitti þarlendum stjórnvöldum ráðgjöf við aðgerðina, reynsluna almennt vera jákvæða.**

**EFNAHAGSMÁL** Einhliða upptaka erlends gjaldmiðils er raunhæfur kostur fyrir Ísland og hefur ýmsa kosti í för með sér. Þetta segir Manuel Hinds, fyrrum fjármálaráðherra El Salvador, en hann var meðal ræðumanna á fundi VÍB, eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, í Hörpu í gær þar sem rætt var um einhliða upptöku erlends gjaldmiðils.



MANUEL HINDS

Hinds var helsti ráðgjafi forseta El Salvador þegar landið tók Bandaríkjadal upp einhliða um síðustu aldamót.

Í erindi sínu fjallaði Hinds um reynslu El Salvador af einhliða upptöku og vísaði einnig til svipaðrar reynslu Panama og Ekvador. Sagði hann að í öllum tilfellum hefði stöðugleiki aukist.

Hinds benti á að lítill gjaldmiðill á borð við krónuna hefði marga ókosti. Hann væri viðskiptahindrun sem kæmi í veg fyrir að Ísland fullnýtti tækifæri sín í alþjóðaviðskiptum. Þá væru vextir mun hærri en ella sem fæli í sér gríðarlegan kostnað fyrir þjóðina.

Hinds stillti einhliða upptöku erlends gjaldmiðils upp sem valkosti sem Ísland ætti að skoða. Vildu Íslendingar fara þá leið lægi beinast við að líta til Bandaríkjadals. Spurður um evruna sagði Hinds hana einnig koma til greina en galt varhug við því sem fylgdi Evrópusambandsaðild. Þá væri Evrópski seðlabankinn líklegur til að reyna að koma í veg fyrir einhliða upptöku evru en sá bandaríski kæmi líklega ekki í veg fyrir einhliða upptöku Bandaríkjadals.

Loks sagði Hinds það misskilning að einhliða upptaka væri gríðarlega kostnaðarsöm. Ekki þyrfti að skipta út öllum krónum í hagkerfinu heldur einungis svokölluðu grunnfé Seðlabankans sem er samtala seðla og mynta í umferð og innistæðna innlánsstofnana í Seðlabankanum. Væri því um að ræða einskiptiskostnað upp á rúmlega 70 milljarða króna miðað við stærð grunnfjár Seðlabanks í janúar.

Í pallborði með Hinds voru Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, Heiðar Már Guðjónsson, hagfræðingur og fjárfestir, og Ingólfur Bender, forstöðumaður greiningar Íslandsbanka.

Þórarinn lýsti þeirri skoðun sinni að vissulega mælti margt með því að Ísland tæki upp alþjóðlegan gjaldmiðil en benti á að slíkri aðgerð fylgdu einnig ókostir. Þá gæti einhliða upptaka verið varasöm og bætti við að því lægi evran beinast við.



**HÖRPU Í GÆR** Í pallborði á fundinum í gær voru auk Hinds þeir Ingólfur Bender, Heiðar Már Guðjónsson og Þórarinn G. Pétursson. Hér situr Hrafn Árnason, forstöðumaður eignastýringar VÍB, í sæti Þórarins sem var að halda sitt erindi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Heiðar hvatti til upptöku Kanadadollars en tók þó fram að val á alþjóðlegri mynt væri ekki helsta áhyggjuefnið. Núverandi ástand krónunnar í þröngum gjaldeyrishöftum með mjög skuldsettan ríkissjóð væri stærsti vandinn og úr honum þyrfti að leysa án tafar ætti ekki að fara illa. Einhliða upptaka Kanadadollars væri leið til þess.

Ingólfur sagði reynslu annarra ríkja af einhliða upptöku sýna að slíkri aðgerð fylgdu bæði kostir og gallar. Krónan hefði hins vegar ekki reynst stöðugur gjaldmiðill og ýmislegt benti til þess að einhliða upptaka gæti hentað Íslandi.

**magnusl@frettabladid.is**

Klósettgallerí í Bankastræti 0:

## Grænt ljós frá skipulagsstjóra

**MENNINGARMÁL Hugmynd um að gera kvennasalernið í Bankastræti núll að sýningarsal fyrir myndlistarmenn mætir ekki fyrirstöðu í borgarkerfinu.**

**Breytingin var tekin fyrir í gær hjá skipulagsstjóra sem sagðist ekki gera skipulagslegar athugasemdir við málið og vísaði því til umsagnar hjá húsafriðunarnefnd.**

**Fram hefur komið í Fréttablaðinu að hugmyndin sé komin frá listamönnum sem nefnt hafi málið við starfsmenn framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar sem á Bankastræti núll.**

**Salernin þar hafa verið lokuð í nokkur ár þar sem aðstaðan þykir ekki uppfylla settar kröfur.**

**- gar**


# Við fyrsta hanagal

## - morgungöngur Ferðafélags Íslands og VÍS 2012



**Skráðu þig inn drífðu þig út Ferðafélag Íslands**

Komdu með í frískandi fjallgöngu í morgunsárið og vaknaðu með fuglunum í eina viku. Einstök náttúruupplifun, gleði og göngustemmning.

Ókeypis þátttaka. Brottför á eigin bílum úr Mörkinni 6 kl. 06.00 eða mæting á upphafsstað göngu. **Nánari upplýsingar á www.fi.is**

**Fararstjórar: Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir**

**Fjöll vorsins:**

**Mánudagur 30.apríl. Helgafell við Hafnarfjörð.**
**Þriðjudagur 01. maí. Mosfell í Mosfellsdal.**
**Miðvikudagur 02. maí. Helgafell í Mosfellssveit.**
**Fimmtudagur 03. maí. Vífilsfell.**
**Föstudagur. 04. maí. Úlfarsfell – morgunmatur í boði FÍ.**



# 20% afsláttur af öllum rósum

Frábært úrval!

nýtt á Íslandi

## ananas jarðarberjaplöntur

pineberries



Gefa uppskeru strax í sumar
berin með ljúffengan ananaskeim

## Eplatré



og full búð af spennandi ávaxtatrjám

# Það er komið sumar!

## Nýkomið

**skemmtilegar ræktunarvörur**



Garðhanskar fyrir konur



Ræktunarbakkar m.a. fyrir baunaspírur



**20% afsláttur af stórum stofublómum!**

## fyrstu sumarblómin komin



Snædrífa

Hengi-lobeliur

Hengi-tóbakshorn

tilboð

tilboð




úrval vandaðra garðvinnutækja!



**Tækjaleiga Garðheima**
opið virka daga til 18:00 | laugardaga til kl. 16:00

Vantar þig kerru?
**50% afsláttur**
af leiguverði á kerru við kaup á:
mold ~ túnþökum ~ áburðarsekkjum



**Mold og túnþökur í kerruna!**
Afgreitt til kl. 18.00 alla daga

GARÐHEIMAR
ÍSLENSKA FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKIÐ

**Góð ráðgjöf á www.gardheimar.is | Opið til kl. 21:00 öll kvöld**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Nýr biskup kemur til starfa með jákvæðu viðhorfi:

## Kjarkur og gleði

Kjör Agnesar M. Sigurðardóttur í embætti biskups Íslands markar tímamót í sögu íslenzku kirkjunnar. Í næstum því þúsund ár, allt frá árinu 1056, hafa eintómir karlar setið biskupsstólana á Hólum, í Skálholti og Reykjavík. Innan við fjórutíu ár eru síðan fyrsta konan tók prestsvígslu, sem þá var umdeild ráðstöfun.

Nú eru konur um þriðjungur presta, en enn þá hallar á þær í stjórnunar- og áhrifastöðum í kirkjunni. Reynslan sýnir hins vegar að kona í toppstöðu dregur oftast fleiri með sér. Kjör Agnesar er því heilmikill áfangi í jafnréttismálum.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það er einnig táknrænt að nú sé kona kjörin biskup eftir erfitt tímabil í sögu kirkjunnar, þar sem hún hefur þurft að vinna úr mistökum sem voru gerð við meðferð ásakana um kynferðisbrot gegn konum innan kirkjunnar. Hvort sem það var meðvitað eða ekki hjá kjörmönnum, á þessi niðurstaða biskupskjörs sinn þátt í að setja punkt aftan við þennan dapurlega kafla í kirkjusögu Íslands.

Neikvæð umræða um kynferðisbrot og afstöðuna til hjónabands samkynhneigðra hefur dregið úr trausti á kirkjunni undanfarin ár og þjóðkirkjufólki hefur fækkað.

Margir af þeim sem hafa sagt sig úr þjóðkirkjunni hafa alls ekki sagt skilið við kristindóminn, eins og sjá má af því hversu mjög hefur fjölgað í fríkirkjusöfnuðum á sama tíma. Þeir hafa fyrst og fremst verið óánægðir með þjóðkirkjuna. Um leið hefur samkeppni lífsskoðana þó harðnað, sem er eðlilegur fylgifiskur fjölmenningarlegs nútímaþjóðfélags.

Stjórnvöld hafa líka þrengt að kirkjunni; ríkisvaldið heldur eftir hluta þess félagsgjalds sem það innheimtir fyrir hana og önnur trúfélög, þannig að mjög hefur harðnað á dalnum fjárhagslega. Í höfuðborginni hafa borgaryfirvöld sett samstarfi kirkju og skóla þrengri skorður.

Agnes Sigurðardóttir kýs ekki að nálgast þessar áskoranir með því að stilla stærsta trúfélagi landsins upp í hlutverk fórnarlambsins, eins og því miður hefur viljað brenna við innan þjóðkirkjunnar. Í viðtali í Fréttablaðinu í gær segist hún til dæmis ekki óttast breyttar reglur um samskipti skóla og trúfélaga í höfuðborginni; óttann vilji hún hvorki láta stjórna kirkjunni né að kirkjan noti ótta til að stjórna.

Hún segist ekki vilja stinga hausnum í sandinn heldur horfast í augu við fjárhagsvanda kirkjunnar og taka þær erfiðu ákvarðanir sem þarf. Hún segist ekki hafa áhyggjur af vaxandi trúleysi Íslendinga, heldur vilji hún bjóða upp á fleiri leiðir fyrir fólk til að finna Guð. Hún leggur áherzlu á að kirkjan sé skemmtileg og að það sé gaman að þjóna henni. Hún barmar sér ekki yfir fækkun í þjóðkirkjunni, heldur segist leggja áherzlu á samtalið og að kirkjan hlusti: „Af hverju var þetta fólk að segja sig úr kirkjunni? Með hvað var það óánægt?“

Síðast en ekki sízt leggur verðandi biskup áherzlu á að kirkjan sýni að hún sé traustsins verð og komi betur á framfæri því starfi sem hún sinnir.

Flest bendir til að nýr biskup muni nálgast verkefni sitt af kjarki, gleði og heilbrigðri skynsemi. Það er gott veganesti.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Má bjóða þér vatn?

Umhverfisráðuneytið, Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands, Landgræðsla ríkisins og Íslenska vatnafræðinefndin efna til hádegisfyrirlestra um vatn.

Fyrirlestrarnir verða í **Norræna húsinu, miðvikudaginn 2. maí kl. 12:10 – 13:00.**

Þar mun Árni Snorrason, forstjóri Veðurstofu Íslands, fjalla um ***Vatnsauðlindir Íslands*** og Bjarni Gíslason, upplýsingafulltrúi Hjálparstarfs kirkjunnar, flytur erindi undir yfirskriftinni ***Afríka – nóg vatn en samt ekki.***

Aðgangur er ókeypis og eru allir velkomnir.



AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Pólitískir ákærendur fá á baukinn

Geir Haarde þurfti ekki að vera ósáttur við niðurstöðu Landsdóms. Satt best að segja gat hann verið mjög ánægður. En hann hafði ekki tilefni til að vera hæstánægður.

Eðlilega er spurt hvort sækjandinn eða verjandinn hafi haft erindi sem erfiði fyrir réttinum. Þegar af þeirri ástæðu, að ekki er gerð refsing fyrir eitt einasta ákæruatriði, er ekki unnt að svara spurningunni á annan veg en að sá naumi pólitíski meirihluti sem stóð að ákærunum hafi farið erindisleysuna.



ÞORSTEINN PÁLSSON

Hér kemur þó fleira til skoðunar: Áður var búið að vísa veigamiklum ákærum frá. Að mati dómsins sjálfs er sýknað af veigamestu ákærunum sem eftir stóðu en sakfellt án refsingar í þeirri gildisminnstu. Þegar málskostnaður er alfarið felldur á ákæruvaldið er jafnan litið svo á að í því felist skilaboð um að ekki hafi verið tilefni til ákæru.

Niðurstaðan er skýr: Ákærurnar spruttu meir af pólitík en réttvísi. Þeir sem ábyrgð bera á því fá á baukinn. Kallað hefur verið eftir afsögn Steingríms Sigfússonar vegna forystu hans um málsókn. Honum er það ekki stjórnskipulega skylt. Það þarf hann aðeins að gera vilji hann vera vandur að virðingu sinni.

Um pólitísk áhrif til lengri tíma er erfitt að spá. Flestir eru sammála um að það væri skaðlegt lýðræðinu að halda áfram á þessari braut. En hætt er við að eitrið sitji eftir ef aðeins fáir af pólitískum ákærendum í málinu sjá mistökin.

## Skortur á rökvísi

Sakfellingin lýtur að formsatriði. Þau eru að sönnu mikilvæg og alveg sérstaklega í stjórnarskrá. En því aðeins er unnt að sakfella fyrir slíkt formbrot að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða. Það er hins vegar lítið rökrænt samhengi í því að stórkostlegt gáleysi sé talið refsilaust.

Sú ástæða að refsing sé ekki gerð vegna þess að forsætisráðherra eigi sextíu og eitt ár að baki án brotaferils er léttvæg í stjórnskipulegu samhengi. Slíkur skortur á rökvísi getur því tæplega skýrst af öðru en málamiðlunarkaupum til þess að mynda meirihluta.

Sýknan í efnisliðum ákærunnar byggir réttilega á því að ekki hafi verið sannað að orsakasamhengi hafi verið á milli ákæruatriðanna og hruns krónunnar og bankanna. Hvernig er þá unnt að líta svo á að sannað sé að minnka hefði mátt tjónið með alveg óútskýrðri pólitískri stefnubreytingu og vegna umræðna á ráðherrafundi um hana og ótilgreindum athöfnum sem af henni hefðu leitt? Í dóminum segir að leiða megi rök að orsakasamhengi þarna á milli en þau rök eru þó ekki borin fram. Þetta er nær huglægu mati en lagarökum.

Þessi atriði og fleiri veikja meirihlutaniðurstöðuna rökfræðilega.

## Innan eða utan valdmarka?

Stjórnarskráin mælir fyrir um að nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni skuli rædd á ráðherrafundum. Jafnan var litið svo á að þetta ákvæði tæki til þeirra mála einna þar sem vald ríkisstjórnar er takmarkað vegna formlegs atbeina þjóðhöfðingja eða æðsta valds Alþingis.

Orðalagið er tekið úr konungsbréfi frá 1919 um þau mál sem leggja átti fyrir ríkisráð og sett í stjórnarskrárfrumvarp síðar það ár. Jafnframt er þar með sama orðalagi kveðið á um hvaða mál eigi að ræða á ráðherrafundum. Erfitt er að skýra þetta með öðrum hætti en þeim að einungis sé skylt að ræða á ráðherrafundum þau mál sem leggja þarf fyrir ríkisráð. Ólafur Jóhannesson kemst að þeirri niðurstöðu í riti sínu um stjórnskipun Íslands.

Hitt er annað að pólitískar ástæður ráða því að miklu fleiri mál eru rædd á ráðherrafundum en stjórnskipulega er skylt. Þær forsendur falla utan valdsviðs dómstóla. Að þessu virtu er nærlægt að líta svo á að Landsdómur hafi gert meir en að túlka þetta ákvæði. Í reynd hafi hann búið til nýja stjórnskipunarreglu sem engum gat verið fullljós 2008.

Forsendan fyrir sakfellingu er sú skoðun dómsins að breyta hafi átt stjórnarstefnunni eins og hún var orðuð í stjórnarsáttmála og ræða í ríkisstjórn nýjar ákvarðanir á þeim grunni. Vafasamt er að það sé innan valdmarka dómstóla að skylda ríkisstjórn til að breyta stjórnarsáttmála og aðhafast eitthvað í framhaldi af því. Erfitt er að sjá að það samræmist lýðræðishugmyndum um þrígreiningu ríkisvaldsins.

Almennt á ekki að deila við dómarann. Eðli þessara álitamála kallar hins vegar á fræðilega skoðun. Í rökstuðningi minnihlutans er vísað í mannréttindasáttmálann. Líta má á það sem áskorun um að fara með málið fyrir Mannréttindadómstólinn. Frá lögfræðilegu sjónarhorni væri það áhugavert. Hitt er spurning hvort þessi refsilausa sakfelling er ekki pólitískt of léttvæg til að hafa svo mikið við.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Ertu að leita upplýsinga?
www.suzuki.is

# SUZUKI

SUZUKI Way of Life!

# Komdu og reynsluaktu




## SUZUKI SWIFT

**Nú stærri og rúmbetri með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.**
Beinskiptur, sjálfskiptur, 4x4. Verð frá 2.550 þús.
Meðaleyðsla fra 5.0L/100 km

FULL FRAME 4x4



## SUZUKI GRAND VITARA

**Söluhæsti jeppinn á Íslandi síðastliðin 3 ár.**

**Með öflugri 2.4L 169 hö/vél**
Verð frá 5.450 þús., beinskiptur.
Meðaleyðsla 9.0L/100 km



## SX4 SPORTJEPPLINGUR.

**Sparneytin vél, ný innrétting, aukinn búnaður og síðast en ekki síst hagstætt verð.**
Með 1,6L vél. Verð kr. 3.650 þús. Meðaleyðsla 6,5 L/100 km, beinskiptur



**Kizashi er fjórhjóladrifinn fólksbíll í millistærðarflokki**
**Sportlegur, aflmikill, vandaður og með frábæra akstureiginleika.**
**Bíll sem keppir við þá bestu!**
2,4L vél. Verð 5.880 þús. Meðaleyðsla 8,3L/100km

**Alto. Sparneytinn borgarbíl sem fær frítt í stæði í miðbænum!**
Hagstætt verð, ódýr í rekstri.
Verð kr. 1.790 þús. beinskiptur.
Meðaleyðsla 4,4L/100km.




FULL FRAME 4x4



**Upplifðu einstaka akstureiginleika Jimny. Handskiptur, sjálfskiptur**
Verð frá kr. 3.350 þús.
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km, beinskiptur.

Hugtök Markaðsráðgjöf, Apríl 2012

**FYRIR SKYNSAMT FÓLK**

**TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR**

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS


STEPHEN
HÆGINDASTÓLL
Góður hægindastóll með innbyggðum fótskemli. Faánlegur í svörtu og brúnu PU efni og í sandlit í míkrófíberefni.
FULLT VERÐ: 7.995
4.995
høie
OF SCANDINAVIA
60°
Norsk gæða-framleiðsla
HØIE CLEAN & GREEN
THERMOSÆNG
Góð sæng fyllt með polyester kúlutrefjum. Í raun tvær sængur saum-aðar saman á þann hátt að hitaeinangrandi loftrúm myndast á milli þeirra. Áklæði: 50% bómull og 50% viscose/ bambus. Þolir þvott við 60°C. Stærð: 135 x 200 sm.
FULLT VERÐ: 39.950
24.950
SPARIÐ
15.000
38%
AFSLÁTTUR
AÐEINS ÓDÝRARI
SPARIÐ
40.000
MEÐ BOTNUM
FULLT VERÐ: 169.950
129.950
KOJA MEÐ BOTNUM
39.950
BILLUND TUNGUSÓFI
Efni: PELLISIMA leður. Stærð: B300 x D85 x H86 sm. Tunga 175 sm.
COSMO KOJA
Koja sem hægt er að skipta í 2 sjálfstæð rúm. Dýnustærð: 90 x 200 sm. Stærð: B99/135 x L211 x H158 sm. Dýnur fylgja ekki með. Verð með botnum.
SPARIÐ
30.000
FÆTUR OG BOTN FYLGJA
MALLORCA
ARMSTÓLL
Stílhreinn og flottur stóll úr svörtu, sterku polyrattan efni. Auðvelt viðhald.
FULLT VERÐ: 14.995
9.995
FULLT VERÐ: 109.950
Sweet Dreams
79.950
STÆRÐ: 153 X 203 SM.
RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
SPARIÐ
5.000
SWEET DREAMS AMERÍSK DÝNA
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu. Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b. 140 BONNELL gormar pr. m2. Stærð: 153 x 203 sm. Fætur og botn fylgja með.
www.rumfatalagerinn.is



NÝTT

**FILUKA SKÓR**
Sumarlegir skór á frábæru verði! Fáanlegir í stærðum: 36-42.

SKÓR
**1.495**



NÝTT

20% AFSLÁTTUR

1 STK. FULLT VERÐ: 2.495
**1.995**

**LADY GARÐSTYTTA**
Flottar styttur í garðinn. Nokkrar gerðir fáanlegar. Hæð: 35 sm.



FRÁBÆR HANDKLÆÐI

**MAIN HANDKLÆÐI**
Einstaklega vönduð og góð handklæði úr 100% bómullarfrotté. Nokkrir litir. Einlit handklæði:
Þvottastykki 30 x 30 sm. **199**
Lítið handklæði 40 x 60 sm. **499**
Gestahandklæði 50 x 100 sm. **995**
Baðhandklæði 70 x 140 sm. **1.995**
Stórt handklæði 100 x 150 sm. **2.995**
Röndótt handklæði, fást í nokkrum litum.
Gestahandklæði 50 x 100 sm. **995**
Baðhandklæði 70 x 140 sm. **1.995**

KRONBORG® OF DENMARK

30 X 30 SM.
**199**



25% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 3.995
**2.995**

**MOPPUSETT MEÐ BRÚSA**
Þægileg moppa með brúsa. Fyllt á með vatni eða sápuvatni. Síðan skammtað eftir þörfum með því að ýta á handfangið! Mjög einfalt og þægilegt í notkun.



NÝTT

2 STK.

32% AFSLÁTTUR

2 STK. FULLT VERÐ: 2.495
**1.695**

**STUTTERMABOLIR**
Fínir stuttermabolir. 2 stk. saman í pakka. Stærð: M-XXL. Efni: 100% bómull. Vandað hálsmál. Fást í hvítu og svörtu. Einnig fáanlegir herrahlýrabolir. 2 stk. í pakka í hvítum lit. Fullt verð: **2.495** Nú: **1.695**



TEYGJULÖK

**JERSEY TEYGJULÖK**
Mjög góð teygjulök. Efni: 100% bómull. Nokkrir litir. *Ath. sumir litir eru ekki fáanlegir í öllum stærðum.* Stærðir:
75 x 200 x 40 sm. **1.495**
90 x 200 x 40 sm. **1.995**
120 x 200 x 40 sm. **2.295**
140 x 200 x 40 sm. **2.495**
180 x 200 x 40 sm. **2.995**

KRONBORG® OF DENMARK

STÆRÐ: 75 X 200 SM.
**1.495**



40% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ ÁÐUR FRÁ: 995
**595**

**GÆLUDÝRABÆLI**
Mikið úrval af gæludýrabælum. Nokkrar stærðir fáanlegar.



**TOP ROLLER PLASTKASSI**
Stór plastkassi á hjólum. Langt og gott handfang. Stærð: 59,3 x 39,3 x 34,2 sm.

33% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 2.995
**1.995**



VERÐ PR. MTR. FRÁ:
**499**

**GLÆRIR VAXDÚKAR**
Góðir, glærir vaxdúkar á frábæru verði.
Þykkt: 0,1 mm. **499** pr. mtr.
Þykkt: 0,2 mm. **695** pr. mtr.



**SKÁLASETT MEÐ PLASTLOKUM**
Sniðugt glerskálasett með plastlokum. 5 skálar saman í setti. Frábært verð!

5 STK.

5 STK.
**995**



40% AFSLÁTTUR

1 DOKKA FULLT VERÐ: 595
**355**

**BIG VALUE BABY DK GARN**
Einstaklega fallegt og mjúkt garn í fallegum pastel litum. Tilvalið í ungbarnateppin! 100 gr. dokka. 100% acryl.



23% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.295
**995**

8 PÖR

**ÍÞRÓTTASOKKAR**
Góðir íþróttasokkar á dömur og herra. 8 pör í pakka.

# Köfun og öryggi

Köfun

Anna María Einarsdóttir
köfunarkennari

Þór H. Ásgeirsson
kafari

Sportköfun er eitt þeirra áhugamála sem er í verulegum vexti í heiminum. Þessi vöxtur endurspeglast í ferðamannaiðnaðinum hér á landi, en mikil aukning hefur verið í köfunartengdri ferðaþjónustu. Nú eru um níu fyrirtæki sem hafa tekjur að hluta til eða í heild af slíkri starfsemi. Sá köfunarstaður sem laðar hvað flesta ferðamenn að er Silfra á Þingvöllum, en þangað koma að jafnaði um 10-15 þúsund ferðamenn til að kafa á ári. Ferðaþjónustuaðilar hafa verið duglegir að markaðssetja Silfru og hafa myndir birst af þeim undraheimi sem Silfra býr yfir í helstu köfunartímaritum heims. Markaðssetningin hefur borið góðan árangur og er Silfra talin vera einn af tíu áhugaverðustu ferskvatnsköfunarstöðum í heiminum.

Með auknum fjölda kafara má því miður einnig gera ráð fyrir auknum fjölda óhappa. Á síðastliðnum árum hafa nokkur slys tengd köfun átt sér stað í Silfru og tvö þeirra alvarleg. Bæði alvarlegu slysin má að nokkru leyti rekja til þess að kafarar höfðu ekki næga köfunarreynslu til þess að kafa í þurrbúningi í köldu vatni og í öðru tilvikinu var menntun leiðsögukafara ábótavant. Af augljósum ástæðum er ekki mikið svigrúm til þess að gera mistök í köfun, hvorki hjá leiðsöguköfurum né heldur hjá ferðamönnum sem kafa, og í öðru alvarlega tilvikinu kostaði það líf ferðamannsins.

Sportkafarafélag Íslands leggur ríka áherslu á öryggi við köfun og hefur, ásamt þeim rekstraraðilum sem selja köfunarferðir, kallað eftir breytingum á lögum nr. 31/1996 um köfun og reglugerð 535/2001. Þau lög og reglugerð sem gilda um atvinnuköfun, taka nær einungis mið af köfun sem tengist iðnaði eða björgun verðmæta úr sjó fyrir lögaðila og má segja að lögin og reglugerðin séu í raun barn síns tíma þar sem ekki var gert ráð fyrir að aðrir kafarar en hinir svokölluðu iðnaðarkafarar fengju greitt fyrir störf sín.

> Við þurfum reglur sem kveða á um hámarksfjölda kafara á hvern leiðsögukafara í köfunarferðum og við þurfum að tryggja að leiðsögukafarar…

Verulegar framfarir hafa orðið í köfunarsamfélaginu síðan lögin og reglugerðin tóku gildi og má segja að tvær gerðir atvinnukafara hafi bæst við, þ.e. ferðaþjónustukafarar og kafarar í þágu almannahagsmuna eins og lögregla og slökkvilið. Báðir þessir hópar fá greitt fyrir köfunarvinnu sína og flokkast því skv. 1. mgr. 2. gr. laganna til atvinnukafara. Bæði lögum og reglugerð þarf að breyta þannig að allir hópar köfunarsamfélagsins rúmist innan þeirra og auki öryggi kafara.

Með aukningu á ferðaþjónustuköfun, þar sem hópar sportkafara skoða undirdjúp Íslands, er nauðsynlegt að tryggja að vel sé staðið að hlutum og að öryggi allra sé með allra besta móti. Köfun á að vera öruggt og skemmtilegt sport eins og fjallganga, klifur, og önnur útivist. Því þarf að gera kröfur um að einungis lærðir kafarar sem hlotið hafa þjálfun í meðhöndlun köfunarslysa og óhappa leiði slíka ferðamannaköfun. Við þurfum reglur sem kveða á um hámarksfjölda kafara á hvern leiðsögukafara í köfunarferðum og við þurfum að tryggja að leiðsögukafarar haldi þekkingu og færni sinni við og séu ávallt þjálfaðir til að bregðast við þeim aðstæðum sem koma upp hverju sinni.

Það er ekki nóg að stjórnvöld standi fyrir því að bjóða ferðamönnum heim með átakinu „Inspired by Iceland“ ef við ætlum ekki að gera okkar besta til þess að ferðamennirnir fái bestu og öruggustu þjónustu sem við getum boðið upp á og komist heilir heim.

Sportkafarafélag Íslands kallar eftir ábyrgri afstöðu ráðamanna og skorar á Siglingastofnun og innanríkisráðuneytið að endurskoða nú þegar lög og reglugerð um köfun í samstarfi við þá aðila sem hafa köfun að atvinnu.




# Íbúðarhúsalóðir í Kópavogi

## Rjúpnahæð, Hnoðraholt, Smalaholt og Þing.

**Kópavogsbær auglýsir til úthlutunar byggingarrétt á lóðum í Rjúpnahæð, Hnoðraholti, Smalaholti og Þingum.**

Um er að ræða fjölbreytt úrval lóða fyrir einbýlishús, parhús, raðhús og fjölbýlishús. Lóðirnar eru nú þegar byggingarhæfar og er uppbygging hverfanna komin vel áleiðis. Stutt er í alla þjónustu. Í næsta nágrenni er að finna einstök útivistarsvæði og ósnortna náttúru.

**Listi yfir lausar lóðir, skipulagsuppdrættir, skilmálar, umsóknareyðublöð, úthlutunarreglur og upplýsingar um verð eru aðgengileg á vefsíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is.**

Nánari upplýsingar eru veittar hjá umhverfissviði Kópavogsbæjar.

Umsóknum skal skilað á rafrænu formi í íbúagátt á vefsíðu bæjarins.

**Vakin er athygli á reglum Kópavogsbæjar um úthlutun á byggingarrétti fyrir íbúðarhúsnæði.**

Þá er jafnframt vakin sérstök athygli á því að umsóknum einstaklinga um byggingarrétt þarf að fylgja staðfesting banka eða lánastofnunar á greiðsluhæfi. Lágmarksviðmið um greiðsluhæfi er kr. 40.000.000 fyrir einbýlishús og kr. 35.000.000 fyrir rað- og parhús. Skattframtal síðasta árs skal ennfremur fylgja umsókn. Fyrirtækjum ber að skila ársreikningi sínum fyrir síðasta framtalsár árituðum af löggiltum endurskoðanda.

Fyrirliggjandi umsóknir eru teknar fyrir á fundum framkvæmdaráðs Kópavogs. Fundir eru að jafnaði haldnir tvisvar í mánuði.

**Bæjarstjórinn í Kópavogi.**


# Fjölmiðill í almannaþágu

Ríkisútvarpið



Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Fyrir Alþingi liggur frumvarp mitt til laga um Ríkisútvarpið. Með því er mörkuð sú stefna að Ríkisútvarpið leggi megináherslu á það hlutverk sitt að veita fjölmiðlaþjónustu í almannaþágu. Af því leiðir að samfélagslegt hlutverk þess er í forgrunni en viðskiptasjónarmið verða víkjandi. Er þetta í samræmi við það grundvallarsjónarmið sem ríkt hefur í starfsemi ríkisrekinna fjölmiðla annars staðar á Norðurlöndum og víðar, t.d. í Bretlandi, og hefur skapað þeim sérstöðu og traust umfram aðra fjölmiðla.

Með frumvarpinu er tekin sú afstaða að Ríkisútvarpið sé ein af helstu stoðum lýðræðissamfélagsins. Því hlutverki sinnir það með því að veita landsmönnum upplýsingar sem þeir geta treyst að þjóni almannahagsmunum en ekki sérstökum sjónarmiðum eða hagsmunahópum, stjórnmálasamtökum eða einstaklingum. Með því móti gerir Ríkisútvarpið fólki kleift að móta skoðanir sínar og draga ályktanir út frá réttum upplýsingum, að því marki sem það er mögulegt.

Til að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði dagskrárgerðar Ríkisútvarpsins gagnvart viðskiptalegum sjónarmiðum gerir frumvarpið ráð fyrir að stofnað verði sérstakt dótturfélag um þá starfsemi Ríkisútvarpsins sem fellur utan fjölmiðlaþjónustu þess í almannaþágu, m.a. sölu auglýsingarýmis. Er einnig kveðið á um að það birti verðskrá vegna sölu á auglýsingarými í dagskrá. Þá verða settar takmarkanir á lengd auglýsingatíma og auglýsingar í miðjum dagskrárliðum gerðar óheimilar. Með þessu er einnig komið til móts við þau sjónarmið að draga eigi úr vægi Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði.

Í því felst að Ríkisútvarpið býður fjölbreytt og vandað menningar- og afþreyingarefni og fjallar um ólík svið íþrótta, lista og menningarlífs á Íslandi og erlendis, auk þess að vera vettvangur umræðna og skoðanaskipta um íslenska menningu og samfélag. Í því samhengi er mikilvægt að hugað sé sérstaklega að þörfum barna og ungmenna. Það er einnig hlutverk Ríkisútvarpsins að leggja rækt við íslenska tungu og kynna sögu þjóðarinnar, menningararfleifð og náttúru. Þá er gert ráð fyrir að Ríkisútvarpið verði virkur þátttakandi í íslenskri kvikmyndagerð, meðal annars með kaupum frá sjálfstæðum framleiðendum.

> Til að tryggja ritstjórnarlegt sjálfstæði dagskrárgerðar Ríkisútvarpsins gagnvart viðskiptalegum sjónarmiðum gerir frumvarpið ráð fyrir að stofnað verði sérstakt dótturfélag um þá starfsemi Ríkisútvarpsins sem fellur utan fjölmiðlaþjónustu þess í almannaþágu, m. a. sölu auglýsingarýmis.

Með frumvarpinu er menningarhlutverk Ríkisútvarpsins skilgreint nánar en verið hefur og út frá því að Ríkisútvarpið sé ein helsta menningarstofnun landsins.

Fleira mætti nefna en það er von mín að ný lög um Ríkisútvarpið styrki enn frekar grunn þess og hlutverk sem fjölmiðill í almannaþágu.

# Kverkatak forsetans

Forsetaembættið



Ástþór Magnússon
forsetaframbjóðandi

Ólafur Ragnar Grímsson þorir ekki að mæta mér og öðrum forsetaframbjóðendum í kappræðum um málskotsrétt forseta á baráttudegi verkalýðsins 1. maí þar sem í tilefni dagsins átti einnig að velta upp þeirri spurningu hvort forsetinn geti með einhverjum hætti staðið vörð um hagsmuni almennings í endurreisninni.

Starfsstúlka Ólafs sendi það svar að hann vilji „sýna mótframbjóðendum sínum virðingu“ með því að neita að mæta þeim á jafnréttisgrundvelli í kosningabaráttunni til að skilja kjarnann frá hisminu í umræðum um málskotsréttinn.

Með þessu sýnir Ólafur hins vegar lítilsvirðingu og heldur forsetakosningunum í gíslingu. Þótt Ólafi hafi tekist um tíma að blekkja þjóðina með lýðskrumi blekkir hann mig ekki.

Forsetinn sló sig til riddara með leikriti þar sem hann spilaði með málskotsréttinn eftir eigin hentugleikum. Fyrst átta árum eftir að hann tók við embætti þegar kostunaraðilar framboðs hans (eigendur Norðurljósa-365 miðla) vildu með öllum ráðum stöðva fjölmiðlafrumvarpið. Stór mál, m.a. Kárahnjúkar, öryrkjamálið og fyrstu Icesavelögin, fóru hins vegar í gegn með samþykki forseta.

> Forsetinn sló sig til riddara með leikriti þar sem hann spilaði með málskotsréttinn eftir eigin hentugleikum.

Síðan eftir fimmtán ár í embætti þegar skoðanakannanir sýndu vaxandi óvinsældir Ólafs í kjölfar útrásarvíkingasmjaðursins þá greip hann til þess ráðs að nota aftur málskotsréttinn. Það gerði Ólafur í örvæntingafullri tilraun til að ná lýðhylli við nýju keisarafötin sín og hafði þetta lítið með hagsmuni þjóðarinnar að gera.

Á meðan erlendir vogunarsjóðir liggja eins og blóðsugur á bankakerfi landsmanna og soga til sín peninga, heimili og atvinnufyrirtæki galar forsetinn í útlöndum eftir afsökunarbeiðni afdankaðs stjórnmálamanns í Bretlandi í stað þess spyrna við yfirstandandi bankaráni frá Bessastöðum.

Ólafur Ragnar er tækifærissinni sem verður aldrei forseti fyrir neinn nema sjálfan sig sagði samstarfsmaður hans til margra ára, Steingrímur Hermannsson, fyrrum forsætisráðherra, við mig áður en lýðskrumarinn var kjörinn í embætti forseta Íslands árið 1996.

Nú er mál að Ólafur láti af því kverkataki sem hann er með á lýðræðinu, kveði niður sinn eigin Bessastaðadraug og þær kommúnísku hugsjónir sínar að sitja til eilífðarnóns á forsetastóli.

Farðu í friði Ólafur og gefðu þjóð þinni tækifæri til að velja sér nýjan forseta eftir lýðræðislegum leikreglum.

HONDA
The Power of Dreams



**NC700X** - Meðaleyðsla 3,58L/100km

# Hjólasýning

## í dag laugardag milli kl. 11:00 og 16:00

HONDA MÓTORHJÓL Í 50 ÁR Á ÍSLANDI

**Sýnum 2012 árgerðina af mótorhjólum og fjórhjólum**

**Fjöldi tilboða í gangi!**

**20% afsláttur af aukahlutum**

**Frumsýnum**



NC700X



CROSSRUNNER
VFR800X



CROSSTOURER
VFR1200X

**Allt að 70% fjármögnun**

**Hjól á lager til afgreiðslu strax!**

HONDA
www.honda.is

1962 - 2012 50 ára
BERNHARD
Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

**Umboðsaðilar:** Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranes, Bílver, sími 431 1985 • Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

# Getur barnið þitt bjargað lífi?

Einelti

Anna G. Steinsen
forstöðumaður unglingasviðs Dale Carnegie



Ég sat í bíói í gær og horfði á heimildarmynd frá Bandaríkjunum um einelti og afleiðingar þess. Myndin er beinskeytt, áhrifarík og segir sögur af foreldrum og börnum þeirra sem hafa lent í einelti með hræðilegum afleiðingum. Afleiðingarnar geta varað allt fram á fullorðinsaldur og í sumum tilvikum sviptu fórnarlömb eineltisins sig lífi. Eitthvað sem hefði hugsanlega verið hægt að koma í veg fyrir.

Allir geta orðið fyrir einelti á lífsleiðinni, það þarf því miður oft svo lítið til. Afleiðingarnar eru oft mikil höfnunartilfinning, lítið sjálfstraust, léleg sjálfsmynd og mikil vanlíðan. Úrræðin eru oft og tíðum engin eða allt of lítil. Einelti er að gerast í dag í skólum barna okkar, á vinnustöðum, í íþróttahúsum og á fleiri stöðum og það virðist þrautin þyngri að koma í veg fyrir eineltið þrátt fyrir aukna umræðu, áætlanir, forvarnarplön og fleira.

Eitt af því sem ég tel að sé hvað mikilvægast í þessari baráttu og þarf að vera langtímaplan er að styrkja sjálfsmynd og sjálfstraust allra einstaklinga. Það ætti að vera kennt markvisst í skólum frá 6 ára aldri – mannleg samskipti, sjálfstraust, tjáning og jákvætt viðhorf. Það er ekki bara mikilvægt að styrkja sjálfsmynd þolenda eineltis heldur þarf líka að huga að gerendum. Það er nauðsynlegt að styrkja sjálfsmynd allra barna því stundum þarf ekki nema eitt barn til að stöðva einelti eingöngu með því að þora að taka afstöðu.

Hvað getum við gert sem foreldrar? Þetta byrjar allt heima. Sjáum til þess að börnin okkar séu með heilbrigða sjálfsmynd og gott sjálfstraust. Það gæti bjargað lífi.

# Öryggi á þjóðvegi númer 1

Öryggismál

Teitur Guðmundsson
læknir



Okkur er öllum umhugað um umferðaröryggi á vegum landsins og hafa átt sér stað miklar framfarir á síðastliðnum árum hvað snertir merkingar, vegrið og einbreiðum brúm hefur fækkað svo dæmi séu tekin. Þá hefur áróður Umferðarstofu gegn hraðakstri og áfengis eða vímuefnanotkun í akstri, notkun bílbelta og aukið eftirlit lögreglu sem hluti af markvissri umferðaröryggisáætlun skilað árangri.

Hluti af umferðaröryggi á þjóðvegum landsins er auðvitað einnig sá mannafli og tækjabúnaður sem notaður er til að sinna slysum sem óneitanlega geta átt sér stað hvar og hvenær sem er. Það er þessi liður sem ég ætla að fjalla um sérstaklega hér í þessari grein.

Hafandi starfað sem læknir víða um land og meðal annars um nokkurt skeið á slysa- og bráðadeildum Landspítala, tekið þátt í neyðarbílsakstri á höfuðborgarsvæðinu og bráðaútköllum í mörgum landshlutum þá hef ég komið að nokkrum fjölda slysa og þurft að sinna slösuðum jafnt úti á víðavangi sem innan veggja spítalans.

Það er ljóst að oftsinnis hefur gengið mikið á og hefur reynt á þekkingu, samvinnu og ekki síst tækjabúnað þann sem notaður er við slíkar aðstæður.

Eitt af því sem viðbragðsaðilar treysta á í alvarlegum slysum er að hafa fullnægjandi búnað til að geta bjargað mannslífi þegar mikið liggur við. Þar má telja fram ýmislegt en þó vil ég sérstaklega gera að umtalsefni klippur sem tækjabílar slökkviliða hafa til að geta opnað bílflök og greitt fyrir aðgangi og björgun þeirra sem sitja fastir, klemmdir og jafnvel dauðvona. Þarna skiptir tíminn miklu máli og er almennt viðurkennt að í hverju slökkviliði þurfi slíkt tæki sem klippurnar eru.

Nú bregður svo við að í Húnavatnssýslum, nánar tiltekið hjá slökkviliðinu á Blönduósi er ekki til staðar fullnægjandi búnaður sem stendur, hann hefur verið í láni frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins en hefur verið skilað og ekki liggur fyrir fjárveiting frá sveitarfélagi til kaupa eða leigu á slíkum búnaði.

Verðmæti búnaðar sem þessa liggur á bilinu 5-7 milljónir að mér er sagt og verður að teljast hlægilega lág upphæð þegar horft er til nauðsynjar þessa tækis við björgun mannslífa. Öryggi vegfarenda er ógnað með því að hafa vanbúinn mannskap til að bregðast við slysum á umtalsvert löngum kafla af þjóðvegi númer eitt sem liggur eins og flestir vita í gegnum Blönduós.

Það er umtalsvert svæði sem slökkvilið og viðbragsaðilar þurfa að geta brugðist við á, þar á meðal tæplega 70 kílómetra kafli af þjóðveginum, svo ekki sé minnst á aðra vegi og vegslóða á þessum slóðum. Þessari grein fylgir kort af umfangi þessa svæðis.

Samkvæmt Vegagerðinni fara um 1.400 bílar um þjóðveg 1 þarna á hverjum sólarhring, fjöldi slysa á þessu svæði árið 2010 og 2011 nemur nokkrum tugum og hefur þurft að beita klippum margsinnis undanfarin ár til þess að bjarga lífi.

Þetta gengur ekki og er algerlega óásættanlegt fyrir íbúa á svæðinu ekki síður en vegfarendur almennt sem aka þarna um á hverjum degi. Eins og við þekkjum gera slysin ekki boð á undan sér!

Ég vil því hvetja þá sem bera ábyrgð á þessu máli að hysja upp um sig og gera okkur viðbragsaðilunum kleift að sinna starfi okkar af fagmennsku, þetta skiptir máli!




# FATASKÁPAR

Danskir fataskápar á góðu verði









Rennihurðir 127.800,-



52.200,-




Tilboð 49.900,-
Fullt verð 66.900,-

Hirzlan

Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040

www.hirzlan.is





Toyota Land Cruiser 120

Árgerð 2008, dísil, sjálfskiptur, ekinn 82.000 km.

ABS hemlar, aksturstölva, álfelgur, fjarstýrðar samlæsingar, geislaspilari, heilsársdekk, hiti í sætum, hraðastillir, kastarar, langbogar, loftkæling, pluss áklæði, rafdrifnar rúður, rafdrifnir speglar, þjófavörn.

Verð áður: 6.490.000

▶ Tilboðsverð: 5.990.000 kr.

Gæðabíll

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR Krókhálsi 11 · Sími 590 2160 · askja.is/notadir-bilar Opið kl.10-18 ASKJA




**Í Ellingsen** finnurðu glæsilegt úrval gasgrilla og kolagrilla fyrir heimilið og ferðalagið. Þar er einnig að finna mikið og vandað úrval aukahluta, grilltanga og varahluta. Komdu og skoðaðu úrvalið, grillsumarið er hafið í Ellingsen.

Ellingsen CAMPINGAZ Coleman



**GASGRILL ELLINGSEN 2**
Grillflötur 440x340 mm
2 brennarar
**49.900 KR.**
Léttgreiðslur **8.317 KR.** í 6 mánuði.




**GASGRILL ELLINGSEN 3**
Grillflötur 600x450 mm
3 brennarar
**79.900 KR.**
Léttgreiðslur **13.317 KR.** í 6 mánuði.




**GASGRILL ELLINGSEN 4**
Grillflötur 700x450 mm
4 brennarar
**89.900 KR.**
Léttgreiðslur **14.983 KR.** í 6 mánuði.



**COLEMAN FERÐAGASGRILL**
Grillflötur 630x380 mm
2 brennarar
**49.900 KR.**
Léttgreiðslur **8.317 KR.** í 6 mánuði.




**GASGRILL ELLINGSEN 3S**
Grillflötur 450x600 mm
3 brennarar
**98.900 KR.**
Léttgreiðslur **16.483 KR.** í 6 mánuði.




**GASGRILL ELLINGSEN 4S**
Grillflötur 700x450 mm
4 brennarar
**109.900 KR.**
Léttgreiðslur **18.317 KR.** í 6 mánuði.



**EDCO KOLAGRILL**
Grillflötur 410 mm í þvermál
**9.990 KR.**
Léttgreiðslur **1.665 KR.** í 6 mánuði.



**EDCO MAESTRO 22 KOLAGRILL**
Grillflötur 560 mm í þvermál
**19.990 KR.**
Léttgreiðslur **3.332 KR.** í 6 mánuði.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 121117

# Almenningssamgöngur: Já takk

Samgöngumál

**Hjálmar Sveinsson**
fulltrúi Samfylkingar í umhverfis- og samgönguráði



Almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu munu eflast verulega næstu misseri. Í áætlunum Strætó bs. er meðal annars gert ráð fyrir að tíðni vagna á annatímum yfir daginn muni aukast mikið. Sama er að segja um kvöldin og um helgar. Þjónustutími margra leiða mun einnig lengjast þannig að vagnarnir keyra til klukkan eitt eftir miðnætti. Áætlunin tekur gildi strax næsta haust.

Ein ástæðan fyrir þessum tíðindum er samkomulag sveitarstjórnanna á höfuðborgarsvæðinu um að auka fjárframlög til Strætó um 155 milljónir árið 2012. Það gerir fyrirtækinu kleift að láta allar leiðir aka klukkustund lengur á kvöldin og hefja akstur tveimur tímum fyrr á laugardagsmorgnum. Þar með gengur til baka niðurskurður á þjónustu Strætó sem sveitarfélögin töldu sig knúin að grípa til í febrúar 2011.

Stóru fréttirnar eru þó þær að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og ríkisvaldið hafa gert með sér tímamótasamning. Hann felur í sér að ríkisvaldið skuldbindur sig til að setja verulega fjármuni í almenningssamgöngur á hverju ári næstu tíu árin. Sveitarstjórnirnar hafa óskað eftir slíkum stuðningi árum og jafnvel áratugum saman. Þær hafa bent á að ríkisvaldið styður dyggilega almenningssamgöngur á landsbyggðinni. En á höfuðborgarsvæðinu hefur ekkert gengið fyrr en nú. Varla þarf að taka fram að slíkt gerist ekki af sjálfu sér. Þeir sem hafa unnið að þessu merkilega samkomulagi af hálfu ríkisins og sveitarstjórnanna undir stjórn Dags B. Eggertssonar eiga hrós skilið.

Samningurinn kveður á um að fyrir hönd ríkisins greiði Vegagerðin 900 milljónir á ári til höfuðborgarsvæðisins og að auki 100 milljónir á ári í rekstur almenningssamgangna milli höfuðborgarsvæðisins og áhrifasvæða þess, eins og það er orðað. Samanlagt gerir það einn milljarð á ári í tíu ár. Til frádráttar kemur að ríkið hættir að endurgreiða olíugjald til Strætó, 140 milljónir á ári. Það er þó engin ástæða til að gráta endurgreiðsluna. Hún felur í sér hvata fyrir strætó að keyra sem mest á olíu. Það er umhverfislega og þjóðhagslega hagkvæmt að losna við slíka olíuhvata sem leynast allt of víða í umferðarkerfi okkar.

Markmið samningsins er að tvöfalda, að minnsta kosti, hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu. Að stuðla að lækkun á samgöngukostnaði heimila. Að auka umferðaröryggi. Að minnka losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Samkomulagið gerir um leið borginni og ríkisvaldinu kleift að fresta því að ráðast í mjög dýr samgöngumannvirki á stofnbrautarkerfinu, svo sem mislæg gatnamót og stokkalausnir, sem þjóna nær eingöngu umferð einkabíla. Hugsanlega leiðir samningstíminn í ljós að það er ekki þörf fyrir fleiri slík mannvirki á höfuðborgarsvæðinu. Erlendir gestir sem hingað koma hafa stundum á orði að umferðarmannvirkin hér séu eins og í milljónaborgum.

Óhætt er að fullyrða að ávinningurinn af þessu samkomulagi fyrir höfuðborgarsvæðið, og raunar þjóðfélagið allt, er mikill. Minnkandi samgöngukostnaður fyrir heimilin, borgina og fyrir ríkisvaldið er allra hagur. Sveitarstjórnirnar og ríkisvaldið eru jafnframt sammála um að veita strætó aukinn forgang í umferðinni og bæta aðstæður fyrir fótgangandi vegfarendur og hjólandi. Samkomulagið er mikilvægur liður í því að ferðaþörf fólks á höfuðborgarsvæðinu verði í auknum mæli uppfyllt með hagkvæmari og vistvænni ferðamátum en einkabíl.

Rétt er að halda því til haga að losun gróðurhúsalofttegunda er hlutfallslega mjög há á Íslandi m.a. vegna hins stóra bílaflota og dreifðrar byggðar. Það er ein ástæðan fyrir því að Íslendingar skilja eftir sig stærra sótspor (e. carbon footprint) en flestar aðrar þjóðir. Samkomulagið mun gera Strætó bs., sem hingað til hefur þurft að reka sig með gömlum dísilvögnum, kleift að endurnýja strætóflotann algerlega þannig að í lok samningstímans munu eingöngu vistvænir strætisvagnar keyra um höfuðborgarsvæðið. Er það ekki frábær tilhugsun?

Það er ekki nema von að fulltrúar Besta flokks, Samfylkingar og Vinstri grænna í umhverfis- og samgönguráði borgarinnar skyldu fagna þessu samkomulagi á síðasta fundi ráðsins. En jafnframt ítrekuðu þeir nauðsyn þess að borgaryfirvöld áskilji sér rétt til að taka upp málefni einstakra umferðamannvirkja sem ætlunin er að slá á frest við endurskoðun samningsins á tveggja ára fresti.

Sveitarstjórnir allra sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu hafa samþykkt þennan merka samning einróma, nema í Reykjavík. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn greiddu atkvæði gegn honum. Þeir finna honum allt til foráttu. Ég á bágt með að skilja þá afstöðu. Mér finnst það ekki mjög trúverðugt þegar þeir segjast vilja efla almenningssamgöngur en vera alfarið á móti þessum samningi. Á síðasta kjörtímabili höfðu Sjálfstæðismenn næg tækifæri til að efla almenningssamgöngur í borginni. Það er varla hægt að segja að þeir hafi nýtt þau tækifæri mjög vel.

# Tækifæri til áhrifa

Skipulagsmál

**Sigríður Björk Jónsdóttir**
formaður Skipulags- og byggingaráðs Hafnarfjarðar



Mörg sveitarfélög leitast nú í meira mæli við að virkja íbúa til þátttöku hvað varðar skipulagsmál. Það má til dæmis gera með aðkomu snemma í skipulagsferlinu sem gefur um leið íbúum tækifæri til þess að hafa stefnumótandi áhrif á skipulagsþróun í sínu bæjarfélagi. Fyrir nokkru síðan ákváðu bæjaryfirvöld í Hafnarfirði að efna til hugmyndasamkeppni um svokallaða Dvergslóð, sem er reitur í miðbæ Hafnarfjarðar sem afmarkast af Lækjargötu, Suðurgötu og Brekkugötu við rætur Hamarsins þar sem smíðaverkstæðið Dvergur var áður til húsa. Svæðið hefur mikla sögulega skírskotun til bæði sögu Hafnarfjarðar en ekki síður í atvinnusögu landsins en trésmiðjan Dvergur var eitt þeirra húsa sem tengd voru við fyrstu rafstöð sem reist var á Íslandi árið 1904.

Í nokkur ár hefur staðið til að rífa þá stóru og miklu byggingu sem þar stendur nú og var reist á grunni gömlu timburverksmiðjunnar árið 1965, en óhætt er að segja að hún sé barn síns tíma og ekki í miklu samræmi við þann skala eða það yfirbragð sem annars er ríkjandi í umhverfinu. Í lok ársins 2011 ákvað Skipulags- og byggingarráð að setja af stað hugmyndasamkeppni um þróun þessa svæðis, og er sú ákvörðun í samræmi við bókun Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á hátíðarfundi í tilefni af hundrað ára afmæli bæjarins. Með þessu er íbúum gefinn kostur á að hafa áhrif á þróun skipulags í miðbænum. Um leið er sérstaklega bent á að þetta verkefni er tilvalið að nýta í þeim tilgangi að efla umhverfismennt í grunn- og leikskólum bæjarins, en eins og fram kemur í samkeppnislýsingu er auglýst eftir tillögum í mjög fjölbreyttu formi sem gefur tækifæri til skapandi úrlausna.

Markmiðið er að fá sem flestar nýjar hugmyndir frá íbúum og hvað þeir sjá fyrir sér sem heppilega starfsemi eða nýtingu á þessu svæði. Þó er mikilvægt að horfa til þess að sú uppbygging eða sú breyting sem verður á svæðinu verði í góðu samræmi við nálæga byggð og endurheimti eða taki mið af þeim einstaka karakter sem er í byggðinni við Hamarinn og auki gæði miðbæjarins í heild. Lóðin býður upp á ótal möguleika s.s. fyrir íbúðir, stofnanir, útivistarsvæði eða blandaða notkun. Þá skal ný byggð á reitnum taka tillit til umhverfisins og hún má ekki yfirgnæfa eða skyggja á Hamarinn.

Opin hugmyndasamkeppni er ekki bindandi heldur leiðbeinandi um skipulagsgerð á svæðinu en sérstök dómnefnd mun velja fimm áhugaverðustu tillögurnar þar sem lögð verður áhersla á eftirfarandi atriði:

- Að hugmyndin falli vel að nálægri byggð og umhverfi.
- Að hugmyndin bjóði upp á aukin gæði á svæðinu í heild.
- Frumleika og framsækni.
- Að í hugmyndinni sé tekið tillit til vistvænna sjónarmiða sem ýta undir sjálfbæra þróun í byggingum og umhverfi.
- Að hugmyndin stuðli að því að skapa samfellu í skipulagi miðbæjarins.

Það er vonandi að sem flestir, bæði einstaklingar og hópar, taki þátt og nýti þetta tækifæri til að hafa áhrif á þróun byggðar í miðbæ Hafnarfjarðar.

Hægt er að nálgast samkeppnisgögn í þjónustuveri Hafnarfjarðar við Strandgötu og á vef Hafnarfjarðarbæjar, en frestur til að skila inn tillögum rennur út þann 2. maí næstkomandi.

XXVII

Íhlutun í æsku - ábati til framtíðar

Vorráðstefna
Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins
Grand Hóteli 10. og 11. maí 2012

**Fimmtudagur 10. maí**

**Fundarstjóri:** *Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri hjá velferðarráðuneyti.*

**8:00-9:00** Skráning og afhending gagna.
**9:00-9:15** **Setning:** *Guðbjartur Hannesson, velferðarráðherra.*

**Hvers vegna íhlutun?**

**9:15-9:40** **Hugmyndafræði íhlutunar**
*Solveig Sigurðardóttir, barnalæknir og sviðsstjóri hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.*
**9:40-10:05** **Aðferðir til íhlutunar – vísindi eða valfrelsi!**
*Guðný Stefánsdóttir, þroskaþjálfi og sviðsstjóri hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.*
**10:05-10:10** **Stattu upp – lifðu lengur!**
*Marrit Meintema, sjúkraþjálfari hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.*
**10:10-10:35** **Íhlutun – væntingar foreldra**
*Arnheiður Ósk Hreggviðsdóttir, foreldri.*
**Kaffihlé**
**11:05-11:30** **Virknimat og stuðningsáætlanir - tæki til árangurs**
*Anna-Lind Pétursdóttir, sálfræðingur og dósent við Háskóla Íslands.*
**11:30-11:55** **Er þjónustan fjölskyldumiðuð?**
*Sara Stefánsdóttir, aðjúnkt við Háskólann á Akureyri.*
**Matarhlé**
**13:00-15:00** **Málstofur: Ýmsar íhlutunarleiðir**
***Málstofa A, B og C:** Sjá nánar á www.greining.is*
**Kaffihlé**
**15:20-16:00** **Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks**
*Sendiherrar samningsins.*

**Föstudagur 11. maí**

**Fundarstjóri:** *Sigrún Hjartardóttir, leikskólasérkennari og einhverfuráðgjafi hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.*

**Forvarnir til framtíðar**

**9:00-9:25** **Byrgjum brunna!**
*Helga Kristinsdóttir, sálfræðingur hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.*
**9:25-9:50** **Hefur lyfjameðferð sérstöðu í hæfingu barna og unglinga?**
*Björn Hjálmarsson, barnalæknir hjá Þroska- og hegðunarstöð.*
**9:50-9:55** **Stattu upp – lifðu lengur!**
*Marrit Meintema, sjúkraþjálfari hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.*
**9:55-10:20** **Kynhegðun – helstu áhættuþættir og forvarnir**
*María Jónsdóttir, verkefnastjóri þekkingarseturs um félagstengsl og kynímynd hjá Ási styrktarfélagi.*
**Kaffihlé**
**10:45-11:10** **Tómstundir – íhlutun eða afþreying?**
*Katrín Þórdís Jacobsen, deildarstjóri frítímastarfs fatlaðra barna hjá Reykjavíkurborg.*
**11:10-11:35** **Hreyfing og heilsa fatlaðra barna**
*Ingi Þór Einarsson, doktorsnemi við Háskóla Íslands.*
**11:35-12:00** **Stuðningur við foreldra – svigrúm til aðgerða**
*Sverrir Óskarsson, félagsráðgjafi hjá Tryggingastofnun ríkisins.*
**Matarhlé**
**13:00-15:20** **Málstofur: Kynning á rannsóknar- og þróunarverkefnum**
***Málstofa A og B:** Sjá nánar á www.greining.is*
**Kaffihlé**
**15:20-15:30** **Ráðstefnulok – horft til framtíðar**
*Stefán J. Hreiðarsson, forstöðumaður Greiningar– og ráðgjafarstöðvar ríkisins.*

Skráning á **www.greining.is** eða í síma **510 8400.**
**Þátttökugjald:** 16.000 kr. fyrir fagfólk og 9.000 kr. fyrir aðstandendur og háskólanema á þessu fræðasviði.

Stærsti faglegi vettvangur þeirra sem tengjast börnum með þroskafrávik

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

H2 hönnun

# BAUHAUS

# OPNAR BRÁÐUM

## Hjá okkur færð þú bestu verðverndina á markaðnum.

Við hjá BAUHAUS viljum gjarnan sjá viðskiptavini okkar koma aftur og aftur. Þess vegna er það markmið okkar að bjóða alltaf upp á lægsta verðið á markaðnum. Við gerum hagstæð innkaup án þess draga úr kröfum okkar um gott siðferði, gæði og notagildi. Einnig erum við vakandi fyrir verðlagi samkeppnisaðila okkar og ef við komumst að því að okkar verð er ekki nógu lágt, lækkum við þau enn frekar. Ef þú - innan 30 daga frá kaupum - finnur sömu vöru á lægra verði hjá samkeppnis aðila, endurgreiðum við mismuninn + 12% af verði samkeppnisaðilans.

*Halldór Sigurðsson, Framkvæmdastjóri Reykjavik*




**VERÐVERND**

**12%**

## 12% verðvernd á öllum vörum

Ef þú - innan 30 daga frá kaupum - finnur sömu vöru á lægra verði hjá samkeppnisaðila, endurgreiðum við þér mismuninn + 12% af verði samkeppnisaðilans. Þú þarft að framvísa kassakvittun auk staðfestingar frá öðrum söluaðila. Verðverndin gildir ekki þegar um er að ræða vörur sem aðrir bjóða aðeins í takmörkuðu magni og í takmarkaðan tíma, þegar um opnunartilboð er að ræða, sérpantanir, eða vörur sem seldar eru í póstverslunum, á internetinu eða í vefverslunum.




## Verðvernd á t.d.

**BOSCH**

**RAFMAGNSSLÁTTUVÉL**

Rotak 37L. 36 V High Power Lithium-Ion rafhlaða. Sláttubreidd 37 cm. 10 Hæðarstillingar. 40 l safnskúffa. Nær fullri hleðslu á 1 klukkutíma. Sérstakar grasklippur á hlið til að nota við kanta.

| | |
|---|---|
| BAUHAUS VERÐ | 84.995.- |
| VERÐ SAMKEPPNISAÐILA | 80.995.- |

Þú færð 12% af 80.995.- endurgreitt og mismuninn af verðinu að auki.

**9.719.- + 4.000.- = 13.719.-**

Halldór Sigurðsson,
Framkvæmdastjóri
BAUHAUS Reykjavik



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
1979 KR.KG
KJÚKLINGABRINGUR
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
729 KR. KG
1979 KR.KG
KJÚKLINGALUNDIR
1298 KR.KG
GRILL GRÍSAKÓTILETTUR M.BEINI
NAUTAVEISLU 4 FERSKIR 80 GR. NAUTAHAMBORGARAR MEÐ BRAUÐI
595 KR. PK.
195 KR. KG
APPELSÍNUR Í LAUSU
359 KR. 200G
SPÍNAT 200G
HEIMILISBRAUÐ
259 KR. STK
770 GRÖMM
MYLLU HEIMILISBRAUÐ
195 KR. KG
RAUÐ VATNSMELÓNA
298 KR. 75G
KLETTASALAT 75G
298 KR.STK
MYLLU MÖNDLUKAKA 420 GR
MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ
195 KR. KG
GUL MELÓNA
129 KR. KG
FRANSKAR HVÍTAR KARTÖFLUR
FROSNIR
AÐEINS 170 KR. STK
1698 KR. 10 STK.
10 STK. STÓRIR 120 GR. NAUTAHAMBORGARAR
159 KR. 4 STK.
BÓNUS STÓR HAMBORGARABRAUÐ
139 KR. KG
BRESKAR STÓRAR BÖKUNAR-KARTÖFLUR
Coca-Cola light
Coca-Cola zero
195 KR. 2 LTR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu vildarpunkta VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# AFMÆLISTILBOÐ Í BÓNUS

OPNUM KL.10

## FROSIÐ LAMBALÆRI 1098 KR.KG

FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA




1098
KR.KG

**30 TONN** Í BOÐI Á ÞESSU AFMÆLISVERÐI




195
KR. 2 LTR

1. maí

## ATHUGIÐ

ALLAR VERSLANIR
BÓNUS ERU LOKAÐAR
N.K. ÞRIÐJUDAG 1. MAI
Á FRÍDEGI VERKAFÓLKS

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



**HJÓLAR UM KAUPMANNAHÖFN** Ragnhildur Þórðardóttir býr í Kaupmannahöfn þar sem hún fer allra sinna ferða á hjóli. Hún heldur alltaf þéttum tengslum við Ísland, enda hefur hún fjölda Íslendinga í fjarþjálfun og skrifar pistla á Heilsupressuna sem njóta mikilla vinsælda.

# Margar leiðir til að flá kött

Líkamsræktarfrík og letihaugar eru á meðal fjölmargra dyggra lesenda Röggu Nagla. Hún heitir fullu nafni **Ragnhildur Þórðardóttir** og er sálfræðingur og einkaþjálfari sem hefur náð hundruðum Íslendinga upp úr feni misviturra upplýsinga um heilsurækt og hjálpað þeim að ná varanlegum árangri. Naglinn gaf ***Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur*** nokkur vel valin ráð.

Ragga nagli hefur beinskeyttan stíl. Hún talar jafnan um sjálfa sig í þriðju persónu og vandar ekki letingjum fullum sjálfsvorkunnar kveðjurnar. Er Ragga Nagli einhvers konar „hliðarsjálf“ Ragnhildar Þórðardóttur, sálfræðings og einkaþjálfara? „Nei, ég myndi ekki segja það. Ég er mjög skoðanaglöð manneskja og læt skoðanir mínar flakka ef ég á annað borð hef þær. Allt sem ég skrifa er komið beint úr mínum eigin hugleiðingum. Ég myndi aldrei skrifa neitt sem ég myndi ekki segja beint við vinkonu mína á kaffihúsi.“

Naglinn þolir ekkert kjaftæði og væl. „Ég hef enga samúð með fólki sem vælir og grenjar ef það fær kvef. Um daginn skrifaði ég grein um konu sem er ekki með handleggi og keppir samt í fitness. Ef ég nenni ekki í ræktina sjálf þá sparka ég í rassinn á sjálfri mér og minni mig á að það eru forréttindi að geta hreyft sig. Það er ekki í boði að láta leti stöðva sig, ekki á meðan fólk með ótrúlegar hindranir nær afburðaárangri. Við eigum bara einn líkama.“

### Lifði á blandi í poka

Ætla mætti að Ragga þekki það ekki sjálf að langa frekar til að fá sér bland í poka og kókdós heldur en að fara í ræktina. Það er þó öðru nær. „Þegar ég var í menntaskóla nærðist ég helst á Sómasamlokum og sígarettum. Í skólaleikfimi þurfti því sem næst að leggja mig inn eftir að ég hafði verið látin hlaupa hringinn í kringum Tjörnina. Ég var líka þybbin, þó ég hafi ekki verið í yfirþyngd. En á síðasta ári í menntaskóla prófaði ég body pump, sem eru lyftingatímar fyrir byrjendur, og fann mig strax í því. Svo varð þetta smám saman að lífsstíl og ástríðu hjá mér,“ segir Ragga. Hún segir að konur ættu að lyfta meira. „Hérna úti lyfta ræktartúttunar ekki lóðum. Þetta er hins vegar komið inn heima á Íslandi, þar sem maður mætir venjulegum húsmæðrum með grifflurnar í kraftlyftingagöllunum í ræktinni. Það er gaman að því. Konur þurfa að lyfta til að fá grunnstyrk og vöðvamassa sem styður við beinin. Þá fá þær sterka miðju, sterkt bak og betri líkamsvitund. Líkaminn verður einfaldlega fallegri. Stelpur eru alltaf að hugsa um að brenna fitunni, fitunni, fitunni! Það er það eina sem kemst að og svo er slefað á skíðavélinni út í hið óendanlega. Það er vitlaust, því þú brennir miklu meira á einni góðri lyftingaæfingu.“

### Kjökrandi yfir túnfisknum

Ragga hefur verið búsett í Kaupmannahöfn í á þriðja ár, en heldur enn þá styrkum tengslum við Ísland, enda bíða margir landar hennar í röðum eftir því að komast að í fjarþjálfun hjá henni. Ragga segir marga hafa þörf fyrir leiðbeiningar með líkamsrækt og mataræði, til þess einfaldlega að ná fókus í ofgnótt misgóðra upplýsinga í fjölmiðlum og á netinu. „Mín aðferð er ekki endilega sú eina rétta, enda eru margar leiðir að því að flá kött. Ég er mikið í þessu „common sense“. Ég bendi fólki á að reyna að hafa matinn beint af kúnni og minnka skammtana. Fá sér súkkulaði um helgar og pitsu á kantinum. Bara ekki á hverjum degi. Ég hitti ráðvillta stelpu um daginn sem sagðist varla borða annað en túnfisk og hrökkbrauð. „Hvaða andskotans leiðindi eru það,“ spurði ég furðulostin. Hún svaraði því til að hún vissi orðið ekki hvað hún mætti borða. Ég sagði henni að fá sér nautahakk og lax og hún var voðalega hissa yfir að það væri í lagi. Það er búið að troða svo mikilli vitleysu í hausinn á fólki og upplýsingarnar eru svo misvísandi að það endar með því að sitja úti í horni, kjökrandi með túnfisk og hrökkbrauð.“

### Svarthvítur hugsunarháttur

Ragga býr í Kaupmannahöfn þar sem hún er að klára kandídatspróf í sálfræði. Í náminu leggur hún sérstaka áherslu á átraskanir og fíknikúrsa, sem hún heimfærir meðal annars á matarfíkn og ofátshegðun sem hún þekkir úr starfi sínu. Hún segir sálina og líkamann spila náið saman, þau séu óaðskiljanleg og því ætti að vinna meira með þau heildrænt. „Þetta fléttast allt saman. Að loknu mínu námi langar mig að geta hjálpað enn frekar þessum hópi fólks sem er í yfirþyngd en gefst alltaf upp í þjálfuninni. Samkvæmt minni reynslu er alltaf ákveðinn hópur sem hefur þjálfun og er mjög duglegur í tvo til þrjá mánuði. Svo gerist eitthvað og þeir hætta öllu. Mig langar að komast inn í hausinn á þessu fólki og hjálpa því út úr þessu,“ segir Ragnhildur, sem segir niðurrif og svarthvítan hugsunarhátt oft einkenna þenna hóp. „Stundum sýnist mér það, að ganga vel, ekki vera í línu við sjálfsmynd þessa fólks. Eins og það þurfi að rífa sjálft sig niður. Ef það fær flensu, fer til útlanda, eða eitthvert smá rask verður á rútínu þess fer allt á hliðina. Smáhindrun verður að fjalli og fjallið verður að afsökun fyrir að gefast upp. Það er þessi svarthvíti hugsunarháttur sem er svo slæmur. „Nú er ég komin í sukkið, nú er allt ónýtt. Nú baða ég mig í majonesi það sem eftir er!““

### Hægt að vera feitur og fitt

„Niðurrifið fylgir svo beint í kjölfarið. „Þú ert aumingi og getur ekki neitt,“ segir fólk við sjálft sig og þá er oft leitað í mat eftir huggun. Það er áhugaverð kenning í sálfræðinni þessu tengd. Þegar fólk er haldið einhvers konar vanlíðan, svo sem einmanaleika og tómleikatilfinningu, hverfur vanlíðanin oft þegar meltingin hefst. Orka líkamans fer í að melta og áhyggjurnar gleymast á meðan. En vanlíðanin kemur svo tvíefld til baka þegar samviskubitið yfir öllu átinu heldur áfram. Þetta er ein af þessum „dysfunctional“ leiðum til að takast á við vandamálin, svipað og að fá sér í glas.“

Ragga segir augljóst hversu slæm áhrif óraunhæfar útlitskröfur nútímans hafi á fólk. Allt of margir setji samasemmerki milli þess að vera grannur og heilsuhraustur. „Ef þú ert með 10 til 15 aukakíló en hreyfir þig reglulega, ert hraustur og getur rifið í járnin, þá ertu kannski bara í góðum málum. Feitt og fitt fólk er oft miklu heilsuhraustara en það granna sem aldrei hreyfir sig. Útlit segir okkur ekkert um heilsuna. En auðvitað verður líka að hafa í huga að það er álag á stoðkerfið að vera alltaf of þungur. Það, hvort þú ert í kjörþyngd eða ekki, skiptir ekki höfuðmáli heldur hvort heilsan sé í lagi.“


MYND/ÞÓRA BJÖRK ÁGÚSTSDÓTTIR

> Ef þú ert með 10 til 15 aukakíló en hreyfir þig reglulega, ert hraustur og getur rifið í járnin þá ertu kannski bara í góðum málum. Feitt og fitt fólk er oft miklu heilsuhraustara en það granna sem aldrei hreyfir sig.

## FIMM GÓÐ RÁÐ FYRIR BYRJENDUR FRÁ NAGLANUM

**1. Ekki reyna að sigra heiminn á fyrstu vikunum.** Til að koma hegðun upp í vana þarf að framkvæma hana í 20 til 30 daga án þess að svindla. Gerðu samning við sjálfan þig að mæta í þrjú skipti í viku fyrsta mánuðinn. Það eiga allir þrjá klukkutíma aflögu á viku.



**2. Raunhæfar væntingar.** Það tók ekki ársfjórðung að bæta á þig aukakílóunum – það mun því heldur ekki taka örfáar vikur að skafa þau af. Gefðu þér tíma í verkefnið.

**3. Þolinmæði er besti ferðafélaginn.** Leyfðu líkamanum að vinna á sínum hraða og mundu að góðir hlutir gerast hægt. Ekki detta í skyndilausnapakkann í epískri óþolinmæði eftir árangri. Ef þú gerir rétt fyrir líkamann vinnur hann með þér – ef þú þröngvar honum þá hefnir hann sín.



**4. Ekki einblína á vigtina sem mælikvarða á árangur.** Hún segir þér ekkert um hlutfall vöðva og fitu í samsetningu líkamans. Notaðu frekar þína eigin upplifun af árangri. Fötin, málband, spegilinn ...



**5. Hafðu gaman af þessu.** Ef þú færð gubbupest við tilhugsunina um að hlaupa, lyfta, fara í spinning eða hvað annað, finndu þér aðra hreyfingu. Það úir og grúir af framboði á hreyfingu – finndu þér eitthvað sem kitlar þinn pinna.


# Arion banki vill virkja nýsköpunarkraftinn

Nýsköpun Arion banka er vettvangur sem er ætlað að leysa úr læðingi þann mikla nýsköpunarkraft sem býr í Íslendingum.



## Næstu nýsköpunarnámskeið

17. apríl | Nýsköpun og að virkja hugmyndina - **Lokið**
2. maí | Nýsköpun og verkefnið
16. maí | Nýsköpun og framkvæmdin

**Nánari upplýsingar og skráning á arionbanki.is**

Nú þegar hefur eitt námskeið verið haldið á vegum Arion banka og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Fjölmargir sóttu námskeiðið og þáðu ráð til að auðvelda fyrstu skrefin í að þróa og vinna hugmyndir. Á námskeiðunum fara þeir Einar Gunnar Guðmundsson, sérfræðingur Arion banka í nýsköpun og Dr. Hannes Ottósson, frá Nýsköpunarmiðstöðinni, yfir hvernig hugmyndir geta orðið að veruleika.

Arion banki vill með margvíslegum hætti efla nýsköpun í landinu. Að virkja fólk með góðar hugmyndir er aðeins einn liðurinn í viðleitni bankans til að byggja upp sterkara atvinnulíf. Kynntu þér hvað Arion banki er að gera fyrir frumkvöðla og íslenskt nýsköpunarumhverfi.

arionbanki.is – 444 7000

Arion banki



**JÓN LÁRUSSON FORSETAFRAMBJÓÐANDI** Hann telur illa komið fyrir lýðræðinu ef venjulegir menn, sem eigi ekki fast sæti við háborð höfðingjanna, fái engan hljómgrunn í opinberri umræðu ef þeir gera tilkall til forsetaembættisins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Framkvæmdavaldið er forsetans

Forsetaframbjóðandinn **Jón Lárusson** upplifir kosningabaráttuna eins og hann hjóli á þríhjóli á eftir hinum, sem bruni áfram á Formúlu 1 kappakstursbíl. Hann segir ***Hólmfríði Helgu Sigurðardóttur*** að hann gefist ekki upp, jafnvel þó hann lifi við háð og spott. Það skipti hann engu máli ef almenningur fái tækifæri til að kynna sér hugmyndir hans um breytt þjóðfélagsskipulag.

Jón Lárusson var fyrstur til að tilkynna um framboð sitt til forseta Íslands, en það gerði hann áður en Ólafur Ragnar Grímsson, sitjandi forseti, hafði tilkynnt að hann gæfi eftir allt saman kost á sér áfram. Tímaforskotið virðist ekki skila sér í atkvæðum, í það minnsta ekki samkvæmt skoðanakönnunum, þar sem hann mælist með innan við eins prósents fylgi. Það, segir Jón, er vegna þess að hann tilheyrir ekki höfðingjaveldinu og hefur hvorki kosningavélar né peningavald að baki sér. „Fyrir mig er þetta eins og að horfa á eftir Formúlu 1 kappakstursbíl og koma á þríhjólinu í humátt á eftir," segir Jón með bros á vör. Hann gerir sér grein fyrir því að staða hans er ekki sterk, en hann hefur enn trú á því að hann hafi möguleika á að ná kjöri, fái hann tækifæri til að kynna þau mál sem hann stendur fyrir. „Ég tel mig vita hvað það var sem gerðist hér, sem olli hruninu, og ég þekki leiðirnar út úr því. Það er skylda mín að bjóða fólki möguleikann á að kjósa um það hvort það vilji skoða mína lausn á stöðunni."

Beðinn um að útskýra það í stuttu máli hvað hann telji hafa orsakað hrunið nefnir hann fyrst og fremst tvo þætti. „Í fyrsta lagi er þetta spurning um hvernig við túlkum lýðræðið og hvaða möguleika við höfum í samfélaginu sem við búum í. Í öðru lagi var það kerfisvillan, sem er fólgin í fjármálakerfinu." Hvoru tveggja vill hann kollvarpa. „Við verðum að taka þessa tvo þætti til endurskoðunar. Ef við gerum það ekki verður engin framför okkur til heilla. Þá verður samfélagið áfram sniðið að hinum ráðandi stéttum."

> Stjórnarskráin sem við tókum upp árið 1944 hefur alltaf verið troðin ofan í svaðið.

### Forsetinn á að ráða

Samkvæmt skilningi Jóns á stjórnarskrá Íslands ber forsetanum að halda um stjórnartaumana í landinu. Hann sé með réttu yfirmaður forsætisráðherra og eigi því að ráða för. „Í 13. grein stjórnarskrárinnar segir: Forsetinn lætur forsætisráðherra framkvæma vald sitt. Þar segir ekki: Forsetinn afsalar sér valdi sínu til forsætisráðherra. Stjórnarskráin sem við tókum upp árið 1944 hefur alltaf verið troðin ofan í svaðið. Því er haldið fram að þetta sé stjórnarskrá hönnuð fyrir konung og hún eigi ekki við um lýðræði. Það er rangt. Sá sem bjó hana til var danskur lýðræðissinni. Hann horfði til norsku stjórnarskrárinnar, sem miðaðist við þær bandarísku og frönsku, sem voru forsetastjórnarskrár. Þar er grunntónninn að almenningur eigi alltaf að ráða.

Í Danmörku velur þingið ríkisstjórn, vegna þess að þingkosningar eru eini lýðræðislegi möguleiki fólks til að koma að sínum skoðunum. En stjórnarskráin okkar byggir á hugmyndum Montesquieu um þrískiptingu ríkisvaldsins; framkvæmdavaldið, dómsvaldið og löggjafarvaldið. En höfðingjavaldið er búið að túlka frá okkur stjórnarskrána. Forsetinn á að taka yfir framkvæmdavaldið.

Það ber honum að gera, samkvæmt stjórnarskrá. Það er ekki lýðræði að forsætisráðherra hafi valdið yfir framkvæmdavaldinu og löggjafarvaldinu. Þingið er valdalaust, því það gerir aldrei neitt annað en það sem meirihlutinn vill. Við eigum að virkja þann þátt stjórnarskrárinnar, að forsetinn skipi þá einstaklinga sem hann telur hæfasta til þess að sinna ríkisstjórninni."

### Tveir öryggisventlar

En er ekki hætt við að forsetinn fái óhófleg völd með þessu móti, verði jafnvel alráður? „Nei, það sem er svo fallegt í þessari stjórnarskrá er að forsetinn getur ekkert gert nema þingið samþykki það og þingið getur ekkert gert nema forsetinn samþykki það. Við vitum öll hver 26. greinin er, sem Ólafur Ragnar beitti fyrst 2004 og svo aftur í Icesave-deilunni. 26. greinin er öryggisventill forsetans, til að stoppa Alþingi ef það ætlar fram úr sér. En 11. greinin segir að Alþingi geti rekið forsetann. Það er öryggisventillinn á verk forsetans. Þess vegna getur forsetinn aldrei orðið einræðisherra, því fyrr myndi Alþingi stoppa hann af."

### Enn vantar undirskriftir

Jón hefur ekki enn þá safnað lágmarksfjölda undirskrifta sem hann þarf til að framboð hans verði gilt. „Ég hef enga maskínu á bak við mig. En á heimasíðunni minni er hægt að nálgast eyðublöð sem fólk getur skrifað undir og sent mér til baka. Enn betra væri ef fólk myndi aðstoða mig við að ná þessu. Nafnið mitt á að vera á kjörseðlinum, því við almenningur eigum að fá að vera með í ráðum þegar ákveðið eru hvaða kostir eru í boði. Við eigum ekki að láta elítuna velja fyrir okkur."

### JÓN LÁRUSSON Í HNOTSKORN

Jón Lárusson fæddist í Reykjavík árið 1965. Hann er sonur Lárusar Jónssonar, sjálfstæðs atvinnurekanda, og Sonju Eiríksdóttur, skrifstofustjóra í Samkeppniseftirlitinu. Hann er kvæntur Söndru Vachon leikskólakennara og eiga þau þrjú börn á aldrinum eins til 15 ára. Þau eru búsett á Selfossi. Jón lauk námi úr Lögregluskóla ríkisins árið 1997 og BA-prófi í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1998. Þá er hann með löggildingarpróf til afleiðuviðskipta frá Bandaríkjunum. Jón talar þrjú tungumál auk íslensku – ensku, frönsku og dönsku. Hann gegnir stöðu rannsóknarlögreglumanns í fjármunabrotadeild lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

## SPURT OG SVARAÐ

### 1. Hvers vegna býður þú þig fram í embætti forseta?

Af sömu ástæðu og ég fór í lögguna á sínum tíma. Ég þoli ekki óréttlæti. Mér svíður að horfa upp á það hvernig við, almenningur, ráðum engu í samfélaginu. Ég tel að þær hugmyndir sem ég hef séu nógu mikilvægar til þess að ég þoli að vera rakkaður niður, dreginn niður í svaðið og stöðugt sé gert lítið úr mér fyrir þær. Ég er tilbúinn að leggja mannorð mitt og persónu að veði, til þess að hugmyndir mínar fái hljómgrunn. Ef fólk fær tækifæri til að heyra það sem ég hef að segja tel ég mig hafa möguleika á að ná kjöri. Ég tel mjög slæmt ef venjulegur einstaklingur, sem hefur enga hópa að baki sér, geti ekki boðið sig fram til forseta. Þá er lýðræðið ekki virkt.

### 2. Hvert yrði þitt fyrsta verk í embætti, ef þú næðir kjöri?

Mitt fyrsta verk yrði að leggja fram frumvarp á Alþingi um að 10 prósent þjóðarinnar geti gert kröfu um þjóðaratkvæði án takmarkana. Ef höfðingjaveldið telur að við séum nógu góð til að kjósa það inn á þing, þá erum við líka nógu góð til að taka afstöðu til verka þess. Það er mín skoðun að sameiginleg meðvitund samfélagsins kemur alltaf með betri niðurstöðu en sameiginleg meðvitund 63 einstaklinga sem eru kosnir inn á þing eftir að hafa fengið tugi milljóna króna í styrki frá fjársterkum aðilum.

### 3. Þú hefur sagt að lýðræðið sé óvirkt hér á landi. Geturðu rökstutt það?

Alþingi Íslendinga hefur aldrei verið sú vagga lýðræðis sem sumir vilja meina. Löggjafarþingið sem var við lýði á þjóðveldisöld var ekki lýðræði, því þar sátu goðar sem voru ekki kosnir af neinum. Goðorðin fengu menn í arf, eða gátu keypt sér þau. Þegar við gengum Noregskonungi á hönd héldu höfðingjarnir sínum völdum og gerðu það áfram eftir að við fengum fullveldi árið 1918. Þetta er kerfið sem er enn við lýði á Íslandi í dag. Þegar við fengum stjórnarskrá túlkuðu menn hana eins og hér væri enn konungur í landinu, en ekki forseti. Þannig styrktu þeir höfðingjakerfið enn frekar. Þegar við kjósum til þings í dag eru það höfðingjarnir, formenn flokkanna, og hirðin í kringum þá, sem ráða öllu. Ríkisstjórnin stjórnar Alþingi og þess vegna er Alþingi ekki frjálst.

### 4. Þú hefur lýst yfir efasemdum um EES-samninginn. Viltu að Ísland segi sig frá honum?

Ég tel að þetta sé nokkuð sem við þyrftum að skoða vel. Hefur samningurinn verið okkur til góðs? Horfum á ástandið áður en við tókum upp EES-samninginn. Þá höfðum við blómlegan iðnað hér á ýmsum sviðum. Í dag er mikið af smávöruframleiðslunni ekki við lýði lengur. Málmsmíðin er farin og líka skipasmíðin. Iðnaðurinn er ekki svipur hjá sjón miðað við það sem var. Það má líka benda á að lögin sem hér voru við lýði þegar hrunið varð höfðum við tekið beint upp frá ESB. Við Íslendingar eigum að skapa þjóðfélag á okkar forsendum. Það er frelsi og það er lýðræði.

## RÍKIÐ Á SJÁLFT AÐ BÚA TIL PENINGA



Jón Lárusson segir að ríkið hafi afsalað sér peningaprentun til bankanna og það eigi að taka til baka. „Það er ekki ríkið sem býr til peningana, heldur bankarnir. Um 95 prósent af öllu fjármagni í umferð eru rafrænir peningar búnir til af bönkum. Í samfélagi, sem hefur afsalað sér peningaprentun til einkaaðila, munu forsvarsmenn ríkisins aldrei taka afstöðu með samfélaginu gegn þeim. Þeir munu alltaf tryggja hagsmuni peningavaldsins. Hvað höfum við verið að horfa upp á hér frá árinu 2008? Hagsmunir almennings hafa verið látnir líða fyrir það að það þarf að tryggja hagsmuni bankakerfisins.

Ríkisstjórnin heldur að hún þurfi að fá peninga frá bönkunum en það er misskilningur. Hvað þarf ríkið til þess að byggja brú? Mannskap, hráefni og tæki. Ríkið hefur þetta allt saman, hvað stoppar það þá í því að byggja brúna? Ekki neitt. Peningar eru ekki verðmæti í sjálfu sér. Þeir eru ávísun á verðmæti. Ef við erum með of mikið af peningum í umferð verður þensla og ef við erum með of lítið af þeim verður samdráttur. Ef við framleiðum eitthvað vantar peninga. Í dag er það peningakerfið sem býr þá til með skuldsetningu og vaxtakröfum. En ef við látum ríkið búa til þessa peninga kostar það samfélagið ekki neitt. Ríkið á að búa þá til skuldlaust. Er eðlilegra að fámenn sérhagsmunaklíka bankastarfsmanna ákveði hvað á að búa til mikla peninga og hverjir fái þá, heldur en að ríkið búi til sama pening og skipti honum jafnt á alla? Þessir peningar eru arður samfélagsins og þú sem hluthafi í samfélaginu átt rétt á því að fá hann."






# Kærar þakkir

Síðastliðin tvö ár hafa verið óvenjuleg og erfið fyrir mig og mína nánustu. Nú liggur niðurstaða Landsdóms fyrir og markar þáttaskil fyrir mig.

Naumur meirihluti alþingismanna bar mig mjög þungum sökum. Landsdómur hefur nú ýmist sýknað mig af alvarlegustu ákæruliðunum eða vísað þeim frá. Þetta er mikill sigur fyrir mig og áfall fyrir þá sem að ákærunni stóðu.

Vissulega voru það vonbrigði að dómurinn skyldi fella á mig sök vegna formsatriða í tengslum við ríkisstjórnarfundi þar sem þó var fylgt rótgróinni venju. Við það er ég afar ósáttur þótt engin refsing fylgi þeirri sakfellingu. Fyrir mig skiptir þó mestu að hafa verið hreinsaður af veigamestu ákæruatriðunum. Það er einlæg von mín að pólitísku ákæruvaldi verði aldrei aftur beitt á Íslandi.

Ég vil þakka þeim fjölmörgu sem lögðu mér lið, unnu að málarekstrinum, stóðu að Málsvörn, létu fé af hendi rakna til málsins eða sendu mér kveðjur og hvatningu.

Stuðningur ykkar allra er mér mikils virði.

Nú skiptir mestu að horfa fram á veg með hag þjóðarinnar að leiðarljósi.



fyrrverandi forsætisráðherra

# Komið að úrslitastund í NBA

**Úrslitakeppni NBA** hefst í kvöld eftir brokkgenga deildarkeppni þar sem hvert lið lék 66 leiki á um 120 dögum. Enginn hörgull var á uppákomum og dramatík þrátt fyrir óvenjustutt tímabil. *Þorgils Jónsson* lítur yfir farinn veg, fer yfir helstu atburði vetrarins og spáir í spilin fyrir úrslitakeppnina, en þar eru margir fræknir kappar um hituna í baráttu um meistaratignina.

Úrslitakeppni NBA-deildarinnar hefst í kvöld eftir sannkallað sprettmót sem hófst á jóladag. Þó keyrslan hafi verið hörð og geta og heilsa leikmanna hafi mögulega liðið fyrir það eru körfuknattleiksunnendur um heim allan eflaust glaðir með að fá yfir höfuð að sjá úrslitakeppni NBA.

Eftir harða kjaradeilu og verkfall framan af vetri, þar sem ungir milljónamæringar öttu kappi við gamla milljarðamæringa um hvernig ætti að skipta milli sín tekjum deildarinnar náðist loks samkomulag og deildin rúllaði í gang, hér um bil án undirbúningstímabils og tækifæra til leikmannaskipta.

**Hraðmót NBA 2011-2012**

66 leikir voru leiknir í stað 82 eins og hefur verið alla tíð (utan vetrarins 1998-99 þegar verkfall stytti tímabilið niður í 50 leiki) og þeir voru leiknir á mettíma (120 dögum!) þar sem lið þurftu að sætta sig við að leika þrjá daga í röð þegar verst lét.

Þrátt fyrir takmarkaðan tímaramma vantaði lítið upp á dramatík, hæðir og lægðir í deildinni.

Fyrsta sprengjan féll raunar fyrir fyrsta uppkastið, þegar NBA-deildin ógilti leikmannaskipti milli LA Lakers og New Orleans Hornets, sem hefðu komið Chris Paul í leikstjórnandahlutverkið hjá stórveldinu gamla. Þess í stað hafnaði Paul hjá Clippers í einni áhrifaríkustu og hröðustu uppbyggingu liðs í seinni tíð.

Fyrr en nokkurn varði var Clippers, sem er einfaldlega versti NBA-klúbbur síðustu 25 ára, kominn með ungt og spennandi lið sem átti að verða fyllilega í stakk búið til að berjast um meistaratitla á komandi árum.

Þannig hófst tímabilið með látum og síðan þá hefur hreint ekki verið rólegra um að litast.

**Hinir góðu, þeir slæmu og hinir hrikalega lélegu**

Í upphafi deildarkeppninnar voru það Oklahoma City Thunder, Miami Heat og Chicago Bulls sem byrjuðu einna best og hafa haldið sínu allt tímabilið.

Ellismellirnir ódrepandi í San Antonio Spurs gengu síðan í gegnum endurnýjun lífdaga með vorinu og tylltu sér á topp Vesturdeildarinnar. Á sama tíma fór allt að ganga upp hjá Boston Celtics sem virðast eiga einn séns í viðbót til að gera atlögu að titlinum, þrátt fyrir eymsli og brakandi liði.

Þar fyrir utan má nefna Los Angeles Lakers sem hafa sýnt sínar bestu og verstu hliðar í vetur, en skyldu seint afskrifaðir, að ógleymdum meisturum Dallas Mavericks, sem hafa ekki verið mjög sannfærandi.

Clippers risu ekki beint undir öllum þeim væntingum sem á þá voru lagðar, ekki frekar en New York Knicks sem bættu við sig varnartrölli en virtust á leið til glötunar þar til frelsunin birtist þeim í leikstjórnandanum Jeremy Lin.

Eitt athyglisverðasta lið vetrarins var Minnesota Timberwolves sem mætti til leiks með ungan og spennandi leikmannahóp og kom mörgum á óvart. Samleikur Ricky Rubio og Kevin Love gaf einstök fyrirheit um bjarta framtíð, en þegar þeir meiddust báðir hrundi liðið eins og spilaborg. Gaman verður að sjá hvernig þeim reiðir af á næsta tímabili.

Á hinum endanum eru lið eins og Washington Wizards, Sacramento Kings, New Orelans og síðast en ekki síst Charlotte Bobcats sem gerðu sér lítið fyrir og slógu met.

Þeir eru versta liðið í sögu NBA-deildarinnar, með rétt um tíu prósenta sigurhlutfall. Eitthvað sem eigandinn, Michael nokkur Jordan, ætti ekki að sætta sig við.

**Leitin endalausa**

Eflaust verður leit LeBron James að sínum fyrsta titli í brennidepli í úrslitakeppninni (líkt og síðustu þrjú árin) en frammistaða hans með Miami í vetur hefur verið nær einstök. Hann er með 27,2 stig í leik, 7,9 fráköst, 6,2 stoðsendingar og 1,9 stolna bolta. Það er ekki nóg með að hann leiði lið Miami í öllum þessum tölfræðiþáttum, heldur er þetta í fyrsta sinn sem nokkur nær slíku síðan Michael Jordan náði því tímabilið 1988-89.

Mikið hefur verið gert úr því hversu LeBron virðist hafa fatast flugið á ögurstundu síðustu ár, ekki síst í úrslitarimmunni gegn Dallas síðasta vor. Miðað við frammistöðu hans hingað til virðist hann staðráðinn í að reka af sér það slyðruorð.

Nú er hins vegar einskis að bíða. Leikar hefjast í kvöld og tveggja vikna körfuboltaveisla er framundan.




**TITLATOG** LeBron James hefur átt ótrúlega leiktíð fyrir Miami Heat en hefur enn ekki unnið meistaratitil. Nú er komið að úrslitakeppninni þar sem hann hefur stigið mörg feilspor síðustu ár. NORDICPHOTO/AFP

## Fellur á glansmynd ofurmennisins



Dwight Howard hefur um árabil verið ein viðkunnanlegasta stjarna deildarinnar. Þó hann gefi ekkert eftir á vellinum og kvarti oft undan dómurum var hann jafnan kurteis, hreinn og beinn og sífellt brosandi. Þangað til í vetur þegar Howard gerði allt sem í hans valdi stóð til að komast burt frá Orlando, meðal annars vílaði hann ekki fyrir sér að krefjast þess að þjálfari liðsins yrði rekinn. Svo skipti hann um skoðun og vildi vera áfram en fór svo í bakaðgerð og verður ekki með í úrslitakeppninni. Ekki er gott að spá um framhaldið hjá Howard, en óþægilegar minningar um framferði LeBron James við félagaskipti vakna óneitanlega.

## ■ FYRSTA UMFERÐ

Átta lið úr hvorri deild NBA berjast um að komast í fjórðungsúrslit. Liðin þurfa að vinna fjóra leiki til að komast áfram.

### Vesturdeildin

**San Antonio (1) - Utah (8)**
San Antonio hafa verið rjúkandi heitir að undanförnu og hafa bæði reynslu og gæði til að klára þetta einvígi. Utah unnu síðustu fjóra leiki sína, en mæta hér ofjarli sínum.

**Oklahoma City (2) - Dallas (7)**
Spennandi rimma þar sem meistararnir mæta einu besta unga liði deildarinnar, með Russell Westbrook og Kevin Durant í fararbroddi. Dallas verða að reiða sig á hamfaraspilamennsku hjá sínum lykilmönnum.

**LA Lakers (3) - Denver (6)**
Enginn meistarabragur hefur verið á Lakers í ár. En Kobe Bryant er úthvíldur og þeir Pau Gasol og Andrew Bynum eru besta framlínupar deildarinnar. Það gæti skipt sköpum, en Denver hafa unnið átta af síðustu tíu leikjum og eru ekki undir neinni pressu.

**Memphis (4) - LA Clippers (5)**
Þetta er eitt af áhugaverðari einvígum fyrstu umferðarinnar. Allt getur gerst hjá þessum frábæru liðum, en lykillinn er samvinna Chris Paul og Blakes Griffin hjá Clippers. Gangi þeim allt í haginn eiga þeir sigur vísan.

### Austurdeildin

**Chicago (1) - Philadelphia (8)**
Þetta ætti að verða létt. Chicago er með mörgum sinnum betra lið og á sigur vísan.

**Miami (2) - New York (7)**
Miami á að vinna þessa rimmu án teljandi vandræða, en Knicks gætu komið á óvart og staðið í LeBron og félögum.

**Indiana (3) - Orlando (6)**
Þetta ætti að verða auðsótt fyrir Indiana því Orlando eru án Dwight Howard. Sem sagt allslausir.

**Boston (4) - Atlanta (5)**
Celtics hafa verið á mikilli siglingu, ekki síst vegna frammistöðu Rajon Rondo og Kevin Garnett. Einvígi liðanna í úrslitakeppnum síðustu ára hafa hins vegar verið rafmögnuð og ekkert er útilokað hér.

## Friðurinn úti

Í rúman áratug var Ron Artest einn besti varnarmaður NBA-deildarinnar en um leið ólíkindatól sem var jafnlíklegur til að láta vísa sér af parketinu fyrir dólgslæti og/eða ofbeldi, með tilheyrandi skaða fyrir lið sitt. Hann sneri lífi sínu undraskjótt við eftir að hann gekk í raðir LA Lakers og vann með þeim sinn fyrsta meistaratitil. Artest varð að fyrirmyndarborgara sem vann að geðheilbrigðismálum og breytti nafni sínu í Metta World Peace. Svo gleymdi hann sér aðeins í æsingnum á dögunum og þrumaði James Harden niður að ósekju. Dýrið varð laust á ný og verður fróðlegt að sjá hvort Metta eða Ron mæti til leiks þegar hann hefur setið af sér sjö leikja bann sem hann fékk fyrir árásina.




## Lin-disþokki (og fleiri vondir orðaleikir)



Hver sá þetta í spilunum? Jeremy Lin átti sér vart framtíð í NBA fyrr en þjálfari Knicks lenti í manneklu í febrúar og sleppti honum lausum. Viku síðar var Lin orðinn einn af umtöluðustu mönnum heims og vonarstjarna fyrir milljónir ungmenna um heim allan. 26 leikir og treyjur merktar Lin seldust mest af öllum í NBA í vetur, meira en treyjur Kone og LeBron. Lin er því miður meiddur og tekur ekki þátt í úrslitakeppninni þannig að væntingaskaflinn bíður hans næsta hausts.

## Setið hjá sökum elli




Tim Duncan er að margra mati besti kraftframherji í sögu NBA og hann getur sýnt fram á titla og tölfræðiblöð til að rökstyðja það. Duncan er hins vegar ekki að yngjast frekar en aðrir, er nýorðinn 36 ára, og þjálfari San Antonio Spurs hefur haft vit á því að leyfa honum að hvíla gömul hné. Á tölfræðiskýrslu eins leiks sem Duncan var hvíldur hafði þjálfarinn skrifað við nafn hans: *DNP - Old* sem myndi útleggjast á íslensku: „Ekki með sökum elli.“ Það var auðvitað í gríni, en Duncan og Spurs er full alvara með að ætla að bæta enn einum titli í safnið í ár.

Áfram veginn 2012

CHEVROLET

# METAN+ CRUZE

GRÆNT BÍLALÁN ergo ENGIN LÁNTÖKUGJÖLD

Mánaðargreiðsla*
39.240kr.
CRUZE METAN+



METAN+ -borgar sig strax!

Bílabúð Benna tekur heilshugar þátt í eflingu á græna hagkerfinu með því að stuðla að nýtingu á innlendum orkugjöfum í samgöngum og bæta hag bíleigenda á Íslandi.

METAN+ Metan + er heiti á breytingu sem framkvæmd er á nýjum bílum og stendur kaupendum Chevrolet til boða.

Þannig getur þú minnkað eldsneytiskostnað og dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda; þú græðir og græðir með METAN+.

**CRUZE METAN+ / 5 dyra, bsk. kr. 3.390 þús.**

Margir kostir við **Metan+** breytingu á Chevrolet Cruze:

- Þú getur sparað allt að 50% í eldsneytiskostnaði
- Þú kemst allt að 1000 km á fullum tanki af metani og bensíni
- Þú færð ókeypis í bílastæði í Reykjavík
- Þú notar íslenskan orkugjafa og dregur úr útblæstri á Co2
- Bensíntankurinn, sem er 60 lítra, nýtist áfram ef þörf krefur

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

**Opið í dag laugardag frá kl. 12 -16.**



SPARK AVEO CAPTIVA ORLANDO VOLT CAMARO

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000 • Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330 • Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636 • benni.is

*Miðað við Gullvildarkjör Ergo á grænum óverðtryggðum bílasamningi til 84 mánaða og 30% innborgun. Hlutfallstala kostnaðar: 10.25%. Bíll á mynd: Cruze LTZ 5 dyra með aukabúnaði.

# Ætlaði ekki að skrifa skvísubók

Rithöfundurinn og blaðamaðurinn **Sólveig Jónsdóttir** hefur sent frá sér sína fyrstu skáldsögu, Korter, sem fjallar um fjórar ungar konur í Reykjavík. Hún sagði *Kjartani Guðmundssyni* frá uppvexti í sveit, námi og starfi í Skotlandi og sínum næstu skrefum.

Mér hefur alltaf þótt mjög gaman að skrifa. Í skóla hafði ég til dæmis mikla ánægju af því að semja sögur og vissi svo sem vel að ég hefði þetta í mér, en það tók mig í raun fáránlega langan tíma að fatta að ég gæti gert skriftirnar að lifibrauði,“ segir rithöfundurinn og blaðamaðurinn Sólveig Jónsdóttir, sem sendi frá sér sína fyrstu skáldsögu, Korter, í síðustu viku.

**Hef verið í svipuðum sporum**

Titillinn Korter vísar í kaffihús í Bankastrætinu sem aðalpersónurnar fjórar, Hervör, Karen, Mía og Silja (sem allar eru á rokkstjörnualdrinum fræga, 27 ára) tengjast á einn eða annan hátt. Þær þekkjast ekki, eiga ekkert sameiginlegt fyrir utan kaffihúsið (og neikvæða reynslu í ástamálum eins og gengur) og því er í raun um að ræða sjálfstæða sögu hverrar og einnar. Líf þeirra púslast þó saman á fyrstu þremur mánuðum ársins 2008 auk þess sem flakkað er fram og aftur í tíma.

*Þetta er sem sagt Reykjavíkursaga?*

„Já, en reyndar færist sagan líka stuttlega upp á Skaga. Ég kem úr sveit í nágrenni Akraness og þekki því vel til á þeim slóðum, en í grunninn er sögusviðið Reykjavík í aðdraganda hrunsins. Það fer þó lítið fyrir góðærinu þar sem stelpurnar eiga engan pening, skulda námslán og vita ekkert hvað þær eiga að gera. Þessar aðstæður tengi ég við því ég hef verið í svipuðum sporum. Persónurnar eiga sér þó ekki beina stoð í raunveruleikanum, ekki nema hugsanlega einstaka taktar frá fólki sem ég hef hitt í gegnum tíðina.“

*Rætt hefur verið um Korter sem skvísubókmenntir, eða skutlubókmenntir, sem á ensku er kallað „chic lit“. Á slík hólfun við rök að styðjast að þínu mati?*

„Ég hafði það alls ekki í huga þegar ég skrifaði bókina. Í raun kom sú tenging aðeins til á seinni stigum, í sambandi við kynningarmál og slíkt. En þetta truflar mig lítið. Mér finnst eins og oft sé gert lítið úr þessum svokölluðu „chic lit“-bókum, en ég er á þeirri skoðun að konur megi hafa áhuga á pólitík, listum, menningu, varalit og tísku og ekki eigi að gera lítið úr neinu af þessu. Það eru jafn margar karlpersónur og kvenpersónur í bókinni, þótt konurnar séu í forgrunni, enda á ég auðveldara með að setja sjálfa mig í þeirra spor. Líklega er best að lesendur dæmi hreinlega sjálfir hvort Korter sé skvísubók eða ekki. Ég hef verið spurð að því hvort strákar megi lesa bókina og svara því auðvitað játandi. Hver sem er má lesa hvaða þá bók sem hann vill. Afi minn sem er níræður keypti sér bókina og er að lesa hana núna. Og finnst hún skemmtileg. Í rauninni fjallar þessi bók um samskipti fólks, miklu heldur en um konur.“

**Strákastelpa með úfið hár**

Eins og vikið var að ólst Sólveig upp í nágrenni Akraness, nánar tiltekið á bænum Galtarholti í Hvalfjarðarsveit, þar sem hún gekk í sveitaskóla, stundaði frjálsar íþróttir grimmt, safnaði körfuboltamyndum og gengst við að hafa verið óvenju athafnasamt barn.

*Þú segist ábyggilega hafa verið frekar leiðinlegt barn?*

„Já, því ég var alltaf úti um allt, labbaði aldrei heldur hljóp og var strákastelpa með úfið hár. En það var bara fínt, enda nægur tími til að reyna að vera einhver gella síðar. Það var ómetanlegt að



**VÍÐA FARIÐ** Í námi sínu í Edinborg fræddist Sólveig mikið um síðara Balkanstríðið sem hófst fyrir tuttugu árum. Í lok maí heimsækir hún Bosníu og hyggst kanna aðstæður íbúanna í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Sarajevó var umsetin af leyniskyttum í þrjú ár og íbúarnir komust ekki til að ná í mjólk meðan ég var að hlusta á Siggu Beinteins og Stjórnina hérna á Íslandi.

fá að alast upp í sveit, en ég flutti á heimavist á Akranesi þegar ég byrjaði í Fjölbrautaskóla Vesturlands og svo flutti ég til Reykjavíkur þegar ég fór í stjórnmálafræði í Háskólanum. Að því námi loknu flutti ég til Dyflinn í Írlandi og var þar að leika mér í hálft ár, en þegar ég kom aftur heim fékk ég vinnu við að skrifa fyrir tímaritið Gestgjafann, enda hef ég alltaf haft mikinn áhuga á mat og vann meðal annars lengi í veiðihúsi við eldamennsku. Smám saman fór ég að skrifa fyrir fleiri tímarit innan útgáfufélagsins Fróða, sem nú heitir Birtingur, og í dag er ég í fullri vinnu sem blaðamaður á Nýju lífi. Ég bý í Vesturbænum og er mjög lukkuleg með það, sérstaklega vegna þess að ég sé yfir til Akraness út um gluggann minn.“

**Á leiðinni til Bosníu**

*Í millitíðinni laukstu mastersprófi í Nationalism Studies, sem snýst um þjóðernishyggju og þjóðernisátök, frá Edinborgarháskóla. Hvernig var dvölin í Skotlandi?*

„Hún var mjög skemmtileg, þótt mig gruni að ég hafi kannski „Bretað“ yfir mig eftir dvölina í Dublin og Edinborg því ég var afar tilbúin að flytja aftur heim til Íslands á síðasta ári. Í náminu sérhæfðum við okkur frekar fljótlega eftir að hafa kynnst helstu kenningum og ég einbeitti mér að því að kanna hvað verður til þess að þjóðernishyggja vindur upp á sig, verður að þjóðernisátökum og svo jafnvel að þjóðernishreinsunum. Þetta var mjög þungt og átakanlegt námsefni. Í stjórnmálafræðinni hérna heima var ég vön að fara yfir glósur dagsins uppi í rúmi á kvöldin, en það gat ég hreinlega ekki gert úti í Edinborg. En þess þá heldur er ástæða til þess að fræðast um þessi mál því svona atburðir endurtaka sig sífellt. Eðlilega skipaði síðara Balkanstríðið, sem hófst fyrir tuttugu árum í vor, stóran sess í náminu og ég ætla að heimsækja Bosníu núna í lok maí.“

*Í hvaða tilgangi ferðu til Bosníu?*

„Fyrst og fremst langar mig til að skoða hvernig íbúarnir hafa það núna, kanna hvað hefur verið gert innan svæðisins og eins á hvaða hátt alþjóðastofnanir aðhafast. Mig langar að vita meira um ástandið og skrifa um það. Ég neita því ekki að ég er örlítið stressuð, aðallega vegna þess að ég veit ekki hvernig á að nálgast fólkið, hvort nokkur hafi yfirhöfuð áhuga á að ræða þessi mál við blaðamann. Sjálf kem ég úr svo vernduðu umhverfi miðað við þennan ólýsanlega hrylling. Sarajevó var umsetin af leyniskyttum í þrjú ár og íbúarnir komust ekki til að ná í mjólk meðan ég var að hlusta á Siggu Beinteins og Stjórnina hérna á Íslandi. En þetta verður áhugavert og ég hlakka líka til. Það verður túlkur með mér megnið af tímanum en ég hef líka aðeins verið að læra albönsku, þar sem mér skilst að einna helst sé hægt að redda sér á henni.“

**Stofnaði fyrirtæki í Skotlandi**

*Námið var þó aðeins hluti af dvöl Sólveigar í Edinborg, en að því loknu réðst hún út í stofnun fyrirtækis í borginni.*

„Ég var að vinna á kaffihúsinu Rocket og ákvað, ásamt eigandanum Graeme Stark, að stofna veisluþjónustu sem við nefndum Rocket Out. Við sáum um hvers kyns veislur og mannfagnaði, stóra og litla, og gekk vel þótt maður græði ekki mikla peninga fyrstu árin með nýtt fyrirtæki. Það er heljarinnar vinna að stofna fyrirtæki í útlöndum. Ég fékk til mín hnausþykkar möppur frá bankanum og endurskoðandanum og vinnudagarnir voru ansi langir, oft kannski 17 eða 18 tímar, en þetta var mjög gaman. Að lokum uppgötvaði ég þó að rekstur veisluþjónustu í Skotlandi væri ekki það sem ég vildi helst gera í lífinu. Graeme keypti minn hlut og rekur fyrirtækið enn með góðum árangri.“

**Byrjuð á nýrri bók**

*Hvað tekur svo við hjá þér í kjölfar útgáfu fyrstu skáldsögunnar?*

„Ég er mjög ánægð í starfi mínu sem blaðamaður, en mig langar líka mikið til að verða rithöfundur að aðalstarfi. Ég er byrjuð á nýrri bók, en umfjöllunarefni hennar tengist einmitt menntun minni. Sagan gerist á Írlandi í nútímanum, en hverfur líka við og við aftur til umbrotatímanna í landinu á áttunda og níunda áratugnum í tengslum við blóðuga sunnudaginn, hungurverkföllin, Bobby Sands og fleira. Nánast allir vinir mínir úti í Edinborg eru Írar, flestir þeirra Norður-Írar, og þar á meðal besta vinkona mín sem kemur frá Londonderry. Hún kemur úr blandaðri fjölskyldu, föðurfjölskyldan er mótmælendatrúar og móðurfjölskyldan kaþólsk, og tengist inn í fjölskyldu eins fórnarlambs Blóðuga sunnudagsins, og þannig hef ég fengið nokkuð ítarlegar upplýsingar um það hvað gekk á, hvernig írski lýðveldisherinn virkar og þar fram eftir götunum. Ég hef mikinn áhuga á þessum hlutum, en eins og staðan er í dag er ég bara að vinna að þessari bók og veit ekki hvenær ég lýk við hana eða hvort eða hvenær hún kemur út.“

101 REYKJAVÍK

# Hæsta íbúðahús landsins, glæsilegar útsýnisíbúðir, sjávarsýn og suðursvalir ........ komið í sölu

**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 11 – 16**
**VATNSTÍG 16 – 18**



SKUGGABYGGÐ
skuggabyggd.is

**Þorlákur Ómar Einarsson** sölustjóri
**Aðalheiður Karlsdóttir** lögg.fast.sali
**Stefán Ólafsson** lögg.fast.sali
**Grétar Haraldsson** hrl. lögg.fast.sali
**Brandur Gunnarsson** lögg.leigum. sölumaður

**Guðlaugur I. Guðlaugsson** sölumaður
**Berta Bernburg** lögg. leigum. sölumaður
**Arnar Sölvason** sölumaður
**Fannar Eðvaldsson** sölumaður
**Bergþóra Sigurðardóttir** skrifstofustjóri
**Sigríður Hallgrímsdóttir** ritari

Stakfell
Skúlatúni 2, 105 Rvk., S. 535 1000

# Börn lenda í hollustuklemmu

Velferð barna skal ávallt hafa forgang, samkvæmt þriðju grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Við erfiðan skilnað getur þetta ákvæði vafist fyrir foreldrum, þrátt fyrir góðan ásetning, og stjúpforeldrar geta aukið á flækjuna eins og **Valgerður Halldórsdóttir, félagsráðgjafi** og formaður Félags stjúpfjölskyldna, gerði *Gunnþóru Gunnarsdóttur* grein fyrir.



**FORMAÐUR FÉLAGS STJÚPFJÖLSKYLDNA** „Börn sem eru illa stödd félagslega geta átt erfitt með að halda í vini sína ef þau eru stöðugt að skipta um heimili," segir Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skilnaðir þýða brostnir draumar og eru oft sársaukafullir. Flestir foreldrar sem ganga í gegnum skilnað hafa áhyggjur af hvernig börnunum muni reiða af og vilja þeim hið allra besta. Það er hins vegar margt sem hefur áhrif á hvernig til tekst. Sé fólk reitt og sárt út í fyrrverandi maka, sem aftur litar öll samskipti, geta börn lent í mikilli togstreitu ef þau eru notuð sem tafl í því spili. Þau eru líka eins og barómet á líðan foreldranna og þjást oft sjálf ef þeim líður illa." segir Valgerður Halldórsdóttir félagsráðgjafi. Sem dæmi um mistök foreldra nefnir hún að þeir noti börnin stundum sem skilaboðaskjóður sín á milli eða láti þau vera með eftirlit á heimilum hvors um sig. Stærstu skyssuna geri þó þeir foreldrar sem láta sig hverfa úr lífi barna sinna í kjölfar skilnaðar, eða meini börnum að hitta foreldri. Fjarvera geti haft mikil áhrif, rétt eins og nærvera. „Börn þurfa fullvissu um að þau séu elskuð og að þau skipti foreldra sína máli," segir hún.

**Foreldrahlutverkið breytist**

Valgerður segir mikilvægt að foreldrar sem standi í skilnaði séu búnir að ræða það sín á milli hvernig þeir ætli að haga hlutunum. „Það fer illa í börn að vita ekki hvað verður. Þau vilja upplýsingar og þau vilja að foreldrar geti haft góð samskipti sín á milli án þess að draga þau inn í öll mál. Annars lenda þau í hollustuklemmu sem er þeim óholl. Vilji foreldrar setja hagsmuni barna sinna í fyrsta sæti við skilnað má byrja á að taka ákvörðun um að eiga góð samskipti og virða þá staðreynd að börn eiga tvö heimili."

Oft segir Valgerður samskipti barna minnka við það foreldri sem flytur af heimilinu. Nú færist þó í vöxt að foreldrar hafi börnin viku og viku í senn og telur hún það í góðu lagi. Þó verði að hafa í huga að ástæða geti verið til að breyta til og mikilvægt sé að foreldrar meti stöðuna reglulega. Samningar sem gerðir séu þegar börn eru þriggja ára þurfi ekki að henta þeim tíu ára. „Börn sem eru illa stödd félagslega geta átt erfitt með að halda í vini sína ef þau eru stöðugt að skipta um heimili," segir hún og bætir við að stundum upplifi börn og ungmenni að þau eigi hvorki heima hjá mömmu né pabba.

> Börn þurfa fullvissu um að þau séu elskuð og að þau skipti foreldra sína máli."

„Það kemur flestum á óvart hvað foreldrahlutverkið breytist með skilnaði," segir Valgerður. „Barnið er allt í einu orðið hluti af lífi sem foreldri hefur ekki aðgang að. Foreldrið þekkir ekki vinina sem barnið umgengst á hinu heimilinu né fjölskyldur sem það kynnist þar. Þetta er óþægileg staða. Þess vegna er svo mikilvægt að foreldrar geri allt sem í þeirra valdi stendur til að hafa samskiptin sín á milli í lagi, þá verður miklu hægara að halda yfirsýn. Eða hversu margir unglingar leika ekki lausum hala af því að foreldrar þeirra tala ekki saman?"

**Að ætla sér um of**

Valgerður er formaður í Félagi stjúpfjölskyldna sem heldur meðal annars úti heimsíðunni www.stjuptengsl.is. „Ég hef alla ævi verið í einhvers konar stjúpfjölskyldu og þegar ég sem einhleyp móðir giftist einhleypum föður kynntist ég því vel á eigin skinni. Svo er ég sem félagsráðgjafi oft með viðtöl sem snerta slík mál þannig að ég þekki þau frá öllum hliðum," segir Valgerður sem einmitt er að skrifa bók sem kemur út hjá Forlaginu í sumar sem koma ætti fólki vel við skilnað og þegar það stofnar til stjúpfjölskyldu. Hún segir „vondu stjúpuna" eða frekar „pirruðu stjúpuna" enn lifa góðu lífi. „Fólk fer af stað fullt bjartsýni inn í stjúpforeldrahlutverkið og vill gera vel. Sýni börn ekki þau viðbrögð sem vænst er eða samvinna við foreldri er ekki gott, er stutt í vondu stjúpuna eða vonda stjúpann. Ábyrgðin á því hvernig gengur er ekki eingöngu á ábyrgð stjúpforeldrisins, maki þess og foreldri barnsins skiptir ekki minna máli. Mistökin eru þau að ætla sér um of," segir hún.

Það er barninu fyrir bestu að talað sé um tengslin eins og þau eru og haga sér samkvæmt því, að mati Valgerðar. „Það kann yfirleitt ekki góðri lukku að stýra að skilgreina stjúpforeldri eins og það sé foreldri barnsins því þá er viss tilhneiging til að skera á tengslin við blóðforeldrið. Stjúpforeldri getur verið góð viðbót við þann kjarna sem annast barnið en kemur ekki í stað foreldris," segir hún.

**Tíð tengslarof slæm**

Í dag er málum þannig háttað að þegar foreldrar sem fara einir með forsjá barna sinna ganga inn í sambúð eða giftast aftur fær stjúpforeldrið sjálfkrafa forsjá barnsins. Valgerður er þeirrar skoðunar að kippa eigi þeirri forsjá úr sambandi en gera stjúpforeldrum mögulegt að sækja um forsjá barns, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Hún segir tíð tengslarof hafa slæm áhrif á börn. Stundum komi stjúpur og stjúpar inn í líf barna tímabundið en umgengnin eftir skilnað verði að fara eftir samkomulagi. „Í sumum tilvikum hefur stjúpforeldrið verið í foreldrahlutverki og væntumþykja skapast á báða bóga. Ef vilji beggja er til að viðhalda sambandinu má bjóða barninu öðru hvoru í bíó eða heimsókn. Stundum styrkist sambandið og stundum dofnar það."

Erfiðustu dæmin um svona mynstur segir Valgerður vera þegar stjúpforeldri hefur verið í foreldrahlutverki og á annað barn á heimilinu sem það umgengst reglulega. „Það getur verið sárt fyrir barn að horfa á eftir systkinum sínum fara, en vera skilið eftir eða ekki leyft að fara með. Deilur stjúpforeldra og foreldra við skilnað bitna oft á börnunum." segir hún.

**Þyrfti ókeypis ráðgjöf**

Valgerður telur mikilvægt að samfélagið styðji við fólk sem er að fara í gegnum skilnað og við stjúpfjölskyldur þannig að þær geti fengið ráðgjöf án þess að þurfa að opna budduna. „Fólki er boðið á námskeið þegar það eignast barn og ættleiðir barn en ef það er að gerast stjúpforeldri þá fær það enga formlega leiðsögn, því mundi ég vilja breyta. Ég vil sjá að um leið og fólk skráir sig í sambúð eða lætur gefa sig saman þá standi því námskeið til boða ef það er á leið í stjúpfjölskyldu. Í því fælist mikilvæg barna- og fjölskylduvernd."

## UMMÆLI FÓLKS Í STJÚPFJÖLSKYLDUM

„Hann spyr alltaf konuna sína fyrst ef ég bið hann um eitthvað. Það er eins og hún ráði öllu."

„Ég vildi ekki hafa hann í húsinu, þetta var mitt og mömmu hús, ekki hans. Hann reyndi að tengjast mér en ég gerði honum það erfitt fyrir."

„Þetta er engan veginn að ganga upp hjá okkur, þegar hans börn koma þá gilda allt aðrar reglur um þau en mín börn. Hann er strangur við mín börn en eftirgefanlegur við sín. Ef ég minnist á þetta þá segir hann þau koma svo sjaldan og ég eigi ekki að láta svona. Ég velti fyrir mér hvaða reglur eigi síðan að gilda um sameignlegan son okkar sem er 15 mánaða."

„Stelpan hans stýrir öllum matartímum hjá okkur með leiðindum og hann gerir ekki neitt."

*Heimild: www.stjuptengsl.is*

## STJÚPBLINDA SAMFÉLAGSINS

- „Nei, ég er ekki í stjúpfjölskyldu, pabbi þeirra er lifandi"
- „Nei, ég er ekki í stjúpfjölskyldu, hann er bara vinur barnanna minna."
- „Nei, ég er ekki stjúpa, börnin hans búa ekki hjá okkur."
- „Nei, við erum eiginlega ekki stjúpfjölskylda, samskipti hans við krakkana eru svo lítil."
- „Nei, ég er ekki stjúpi, börnin eru orðin svo fullorðin."
- „Hún er meira svona eins og mamma þeirra, hún er svo góð við þau."
- „Nei, við erum ekki stjúpfjölskylda, börnin hans eiga lögheimili hjá mömmu þeirra."
- „Nei, hann getur ekki verið stjúpi þeirra, við foreldrarnir erum með sameiginlega forsjá."
- „Nei, við erum meira eins og venjuleg fjölskylda, hann er eins og „pabbi" hennar."
- „Nei, hann er ekki stjúpi minn, ég þoli hann ekki."
- „Nei, ekki lengur, við eigum börn saman."
- „Nei, við erum ekki stjúpfjölskylda, hún er bara konan hans pabba."

*Úr væntanlegri bók Valgerðar um stjúptengsl.*

**20 ÁRA**
**Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna**

**Í ár eru 20 ár liðin frá því að Ísland staðfesti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.** Í tilefni stórafmælis sáttmálans mun Fréttablaðið fjalla reglulega í helgarblaði um málefni sem tengjast Barnasáttmálanum með einum eða öðrum hætti.



**3. grein: Það sem barninu er fyrir bestu**
Allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn skulu byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Setja á lög og reglur sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

**9. grein: Aðskilnaður frá foreldrum**
Aðildarríki skulu tryggja að börn verði ekki skilin frá foreldrum sínum nema ef velferð barnanna verður ekki tryggð með öðru móti. Barn sem ekki elst upp hjá báðum foreldrum á rétt á að umgangast þá báða reglulega nema það sé andstætt hagsmunum þess.

NÝTT Á KAFFIHÚSINU
BEYGLA MÁNAÐARINS
ILVA einfaldlega betri kostur
TAKTU HANA MEÐ!

Laxabeygla
Reyktur lax, egg, graflaxsósa og salatblanda 895,-
NÚ 595,-
ILVA Korputorgi, s: 522 4500 www.ILVA.is
mán. - fös. 11-18:30 lau. 10-18, sun. 12-18

# www.kaupumgull.is

# Græddu á gulli á Grand hótel! um helgina



Losaðu þig við það sem þú notar ekki lengur!
Staðgreiðum allt gull, silfur, demanta og vönduð úr!



**Vegna mikillar eftirspurnar**

**Verðum eftirtalda daga á 14. hæð í turninum Grand Hótel**
**Laugardaginn 28. apríl frá kl. 11:00 til kl. 19:00**
**Sunnudaginn 29. apríl frá kl. 11:00 til kl. 19:00**
**Mánudaginn 30. apríl frá kl. 11:00 til kl. 19:00**

Kaupum gegn staðgreiðslu allt gull m.a hringa, hálsfestar, armbönd, gullmynt, Gold Quest gullmynt, styttur, kertastjaka o.fl



## FRÍTT VERÐMAT!

Engin skuldbinding til að selja.





Kaupum gömul og ný úr eins og Rolex, Breitling, Cartier, Patek Philippe ásamt öllum gullúrum.

Kaupum alla demanta





**Staðgreiðum einnig verk eftir þekkta íslenska listmálara**
eins og Gunnlaug Blöndal,
Jóhannes Kjarval,
Svavar Guðnason, Flóka,
Ásgrím Jónsson,
Nínu Tryggvadóttur,
Karólínu Lárusdóttrir,
Jón Stefánsson,
Georg Guðna
og fleiri.





**Erum á 14. hæð í turninum á Grand Hóteli**

Upplýsingar og tímapantanir,
Sverrir s. 661-7000 • sverrir@kaupumgull.is





**LITRÍKUR** Þessi fiskur af vara-fiskaætt fannst við eyjuna Sao Tomé í Gíneuflóa á vesturströnd Afríku.



**TÚTNAR ÚT** Hákarlategund sem fannst við Luzon-eyju á Filippseyjum. Hákarlinn blæs sjálfan sig upp til að sýnast stærri þegar hann er í hættu staddur.

> Sífellt eru að myndast ný tegundaafbrigði sem með tíð og tíma geta þróast í nýjar tegundir því þróun er flæði eilífðarinnar.



**ENGILL Á HAFSBOTNI** Nýtt afbrigði svo-kallaðra engla-hákarla fannst á 370 metra dýpi við filippseysku eyjuna Luzon.



**BJALLA** Ný afbrigði af skordýrum finnast á degi hverjum einhvers staðar í heiminum.

# Púkalegar pöddur og regnbogafiskar

Á hverju ári uppgötvast þúsundir nýrra lífvera eða tegundaafbrigða. Flestar tegundirnar finnast í regnskógum, kóralrifum og hafdjúpum jarðar. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir skoðaði nokkrar furðuverur sem fundust árið 2011 og ræddi við **Guðmund Pál Ólafsson** náttúrufræðing um ástæðurnar fyrir því að stór hluti lífheims jarðarinnar er enn ókannaður.

MYNDIR/CALIFORNIA ACADEMY OF SCIENCES





**FAGURLEGA MYNSTR-AÐIR** Þegar hafa 300 tegundir sæsnigla verið skilgreindar í heiminum. Talið er að annar eins fjöldi sé enn falinn í undir-djúpunum.

**EYÐIMERKURSKJALDBAKA** Gopherus morafkai heitir þessi skjaldbökutegund sem býr í eyðimörkum Mexíkó og Arizona.

■ GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSSON NÁTTÚRUFRÆÐINGUR

## Alltof litlum fjármunum varið til rannsókna á lífheimi jarðar



Ástæðan fyrir því að svo margar tegundir nýrra lífvera finnast á hverju ári er sú að lífheimurinn hefur ekki verið rannsakaður í þaula. Þessar lífverur eru ekki að spretta fram vegna þess að þær eru að stíga fram á leiksvið lífsins heldur vegna þess að við, mannkyn, höfum ekki litið nægilega vel í kringum okkur og kannað umhverfi okkar. Hinu má heldur ekki gleyma að sífellt eru að myndast ný tegundaafbrigði sem með tíð og tíma geta þróast í nýjar tegundir því þróun er flæði eilífðarinnar. Hún heldur áfram í takti við tímann og fer aldrei til baka,“ segir Guðmundur Páll Ólafsson náttúrufræðingur, beðinn um að útskýra það hvers vegna vísindamenn uppgötvi á hverju ári fjöldann allan af nýjum dýrategundum.

Hann segir áhugavert hvaða hópar lífvera eru mest áberandi og hvar þær finnast. „Í fylkingu liðdýra eru langflestar nýjar tegundir og það er meðal annars vegna þess að sú fylking er langsamlega stærst allra fylkinga. Í henni eru krabbadýr og skordýr og þau vistkerfi sem nýjar tegundir birtast oftast eru regnskógar, kóralrif og hafdjúpin – svæði sem búa yfir mestri fjölbreytni lífheims eða eru að stórum hluta lítt könnuð eins og hafdjúpin dimmu.“

En hvers vegna skyldi þekking mannkyns á lífheimi jarðar vera svo bágborin? „Fyrir þessu eru að minnsta kosti tvær meginástæður. Allt of litlum fjármunum er varið til grunnrannsókna, eins og þeirra að gera úttekt á lífheimi jarðar. Maðurinn er í eðli sínu afskaplega skammsýnn veiðimaður og þess vegna hugsar hann ekki endilega rökrétt um langtímahagsmuni sína. Hin meginástæðan er sú að mestan fjölbreytileika lífvera, lífbreytileika, er að finna á svæðum sem eru fremur óaðgengileg, þar sem fátækar þjóðir eiga lögsögu og hafa takmarkað svigrúm til að rannsaka,“ segir Guðmundur Páll og bætir við að endingu: „Til að ítreka hve hættulegt þetta sinnuleysi er má benda á að það eru lífverur heimsins sem halda kerfum jarðar gangandi og gera jörðina byggilega. Lífverur hafa þannig ákveðinn starfa innan búsvæðis síns og í stærra samhengi innan vistkerfis. Veruleiki okkar er dapur þegar við berum saman nýja spennandi fundi á tegundum og hins vegar fjöldaútrýmingu lífverutegunda á heimsvísu sem er tíu sinnum hraðari en eðlilegt getur talist og er aðeins sambærilegt við mestu ógnaratburði jarðsögunnar.“

# LYKILLINN AÐ HÁLENDINU

Nýjasta bók Jóns G. Snælands.

Í bókinni er lýst fáförnum og spennandi óbyggðaleiðum á hálendinu.

Aragrúi ljósmynda, og kort fylgja hverri leið.

Frábær viðbót við fyrri bækur Jóns sem hafa opnað augu þúsunda Íslendinga fyrir stórbrotinni náttúru íslenskra öræfa.







Nauðsynlegar handbækur fyrir alla sem ferðast um óbyggðirnar.




Bækurnar fást einnig á ensku.










**SKRUDDA**

Eyjarslóð 9 -101 Reykjavík
s.5528866 - www.skrudda.is

# Sýnileiki er lykilorð í sókninni

Barátta samkynhneigðra fyrir betra lífi hefur skilað meiri árangri hér á landi á skemmri tíma en víðast annars staðar. **Þorvaldur Kristinsson,** fyrrverandi formaður Samtakanna '78 og Hinsegin daga, hlaut heiðursverðlaun Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins fyrir framlag sitt til þeirrar baráttu. Hann sagði *Gunnþóru Gunnarsdóttur* hvernig sigrarnir unnust.

Fyrsta blaðaviðtal á Íslandi um samkynhneigð birtist árið 1975. Það var við Hörð Torfason söngvaskáld. Fáum árum síðar hafði fjöldi homma og lesbía verið í blaðaviðtölum og myndað rödd í samfélaginu sem ekki hafði heyrst áður," segir Þorvaldur Kristinsson þegar hann rifjar upp hvernig samkynhneigðir urðu virkt afl á Íslandi. Þorvaldur lét á dögunum af formennsku í stjórn Hinsegin daga í Reykjavík og áður hafði hann verið formaður Samtakanna '78, félags hinsegin fólks á Íslandi, um árabil. „Ég færði mig á hliðarlínuna, enda kominn á efri ár og lít svo á að það sé hlutverk annarra að taka við boltanum," segir hann brosandi.

Við sitjum hvort gegnt öðru við sófaborð heima hjá Þorvaldi með vínrauða mottu undir fótum og fagra myndlist á veggjunum. Hann býður upp á te. Þorvaldur er þægilegur viðmælandi enda með langa reynslu af blaðaviðtölum því ótal sinnum hefur hann verið talsmaður samkynhneigðra á síðustu þrjátíu árum. Á þeim tíma hefur réttindum þeirra fleygt fram svo undrun sætir. „Sýnileikinn var lykilorðið í okkar sókn," segir hann. „Að gefa okkur til kynna og haga máli okkar á þokkalega skynsamlegan hátt. Almennt þarf fólk ekki að tjá sig um ástir sínar til að verjast ágangi heimsins en á okkur lá sú krafa að tjá okkur um það sem hjartanu er næst, ástar- og tilfinningalíf. Það var hörð krafa en henni mættum við, því við trúðum því að það væri eina leiðin til að breyta lífi okkar."

### Var í sambúð með konu

Þorvaldur býr einn og segir það hafa verið þannig frá því hann skildi um þrítugt við stúlku sem hann hafði verið í sambúð með í nokkur ár. Hann hafi átt í kærastasamböndum við nokkra karlmenn síðar á ævinni en þau hafi aldrei leitt til sambúðar. „Þó að ég hafi barist fyrir fjölskyldurétti samkynhneigðra hef ég aldrei haft nægilegan áhuga á sambúð til að gera hana að veruleika í mínu lífi – svo kostulega sem það kann að hljóma – en vini og elskhuga hefur mig sjaldan skort." Í sambúð með konunni sem hann bjó með ól hann upp dóttur hennar sem nú er gift kona í Bandaríkjunum. „Stjúpdóttir mín var á gelgjuskeiði þegar ég skildi við móður hennar og tók skilnaðinn nærri sér eins og gefur að skilja. En við græddum það sár saman og hún er núna einn af nánustu vinum mínum og styður mig í flestu því sem ég tek mér fyrir hendur, enda alin upp af fólki sem sjaldan fer troðnar slóðir. Hún var svo væn að færa mér tvo dóttursyni og án þeirrar reynslu vildi ég ekki vera."

### Áhrif fjölmiðlabylgjunnar

Það sem hratt baráttu samkynhneigðra á Íslandi af stað á 8. áratugnum var, að sögn Þorvaldar, sú staðreynd að þeir voru farnir að upplifa gríðarlegt misræmi milli eigin aðstæðna og þess lífs sem þeim stóð til boða annars staðar á Vesturlöndum. „Á þessum árum sótti fjöldi ungra Íslendinga utan til háskólanáms í greinum sem ekki voru í boði hér á landi," rifjar hann upp og kveðst sjálfur dæmigerður fyrir þann hóp. „Ég fór til Kaupmannahafnar til náms 1978, bjó þar í fjögur ár og áttaði mig á stöðu minni í lífinu og það sem meira var, gerðist virkur í pólitísku starfi homma og lesbía þar í landi. Þar lærði ég að tileinka mér ákveðnar röksemdafærslur og setja fram kröfur því ég áttaði mig á að það líf sem samkynhneigðum stóð til boða á Íslandi gat engan veginn talist ásættanlegt."

Þegar Þorvaldur kom heim frá Köben 1982 var í Samtökunum '78 að finna fámennan hóp af greindu og meðvituðu fólki, að hans sögn. Á sama tíma var ný kynslóð fjölmiðlafólks að komast til áhrifa á Íslandi, fólks sem hafði lært erlendis og skildi forsendur samkynhneigðra og málstað. Hann nefnir sem dæmi Stefán Jón Hafstein og Steinunni Sigurðardóttur rithöfund sem störfuðu á Ríkisútvarpinu, Ingólf Margeirsson og Jóhönnu Sveinsdóttur á Helgarpóstinum og Herdísi Þorgeirsdóttur sem gaf út tímaritið Heimsmynd. Þorvaldur segir þau öll hafa lagt mikið á sig til að upplýsa þjóðina með viðtölum og vandaðri blaðamennsku. „Útvarps- og sjónvarpsstöðvar spruttu upp um þetta leyti eftir að rekstur þeirra var gefinn frjáls með lögum 1985 og umfjöllun um samkynhneigð þótti merkileg og nýstárleg. Meira að segja ógnir alnæmis neyddu okkur til að svara málefnalega fyrir okkur og höfðu áhrif í þá átt að þoka okkur áfram."

### Hætti að óttast valdið

Fyrsta þingsályktunartillaga um könnun á stöðu samkynhneigðra var svæfð í nefnd árið 1985 en samþykkt á Alþingi mótatkvæðalaust 1992. Síðan liðu fjögur ár þar til samkynhneigðir stóðu með hjúskaparrétt í höndunum, enda gamlir félagar Þorvaldar þá komnir á þing. „Mér hafði oft fundist erfitt á 9. áratugnum að tala við þá sem fóru með völd því það var önnur kynslóð úr öðrum heimi og að mæta henni var eins og að ganga á vegg. En allt í einu stóð ég frammi fyrir jafningjum sem höfðu fengið svipaða menntun og orðið fyrir áhrifum af sams konar samfélagsumræðu og ég," segir hann. „Síðan hef ég ekki séð ástæðu til að óttast valdið." Sjálfur kveðst hann á þeim árum hafa haft efasemdir um að mannréttindi hinsegin fólks fælust í hjúskaparlögum. „En þegar ég mætti í Borgarleikhúsið, þar sem haldið var upp á gildistöku fyrstu hjúskaparlaganna, 27. júní 1996, þá mætti mér samkynhneigt fólk sem bar höfuðið hærra en ég hafði áður séð og þá skipti ég um skoðun."

Þegar Alþingi hafði gefið hjúskap samkynhneigðra grænt ljós gjörbreyttist framkoma aðstandenda þeirra og annars almennings á örfáum árum og samstaðan varð sennilega sterkari á Íslandi en á öðrum Norðurlöndum, að mati Þorvaldar. „Íslendingar eru lítil þjóð þar sem allir þekkja alla og þessi nánu tengsl vina- og ættarsamfélags vógu þungt í viðhorfsbreytingunni," segir hann. „Nú er varla haldið svo ættarmót að ekki birtist þar lesbíur eða hommar sem eru metin til jafns við aðra."

### Réttarbæturnar kosta lítið

Næsti áfangi í sögu samkynhneigðra var rétturinn til fjölskyldulífs að sögn Þorvaldar. „Þegar hommar og lesbíur hófu að krefjast eftir fullum fjölskyldurétti um aldamótin 2000 vorum við svo klók að leita eftir stuðningi frá málsmetandi fræðafólki í háskólasamfélaginu. Þar nutum við meðal annarra Rannveigar Traustadóttur félagsfræðings sem mætti með okkur á fundi hjá þingmönnum og lagði fram niðurstöður erlendra rannsókna sem sýndu að börn í fjölskyldum samkynhneigðra hefðu það síst verra en önnur, jafnvel betra. Við Rannveig gáfum meira að segja út merka bók um þetta málefni," segir hann og nefnir fleira sem máli skiptir eins og það að barátta hinsegin fólks sé að mestu leyti huglæg en snúist ekki um átök um þjóðarauð. „Okkur hefur að vissu leyti vegnað betur en kvennahreyfingunni því það að rétta hag kvenna snýst oftar en ekki um skiptingu auðsins og það á sinn þátt í hörkunni sem konur mæta þegar þær leita réttar síns," útskýrir hann. Þá hafi vinsælir listamenn eins og Hörður Torfa og Páll Óskar haft mikil áhrif til góðs og hann nefnir líka Hinsegin daga. „Við efndum fyrst til þeirrar hátíðar með hálfum huga fyrir þrettán árum og hún er orðin önnur stærsta útihátíð í Reykjavík. Í stað þess að standa í slag við heiminn fyrir það misrétti sem mætir okkur þá tökum við höndum saman við hann þennan dag og sameinumst í þakklæti fyrir það sem unnist hefur."

Þorvaldur víkur aftur að áhrifamætti fjölmiðla sem mikilvægri ástæðu fyrir árangri mannréttindabaráttunnar. „Ég man ég þá tíð að þegar ég var inntur álits í fréttum útvarps og sjónvarps voru 45% þjóðarinnar að hlusta og slíkt er fátítt í heiminum. Að ná þannig eyrum fjöldans á stóran þátt í því að stærri framfarir hafa orðið á Íslandi í okkar málum en mig óraði fyrir, ég bjóst aldrei við að lifa þessa tíma og víst er ég þakklátur."

### Ekki sestur í helgan stein

Enn telur Þorvaldur sitthvað vanta upp á að hinsegin fólk njóti stuðnings í persónulegu lífi sínu og minnir á að hugarfar og afstaða fólks geti breyst eftir því hvernig vindar blása. Til dæmis skorti fræðsluefni í skólum. „Ég tel mikilvægt að við upplýsum börn og unglinga frá fyrsta fari um margbreytileikann og rétt minnihlutahópa til að lifa verðugu lífi," segir hann. „En mér finnst ekki að hinsegin fólk eigi sjálft að bera ábyrgð á slíkri fræðslu, heldur sérþjálfað fólk í uppeldis- og menntunarfræðum, hver svo sem kynhneigð þess er."

Bækur eru áhugamál og atvinna Þorvaldar og hann hefur unnið um nokkurra ára skeið að sögu samkynhneigðra á Íslandi sem hann byggir á rituðum heimildum og viðtölum við fjölda fólks og auglýsir eftir fleirum. „Ef fólk vill segja mér frá reynslu sinni eða minningum um homma og lesbíur löngu liðinna ára þá þætti mér vænt um það," segir Þorvaldur. Hann starfar sjálfstætt sem bókmenntaritstjóri og fléttar þau tvö hlutverk saman að skrifa eigin bækur og ritstýra bókum annarra. „Sumir halda að allur minn tími snúist um hreyfingu hinsegin fólks en það var aldrei annað en ólaunuð frístundaiðja. Ef mér endist aldur og heilsa þá held ég vonandi áfram að fjalla um menningu okkar og sögu."




**ÞORVALDUR KRISTINSSON** Stjúpdóttir mín var á gelgjuskeiði þegar ég skildi við móður hennar og tók skilnaðinn nærri sér eins og gefur að skilja. En við græddum það sár saman. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> „Á okkur lá sú krafa að tjá okkur um það sem hjartanu er næst, ástar- og tilfinningalíf. Það var hörð krafa en henni mættum við.

# FERÐIR

LAUGARDAGUR **28. APRÍL 2012**

**Kynningarblað**

**Stærstu dýragarðar heims, ævintýri í Mið-Austurlöndum, lífið í Istanbúl, spennandi borgarferðir.**





NORDICPHOTOS/GETTY

# Tannbursti, passi, John Adams

Fyrirsögnin gæti verið hluti úr gátlista manneskju á leið til Boston. Manneskju sem veit að það er fátt verra en að fara að sofa án þess að bursta tennurnar. Nema þá kannski að lenda í bandarískum tollvörðum án passans. Þeir eru nógu erfiðir þótt maður sé með hann, fjandakornið.



Leikarinn Paul Giamatti hlaut Emmy-verðlaunin fyrir túlkun sína á John Adams.

En þó fyrst og fremst manneskju, sem langar að setja sig inn í kynngimagnaða sögu Boston – og þar af leiðandi Bandaríkjanna – en barasta nennir ekki að lesa þykkar og þungar sagnfræðiskruddur til þess arna. Heldur verða sér bara úti um frábæra sjónvarpsseríu HBO um John Adams, fyrrum forseta Bandaríkjanna og lykilmann í frelsisstríði Bandaríkjanna, og horfa á í einum rykk. Sögukennsla verður nefnilega ekkert mikið skemmtilegri.

Í þáttaröðinni, sem sýnd var á Stöð 2 árið 2010, fær áhorfandinn einstaklega góða innsýn inn í átök pílagrímanna við breska konungsveldið, sem síðan leiddu til stofnunar Bandaríkjanna. Staðir lifna við. Hugtök skýrast. Menn og málefni fá dýpri merkingu. Já, og ferðin vestur um haf verður í kjölfarið ánægjulegri, jafnvel þótt hún snúist á endanum upp í búðarráp og bjórsull. Maður er þá altént að rápa og sulla … upplýstur á söguslóðum. Sem hljómar strax betur.

# Kínverjar vilja til Íslands

Ískalt, fjarlægt og leyndardómsfullt eru lýsingarorð sem Kínverjar tengja oftast við Ísland. Það gæti þó átt eftir að breytast eins og segir í frétt sem birtist 21. apríl á fréttavef ChinaDaily.



Bloggfærslur um Bláa lónið kveikja ferðaþrá í hjörtum Kínverja. MYND/GVA

Eftir að þjóðirnar tvær skrifuðu undir samkomulag um vegabréfsáritanir til Íslands árið 2004 hafa tækifæri Kínverja til ferðalaga til Íslands aukist. Árið 2009 heimsóttu 7000 Kínverjar Ísland. Þá hafa lýsingar kínverskra ferðamanna á bloggum og á heimasíðum kveikt ferðahug í fleirum og fékk mynd af Bláa lóninu sem birtist á Weibo.com, vinsælli bloggsíðu í Kína, fjölda athugasemda. Meðal annars sagði einn að „hjarta hans þráði“ að komast þangað!

Þá lét kínverski athafnamaðurinn Huang Nubo, sem reyndi ítrekað að kaupa land á Íslandi, hafa eftir sér að stórbrotið landslagið hefði heillað hann strax í fyrstu heimsókn árið 2010. Umfjöllun um athafnir hans á Íslandi í fjölmiðlum vöktu einnig mikla athygli í Kína.

Þá er talið að nýleg heimsókn forsætisráðherra Kína, Wen Jiabao, verði til þess að gera Ísland enn sýnilegra augum Kínverja og muni hvetja fleiri til að heimsækja fjarlægu eyjuna í norðri.

*Heimild: www.usa.chinadaily.com*

# Stærsti dýragarðurinn í Berlín

**Stærsti dýragarður í heimi er í Berlín, með yfir 1500 dýrategundir. Stærsti dýragarður á Íslandi er Húsdýragarðurinn með um 30 tegundir og einn snák.**

Dýragarðar heimsins eru margir og sitt sýnist hverjum þegar kemur að því hvað sé skemmtilegt að skoða. Sumum finnst að dýr ættu bara alls ekki að vera lokuð inni í dýragörðum meðan öðrum finnst fátt yndislegra en að geta skoðað dýr frá öllum heimsálfum á einum stað. En hvert á að fara vilji maður sjá sem flest dýr? Fjórir stærstu dýragarðar heimsins eru í Berlín í Þýskalandi, Peking í Kína og í New York og Nebraska í Bandaríkjunum. Stærsti dýragarður á Íslandi er Húsdýragarðurinn.



Fíll að gæða sér á ljúffengum ísmola með góðgæti í.

## Reykjavík

Húsdýragarðurinn í Reykjavík var stofnaður árið 1990. Hann stendur á níu hektara lóð og hefur alls um 30 dýr. Þar er að finna helstu húsdýr Íslands ásamt selum, refum, minkum og einum snák.

## New York

Fjórði stærsti dýragarður í heimi, sé miðað við fjölda tegunda, er Bronx-dýragarðurinn í New York. Hann var opnaður árið 1899. Bronx-garðurinn er stærsti dýragarður Bandaríkjanna sem staðsettur er innan borgarmarka. Hann stendur á 107 hektara landsvæði með yfir 4.000 dýr og 650 tegundir og eru mörg dýranna í útrýmingarhættu.

## Peking

Þriðji stærsti dýragarðurinn er í Peking í Kína og var stofnaður árið 1906. Hann stendur á 219 hektara svæði með 14.500 dýr og yfir 450 tegundir. Þar að auki er hann einnig með yfir 500 sjávartegundir. Garðurinn er þekktastur fyrir að hýsa sjaldgæfar dýrategundir frá Kína, þar á meðal risapöndur sem eru aðalaðdráttarafl hans.

## Nebraska

Í öðru sæti er Henry Doorly Zoo, dýragarður í Nebraska í Bandaríkjunum sem var stofnaður árið 1894. Hann nær yfir 53 hektara landsvæði með um 17.000 dýr og 962 tegundir. Garðurinn hefur meðal annars að geyma gríðarstórt og fjölbreytt kattardýrasvæði með yfir 30 kattartegundum. Þar er einnig gríðarstór inni-eyðimörk sem staðsett er í stærstu glerhvelfingu heims og inni- mýrarsvæði.



Tígrisdýr í návígi.



Pandabjörn á klifri.

## Berlín

Í fyrsta sæti er dýragarðurinn í Berlín sem var stofnaður árið 1844 og er því elstur af þeim fjórum görðum sem fjallað er um hér. Hann er staðsettur í miðju Berlínar á 34 hektara svæði. Fjöldi dýra er yfir 17.000 og hann er með flestar dýrategundir heims af öllum dýragörðum eða yfir 1.500 tegundir. Hann er hvað þekktastur fyrir pandabjörninn Bao Bao og ísbjörninn Knut sem dó árið 2011.

***Heimild:www.touropia.com***

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson. benediktj@365.is. s. 512-5411
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.




## DAGSFERÐIR TIL EYJA HAFA MARGFALDAST

**Það hefur orðið gjörbylting** á ferðamannaiðnaði í Vestmannaeyjum eftir að Herjólfur hóf að sigla úr Landeyjahöfn.



Gunnlaugur Grettisson, rekstrarstjóri Herjólfs og forseti bæjarstjórnar í Vestmannaeyjum, segir að í raun sé þetta eins og dagur og nótt frá því sem áður var, þvílík varð breytingin.

„Um leið og Herjólfur fór að sigla að Landeyjahöfn fundum við fyrir gjörbreytingu hvað varðar þau tungumál sem töluð voru um borð. Erlendir ferðamenn margfölduðust og bókanir í sumar eru þegar orðnar miklar. Allt stefnir í mjög gott sumar. Við gerum ráð fyrir áframhaldandi fjölgun erlendra ferðamanna og stefnum á að nota Landeyjahöfn í allt sumar,“ segir Gunnlaugur enn fremur.

„Aðstaða þeirra sem reka veitingahús, verslanir og gistiheimili hefur gjörbreyst eftir að Landeyjahöfn var tekin í notkun,“ segir Gunnlaugur. „Bæjarlífið hefur sömuleiðis tekið stakkaskiptum. Bærinn er fullur af fólki á meðan þessar siglingar standa yfir og allt lifnar við. Margar rútur með innlendum og erlendum ferðamönnum koma núna til Eyja og flestar í dagsferð. Það hefur einmitt komið okkur mest á óvart hversu margir koma í dagsferð. Það er ánægjulegt að sjá þessa breytingu þótt við viljum vitaskuld hafa gestina okkar sem allra lengst.



Gunnlaugur segir gjörbyltingu hafa orðið í Eyjum.

# Tyrkland í allt sumar



22. maí í 10 nætur

frá aðeins kr. 119.900

með „öllu inniföldu“

# Tyrkland



Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum í 10 nátta ferð til Tyrklands þann 22. maí Í boði er m.a. frábær sértilboð á Bitez Garden Life Hotel & Suites með öllu inniföldu á ótrúlegum kjörum. Einnig önnur sértilboð í boði.

**Aðeins örfá herbergi í boði - bókaðu strax!**

Frá kr. 119.900 í 10 nætur

**– „Allt innfalið“**

m.v. tvo fullorðna og tvö börn í fjölskylduherbergi á Bitez Garden Life Hotel & Suites ★★★+ í Bodrum með „allt innifalið.“ Verð 139.900 kr. m.v. tvo í herbergi á Bitez Garden Life Hotel & Suites ★★★+ með „allt innifalið.“



22. maí í viku eða tvær vikur

5. júní í tvær vikur

Sértilboð – Vina del Mar

frá aðeins kr. 74.900

Aðeins örfáar íbúðir í boði

# Benidorm



Heimsferðir bjóða frábær tilboð til Benidorm 22. maí og 5. júní. Bjóðum bæði íbúðir með einu og tveimur svefnherbergjum. **Aðeins örfáar íbúðir á Vina del Mar.** Frábær staðsetning í hjarta Benidorm. Skelltu þér til Benidorm og njóttu lífsins á einum af vinsælustu gististöðum Heimsferða.

Verð frá kr. 74.900

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 4 börn, 2-11 ára, í íbúð með 2 svefnherbergjum á Vina del Mar 22. maí í viku.

Verð frá kr. 79.100

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi á Vina del Mar 22. maí í viku.

Verð frá kr. 99.900

Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð með einu svefnherbergi á Vina del Mar 22. maí í viku.

**Skráðu þig í netklúbb Heimsferða og fáðu send öll tilboð.**

**Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Heimsferðir

# Í fótspor Arabíu-Lawrence

**Jórdanía, konungsríki hasemíta, laðar árlega til sín fjölda ferðamanna sem vilja upplifa spennandi ævintýri í Mið-Austurlöndum.**

Hið svokallað „arabíska vor“ sem brast á í fyrra varð til þess að ferðamönnum fækkaði talsvert í Austurlöndum nær. Fjölmiðlar hafa hins vegar bent á að það sé óhætt að ferðast til vissra landa, þar á meðal til Jórdaníu þótt það hljómi ótrúlega þar sem landamæri landsins liggja að Sýrlandi í norðri, Írak í norðaustri, Sádi-Arabíu í austri og suðri og Ísrael og Vesturbakkanum í vestri.

### Týnda borgin

Petra, sem er austan Vadi Araba í suðurhluta Jórdaníu, hefur um árabil verið eitt helsta aðdráttarafl landsins. Þar er vinsælt að skoða stórkostlegar fornar byggingar; baðhús, grafhýsi og fleira, sem voru höggnar inn í sandsteinsfjöll fyrir um það bil 2.400 árum.

Petra er arfleifð nabateanna, arabísks þjóðflokks, og oft kölluð týnda borgin en nafngiftina má rekja til þess að borgin féll í gleymsku þar til svissneski ævintýramaðurinn Jóhann Burkhardt fann hana árið 1812. T. E. Lawrence, betur þekktur sem Arabíu-Lawrence, heimsótti Petru rúmri öld síðar og fór fögrum orðum í hana í bréfaskriftum við vini sína.

Vegna sérstæðs útlits og þeirrar dulúðar sem umvefur borgina hefur Petra orðið vinsælt sögusvið í skáldskap og er skemmst að minnast þriðju kvikmyndarinnar um fornleifafræðinginn Indiana Jones þar sem leitin að hinum heilaga kaleik berst að lokum til borgarinnar.

### Jeppasafarí og kappreiðar

Ævintýraþyrstir ferðalangar gætu líka notið þess að skella sér í ferð á úlföldum eða í jeppasafarí um eyðimörkina Wadi Rum í suðurhluta Jórdaníu. Þar má enn fremur njóta einstakrar náttúrufegurðar, fylgjast með úlfaldakappreiðum og gista í tjaldbúðum bedúína svo dæmi séu nefnd. Einnig þykir óviðjafnanlegt að sofa á dýnu undir berum og stjörnubjörtum himni í miðri eyðimörk.

Fjöldi ferðamanna leggur árlega leið sína til Dauðahafsins, sem er á landamærum Jórdaníu, Ísraels og Vesturbakkans, í Sigdalnum. Vatnið er dýpsta saltstjörn heims, 76 kílómetrar að lengd, allt að 18 kílómetra breitt og 400 metra djúpt þar sem það er dýpst. Óvenjulega mikil selta gerir það að verkum að nánast ógerlegt er að synda eða sökkva og því er vinsælt að láta sig fljóta á vatninu. Þar er enn fremur vinsælt að fara í strandferðir eða bregða sér í afslappandi leirbað í góðum félagsskap.



Árlega leggur fjöldi ferðamanna leið sína til Dauðahafsins.



Í þriðju myndinni um Indiana Jones upphefst æsispennandi leit að hinum heilaga kaleik. Myndin var tekin að hluta til upp í Petru.



Klettaklifur nálægt Petru. NORDICPHOTOS/GETTY



Bedúínar borða kvöldmat við varðeldinn.


Sérferðir



# Töfrar Ítalíu

**TÖFRAR GARDA-VATNSINS**

**14.–21. júlí**

Fáir staðir í Evrópu hafa notið jafn mikilla vinsælda og Garda-vatnið í norðurhluta Ítalíu. Upplifðu ævintýralega menningarferð til Garda-vatnsins með Margréti Laxness.

**Netverð á mann í tvíbýli frá**

**169.900 kr.**

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 3* hóteli Le Palme, akstur til og frá hóteli. **Fararstjóri:** Margrét Laxness

**ÆVINTÝRAFERÐ TIL TOSCANA**

**28. júlí–4. ágúst**

Express ferðir bjóða einstaka ævintýra- og sælkeraferð til Toscana. Þetta verður sannarlega ógleymanlega ferð. Fararstjóri verður Halldór E. Laxness sem gjörþekkir héraðið. Meðal annars verður farið til Flórens, Pisa, Lucca, Siena og Monte Carlo.

**Verð á mann í tvíbýli frá**

**199.900 kr.**

**Fullt fæði**

**Innifalið:** Flug með sköttum og öðrum greiðslum, akstur til og frá flugvelli, gisting á 4* hóteli með morgun- og kvöldverði. Skoðunarferðir og akstur. Íslensk fararstjórn allan tímann.

Fíton / SÍA

expressferdir.is
5 900 100

Express ferðir


## GÆLUDÝR Í GÓÐUM HÖNDUM

**Dýraeigendur sem** eru að fara til útlanda ættu ekki að eiga í teljandi vandræðum með að koma gæludýrunum í pössun. Hérlendis eru starfrækt nokkur dýrahótel þar sem þeim gefst færi á að skilja vini sína eftir í umsjá góðra aðila. Hér eru nokkur talin upp.

Dýrahótel hefur verið rekið á Leirum á Kjalarnesi um langt skeið. Þar eru öll gæludýr velkomin þótt megináhersla sé á hunda. Aðstöðunni er skipt niður eftir dýrategundum og hafa hundarnir afgirta útiaðstöðu ásamt stóru sameiginlegu útisvæði. Hótelið er rekið allt árið um kring og er móttaka höfð opin alla daga frá klukkan 9 til 18. Allar nánari upplýsingar á vefsíðunni www.hundahotel.is.

Að Flugvöllum 6 í Reykjanesbæ er rekið gæludýrahótel fyrir hunda, ketti og nagdýr. Húsið er það eina á landinu sem er hannað með slíka starfsemi í huga. Hundarnir fá inni- og útibúr sem liggja út í stórt útigerði á bak við hótelið. Kettir dvelja í sérhönnuðum, þriggja hæða búrum. Dýralæknir, hundasnyrtir og gæludýraverslun eru með starfsemi í húsinu. Þess má geta að þar sem hótelið er skammt frá flugvelli er dýraeigendum á leið til útlanda boðið að skilja bifreiðar sínar þar eftir. Starfsmenn geta ekið þeim út á völl. Boðið er upp á þjónustuna allan sólarhringinn, allt árið um kring. Allar nánari upplýsingar veittar í síma 421-0050.



Hundagæsluheimilið Arnarstöðum, hjá Selfossi, hefur verið starfrækt frá árinu 1983 og er því það elsta sinnar tegundar á landinu. Þar er aðstaða til að taka á móti tuttugu hundum í einu og hefur hver hundur sérstaka stíu, bæði inni og úti. Hundar frá sama heimili geta verið saman í stíu því milliþil eru færanleg og auðvelt að færa rými til eftir þörfum, segir á vefsíðunni www.simnet.is/hundahotel/.

Kattahótel er rekið í Kattholti að Stangarhyl 2 í Reykjavík. Þar er gæsla fyrir heimiliskettі sem þurfa að dvelja í lengri eða skemmri tíma. Allir kettir fá þar rúmgott búr og tækifæri til að teygja úr sér á hverjum degi. Kettir þurfa að vera bólusettir og ormahreinsaðir til að fá gistingu og högnar geltir. Köttunum þurfa að fylgja upplýsingar um mataræði. Nánar á kattholt.is.



# FJÁRMÁL FYRIRTÆKJA



**Kynningarblað** Fyrirtækjaþjónusta banka og listi yfir ríkasta fólk heims.




NORDICPHOTOS/GETTY

Sjóðsvélar & kassakerfi
á betra verði

www.optima.is

Hafðu samband
S. 588 9000
Fáðu tilboð
OG ÞÚ SPARAR!



WINCOR NIXDORF

**Afar vönduð kassakerfi**
fyrir stór sem smá fyrirtæki
Hafðu samband við sölumenn
okkar og fáðu tilboð.

SAM4S **Optima kynnir Sam4s sjóðsvélar**
Afar vandaðar sjóðsvélar, einfaldar í notkun. Frábært verð!

STOFNAÐ 1953
OPTIMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

# MP-banki, banki atvinnulífsins

**MP banki hefur auglýst undir kjörorðinu „banki atvinnulífsins". Er það til marks um aukna áherslu bankans á fyrirtækjaþjónustu? Lárus Sigurðsson, útibússtjóri fyrirtækjaútibús MP banka og Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs voru teknir tali og spurðir út í sérstöðu bankans.**

Með kjörorðinu viljum við undirstrika að í kjölfar stefnumótunar hluthafanna sem endurfjármögnuðu bankann fyrir ári þá hefur bankinn tekið þá ákvörðun að leggja fyrst og fremst áherslu á það að vera banki atvinnulífsins. MP banki verður þannig eini bankinn sem sérhæfir sig í bankaþjónustu fyrir minni og meðalstór fyrirtæki ásamt því sem veitum einstaklingum í atvinnulífinu og tengdum aðilum bankaþjónustu, svo sem eigendum og stjórnendum," segir Lárus.



Lárus Sigurðsson, útibússtjóri fyrirtækjaútibús MP banka og Ólafur Haraldsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs bankans. Þeir eru með yfir 25 og 30 ára bankareynslu og þekkja því vel þarfir íslenskra fyrirtækja. MYND/STEFÁN

### Hver er sérstaða fyrirtækjaþjónustu bankans?

„Við finnum að viðskiptavinir okkar eru mjög ánægðir með hversu mikill fókus er á fyrirtækjaþjónustu hjá okkur og kjörin góð. Boðleiðir eru stuttar og viðskiptastjórar hafa skýrt umboð til ákvarðanatöku. Við fáum líka talsvert oft þau viðbrögð að viðskiptavinir líti á okkur sem samstarfaðila og er það ólíkt því sem þeir eiga að venjast með fyrri viðskiptabanka. Við lítum svo á að árangur okkar felist í árangri viðskiptavina okkar," segir Ólafur.

### Sérstakt fyrirtækjaútibú og eignaleigusviðið Lykill

„Við höfum einnig skipulagt okkur betur til að geta veitt fyrirtækjum skjóta en umfram allt faglega og persónulega þjónustu," segir Ólafur. „Þá höfum við lagt áherslu á að kynna okkur vel þarfir viðskiptavina okkar. Við höfum einnig byggt upp sérhæft fyrirtækjaútibú með reynslumiklum starfsmönnum í Ármúla. Að auki geta fyrirtæki nýtt sér útibú okkar í Borgartúni, þjónustuver og netbanka. Þá hefur verið sett á laggirnar eignaleigusvið sem starfar undir vörumerkinu Lykill. Lykill býður bílasamninga, bílalán og kaupleigusamninga vegna ýmissa atvinnutækja og þar starfar reynslumikið starfsfólk."

### Veitir MP banki alla bankaþjónustu fyrir fyrirtæki?

„Já, við bjóðum allar helstu tegundir fjármögnunar, veltureikninga, fyrirtækjakort og greiðslumiðlun svo sem innheimtuþjónustu. Þá höfum við komið að endurfjármögnun fjölmargra fyrirtækja. Einnig höfum við sérhæft okkur í kröfu- og birgðafjármögnun. Þess má geta að bankinn er eini bankinn sem hefur staðið að fullu við allar skuldbindingar sínar við erlendar fjármálastofnanir og við veitum alla þjónustu sem tengist erlendum viðskiptum svo sem gjaldeyrisreikninga, gjaldeyrismiðlun, ábyrgðir og þess háttar. Svo er bankinn í fremstu röð í fyrirtækjaráðgjöf en þar starfar öflugt teymi að kaupum og sölu fyrirtækja og sinnir ráðgjöf," segir Lárus.

### Hvað ráðleggið þið fyrirtækjum sem vilja skoða viðskipti við MP banka?

„Það er einfalt. Ég hvet þau til að hafa samband við mig eða einhvern af viðskiptastjórum fyrirtækjaútibúsins í Ármúla. Allir starfsmenn bankans eru á starfsmannalista á mp.is með mynd, netfangi og beinu símanúmeri. Við bjóðum viðkomandi á fund og kynnumst fyrirtækinu og skoðum hvernig við getum best aðstoðað. Í framhaldinu er gert tilboð um kjör og skilmála," segir Lárus.

# Ríkasta fólk veraldar árið 2012

**Metfjöldi komst inn á nýjasta lista Forbes yfir milljarðamæringa í heiminum í dag. Mexíkóinn Carlos Slim Helú er ríkasti maður heims þriðja árið í röð.**

Aldarfjórðungur er síðan bandaríska viðskiptatímaritið Forbes hóf að birta lista yfir ríkasta fólk veraldar. Tímaritið miðar við eign upp á lágmark milljarð króna og fyrsta árið voru milljarðamæringarnir 140 talsins. Nýjasti listinn, sem birtur var í mars, inniheldur 1.226 manns sem er nýtt met. Þriðja árið í röð er Mexíkóinn Carlos Slim Helú ríkasti maður heims. Auðævi hans eru metin á rúmlega 8700 milljarða íslenskra króna. Næstur á listanum er Bill Gates, annar stofnenda Microsoft. Auður hans er metinn á rúmlega 7700 milljarða króna. Þriðji á listanum er bandaríski fjárfestirinn Warren Buffett. Auður hins 81 árs gamla Buffett er metinn á rúmlega 5550 milljarða króna. Sjöunda árið í röð er Christy Walton ríkasta kona heims. Hún er dóttir Sams Walton, stofnanda Walmart-verslunarkeðjunnar. Afkomendur hans eiga 48% hlut í keðjunni í dag.

### Flestir milljarðamæringar eru Bandaríkjamenn

Sem fyrr eiga Bandaríkjamenn flesta milljarðamæringa á listanum eða 425 talsins. Næstir koma Rússar og Kínverjar með tæplega 100 hvor þjóð. Á listanum er að finna 128 nýliða en sautján féllu af listanum frá fyrra ári. Milljarðamæringarnir koma frá 58 löndum en enginn Íslendingur er á listanum. Indverski stálkóngurinn, Lakshmi Mittal, sem á stærsta stálfyrirtæki heims, er sá sem tapar mestum peningum milli ára samkvæmt lista Forbes. Auður hans er metinn á rúmlega 2600 milljarða króna í dag en hann tapaði rúmlega 1300 milljörðum milli ára. Elsti milljarðamæringurinn í hópnum er 101 árs Svisslendingur, Walter Haefner. Hann á stóran hlut í hugbúnaðarfyrirtækinu CA. Alls eru sautján manns á listanum 90 ára og eldri.

## NOKKUR NÖFN Á LISTANUM

### 1. CARLOS SLIM HELÚ



Ríkasti maður heims þriðja árið í röð, þrátt fyrir að hafa tapaði miklum auðævum milli ára. Fallandi hlutabréfaverð í helstu eign hans, fjarskiptarisanum American Movil, er helsta ástæðan fyrir tapinu en helmingur eigna hans er bundinn í fyrirtækinu. Foreldrar Carlos eru bæði af líbönskum uppruna. Hann býr í Mexíkóborg og á sex börn.

**Land:** Mexíkó | **Aldur:** 72 ára | **Uppspretta auðs:** Fjarskipti | **Eign:** 8714 milljarðar króna

### 8. STEFAN PERSSON



Auðugasti maður Norðurlanda er Stefan Persson, sonur stofnenda verslunarkeðjunnar H&M. Faðir hans setti fyrstu H&M-verslunina á fót í Svíþjóð árið 1947. Í dag eru H&M-verslanir um 2.500 talsins í 53 löndum um allan heim. Persson getur þakkað Íslendingum að hluta til enda verslunin ein sú vinsælasta í verslunarferðum Íslendinga undanfarna áratugi. Hann býr í Stokkhólmi og spilar golf og tennis í frístundum.

**Land:** Svíþjóð | **Aldur:** 64 | **Uppspretta auðs:** Verslunarrisinn H&M | **Eign:** 3280 milljarðar

### 9. LI KA-SHING



Ríkasti maður Asíu, og um leiðs einn sá valdamesti, er Hong Kong-búinn Li Kashing. Hann hefur stundað margs konar viðskipti um ævina og er meðal annars umsvifamikill byggingaverktaki. Fyrirtæki hans hafa byggt sjö af hverjum tíu íbúðum í Hong Kong. Veldi hans nær til 53 landa og 270.000 starfsmenn starfa hjá fyrirtækjum hans.

**Land:** Hong Kong | **Aldur:** 83 | **Uppspretta auðs:** Ýmis rekstur | **Eign:** 3217 milljarðar

### 28. ALISHER USMANOV



Alisher Usmanov er ríkasti Rússinn á listanum í ár. Hann er umsvifamikill í stál- og járnframleiðslu auk þess að eiga hlut í leikjafyrirtækinu Zynga og Groupon. Auður hans mun væntanlega vaxa mikið í ár þegar Facebook fer á markað en hann á hlut í fyrirtækinu. Hann á auk þess stærsta viðskiptablað Rússlands.

**Land:** Rússland | **Aldur:** 58 ára | **Uppspretta auðs:** Stál og fjarskipti | **Eign:** 2371 milljarðar króna

### 11. CHRISTY WALTON



Ríkasta kona veraldar er Christy Walton, einn meðlima Walton-fjölskyldunnar. Tengdafaðir hennar, Sam Walton, stofnaði Walmart-verslunarkeðjuna í Bandaríkjunum árið 1962. Hún var áður gift einum af sonum hans, John T. Walton, sem lést árið 2005. Eftir lát hans erfði hún eignir hans.

**Land:** Bandaríkin | **Aldur:** 57 ára | **Uppspretta auðs:** Verslun | **Eign:** 3191 milljarðar króna

### 19. MUKESH AMBANI



Ríkasti maður Indlands er hinn 54 ára Mukesh Ambani. Veldi hans byggist á vinnslu á olíu og gasi í gegnum eitt verðmætasta fyrirtæki Indlands, Reliance Group. Fjölskylda hans býr í 27 hæða húsi í borginni Bombay sem talið er vera dýrasta íbúðarhús sögunnar.

**Land:** Indland | **Aldur:** 54 ára | **Uppspretta auðs:** Olía og stál | **Eign:** 2813 milljarðar króna

### 35. MARK ZUCKERBERG



Yngstur á listanum er einn stofnenda samskiptavefsins Facebook, aðeins 27 ára gamall. Í apríl 2012 voru notendur síðunnar rúmlega 900 milljónir. Fyrirtækið fer bráðlega á markað og má búast við að auður hans margfaldist í ár. Zuckerberg hætti í Harvard til að geta einbeitt sér að fyrirtækinu og sér varla eftir því.

**Land:** Bandaríkin | **Aldur:** 27 ára | **Uppspretta auðs:** Facebook | **Eign:** 2207 milljarðar króna



## VINSÆL SÝNING

**Sýningin Fjölskylduskemmtun í Nýlistasafninu hefur fengið frábær viðbrögð og er orðin ein mest sótta sýning safnsins. Í dag kl. 15.00 kemur Páll Óskar Hjálmtýsson fram og syngur fyrir gesti. Í safninu er fullt af leiktækjum. Sýningunni lýkur á morgun.**

NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur
eðlisfræði - þýska - franska – spænska – stafsetning o.fl.
Öll skólastig - Réttindakennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

Kojur bjarga málunum
Margar stærðir og gerðir af kojum og rúmum, litlum og stórum, breiðum og mjóum fyrir barnaherbergið og sumarbústaðinn!
Vefverslun husgogn.is
erum á Facebook
HÚSGAGNAHEIMILIÐ
Sérverslun með kojur og fylgihluti
112 Grafarvogi - Sími: 586 1000 - www.husgogn.is








# VILLTIST Í STRÆTÓ

**FATAHÖNNUN** *Mai Shirato pakkaði einn daginn niður föggum sínum og flutti frá Tókýó til Reykjavíkur. Hún sýnir nú í Hafnarhúsi útskriftarlínu sína frá LHÍ.*

Ég veit það varla," svarar Mai Shirato þegar hún er spurð af hverju hún hafi endað í fatahönnunarnámi á Íslandi en Mai kemur frá Japan. „Ég hitti íslenskan strák fyrir tíu árum, en hafði svo sem engan áhuga á landinu þá. Allt í einu fannst mér bara að ég yrði að fara til Íslands og hér er ég í dag," segir hún.

Mai er í hópi útskriftarnema LHÍ í ár og sýnir í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Mai hafði unnið sem hönnuður fyrir Kanebo í Tókýó en er ekki viss um að fatahönnunarnámið vindi meira upp á sig.

„Mér fannst erfitt að sjá efnisafganga og pappír enda í ruslinu. Ég væri til í að einbeita mér að endurvinnslu á efnum. Mig langar líka til að opna vinnustofu fyrir krakka í tauþrykki og taulitun. Ég er samt ánægð með námið og skólafélagarnir reyndust mér mjög vel. Mamma og pabbi ætla svo að heimsækja mig í sumar."

Mai segist hafa lent í ýmsum uppákomum síðustu þrjú ár vegna tungumálaörðugleika og þess hve menningarheimar þjóðanna eru ólíkir.

„Hér er ekkert tiltökumál að mæta 30 mínútum of seint. Skilafresturinn í skólanum gat líka verið sveigjanlegur en það kæmi ekki til greina í Japan. Mér fannst líka skrítið að ávarpa kennarana með skírnarnafni og að rekast á þá í sundi, sem myndi ekki gerast í Japan," segir hún hlæjandi. „Ég villtist líka oft í strætó og endaði einu sinni uppi í Kópavogi í kafsnjó." Mai hefur þó tekið ástfóstri við landið.

„Mig langar að finna mér vinnu hér og er með verkefni í bígerð um að tengja Ísland og Japan. Ég ætla þó að heimsækja kærastann minn líka í haust en hann er í Berlín." ■ rat

**FLJÓTT AÐ LÍÐA** Árin þrjú í Listaháskólanum voru fljót að líða en Mai hélt sambandi við mömmu sína og pabba gegnum skype. Verk Mai eru til sýnis á Útskriftarsýningu LHÍ sem stendur til 6. maí en opið er í Hafnarhúsinu alla daga milli klukkan 10 og 17 og til klukkan 20 á fimmtudögum. MYND/VALLI

Smurstöðin Dalvegi og Bílaáttan
hafa sameinast að Smiðjuvegi 30
Verið velkomin



"Sá smurði gengur"
Bíla...Áttan
Smiðjuvegi 30
Sími 587 1400
Smurþjónusta og bifreiðaverkstæði




Smiðjuvegur 30 - gul gata

# SÆLKERALANDIÐ ÍSLAND UPPGÖTVAÐ

**GÓÐIR STAÐIR** *Undanfarin ár hafa sprottið upp veitingastaðir og matvælaframleiðendur sem leggja áherslu á ferskt íslenskt hráefni. Nú geta ferðamenn nálgast þessar upplýsingar á einum stað.*

Verkefnið „Sælkeralandið Ísland / Iceland Local Food Guide“ er fjölmiðlunarverkefni þar sem finna má upplýsingar um veitingastaði og framleiðendur um allt land sem bjóða upp á staðbundinn íslenskan sælkeramat og íslenskar sælkeraafurðir. Upphafsmaður verkefnisins er Vala Matt, arkitekt og sjónvarpskona, en hún er mikill sælkeri og áhugamaður um sælkeramat. Hugmyndina fékk hún fyrir ári þegar hún ferðaðist um landið.

„Ég var að vinna að verkefni úti á landi og lenti í erfiðleikum með að finna veitingastaði sem seldu mat úr fersku íslensku hráefni. Núna hefur orðið algjör bylting um allt land hjá veitingastöðum og framleiðendum. Svo er náttúrulega ævintýralegt úrval staða hér í Reykjavík. Bæði innlendir og erlendir ferðamenn sem ferðast um landið vilja borða eitthvað annað en dæmigert sjoppufæði.“ Hún segist ekki hafa fundið neinar góðar upplýsingar á einum stað um þá fjölda staða sem í boði eru á landsbyggðinni og ákvað því í kjölfarið að hella sér út í verkefnið.

### MEGINÁHERSLAN Á SÆLKERABÆKLING

Að hennar mati var vænlegast til árangurs að búa til fallegan bækling og heimasíðu á netinu. Þar væri hægt að nálgast nauðsynlegar upplýsingar um veitingastaði og framleiðendur í Reykjavík, á Akureyri og á landsbyggðinni. Bæklingurinn er að hennar sögn miðpunktur verkefnisins en vefurinn hugsaður sem fyrsti viðkomustaður ferðamanna. Þar geti þeir kynnt sér úrvalið áður en þeir heimsækja Ísland eða áður en lagt er af stað út á land. Einnig er vefurinn gagnlegur þegar farið er út að borða í Reykjavík en á honum er hægt að fara inn á heimasíður staðanna, bæði í tölvu eða snjallsímanum. „Bæklingurinn mun ekki bara kynna veitingahús og framleiðendur heldur einnig innihalda spennandi uppskriftir og umfjöllun um sælkeralandið Ísland.“

Vala segir að þrátt fyrir alla þá tækni sem við búum við í dag sé gott að hafa slíkan bækling í höndunum í stað þess að stóla einungis á fartölvur, spjaldtölvur og snjallsíma. „Nettengingar víða um land eru misgóðar, meira að segja þótt netið sé í símanum. Ef maður dettur inn á milli fjalla getur sambandið verið slæmt. Því fannst mér heppilegast að leggja áherslu á bæklinginn sem miðpunktinn til að hafa yfirsýnina alltaf við höndina enda gott að hafa hann í vasanum eða hanskahólfinu í bílnum.“ Sérstaða verkefnisins er að hennar sögn sú að hér er í fyrsta skipti hægt að fá aðgang að samanteknum upplýsingum um sælkeralandið Ísland í heild sinni.

### VEITINGASTAÐIR Á HEIMSMÆLIKVARÐA

Vefurinn icelandlocalfoodguide.is er kominn í loftið og verið er að leggja lokahönd á íslensku síðuna. Bæklingurinn verður tilbúinn í maí. Inni á vefnum má finna upplýsingar frá hverju landsvæði fyrir sig. Þar eru einnig skemmtileg myndbrot frá ýmsum veitingastöðum á landsbyggðinni og fleiri myndbönd eru væntanleg innan skamms segir Vala. Bæklingnum verður dreift á alla ferðamannastaði, til dæmis hótel, veitingastaði og upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn um allt land. Hann verður bæði á íslensku og ensku en upphaflega stóð bara til að hafa hann á ensku.

Vala segist þó hafa séð fljótlega að bæklingurinn ætti jafn vel við Íslendinga sem erlenda ferðamenn. Enda eru margir þessara veitingastaða í algjörum sérflokki að hennar sögn. „Það er búið að vera þvílíkt ævintýri að kynnast öllum þessum frábæru veitingastöðum og framleiðendum. Ég er búin að uppgötva marga staði sem ég vissi ekki að væru til og eru í algjörum sérflokki. Þeir eru að framreiða mat sem gæti sómt sér vel á bestu veitingahúsum í London, París og Róm. Þetta er því algjört sælkeraævintýri.“



**ÆVINTÝRI** „Það er búið að vera þvílíkt ævintýri að kynnast öllum þessum frábæru veitingastöðum og framleiðendum,“ segir Vala Matt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is** s 512 5473, **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is** s 512 5432



# ego dekor

## TV skenkur -hvítt háglans

-25%



Breidd: 200cm - Verð: 125.000,-
**Tilboðsverð: 93.750,-**

Breidd: 160cm - Verð: 108.000,-
**Tilboðsverð: 81.000,-**

-25%



## Sófaborð

Hvítt gler/króm
Stærð: 130X70
Verð: 58.000,-
**Tilboðsverð: 43.500,-**



-20%

## HNOTA - ERIC Skenkur

Breidd: 170cm
Verð: **139.900,-**

## Borðstofuborð

Stærð: 200x100cm
Verð: 109.900,-
Tilboðsverð: **87.920,-**

# SUMARTILBOÐ

-20%



## SICILY tungusófi

m/h.tungu Stærð: 268X165
Verð: 229.000,-
**Tilboðsverð: 183.200,-**

-25%



## SCARLET tungusófi

310X180
Verð: 244.000,-
**Tilboðsverð: 183.000,-**

-20%



## HARLOW tungusófi

Stærð: 296X192
Verð: 244.000,-
**Tilboðsverð: 195.200,-**

-25%



## AIR tungusófi

Stærð: 285X165
Verð: 249.900,-
**Tilboðsverð: 187.425,-**

-25%



## WIND tungusófi

m/v.tungu Stærð: 292X167
Verð: 244.000,-
**Tilboðsverð: 183.000,-**

-20%



## LUND tungusófi

Stærð: 230X157
Verð: 174.000,-
**Tilboðsverð: 139.200,-**

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: 13:00 - 16:00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

## Staða skólastjóra

Hjallastefnan ehf auglýsir lausa til umsóknar stöðu skólastjóra á leikskólanum Sóla í Vestmannaeyjum. Um er að ræða 100% stöðu. Viðkomandi þarf að hafa leikskólakennaramenntun og hafa áhuga á því að starfa eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar.

Laun eru samkvæmt samkvæmt kjarasamningi Félags stjórnenda í leikskólum. Ráðið er í stöðuna eftir samkomulagi. Nánari upplýsingar um starfið veitir Áslaug Hulda Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar. Umsóknir berist á netfangið starf@hjalli.is fyrir 12. maí 2012.

*Hjallastefnan rekur 13 skóla, tíu leikskóla og þrjá grunnskóla, í Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Garðabæ, Reykjavík, Borgarbyggð og á Akureyri.*

## Frá Tónlistarskóla Húsavíkur

Tónlistarskóli Húsavíkur auglýsir eftir fjölhæfum tónlistarkennara til starfa í frá haustinu 2012. Um er að ræða 100% starf þar sem mestur hluti kennslunar fer fram á starfsvæði Tónlistarskólans í Lundi í Öxarfirði og á Raufarhöfn. Æskilegt er að viðkomandi geti tekið að sér starf organista í nærliggjandi sóknum.

Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 894 9351. Frestur til að skila umsóknum er til 7. maí n.k. og skulu þær sendar á netfang: arni@tonhus.is

## Húsasmiðjan leitar að **metnaðarfullum** starfskrafti í stöðu **launafulltrúa**




Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**

**Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.**
**Um er að ræða fullt starf en ráðningartími er tímabundinn til haustsins 2013.**

**Ábyrgðarsvið**
- Eftirlit með viðveruskráningu
- Skráning og innlestur gagna í launakerfi
- Samantekt gagna, frágangur skilagreina, gerð vottorða o.fl.

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af launavinnlsu skilyrði ( þekking á SAP kostur )
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Samskiptahæfni, samviskusemi og nákvæmni

**Umsóknir berist fyrir 5. mai n.k.**
**til Birnu Sæmundsdóttur**
**birnas@husa.is**
**Húsasmiðjan**
**Holtagörðum, 104 Reykjavík**
**Öllum umsóknum verður svarað.**

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA
**ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956**

# Þjónustufulltrúar á höfuðborgarsvæðinu

LANDSBANKINN.KT.471008-0280

**Laus eru til umsóknar** störf þjónustufulltrúa í útibúum Landsbankans á höfuðborgarsvæðinu.

**Helstu verkefni**
- » Fjármálaráðgjöf og þjónusta til einstaklinga
- » Upplýsingagjöf um vörur og þjónustu Landsbankans
- » Umsjón með gerð skuldaskjala

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- » Háskólamenntun sem nýtist í starfi og/eða reynsla af bankastörfum
- » Frumkvæði og þjónustulund
- » Markviss og sjálfstæð vinnubrögð
- » Færni í samskiptum og þægilegt viðmót

**Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar veitir Guðrún Kvaran hjá Mannauði í síma 410 7906 (gudrun.kvaran@landsbankinn.is).

Umsókn merkt „Þjónustufulltrúar á höfuðborgarsvæðinu“ fyllist út á vef bankans. Umsóknarfrestur er til og með 7. maí nk.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

**Sjúkrahúsið á Akureyri**
Öryggi - Samvinna - Framsækni

# Forstöðumaður tölvu- og upplýsingatæknideildar

*Sjúkrahúsið á Akureyri veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu, þar sem áhersla er lögð á bráðaþjónustu og helstu sérgreinameðferðir.*

*Það er annað tveggja sérgreina-sjúkrahúsa landsins og gegnir lykilhlutverki í almannavörnum. Sjúkrahúsið er kennslusjúkrahús og þekkingarstofnun sem leggur metnað sinn í kennslu og rannsóknir í heilbrigðisvísindum.*

*Sjúkrahúsið á Akureyri hefur sett sér að markmið til ársins 2017 að verða miðstöð sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu á Norður- og Austurlandi og fá alþjóðlega vottun á starfsemi sína.*

*Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu sjúkrahússins* ***www.fsa.is***

Sjúkrahúsið á Akureyri auglýsir stöðu forstöðumanns tölvu- og upplýsingatæknideildar lausa til umsóknar. Á sjúkrahúsinu starfa um 600 manns og á tölvu- og upplýsingatæknideild starfa 5 manns í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi. Starfsemi deildarinnar felst meðal annars í almennri þjónustu við notendur, sem og sérhæfð verkefni við tölvu- og upplýsingakerfi sjúkrahússins. Forstöðumaður tölvu- og upplýsingatæknideildar heyrir undir framkvæmdastjóra lækninga.

**Starfssvið**

- Ber ábyrgð á stjórnun tölvu- og upplýsingatæknideildar
- Mótar framtíðarstefnu í tölvu- og upplýsingatæknimálum
- Samskipti og samningagerð við birgja
- Samskipti við aðrar stofnanir í samræmi við framtíðarsýn og stefnu sjúkrahússins
- Hefur frumkvæði í stefnumótun, þróun og áætlanagerð í verkefnum sem varða tölvu- og upplýsingatæknimál
- Sinnir öðrum verkefnum í samráði við næstu stjórnendur

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í tölvunarfræðum eða skyldum greinum
- Farsæl reynsla af stjórnun og samskiptum við starfsmenn og stjórnendur er skilyrði
- Stjórnunarnám er æskilegt
- Frumkvæði og sveigjanleiki
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar
- Góð íslensku- og enskukunnátta ásamt hæfileika til að tjá sig í ræðu og riti

Veiting starfsins er til 5 ára í samræmi við stefnu sjúkrahússins um ráðningu yfirmanna. Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Við ráðningar í störf er tekið mið af jafnréttisstefnu sjúkrahússins. Vinnustaðurinn er reyklaus.

*Nánari upplýsingar um starfið veita Sigurður E. Sigurðsson, framkvæmdastjóri lækninga* ***(ses@fsa.is)*** *í síma 463 0100 eða 860 0569 og Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is)**, ráðgjafi hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 14. maí nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.* ***Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.*** *Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.*

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta
■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



## Sérfræðingur í Áhættustýringu og Lánaeftirlit Íslandsbanka

Hlutverk Áhættustýringar og Lánaeftirlits er að hafa eftirlit með og veita upplýsingar um áhættu í tengslum við starfsemi bankans. Helstu áhættuþættir í rekstri bankans eru útlánaáhætta, markaðsáhætta, rekstraráhætta og lausafjáráhætta. Verkefnin eru fjölbreytt og krefjandi, og felast m.a. í greiningu á áhættu, upplýsingagjöf til innri og ytri hagsmunaaðila, ráðgjöf við aðrar einingar bankans og mati á eiginfjárþörf.

Íslandsbanki óskar eftir að ráða öflugan starfsmann til að bætast í hóp metnaðarfullra, reynslumikilla og samhentra sérfræðinga

**Helstu verkefni:**
- Greining á markaðs- og lausafjáráhættu
- Þróun og túlkun áhættumats og álagsprófa
- Skýrslugerð til stjórnenda og eftirlitsaðila
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Greiningarhæfni, samskiptahæfni, frumkvæði, sjálfstæð og ögüð vinnubrögð
- Góð tölvukunnátta og reynsla af notkun fyrirspurnatóla (SQL)
- Hæfni til að koma frá sér efni í ræðu og riti, bæði á íslensku og ensku
- Reynsla af áhættustýringu og þekking á bankastarfsemi er kostur

**Nánari upplýsingar veitir:** Guðbjörg Anna Guðmundsdóttir, forstöðumaður Efnahags- og markaðsáhættu, sími 440 4662, gudbjorg.anna.gudmundsdottir@islandsbanki.is

Umsóknir óskast fylltar út á **www.islandsbanki.is** og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá.
Tengiliður á mannauðssviði er Sigrún Ólafsdóttir, sími 440-4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is

**Umsóknarfrestur er til og með 7. maí nk.**

Íslandsbanki

hagar

**Sérvörusvið Haga óskar eftir að ráða**

## Birgðabókara fyrir Sólhöfn

Starfshlutfall 50%

**Helstu verkefni:**
o Stofnun og uppfærsla vörumasters
o Skráning og bókun innlendra- og erlendra vörusendinga
o Bókun aðflutningsgjalda í fjárhagsbókhald
o Samskipti við erlenda- og innlenda birgja
o Umsjón og úrvinnsla vörutalninga í samráði við birgðastjóra
o Ýmis önnur verkefni

**Hæfniskröfur:**
o Reynsla af bókhaldsstörfum eða birgðabókhaldi kostur
o Reynsla af Navision eða öðru sambærilegu kerfi
o Góð þekking á Excel
o Frumkvæði í starfi og öguð vinnubrögð.
o Skipulögð og nákvæm vinnubrögð.

*Sérvörusvið Haga er staðsett í Smáralindinni. Þar starfa 13 manns, birgðabókarar, fjárhagsbókarar og aðrir sérfræðingar sem sinna störfum fyrir Sérvörufyrirtæki Haga. Sérvörufyrirtæki Haga eru: Debenhams, Útilíf, Sólhöfn (Topshop, Dorthy Perkins, Evans, Oasis,Karen Millen,Warehouse ofl.) Noron(Zara). Samtals reka þessi fyrirtæki 19 sérvöru- og tískuvöruverslanir.*

Áhugasamir sendi umsóknir og ferilskrá á solveig@hbu.is
**Umsóknarfrestur er til og með 11. maí**



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

# Forstjóri Fjármálaeftirlitsins
## – drífandi leiðtogi

**Stjórn Fjármálaeftirlitsins (FME) auglýsir laust til umsóknar starf forstjóra FME.**
Forstjóri FME er leiðtogi stofnunarinnar og talsmaður. Forstjóri er leiðandi í mótun trausts fjármálakerfis á Íslandi.
Meðal þess sem forstjóri ber ábyrgð á er:

- Starf FME við eftirlit á fjármálamarkaði
- Stjórnun og daglegur rekstur FME
- Samskipti við eftirlitsskylda aðila
- Samskipti við stjórnvöld og aðra sem eiga hagsmuni af virku fjármálaeftirliti
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi eftirlitsaðila á fjármálamarkaði

Forstjóri FME þarf að hafa góða þekkingu á viðfangsefninu, hafa til að bera eldmóð, festu og áræðni til að standa vörð um skyldur stofnunarinnar auk þess að hafa hæfileika til að hvetja starfsmenn til dáða og virkja þá í starfi. Horft er sérstaklega til eftirtalinna eiginleika:

- Framúrskarandi leiðtoga- og samskiptahæfileikar
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og starfsreynsla á fjármálamarkaði
- Þekking og reynsla af stjórnunarstörfum
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku
- Heiðarleiki, staðfesta og lifandi áhugi á þróun fjármálamarkaða

Stjórn FME hefur mótað skýrt, faglegt og vandað ráðningarferli. Matsnefnd skipuð þremur einstaklingum mun meta hæfni og hæfi umsækjenda og skila greinargerð til stjórnar FME, sem ræður í starfið. Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér ferlið á vef Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Aðalsteinn Leifsson (al@ru.is), stjórnarformaður FME, veitir nánari upplýsingar um starfið. Kjararáð ákvarðar laun forstjóra FME.

Allir áhugasamir eru hvattir til að skila ítarlegri ferilskrá ásamt kynningarbréfi, þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni í starfið, á netfangið fme@capacent.is. Umsóknarfrestur er til loka dags 20. maí 2012.

**Fjármálaeftirlitið er lykilstofnun í íslensku efnahagslífi og samfélagi. Innan þess fer nú fram mikið uppbyggingar- og umbótastarf sem miðar að því að styrkja eftirlit og taka þannig þátt í að byggja upp traust og trúverðugt fjármálakerfi á Íslandi.**

# Glerverksmiðja – iðnaðarmaður

565988
**Glerverksmiðjan Samverk ehf. óskar eftir að ráða iðnaðarmann til starfa við uppsetningu á gleri.**

Leitað er að einstaklingi sem er vandvirkur, nákvæmur í vinnubrögðum, samviskusamur og lipur í mannlegum samskiptum.
Vinnutími er alla virka daga frá kl. 8:00-17:00 nema föstudaga er unnið til kl. 12:00.
Starfstöðin er gerð út frá Samverk í Víkurhvarfi 6, Kópavogi.

Samverk er nútímalegt og tæknivætt glervinnslu iðnaðarfyrirtæki. Glerlausnir og framleiðsluvörur eru sérsmíðaðar og sérframleiddar eftir óskum viðskiptavina fyrir hvert verkefni.

SAMVERK GLERVERKSMIÐJA

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW. VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144



# Forstöðumaður sölusviðs

Þjónustufyrirtæki óskar eftir að ráða forstöðumann sölusviðs. Hlutverk sölusviðs er að hafa eftirlit með og afla tekna, fylgjast með þróun markaða og sjá um sölumál.

**Starfssvið:**
- Almenn stjórnun sviðsins og ábyrgð á tekjum
- Áætlanagerð (tekju- og söluáætlanir)
- Stjórnun sölumanna
- Uppbygging viðskiptatengsla
- Utanumhald viðskipta- og samskiptasögu
- Greining þarfa og tækifæra á markaði
- Söluþjálfun, hvatning og stuðningur við sölufólk

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

**Gott nudd - 105 Rvk/Hlíðar**
Bíð upp á gott nudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 21 á kvöldin. S. 894 4817.

## Námskeið

YOGASTÖÐIN
HEILSUSETUR
SÍÐUMÚLI 15
S: 588-5711
WWW.YOGASTODIN.COM
Næsta byrjenda-námskeið
8. maí

## Þjónusta



Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

# Netbankinn sparar tíma

**Netbanki Landsbankans** getur sparað fyrirtækjum verulegan tíma og býður upp á lausnir sem eru ekki í boði annars staðar. Þú getur skoðað eiginleika netbankans á landsbankinn.is/netbanki-fyrirtaekja.

Í netbanka fyrirtækja er mikil áhersla lögð á ítarlegt yfirlit, leitarvélar, einfaldar aðgerðir og þægilegt notendaviðmót.

**Dæmi um sérstöðu netbankans:**

» Senda kröfur beint í milliinnheimtu
» Veita greiðslufrest á innheimtukröfur
» Nettun bankareikninga með sjálfvirkum millifærslum

Netbankann er jafnframt hægt að beintengja við bókhaldskerfi og framkvæma aðgerðir netbankans inni í bókhaldskerfi fyrirtækisins.

Kynntu þér hvernig **netbankinn getur sparað tíma hjá þínu fyrirtæki.**



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í verslun og þjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Lilja Pálsdóttir hefur 25 ára reynslu af ráðgjöf til fyrirtækja í verslun og þjónustu. Lilja er útibússtjóri hjá Íslandsbanka.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki



Prag er talin með fegurstu borgum Evrópu og eru elstu hverfi hennar á heimsminjaskrá Unesco. Höfuðborgin er sú stærsta í Tékklandi, staðsett í miðju landsins og í gegnum hana rennur Moldá.

# Rómantískt vor og stórborgasjarmi

**Dregur hugurinn þig stundum til Prag, Dyflinnar, Berlínar, Barcelona eða Brighton? Úrval Útsýn er með freistandi tilboð á helgarferðum til fimm evrópskra heimsborga í vor, sumar og haust.**

Borgarferðir sækja nú aftur í sig veðrið og mikil eftirspurn er eftir rómantískum, sögulegum borgum í Evrópu," upplýsir Þorsteinn Guðjónsson, framkvæmdastjóri Úrvals Útsýnar, sem býður heillandi borgarferðir til Prag nú í maí og til Berlínar og Barcelona í haust.

„Í stað verslunarferða áður vilja landsmenn nú fara í menningarreisur til að upplifa áfangastaðina betur og því mætum við með auknu framboði skoðunarferða með reyndum fararstjórum," segir Þorsteinn sem ríður á vaðið með einstakri vorferð til Prag helgina 16. til 20. maí næstkomandi.

„Þá förum við sérstaka forsetaferð í tilefni af síðustu opinberu heimsókn Ólafs Ragnars Grímssonar á kjörtímabilinu. Forsetahjónin verða um borð í vélinni og mun ferðafólkið strax upplifa höfðinglegar móttökur heimamanna. Þá verður Íslandsstofa með skemmtilega kynningu á Íslandi í Prag og Andrea Gylfadóttir treður upp með tékkneskum listamönnum. Vitaskuld eru allir frjálsir ferða sinna, og geta upplifað rómantískt vor í Prag sem er töfrandi borg og mikið augnayndi; full af menningu, listum og mannlífi."

Þess má geta að forsetaflugið til Prag verður jómfrúrferð Iceland Express en eftir það flýgur flugfélagið vikulega til tékknesku höfuðborgarinnar.

## Hausttöfrar Evrópu

Þegar haustar stendur Úrval Útsýn fyrir spennandi helgarferðum til Berlínar og Barcelona, og áfram verður ferðaskrifstofan með borgarferðir til enska strandbæjarins Brighton sem stundum er kallaður Litlu-Lundúnir og til Dyflinnar, höfuðborgar Írlands.



Þorsteinn Guðjónsson er framkvæmdastjóri Úrvals Útsýnar. Hann segir Íslendinga nú þyrsta í menningarreisur í stað verslunarferða um stórborgir heims. MYND/STEFÁN

„Dyflinn er með líflegri borgum Evrópu og veitingahús, krár og nýtísku hótel hafa lífgað upp á miðbæ Dyflinnar svo um munar. Borgin iðar af fjöri fyrir jafnt unga sem aldna og allir finna skemmtun, menningu og stemningu við hæfi. Þá nýtur hin undurfagra Brighton alltaf jafn mikilla vinsælda, og nú finnum við fyrir miklum áhuga á Berlín og Barcelona," segir Þorsteinn um þessar fjórar miklu menningarborgir.

„Barcelona er hrífandi sólarlandaborg sem hefur verið funheit frá Ólympíuleikunum 1992 og alltaf slegist um hvert sæti. Þaðan er stutt í sjarmerandi, nálæga strandbæi og borgin sjálf mjög lifandi með lokkandi mannlífi og menningu," segir Þorsteinn um spænska djásnið Barcelona, en Berlín hefur ekki síður slegið í gegn hjá íslensku ferðafólki.

„Þar er áhrifamikið að skoða ummerki Berlínarmúrsins og þær leifar sem eftir standa af aðskilnaði menningarheima vesturs og austurs í kalda stríðinu, en borgin sjálf er uppfull af lífsins dásemdum og sannarlega hægt að dekra við líkama og sál í fallegri Berlín," segir Þorsteinn sem hefur heimsótt allar þessar borgir en hefur þó enga í dálæti umfram aðra.

„Að bera þessar borgir saman er eins og að bera saman epli, appelsínu, banana og sítrónu. Allar eru þær ólíkir karakterar með stóran sjarma og hver þeirra sinn kaflinn í bókinni um heiminn, en allt borgir sem hver og einn ætti að upplifa á lífsleiðinni."




# Þar sem austrið mætir vestrinu

**Vala Ósk Bergsveinsdóttir kennir ensku í Özyegin Universitesi í Istanbúl. Hún hóf störf í september og ætlar að starfa þar áfram næsta vetur.**

Tyrkland hefur yfir sér framandi blæ hjá Íslendingum og Vala Ósk var spurð hvernig henni liði í Istanbúl. „Það er skemmtilegt að búa hérna því á hverjum degi lærir maður og kynnist einhverju nýju en það getur líka verið þreytandi að búa í þessari stóru og mannmörgu borg. Sumir segja að hér búi 15 milljónir en aðrir skjóta á tölur nærri 20 milljónum. Samgöngur eru skrautlegar og það getur tekið langan tíma að komast á milli staða. Það segir sig því eiginlega sjálft að stundum getur maður orðið þreyttur. Ég hef búið hér síðan í september og mér finnst enn þá svolítið skrítið að búa í þessari mögnuðu borg þar sem austrið mætir vestrinu.“

### Eru Tyrkir almennilegir í daglegum samskiptum?

„Ég hef mjög góða reynslu af daglegum samskiptum mínum við heimafólk. Fæstir tala ensku og þar sem tyrkneskukunnátta mín er enn mjög takmörkuð þá þarf ég oft að nota einhvers konar táknmál og stök orð í stað setninga.“

### Hvaða staðir eru mest spennandi í þínum huga?

„Istanbúl tilheyrir bæði Evrópu og Asíu en borgin er byggð beggja vegna við Bospórussund. Ég bý Asíumegin í borginni og þar líður mér best. Stemningin í hverfinu mínu, Kadiköy, er frekar eins og í smáborg en stórborg. Evrópumegin eru helstu ferðamannastaðirnir, verslunargötur og hverfi með veitingastöðum og kaffihúsum og skemmtileg hverfi þar eru t.d. Beyoglu og Galata Saray, Ortaköy og Nisantasi.“

### Skemmtilegar gönguleiðir?

Ég bý í þriggja mínútna fjarlægð frá sjónum og það er yndislegt að ganga meðfram honum á fallegum dögum. Evrópumegin í borginni er auðvitað mikið um fallegar byggingar í spennandi hverfum og því best að leyfa sér að týnast smá til að kynnast borginni sem best.

### Hefur þú prófað góða veitingastaði?

Tyrknesk matarmenning er ótrúlega mögnuð og fjöldi rétta virðist vera óendanlegur. Kjötréttir eins og kebab og köfte (hakkaðar lambakjöts-„bollur“ með kryddi eldaðar á ýmsa vegu), alls konar eldað grænmeti (eggaldin er mjög vinsælt) og fyllt vínviðarlauf með hrísgrjónaog kjötblöndu eru dæmi um nokkra algenga rétti en með þessu er borðað jógúrt og brauð. Fyrir matgæðinga er því af nógu að taka. Hins vegar er erfitt að finna góða veitingastaði með mat frá öðrum þjóðum. Hér eru alþjóðlegir skyndibitastaðir eins og McDonalds og Kentucky Fried Chicken en þá daga sem mig langar í sushi, taílenskan mat eða góðan ítalskan pastarétt neyðist ég til að láta mig dreyma.

Mjög vinsæll og góður tyrkneskur staður hérna Asíumegin er Ciya (www.ciya.com.tr). Þetta eru reyndar þrír veitingastaðir sama eiganda sem allir heita sama nafninu og eru nánast hlið við hlið! Þeir bjóða þó upp á mismunandi matargerð. Einn þeirra býður upp á fjölbreytta rétti alls staðar að frá Tyrklandi á meðan hinir tveir einbeita sér að kebabréttum.



Vala Ósk fyrir framan hina þekktu Bláu mosku.



„Dæmigerð búð á markaðsgötunni minni, ólífur, ostar, þurrkaðir ávextir, hnetur og margs konar gúmmelaði.“

### Er gott að versla?

Matur og drykkur er ekki dýr nema ef talað er um innfluttar vörur. Þegar kemur að fatnaði og slíku er hægt að gera góð kaup til dæmis á skóm. Nánast önnur hver verslun selur skó og ég uppgötvaði nýlega að skóárstíðirnar hér eru ansi margar, alltaf nýjar og nýjar sendingar eftir veðri! Það er mikið um markaði hér. Þeir sem heimsótt hafa borgina kannast eflaust við Grand Bazaar en þar er selt allt milli himins og jarðar. Líkt og nafnið gefur til kynna er hann ansi stór. Þegar ég fæ gesti fer ég gjarnan á minni markað í Eminönuhverfinu sem heitir Misir Carsisi (e. Spice or Egyptian Bazaar). Þar er hægt að kaupa krydd, þurrkaða ávexti og hnetur ásamt alls konar smávöru.

### Hefur þú ferðast út fyrir borgina?

Á dagskrá er að fara til Suður-Tyrklands á næstu vikum til Antalya, Kas og jafnvel Bodrum en Íslendingar ættu að kannast við þá staði.

### Hvernig eyðir þú frítíma þínum í borginni?

Á næstunni mun ég hefja tyrkneskunám fyrir alvöru og þá fer eflaust mikið af frítímanum í lærdóm.







Billund

á lægsta verðinu árið 2012!

flug frá 13.900 kr.



Heimsferðir bjóða þér beint flug til Billund í sumar. Flogið verður alla mánudaga frá 21. maí til 10. september frá Billlund til Keflavíkur. Flug frá Keflavík til Billund verður alla miðvikudaga frá 23. maí til 12. september.

**Nú er tækifæri til að bregðast skjótt við og næla sér í flug til Billund á lægsta verðinu.**

Skráðu þig í netklúbb Heimsferða og fáðu send öll tilboð.

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

ENNEMM / SÍA • NM52108 Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




Það eru ekki margir að versla í stærstu verslunarmiðstöð heims.

## *Stærst í heimi en samt tóm*

Eitt af því sem Íslendingar gera mikið af þegar þeir fara til útlanda er að versla. Stórar verslunarmiðstöðvar þar sem hægt er að fá nánast allt sem hugurinn girnist á einum og sama staðnum eru því vinsælir áfangastaðir í huga margra. Vefsíðan Touropia hefur tekið saman lista yfir tíu stærstu verslunarmiðstöðvar heims og þar kemur fram að átta þeirra eru í Asíu.

Stærsta verslunarmiðstöð heims er samt sem áður líklega ekki fýsilegasti kosturinn ef tilgangurinn er að versla sem mest. New South China Mall í borginni Dongguan í Kína er sú verslunarmiðstöð sem er talin vera stærst ef farið er eftir flatarmáli sem ætlað er til leigu. Það er þó ekki nóg að vera stærst til að vera best því það sem miðstöðina vantar eru viðskiptavinir. Þrátt fyrir að státa af eftirlíkingu af Sigurboganum franska, gondólum sem sigla um á síkjum og rússíbana eru 99 prósent allra verslananna í miðstöðinni tómar. Einu svæðin sem eru í leigu í verslunarmiðstöðvarferlíkinu eru við útgangana þar sem vestrænar skyndibitakeðjur hafa lagt undir sig rýmið.

Þannig hefur þetta verið síðan verslunarmiðstöðin opnaði árið 2005 og því ekki skrítið að hún hafi verið uppnefnd stærsta „draugaverslunarmiðstöð“ í heimi.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is




# Portúgal

## Draumastaður fjölskyldunnar

**Sumargjöf VITA!**
Lækkað verð á valdri gistingu
8.-22. maí.

Beint vikulegt flug með Icelandair í allt sumar frá 8. maí*







### Alfagar II ★★★★ íbúðahótel

Fjögurra stjörnu hótel. Fallegar og vel útbúnar íbúðir. Í hótelgarðinum er sundlaug með rennibraut. Tennisvöllur og knattspyrnuvöllur.

**Verð frá 75.500 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í íbúð m/1 svefnh. í 14 nætur, 8. maí. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnh. og garðsýn: 110.900 kr. og 15.000 Vildarpunktar. *Verð án Vildarpunkta 85.500 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 120.900 kr. m.v. 2.

### Alfagar I ★★★ smáhýsi

Snotur íbúðagisting 5 km austan við Albufeira. Hótelið situr á klettarsyllu við Santa Eulália ströndina og frá því er gríðarlega fallegt útsýni yfir strandlengjuna.

**Verð frá 59.800 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-11) í íbúð m/1 svefnh. og garðsýn. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í íbúð m/1 svefnh. og garðsýn: 79.800 kr. og 15.000 Vildarpunktar. *Verð án Vildarpunkta 69.800 kr. m.v. 2+2. Verð án Vildarpunkta 89.800 kr. m.v. 2.

### Vila Galé Cerro Alagoa ★★★★

Fjögurra stjörnu hótel á besta stað á Albufeira. Herbergin eru smekkleg, rúmgóð, parketlögð og með nýtískulegum innréttingum.

**Verð frá 85.500 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-11) í tvíbýli m/aukarúmi í 14 nætur með morgunverði 8. maí. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í í tvíbýli m/morgunverði: 108.200 kr. og 15.000 Vildarpunktar. *Verð án Vildarpunkta 95.500 kr. m.v. 2+1. Verð án Vildarpunkta 118.200 kr. m.v. 2.

* Fyrsta brottför er 8. maí og næsta 22. maí, upp frá því er flogið vikulega. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 kr. bókunargjald. Tilboðið á eingöngu við þá gistingu sem er í auglýsingunni.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 59554 04/12



## FLAKA OG SLEPPA

Mörgum finnst gaman að kynnast nýrri matarmenningu á ferðalögum. Í Japan má finna sushi-veitingastaði sem gefa orðinu „ferskt“ alveg nýja merkingu. Á stöðunum er fiskabúr og þú bendir einfaldlega á fiskinn sem þig langar að snæða. Kokkurinn kippir honum því næst upp úr og flakar hann lifandi, eins og ekkert sé sjálfsagðara. Ef eitthvað stendur eftir af kjöti er fiskurinn síðan settur aftur ofan í. Ekki fyrir viðkvæma, svo mikið er víst.



### GOTT AÐ HAFA Í HUGA

*Þegar farið er í ferðalög þarf að huga að mörgu og því er gott að setja saman gátlista með atriðum sem þurfa að vera á hreinu áður en haldið er af stað. Hér á eftir eru nokkur dæmi um atriði sem þarf að huga að þegar ferðast er til útlanda.*

1. **Vegabréf** Almennur afgreiðslutími vegabréfa er ein vika og vegabréfið er svo sent í pósti til umsækjanda.
2. **Peningar** Kaupa þarf gjaldeyri til að hafa meðferðis. Ef nota á kort í útlöndum þarf að athuga gildistíma þeirra og leggja pin-númer á minnið.
3. **Farseðlar** Munið eftir að taka með farseðla eða kvittun um farseðlakaup.
4. **Ökuskírteini** Íslensk ökuskírteini gilda milli landa Evrópusambandsins en vissara er að endurnýja eldri gerð ökuskírteina (útgefin fyrir 1997).
5. **Ferðatryggingar** Kannið hvaða tryggingar þið hafið og hvort þær uppfylli ykkar þarfir.
6. **Bólusetningar** Bólusetningar og nánari upplýsingar um þær er hægt að fá m.a. á Göngudeild sóttvarna hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.




## FIMM BÍÓMYNDIR SEM KVEIKJA FERÐABAKTERÍUNA

*Ferðalög eru sígilt viðfangsefni kvikmynda. Þær sýna okkur staði sem við höfum aldrei séð áður og nýjar hliðar á kunnugum slóðum. Margar eru tilnefndar en hér koma fimm fallegar og áhugahvetjandi.*

**Under the Tuscan Sun (Ítalía)**
Ástarsaga með Diane Lane í hlutverki konu sem kaupir sér hrörlega villu í Toskana-héraði til að gleyma svikulum eiginmanni. Að sjálfsögðu lendir hún í eldheitu ástarævintýri með ítölskum fola innan um vínekrur og ólífuakra.

**Lost In Translation (Japan)**
Bill Murray og Scarlett Johansson fá menningarsjokk í glysmikilli Tókýó í hlutverkum kvikmyndastjörnu sem man fífil sinn fegri og vanræktrar eiginkonu.



**Eat Pray Love (Ítalía, Indland og Indónesía)**
Áferðarfögur sjálfshjálparmynd með Juliu Roberts í hlutverki konu sem ferðast í leit að sjálfri sér. Í myndinni er Ítalía girnilegri, Balí rómantískari og Indland exótískari en nokkru sinni.

**Amélie (Frakkland)**
París í sínu rómantískasta ljósi. Saga af mögnuðu ímyndunarafli Amélie sem ákveður að gera líf annarra hamingjuríkara á meðan hún horfir fram hjá eigin einsemd.

**The Beach (Taíland)**
Leonardo DiCaprio leikur ævintýragjarnan bakpokaferðalang sem heyrir af leynilegri paradísareyju. Myndin er að mestu tekin á Phi Phi Le-eyju í Suður-Taílandi og kveikir þrá til að ferðast um ókunn lönd.



Leikhúsmógúllinn og Gamla Bíó Leikhús kynna:

"Critic's Choice!" Los Angeles Times

"Remarkable!" BACKSTAGE WEST

"Brilliant!" StageSceneLA

"Amazing!" VARIETY

"Groundbreaking!" Beatlesnews.com

„John Lennon lifnar við fyrir framan augu manns. Ótrúleg upplifun!"
Ívar Guðmundsson - Bylgjunni

"Masterful!" Las Vegas Review

"Go!" LA WEEKLY

„Þetta er showið fyrir þann sem hefur alltaf dreymt um að fara á tónleika með John Lennon"
Þorvaldur Davíð - leikari

"Uncanny!" RAVE MAGAZINE

★★★★★ Entertainment Today



GOÐSÖGNIN SNÝR AFTUR - ÖRFÁAR SÝNINGAR

# just imagine

16. - 20. maí - miðaverð aðeins Kr 4.999.-

Tryggðu þér miða strax! sími: 563-4000 eða á gamlabio.is

Gamla Bíó Leikhús - Ingólfstræti 2a

# Ungir Íslendingar augnabliksins

**Frónsk ungmenni** gera það mörg hver gott úti í hinum stóra heimi þessa dagana og á hinum ýmsu sviðum. *Fréttablaðið* skoðar nokkra einstaklinga sem hafa náð afburða árangri á sínu sviði, með æskuna að vopni.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Gunnar Nelson

**Bardagakappi** Aldur: 23

Gunnar Nelson var valinn efnilegasti karatemaður Íslands sextán ára gamall. Æ síðan hefur hann byggt upp feril sinn af þolinmæði og þrautseigju og hefur nú um nokkurt skeið af mörgum verið talinn einn efnilegasti bardagamaður heims. Gunnar er með svarta beltið í brasilísku jiu jitsu, keppir meðal annars í blönduðum bardagaíþróttum og hefur aðeins einu sinni gert jafntefli í slíkri viðureign en unnið hinar níu. Honum er reglulega boðið til þátttöku á sterkustu glímumótum heims. Er mál manna að Gunnar gæti auðveldlega keppt á fleiri og stærri mótum, en hann þykir hógvær og rólegur og tekur ekki hvaða boði sem er.

## Kolfinna Kristófersdóttir

**Fyrirsæta** Aldur: 19

Uppgangur Kolfinnu í tískuheiminum hefur verið ógnarhraður allt frá því hún bar sigur úr býtum í Fordkeppninni í Hafnarhúsinu í febrúar 2011. Fljótlega í kjölfarið skrifaði Kolfinna undir samning hjá Next, einni stærstu umboðsstofu Bretlands, flutti til London og þaðan til New York þar sem verkefnin hafa hrannast upp og virðist ekkert lát á eftirspurninni. Meðal stórmenna í tískuheiminum sem hafa notið starfskrafta Kolfinnu eru Karl Lagerfeld, Donatella Versace, Alexander Wang, Marc Jacobs, Jonathan Saunders og Christopher Kane og hefur hún meðal annars verið mynduð fyrir ítölsku og þýsku útgáfur tímaritsins Vogue. Þá var Kolfinna valin best klædda fyrirsæta tískuvikunnar í London í netkosningu vefsíðunnar Style.com.




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Of Monsters And Men

**Hljómsveit** Meðalaldur: 23

Aðeins tveimur árum eftir að Of Monsters And Men hlaut fyrsta sætið í Músíktilraunum hefur hljómsveitin náð hærra á bandaríska Billboard-vinsældalistanum en öðrum Íslendingum hefur áður tekist. Fyrsta stóra plata sveitarinnar, My Head Is an Animal, fór beint í sjötta sæti listans sem verður undir öllum kringumstæðum að teljast frábær árangur og greinilegt að ungmennin frá Keflavík og Garðabæ hafa hitt á streng í vestrænum brjóstum. Uppselt var á alla tuttugu tónleikana í Norður-Ameríkutúrnum, sem er nýlokið, en um þessar mundir kemur sveitin fram vítt og breitt um Evrópu áður en hún snýr aftur til Bandaríkjanna til að trylla jafnt amerískan æskulýð og þá sem eldri eru í sumar.

## Gylfi Sigurðsson

**Knattspyrnumaður** Aldur: 22

Síðustu mánuði hafa margir spurt sig að því hvað gekk á í kolli forráðamanna þýska liðsins Hoffenheim, sem lánaði Gylfa Sigurðsson til Swansea í ensku úrvalsdeildinni í janúar síðastliðnum. Leikmaðurinn hefur hreinlega slegið í gegn, skorað sjö mörk í fimmtán leikjum í deildinni og bætti enn einni rósinni í hnappagatið þegar hann var fyrstur Íslendinga valinn leikmaður mánaðarins í ensku Úrvalsdeildinni í mars. Í kjölfarið hefur Gylfi verið orðaður við mörg af stærstu og vinsælustu félagsliðum heims, eins og Liverpool, Newcastle, Arsenal, Manchester United, Inter Milan, Juventus og fleiri. Markus Babbel, sem tók við sem þjálfari Hoffenheim eftir að Gylfi var lánaður til Englands, segir þó klárt að Gylfi hefji næstu leiktíð með þýska liðinu, en hann á tvö ár eftir af samningi sínum þar.


NORDICPHOTOS/GETTY

IÐAN fræðslusetur

Bílasalar

Undirbúningsnámskeið vegna prófs
til leyfis sölu notaðra bifreiða
verður haldið í Reykjavík 2. –18. maí 2012
Umsóknarfrestur er til 1. maí.
Nánari upplýsingar og skráning í síma 590 6400
eða fjola@idan.is

IÐAN fræðslusetur
Skúlatúni 2 - 105 Reykjavík
www.idan.is - s. 590-6400

Prófnefnd bifreiðasala

## Halldór Helgason

**Snjóbrettakappi** Aldur: 21

Akureyringurinn Halldór Helgason var einungis átján ára gamall þegar hann sigraði í snjóbrettakeppni á stærsta íþróttamóti heims þar sem keppt er í jaðaríþróttum, Winter X-Games, og var við sama tilefni valinn nýliði ársins á ráðstefnu tveggja stærstu snjóbrettablaðanna í Bandaríkjunum. Í kjölfarið varð Halldór einn þekktasti snjóbrettamaður heims, býr í Mónakó og keppir reglulega á stærstu mótunum í geiranum. Halldór og Eiríkur bróðir hans, sem einnig er þekktur snjóbrettakappi, hafa líka náð góðum árangri í viðskiptahlið íþróttarinnar og hafa stofnað þrjú fyrirtæki sem framleiða snjóbretti og tengdar vörur. Þá er Halldór með samning við íþróttavörurisann Nike, sem hlotnast ekki hverjum sem er.


MYND/EINAR MÁR EINARSSON











# Uppskerudagur

## Opið hús í Tækniskólanum í dag, laugardag, kl. 13:00 – 16:00

Fjölbreytt dagskrá og allir velkomnir!

### Á Skólavörðuholti:

- Sýning á nýjum húsgögnum **húsgagnasmiða**.
- Nemar á **hönnunarbraut og fataiðnbraut** eru með sýningu á verkum sem unnin eru í samstarfi við Sorpu.
- Sýning á verkefnum **Raftækniskólanemenda**.
- Nemar á **hönnunarbraut** sýna verkefni sín.
- **Tæknimenntaskólinn** kynnir stúdentsleiðir fyrir alla starfs- og listnámsnemendur og náttúrufræðibrautir með sérhæfingu í flugtækni/raftækni/skipstækni/véltækni.
- Kynning á **Flugskóla Íslands**.
- Sýning á verkefnum **hársnyrtinema**. Opnar vinnustofur.
- Sölusýning á skartgripum og kaffihlaðborð á **gull- og silfursmíðabraut**.
- Kynning á verkefnum í **iðnteikningu háriðnar** kl. 14:00 – 15:00.
- Opin vinnustofa í **húsasmíði**.
- Verk nemenda á **fataiðnbraut** verða til sýnis.
- Nemendur í **gítarsmíði** stilla strengina.
- Kynning á verðlaunaverkefnum frá **Íslandsmóti iðngreina**.

### Á Háteigsvegi:

- **Ljósmyndanemendur** með sýningu, stofur verða opnar og nemendur á staðnum.
- Vinnustofa í **margmiðlun** og nemendaverkefni á skjá í hátíðarsal Tækniskólans á Háteigsvegi.
- Nemendur í **vélstjórn** kynna lokaverkefni sín.
- Sýning á lokaverkefnum í **iðnteikningu málmiðna**.
- **Skipstjórnarhermir** í gangi, siglt inn til Dover í Englandi.

### Í Vörðuskóla:

- **Tölvubrautarnemendur** sýna verkefni í forritun, tölvusamsetningum og kerfisstjórnun.
- Nemendur í **grafískri miðlun** sýna verkefni og verða með opna vinnustofu.
- Nemendur í **prentun** sýna verkefni.
- Verkefni eftir nemendur í grunnnámi **upplýsinga- og fjölmiðlagreina** verða til sýnis í stofum.

### Á Reykjavíkurflugvelli:

- **Flugskóli Íslands** með opna verklega aðstöðu. Bókun í kynnisflug á staðnum.

**Tækniskólinn**
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

# Krossgáta

**Lárétt**
**1.** Módel handa huggulegum (9)
**5.** Er hershöfðingi sjóræningi? (10)
**9.** Bit beita tilfinningaleysi (7)
**11.** Séu kerfi aðstoðarmanna úrelt taka tölvuverin við (12)
**12.** Fen og skjögur skapa skepnuna (5)
**13.** Ætli vinsæll drykkur standi milli Noregs og Rússíá? (9)
**14.** Guð með umdæmi (5)
**15.** Atvinnurekandi gerir atvinnugrip (10)
**18.** Ból fílaði og bólfélaga (10)
**21.** Músin og kjóarnir renna saman í úrvalskönnunni (13)
**25.** Þjörmum að nöglum (6)
**28.** Stíf gefa stöðuga (7)
**29.** Fremur glæpi um hríð (12)
**31.** Laug hani vatni í ker? (8)
**32.** Ein stór í austri, margar smærri í vestri (5)
**33.** Dagurinn er eilífð án þín (4)
**34.** Fæ ýkjupunkt fyrir ofstopaþrep (8)
**35.** Sá þrusuþétti vill fitufitu (9)
**38.** Hamfarir kringum kjarna (5)
**39.** Rugluð rolla (2)
**40.** Gátan ekki leyst enda lausnin ekki ákveðin (6)
**41.** Fákur, farðu frá; þetta er borg (6)
**42.** Volg falla fyrir gríni íþróttasvæða (9)
**43.** Galli snuðar (6)
**44.** Finnur merki um sjóngalla (7)

**Lóðrétt**
**1.** Árans félagar elska að hatast (10)
**2.** Að skálda annarra ljóð er ofnýting (8)
**3.** Slöngustóll fyrir ungamömmur (10)
**4.** Erlend skapar arnar ævi (8)
**5.** Best hittast (6)
**6.** Hár og gildur er afarfínn (9)
**7.** Böl sínku mannanna var að hitta þá austrænu (8)
**8.** Taumur skelfingar liggur um strípaða (8)
**10.** Eiga pening fyrir heiðraða (8)
**16.** Flökti sjónarmið fyrir fjargviðri?
**17.** Geislar dásamleg sál (8)
**19.** Segir ættstóran bola sitt meginverkefni (9)
**20.** Sjá ekki eftir sekúndubroti (9)
**22.** Helgisiðurinn urðar ummerkin (11)
**23.** Tali mælar sem miðandi er við (11)
**24.** Sætindi sleikir í kjafti kisu (11)
**26.** Fuglahópur pirrar mig ítrekað (8)
**27.** Frostfjölin hylur freðna jörð (10)
**30.** Flón finnur engi og eðalmálm (7)
**35.** Herða apa með ósvífni (5)
**36.** Hann lifir enn á bláum rúskinnsskóm (5)
**37.** Kætin með græjurnar (5)





Lausnarorð síðustu viku var
**SJÓBIRTINGUR**

FORLAGIÐ

## Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Feluleikur frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Valborg Þorleifsdóttir, Kópavogi.**




## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem öllum Íslendingum ætti að vera ofarlega í huga, að minnsta kosti um þetta leyti árs. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 2. maí næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „28. apríl“.






**FORINGJAR** Eftir tveggja áratuga valdasetu þar sem hann gerðist meðal annars bandamaður Adolfs Hitler, mætti Benito Mussolini örlögum sínum á flótta.

**Í ÞÁ TÍÐ:** Árið 1945

# „Il Duce“ drepinn á flótta

**Einræðisherrann og fasistaforinginn Benito Mussolini var handsamaður ásamt ástkonu sinni á flótta til Sviss og tekinn lífi af uppreisnarmönnum. Mussolini hafði stjórnað Ítalíu með harðri hendi í rúmlega tuttugu ár.**

Á þessum degi fyrir réttum 67 árum, hinn 28. apríl árið 1945, var ítalski einræðiherrann Benito Mussolini tekin af lífi, ásamt frillu sinni.

Mussolini, eða „Il Duce“ eins og hann var jafnan kallaður, hóf leið sína til valda með þátttöku í starfi bolsévika og var margoft fangelsaður fyrir gerðir sínar og skrif, en gerðist síðar afhuga sósíalisma.

Undir lok fyrri heimstyrjaldarinnar stofnaði Mussolini fasistaflokkinn. Í krafti ofbeldis svartstakkasveita og ofstækisfullrar ræðumennsku Il Duce sem hreif mannfjöldann, hrifsuðu fasistar til sín völdin árið 1922.

Mussolini var einráður og virtist fyrst um sinn ná að koma reglu á í ítölsku samfélagi, sem hafði um árabil verið sem lamað vegna uppþota og verkfalla.

Hann batt trúss sitt við Adolf Hitler í hildarleik seinni heimsstyrjaldarinnar en verður seint minnst fyrir herkænsku þar sem þýski herinn þurfti oftar en ekki að koma Ítölum til bjargar.

Eftir að fallaskipti urðu í stríðinu og bandamenn tóku land á Sikiley sumarið 1943 var ljóst í hvað stefndi. Ríkisráð fasista vék Mussolini frá völdum og hneppti í varðhald.

Þjóðverjar komu honum enn til bjargar með því að frelsa hann úr fangelsi þá um haustið og settu hann yfir leppstjórn í norðurhluta Ítalíu.

Uppreisnarmenn gerðu þó harða hríð að fasistum og á sama tíma fjaraði sífellt undan bakhjarlinum í Berlín.

Vitandi í hvað stefndi lagði Mussolini á flótta ásamt Clöru Petacci, hjákonu sinni og setti stefnuna á Sviss þar sem hann vonaði að hann myndi njóta friðhelgi.

Það reyndi þó aldrei á það því að skötuhjúin voru svikin af lífvörðum sínum í hendur uppreisnarmanna. Þau voru skotin og lík þeirra flutt á vörubílspalli til Mílanó þar sem þau voru hengd upp á fótunum á Piazza Loreto. Þar fagnaði mannfjöldinn falli einræðisherrans og endalokum stríðsins.

Lýðræði var endurreist á Ítalíu eftir rúmlega tveggja áratuga harðstjórn.

- þj

*Heimildir: Britannica og History.com*

# KRÓNAN

**– fyrst og fremst ódýr!**

# DÚNDUR-VERÐ



**1089 kr. kg**
Frosið lambalæri



**1998 kr. kg**
Krónu kjúklingabringur



**40% afsláttur**

**998 kr. kg**
Verð áður ~~1698~~ kr. kg
Grísasnitsel eða grísagúllas



**4 í pk.**

**599 kr. pk.**
Grillborgarar með brauði, 4 stk. í pk.



**898 kr. kg**
Grísakótilettur í kassa, frosnar

**AÐEINS 39 kr. STYKKIÐ**

## ávaxta-markaður Krónunnar

**AÐEINS 39 kr. STYKKIÐ**



Veldu einhverja tíu ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar, settu þá í poka eins og þennan og borgaðu aðeins 390 kr.



Gættu þess að láta ávaxtafjöldann standa á heilum tug. Stykkjaverð er 49 kr. ef ekki er verslað á heilum tug.

Árbæ Bíldshöfða Breiðholti Granda Hvaleyrarbraut Lindum Mosfellsbæ Reykjavíkurvegi Akranesi Reyðarfirði Selfossi Vestmannaeyjum

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



56 **MARGRÉT PÁLMADÓTTIR** kórstjóri á afmæli í dag.

*„Það væri enginn í kór nema af því að það er svo skemmtilegt.“*



## 90 ára afmæli

**Erlendur Þórðarson**

fyrrv. mjólkurfræðingur og sendibílstjóri verður níræður 29. apríl nk.

Af því tilefni býður hann ættingjum og vinum til mannfagnaðar í safnaðarheimili Áskirkju í Reykjavík á afmælisdegi sínum, sunnudaginn 29. apríl kl. 15.00-18.00.

Erlendur afþakkar blóm og gjafir, en gestum gefst kostur á að styrkja kisurnar í Kattholti með fjárframlögum sem hægt er að stinga í söfnunarbauk sem verður á staðnum.

ÁSTA PÁLMADÓTTIR SVEITARSTJÓRI: SETUR SÆLUVIKU SKAGFIRÐINGA

# Allt það besta sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða

Menningin blómstrar í Skagafirði um þessar mundir. Lífsins gæði og gleði er yfirskrift atvinnulífssýningar í íþróttahöllinni á Sauðárkróki og árleg Sæluvika hefst á morgun með fjölbreyttri dagskrá. Fullkomin ástæða til að heyra í Ástu Pálmadóttur sveitarstjóra. „Já, hér er mikið um dýrðir,“ segir Ásta ánægjuleg. „Á sýningunni í íþróttahöllinni eru um sjötíu básar og þar er allt það besta sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða í framleiðslu, þjónustu og menningu. Svo er sæluvikan framundan, ein samfelld lista- og menningarveisla að venju. Upptakturinn var dagskrá í Miðgarði í gærkvöldi sem hét Sönglög á sæluviku þar sem um fimmtíu flytjendur komu fram, þeirra á meðal Guðrún Gunnars og Óskar Pétursson.“

Ásta er Skagfirðingur í húð og hár, faðirinn frá Svaðastöðum og móðirin frá Molastöðum í Fljótum. Hún tók við embætti bæjarstjóra árið 2010 og kveðst kunna mjög vel við það. „Sveitarfélagið Skagafjörður var áður ellefu hreppar sem voru sameinaðir 1998, þannig að mitt umdæmi er 5200 ferkílómetrar með margþætta starfsemi,“ segir hún.

Sögu sæluvikunnar rekur Ásta allt aftur til 1874, þegar efnt var til stórhátíðar á Reynisstað til að fagna þúsund ára þjóðarafmæli. „Það ár voru samþykkt lög um sýslu- og hreppsnefndir og upp frá því voru árlegir sýslunefndarfundir á Sauðárkróki, þá mótaðist sú hefð að halda skemmtiviku og héraðshátíð um leið og um 1920 var nafninu breytt úr sýslunefndarviku í sæluviku.“ Kórakvöld og kirkjukvöld eru fastir og ómissandi liðir á sæluviku, að sögn Ástu. „Skagfirðingar eru söngelskir og hér starfar fjöldi kóra auk þess sem Karlakór Rangæinga og Samkór Reykjavíkur verða gestir í ár,“ segir hún og nefnir í framhaldinu tónleika Multi Musica sem flytur lög frá stríðsárunum á tónleikum á Mælifelli næsta föstudag. Sossa og Tolli sýna myndlist í Safnahúsinu og héraðsskjalasafnið opnar ljósmyndavef með gömlum myndum. „Svo er ekki sæluvika nema Leikfélag Sauðárkróks sé með frumsýningu. Í ár er verkið Tveir tvöfaldir eftir Ray Cooney á fjölunum undir stjórn Ingridar Jónsdóttur.“ Ásta telur upp fleiri viðburði en viðurkennir að í áranna rás hafi dregið úr dansleikjahaldi. „Aðalballið er eftir kóramótið í Miðgarði 5. maí en ekki böll á hverju kvöldi vikunnar eins og í gamla daga.“

gun@frettabladid.is



**ÁSTA PÁLMADÓTTIR SVEITARSTJÓRI** „Það er ekki sæluvika nema Leikfélag Sauðárkróks sé með frumsýningu,“ segir hún. Benda má á frekari upplýsingar á vefnum skagafjordur.com.

MYND/FEYKIR

---

†



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður og afa,

**ÆVARS KARLS ÓLAFSSONAR**
**fv. yfirtollvarðar,**
**Kirkjulundi 6, Garðabæ.**

**Sigrún Jóhannsdóttir**
**Ólafur Þór Ævarsson — Marta Lárusdóttir**
**Inga Jóna Ævarsdóttir — Tryggvi Agnarsson**
**Jóhann Björn Ævarsson**
**og barnabörn.**

---

†



Okkar ástkæri,

**AÐALSTEINN GRÍMSSON**
**Öldugötu 6, Dalvík,**

lést á FSA þann 4. apríl sl., útförin hefur farið fram. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Hildur Aðalsteinsdóttir — Ólafur Baldursson**
**Andri Þór Ólafsson**
**Aðalsteinn Ólafsson — Andrea P. Helgadóttir**
**Hildur Helga Aðalsteinsdóttir**
**Þórey Arna Aðalsteinsdóttir**
**Guðmundur Aðalsteinsson — Ingibjörg Gunnlaugsdóttir**
**Hildur Hansen — Þórir Stefánsson**
**og aðrir aðstandendur.**

---

†



Elskulegur faðir minn, tengdafaðir, afi, bróðir okkar og mágur,

**GUNNAR JÓHANNSSON**
**Reynimel 76, 107 Reykjavík,**

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 15. apríl sl. Útför hans hefur þegar farið fram í kyrrþey. Hjartans þakkir færum við öllu því góða fólki sem kom honum til aðstoðar við skyndileg veikindi hans, þá einkum starfsfólki deilda 14E og 12B á Landspítalanum fyrir umönnun alla við lífslok hans, sem og öllum þeim sem sýnt hafa okkur samúð, hluttekningu og hlýhug vegna andláts og útfarar hans.

**Kristrún Gunnarsdóttir — Hjálmar R. Hafsteinsson**
**Halla Líf og Jökull Mar Hjálmarsbörn**
**Karl F. Jóhannsson — Bergljót Aradóttir**
**Anna Guðrún Jóhannsdóttir**
**Steinunn Jóhannsdóttir**

---

†



Eiginmaður minn,

**SIGURSVEINN RÓSBERG HAUKSSON**
**húsasmíðameistari,**
**Stífluseli 12, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli 8. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum vináttu og hlýhug.

**Sigurbjörg Helgadóttir**
**Helgi R. Sigursveinsson**
**Steinunn B. Sigursveinsdóttir — Jóhannes Jóhannesson**
**Ævar Þór Jónsson**
**og barnabarn.**

---

†



Þökkum samúð og hlýhug við fráfall og jarðarför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**BRYNDÍSAR EIRÍKSDÓTTUR**
**Stöðulfelli.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Blesastöðum og Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fyrir hjúkrun og umönnun.

**Margrét Bjarnadóttir — Viggó Þorsteinsson**
**Eiríkur Bjarnason — Ásdís J. Karlsdóttir**
**Sigríður Bjarnadóttir — Guðmundur B. Kristmundsson**
**Guðrún Elísabet Bjarnadóttir — Benedikt Vilhjálmsson**
**Jón Bjarnason — Lilja Árnadóttir**
**Oddur G. Bjarnason — Hrafnhildur Ágústsdóttir**
**Guttormur Bjarnason — Signý B. Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Við þökkum innilega auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**JÓNS MAGNÚSSONAR**
**Blikanesi 27, Garðabæ.**

**Dóra Björg Guðmundsdóttir**
**Ástríður Jónsdóttir**
**Hanna Hjördís Jónsdóttir — Sigurður Sigurjónsson**
**Magnús Jónsson — Sigrún Þ. Þóroddsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



**SIGURÐUR ÓSKAR PÁLSSON**
**fyrrverandi kennari og skólastjóri á Borgarfirði eystra og Eiðum,**

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 26. apríl. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta SOS- barnaþorpin njóta þess. Reikn. 0130-26-9049 kt. 500289-2529.

**Jónbjörg Sesselja Eyjólfsdóttir**
**börn og fjölskyldur.**

---

†



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug, samúð og vináttu við andlát og útför ástkærrar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**BERGÞÓRU GUNNARSDÓTTUR**
**Heiðargerði 3, Reykjavík.**

**Ragnheiður Hermannsdóttir — Magnús Jóhannesson**
**Bergþóra Magnúsdóttir**
**Jóhannes Páll Magnússon — Berglind Ósk Pálsdóttir**
**Ragnheiður Björt Þórarinsdóttir**

---

†



Við, fyrir hönd aðstandenda

**ÞÓRÐAR HJARTARSONAR**

sem jarðsunginn var 11. apríl síðastliðinn, sendum ástúðlegar kveðjur og þakklæti öllum þeim sem sýndu minningu hans virðingu og okkur hlýju við fráfall hans.

**Helga Österby Þórðardóttir**
**Helga Þórðardóttir**




ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.

ÞEKKING–REYNSLA–ALÚÐ
24 tíma vakt
Sími 551 3485

Davíð H. Ósvaldsson S: 896 8284 • Óli Pétur Friðþjófsson S: 892 8947

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson — Kristín Ingólfsdóttir — Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242

# PHILIPS AMBILIGHT

## SÍÐUSTU DAGAR TILBOÐSINS




EASY 3D · Full HD LED · Pixel Precise HD · 400 Hz Perfect Motion Rate · HD Natural Motion · SmartTV · DVB T C TERRESTRIAL/CABLE

**PHILIPS**

**Philips 42PFL7606T**
- 42" 3D Full HD Smart LED sjónvarp
- Pixel Precise HD
- 400 Hz Perfect Motion
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 4 HDMI og 2 USB tengi
- NetTv netvafri
- Tvenn þrívíddargleraugu fylgja

ambi light

**Ambilight varpar ljósi út frá tækinu á vegginn og breytir sjálfkrafa lit og birtu í takt við myndefnið.**

**TILBOÐ**
**199.995**
FULLT VERÐ 229.995




**Philips 42PDL7906T**
- 42" Easy 3D LED sjónvarp
- Pixel Precise HD
- 400Hz Perfect Motion
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 4 HDMI og 2 USB tengi
- Smart TV - þráðlaus netvafri
- Tvenn þrívíddargleraugu fylgja

**VERÐ**
**279.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Philips 47PFL7696T**
- 47" 3D Smart LED sjónvarp
- Pixel Precise HD
- 600Hz Perfect Motion
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 4 HDMI og 2 USB tengi
- NetTV netvafri
- Tvenn þrívíddargleraugu fylgja

**VERÐ**
**279.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Philips 46PFL8606T**
- 46" 3D MAX Smart LED sjónvarp
- Perfect Pixel HD Engine
- 800Hz Perfect Motion
- Ambilight Spectra 2 baklýsing
- 4 HDMI og 2 USB tengi
- Smart TV - þráðlaus netvafri
- Innbyggð veggfesting

**VERÐ**
**349.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## SÍÐUSTU DAGAR TILBOÐSINS




**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**PÁLL ÓSKAR** mætir klukkan 15 í dag á Fjölskylduskemmtun í Nýlistasafninu og syngur fyrir gesti. Fjölskylduskemmtun er verk eftir listamanninn Curver Thoroddsen. Síðasti dagur sýningarinnar er á morgun og aðgangur er ókeypis.

## Lísaloppa og Kata í ratleik

13

Bragi Halldórsson

„Er næsta þraut þá að þekkja þennan skýhnoðra?" spurði Kata þegar hún sá næstu mynd. „Nei, ekki alveg. Hér stendur," sagði Lísaloppa og las svo upp úr leiðarvísi ratleiksinns. „Hvaða íslenski jökull er þetta? Athugið að búið er að snúa myndinni af honum." „Búið að snúa myndinni af honum," át Kata hneyksluð upp eftir Lísuloppu. „Þessi leikur á ekki að vera auðveldur." Svo tautaði hún fyrir munni sér „það þýðir víst ekki að fást um það, bara snúa myndinni á alla kanta og þá hljótum við að finna út hvaða jökull þetta er.

Getur þú hjálpað Kötu og Lísuloppu að finna út hvaða jökull þetta er?







## BRANDARAKISTAN

**„Þér verðið að selja hundinn yðar. Dóttir mín varð að hætta söngæfingunni í gær því að hann spangólaði allan tímann."**
**„Mér þykir það leitt. En gáið að því – hún byrjaði."**

**„Hvað finnst þér um þennan píanóleikara?"**
**„Hann leikur í sönnum kristilegum anda."**

**„Við hvað áttu?"**
**„Hægri höndin veit eigi hvað sú vinstri gjörir."**

**Leigjandinn á neðri hæðinni: „Heyrðir þú ekki að ég var að berja í loftið hjá mér?"**
**Leigjandinn á efri hæðinni. „Jú, það gerði ekkert til. Það er svoddan hávaði hjá okkur líka."**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***



**STELPUROKK** Stelpurnar í Rokkhljómsveit Íslands hafa stóra drauma um framtíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# LANGAR TIL ÚTLANDA AÐ SPILA Á TÓNLEIKUM

**Katla Bæringsdóttir, Halldóra Jóhannsdóttir og Steinunn Hildur Ólafsdóttir stofnuðu Rokkhljómsveit Íslands í janúar og hafa oft komið fram opinberlega síðan. Þær spila allar á hljóðfæri og syngja og ætla að verða rosalega góðar í framtíðinni.**

Þó að þær Katla, Halldóra og Steinunn séu bara í 4. bekk hafa þær þegar öðlast töluverða reynslu úr bransanum. Þær hafa spilað í Iðnó, í skólanum, í Bústaðakirkju og um síðustu helgi spiluðu þær á sundlaugarbakkanum við Laugardalslaug á lokahátíð Barnamenningarhátíðar. Var það gaman? „Það var geðveikt," svara þær allar í einum kór.

**Steinunn:** „Það var sko mjög mikið af fólki að horfa á okkur."

**Halldóra:** „Já, ég átti sko ekki alveg von á svona mörgu fólki!"

***Og voruð þið ekkert feimnar eða stressaðar?***

**Steinunn:** „Neiii…"

**Katla:** „Kannski smá!"

**Halldóra:** „Jú!"

Þær Steinunn og Halldóra spila báðar tvær á hljómborð og syngja, en Katla spilar á gítar og syngur líka. Allar hafa þær leikið á hljóðfæri í nokkur ár. Bráðum bætast tvær nýjar stelpur við hópinn, þær Lovísa Ólafsdóttir og Hrafnhildur Hávarðardóttir.

***Hvaða lög spilið þið helst?***

**Halldóra:** „Við erum með tvö lög, eitt heitir Let it be og hitt heitir See you again."

**Katla:** „Þau heita Viljum frí og Gáðu á íslensku."

***Viljum frí fjallar um að þær vilji fá frí frá skólanum. Langar þær svolítið oft að komast í frí?***

**Steinunn:** „Já, en þetta var samt eiginlega bara grín."

**Halldóra:** „Já, en samt viljum við stundum fá frí."

Hitt lagið þeirra, Gáðu, fjallar um ofurhetjur.

**Halldóra:** „Þess vegna vorum við í ofurhetjubúningum þegar við sungum á sundlaugarbakkanum."

***Hvaða tónlistarmenn haldið þið mest upp á?***

**Steinunn:** „Ég lít upp til White Signal, sem systir mín spilar í."

**Katla:** „Já, og líka One Direction. Það er strákahljómsveit."

***Kannski getið þið spilað á tónlistarhátíð með þeim, þegar þið verðið aðeins eldri?***

**Halldóra:** „Já, en reyndar eru þeir sko alveg 20 og eitthvað ára gamlir og alveg helmingi frægari en við sko!"

***Hvað langar ykkur svo að gera í framtíðinni?***

**Steinunn:** „Mig langar mest að ferðast til útlanda og spila þar."

**Halldóra:** „Það er einmitt það sama og mig langar til."

**Katla:** „Mig líka. En svo ætlum við alla vega bara að halda áfram að æfa okkur og svoleiðis."

**Halldóra:** „Já, og verða rosalega góðar."


# Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir




## KRAKKAKYNNING

### Sólveig Halla Eiríksdóttir



**Aldur:** Tíu, að verða ellefu ára í október.

**Í hvaða skóla ertu?** Melaskóla.

**Í hvaða stjörnumerki ertu?** Vog.

**Áttu happatölu?** Já, 17.

**Hvað gerirðu í frístundum þínum?** Ég fer á fótboltaæfingar hjá KR, fer í sellótíma, á skátafundi og leik við vinkonur mínar.

**Eftirlætissjónvarpsþáttur:** Modern family.

**Besti matur:** Sushi.

**Eftirlætisdrykkur:** Vatn.

**Hvaða námsgrein er í uppáhaldi?** Smíði.

**Áttu gæludýr?** Nei.

**Skemmtilegasti dagurinn og af hverju:** Þegar ég var í Flórída í Disneygarðinum, því það var svo skemmtilegt.

**Eftirlætistónlistarmaður/hljómsveit:** Margir, meðal annars Adele.

**Uppáhaldslitur:** Gulur.

**Hvað gerðirðu í sumar?** Ég fór í sumarbúðir, til Akureyrar og á fótboltamót.

**Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið:** Fransbrauð með sultu.

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðin stór?** Hárgreiðslukona.

**FRÁBÆR VERÐ**
**Á FLOTTUM MERKJUM**



# Krakkaskór

## frá Puma í miklu úrvali



**Court Point jr.** **40%**
Stærðir 33 - 39
Verð: 9.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**



**Court Point jr.** **40%**
Stærðir 33 - 39
Verð: 9.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**



**v6.10 - junior** **30%**
Fótboltaskór
Takkaskór
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



**v6.10 - junior** **30%**
Fótboltaskór
Takkaskór
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



**v6.10 - junior** **30%**
Fótboltaskór
Gervigrasskór
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



**v6.10 - junior** **30%**
Fótboltaskór
Gervigrasskór
Stærðir 28 - 38
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



**Hammer Trainer** **38%**
Stærðir 35 - 39
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**

**ÖRFÁ PÖR EFTIR**



**Hammer Trainer V** **38%**
Stærðir 28 - 33
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



**Benecio jr.** **33%**
Stærðir 33 - 39
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**

**Mikið úrval af skóm á börn og fullorðna í stökum stærðum.**



**Drift Cat V jr.** **45%**
Stærðir 19 - 27
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



**Benecio V jr.** **30%**
Stærðir 19 - 27
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð: **4.990 kr.**



**Benecio Canvas jr.** **33%**
Stærðir 32 - 39
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**



**Benecio Canvas jr.** **33%**
Stærðir 32 - 39
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**



**Benecio Canvas jr.** **33%**
Stærðir 32 - 39
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**



**Benecio jr.** **33%**
Stærðir 33 - 39
Verð: 8.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**



**Benecio Canvas V jr.** **25%**
Stærðir 28 - 35
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**



**Benecio Canvas V jr.** **25%**
Stærðir 28 - 35
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð: **5.990 kr.**

**SPORT OUTLET**

Vínlandsleið 6
113 Reykjavík

Opið:
Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17

Við erum í Vínlandsleið í Grafarholti






## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** vanþóknun, **6.** umhverfis, **8.** tré, **9.** kóf, **11.** í röð, **12.** sveigur, **14.** fugl, **16.** hljóm, **17.** skjön, **18.** strit, **20.** bókstafur, **21.** ættarsetur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** svall, **3.** tveir eins, **4.** gufuskip, **5.** fag, **7.** tilgangur, **10.** spor, **13.** lærdómur, **15.** heimsálfu, **16.** hljóðfæri, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** svei, **6.** um, **8.** við, **9.** kaf, **11.** mn, **12.** krans, **14.** kráka, **16.** óm, **17.** mis, **18.** bis, **20.** pí, **21.** óðal.

**LÓÐRÉTT: 1.** sukk, **3.** vv, **4.** eimskip, **5.** iðn, **7.** markmið, **10.** far, **13.** nám, **15.** asíu, **16.** óbó, **19.** sa.






# Excel-samfélagið

**BAKÞANKAR**
**Kolbeins Óttarssonar Proppé**



Það fólk er til sem finnst ekkert fallegra en vel upp sett excel-skjal. Að tölur sem rétt er raðað upp í dálka fangi alla kima mannlífsins. Ef einungis debet- og kreditdálkar stangast á sé allt gott. Þetta er gott og blessað, en lífið er örlítið flóknara en svo. Excel getur verið hið besta forrit til að reikna og raða, en þar rúmast ekki mannlegir þættir.

**STUNDUM** læðist að manni sá grunur að íslenskt þjóðfélag sé orðið eitt stórt excel-skjal. Og kannski hefur það verið svo lengi. Flókin mál sem snerta víðfeðma þætti samfélagsins eru smættuð í tölur; krónur og aura. X mikið hefur verið sparað hér og það er gott. Útgjöld hafa ekki aukist nema um X þarna og það er líka gott. Því miður er enn X umframkeyrsla hér og á því þarf að vinna.

**TÖLUR** eru til ýmissa hluta notadrjúgar, en þær eru ekki upphaf og endir alls. Mannleg tilvera greinist sem betur fer í mun flóknari þætti. Þess vegna ætti að rýna betur á bak við tölur þegar þær eru lagðar fram.

**ER VERIÐ** að skera niður um X krónur hér? Gott og vel, hvað þýðir það nákvæmlega fyrir líf og störf fólksins sem ákvörðunin snertir? Og hve margir eru það? Hve margir missa vinnuna? Hve margir þeirra eru eina fyrirvinnan? Hverjir þeirra eru líklegastir til að fá aðra vinnu og hve fljótt? Er verið að enda starfsævi einhvers of fljótt, þar sem ljóst er að viðkomandi mun ekki fá aðra vinnu þar sem íslenskt samfélag virðist álíta það að eldast vera meinsemd.

**KANNSKI** fylgir það gráu hárunum en einhvern veginn finnst mér eins og fyrr á tíðum hafi gildi sem rúmast ekki í excel-skjali verið í hávegum höfð. Starfsaldur, tryggð og aldur viðkomandi hafi til dæmis vegið þungt þegar ákvarðanir þurfti að taka um framtíð þeirra. Kannski er það misskilningur, en nú virðist sem tölur í excel-skjali þeirra sem taka ákvarðanirnar skipti öllu. Mannlegu gildin hafi horfið.

**HAGVÖXTUR,** hagnaður, arðsemi og hvað þetta nú allt heitir, er vissulega fyrirbæri sem þarf að hlúa að. Annars fer allt á hausinn, hvort sem er um fyrirtæki eða ríkiskassa að ræða. En mannlíf byggt á þessu einu er ekki sérstaklega spennandi fyrirbæri. Rekstrartölur eru fínar á markaðssíðum, ársreikningum og fjárlögum, en þær mega ekki verða eini mælikvarðinn á gott gengi.

**Æ ÉG** veit ekki. Kannski er þetta ras í einföldum og auðtrúa manni. Það verður þá bara að hafa það. Íslenskt samfélag hefði hins vegar ekki nema gott af því að auka vægi hins mannlega. Því öll erum við jú menn.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




KFC
laugardagar
eru
vængjadagar
25
Hot Wings™ á
2199
KR.
Hot Wings
vertu með
vængjaslátt
á laugardögum!
Hot Sauce fylgir
HOT Sauce
HOT Sauce
Minnum á nýjan KFC stað við Sunda-garða
svooogott™
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • SUNDAGÖRÐUM
HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ
REYKJANESBÆ • SELFOSSI
WWW.KFC.IS
PIPAR\TBWA • SÍA • 110972

# menning
menning@frettabladid.is



**FÉLAG ÍSLENSKRA LISTDANSARA (FÍLD)** stendur fyrir opnu húsi í Tjarnarbíói á morgun, sunnudaginn 29. apríl, frá klukkan 12 til 22, í tilefni alþjóðlega dansdagsins. Þar má meðal annars nálgast ýmsar upplýsingar um íslenskan listdans og nemendur jafnt sem atvinnufólk sýnir atriði. Klukkan19 verður svo sýnd verðlaunaheimildarmyndin „Ladies and Gentlemen over 65" eftir Pinu Bausch. Dagskrána má sjá á Dance.is.


**Gallerí Fold í 20 ár** 1992–2012



**Ole Ahlberg**
28. apríl – 13. maí



**Pétur Gautur**
Ný málverk
28. apríl – 13. maí

LISTMUNASALA fold

**Opnun sýninganna er kl. 15 · Allir velkomnir**
Opið virka daga 10–18, laugard. kl. 11–16, sunnud. 14–16
Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

**Listmunauppboð**
Erum að taka á móti verkum á næsta uppboð




MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

# Glæsileg tímamót

Tónlist ★★★★☆

**Vortónleikar í Hallgrímskirkju**
Mótettukór og kammersveit Hallgrímskirkju fluttu c-moll messu og sálumessu Mozarts. Hörður Áskelsson stjórnaði.

**Sunnudagur, 22. apríl**
Mótettukór og kammersveit Hallgrímskirkju fluttu c-moll messu og sálumessu Mozarts. Hörður Áskelsson stjórnaði. Sunnudagur 22. apríl.

Eins og kunnugt er entist Mozart ekki ævin til að ljúka við sálumessuna, sem greifi nokkur pantaði hjá honum. Það kom í hlut nemanda hans að ljúka við verkið og semja sumt nánast frá grunni. Þeir partar eru kannski dálítið billegir, en það er samt komin hefð fyrir þeim. Í sjálfu sér er messan heilsteypt og falleg, þótt hún hefði sjálfsagt orðið miklu magnaðri, hefði Mozart lifað lengur.

Sálumessan var á dagskránni á hátíðartónleikum Mótettukórs Hallgrímskirkju um helgina, en kórinn er 30 ára um þessar mundir. Á tónleikunum var einnig flutt c-moll messan eftir Mozart, sem er mun léttari tónlist, en einnig hrífandi fögur.

Skemmst er frá því að segja að þetta voru stórglæsilegir tónleikar. Tónlistarlífið í Hallgrímskirkju hefur alla tíð verið einstaklega metnaðarfullt, fjölbreytt og vandað, og maður varð ekki fyrir vonbrigðum nú. Á árum áður var reyndar oft skammast yfir hljómburði kirkjunnar, sem er í meira lagi – en þannig eru flestar stærri kirkjur. Í seinni tíð ber minna á þessum röddum, og ég held að smátt og smátt hafi menn einfaldlega lært á hljómburðinn, hvað hentar honum og hvað ekki.

Ég sat fremur aftarlega á tónleikunum, en endurómunin margfaldast eftir því sem aftar dregur. Samt fór hún ekkert í taugarnar á mér! Þvert á móti var heildarhljómurinn í c-moll messunni ákaflega vel mótaður, kórsöngurinn kom prýðilega út. Einnig leikur Kammersveitar Hallgrímskirkju.

Svipaða sögu er að segja um sálumessuna, sem var hrífandi í meðförum hins smekkvísa Harðar Áskelssonar, organista og kantors kirkjunnar. Hann stjórnaði öllu með háþroskuðum skilningi á tónlist Mozarts. Óhætt er að fullyrða að messan hefur sjaldan hljómað eins fallega hér á landi.

Einsöngvararnir stóðu sig prýðilega. Einn fremsti Mozart-túlkandi þjóðarinnar, Þóra Einarsdóttir sópran, söng af aðdáunarverðum þokka. Herdís Anna Jónasdóttir var líka frábær sem annar sópran. Elmar Gilbertsson tenór sýndi sömuleiðis góða takta, hann hefur flotta rödd sem féll afar vel að heildarmyndinni. Og Auður Guðjohnsen alt og Magnús Baldvinsson bassi skiluðu hlutverkum sínum með sóma. **Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Stórskemmtilegur Mozart, söngurinn fagur og túlkunin sannfærandi.





# Vortónleikar í Langholtskirkju

| | | |
|---|---|---|
| Þriðjudaginn | 1. maí | kl. 20:00 |
| Miðvikudaginn | 2. maí | kl. 20:00 |
| Fimmtudaginn | 3. maí | kl. 20:00 |
| Laugardaginn | 5. maí | kl. 16:00 |

*Á efnisskrá verða m.a. flutt verk eftir eitt fremsta tónskáld samtímans Eric Whitacre, franska tónskáldið Charles-Camille Saint-Saëns, ítalskar aríur og kór eftir Giuseppe Verdi og lög úr amerískum söngleikjum eftir George Gershwin og John Kander.*
*Einnig verða flutt íslensk lög eftir Eyþór Stefánsson, Ingа T. Lárusson, Sigfús Halldórsson, Sigvalda Kaldalóns og syrpa laga eftir Árna Thorsteinsson í útsetningu Jóns Þórarinssonar.*




Einsöngur Gissur Páll Gissurarson
Píanó Steinunn Birna Ragnarsdóttir

Stjórnandi Árni Harðarson

*Verð aðgöngumiða 3.000 kr. Miðasala við innganginn.*



vissir þú að...
börn eiga rétt á hvíld, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra

Barnaheill
Save the Children á Íslandi


# Pétur og 18. öldin

Sjónvarpið sýnir fyrsta af fjórum heimildarþáttum um sögu Íslands á 18. öld á sunnudagskvöld. Pétur Gunnarsson rithöfundur skrifar handrit þáttanna og er jafnframt sögumaður.

Í þáttunum segir Pétur sögu lands og þjóðar með hliðsjón af ævi nokkurra einstaklinga eins og Árna Magnússonar, Jóns Grunnvíkings, Hannesar Finnssonar og Magnúsar Stephensen.

Átjánda öldin var vafalaust ein sú erfiðasta í íslenskri sögu. Um 1700 var Ísland fátækt land sem bjó við verslunareinokun og grimmúðlegt réttarfar. Landsmenn voru flestir örsnauðir leiguliðar og hjú sem naumlega drógu fram lífið. Í upphafi aldarinnar lést þriðjungur landsmanna úr bólusótt og í kjölfarið fylgdu harðindi með hafís, frosti og fannfergi um hásumar svo þúsundir manna flosnuðu upp og fóru á vergang. Þá komu jarðskjálftar, önnur bólusótt og loks Skaftáreldar sem ollu Móðuharðindunum sem drápu meira en helming alls búpenings í landinu og lögðu fjórðung þjóðarinnar í gröfina. En þrátt fyrir þetta hörmungarástand vottaði fyrir framfaraviðleitni í anda upplýsingarinnar. Þessi viðleitni var borin uppi af menntamönnum sem trúðu á framtíð þjóðarinnar og börðust fyrir hag hennar með margvíslegum hætti.



PÉTUR GUNNARSSON RITHÖFUNDUR

Pétur segir þessa miklu sögu á sinn hátt en þættirnir voru teknir á um hundrað sögustöðum víða um land og í Kaupmannahöfn. Björn B. Björnsson stjórnaði gerð þáttanna.



**FÓLK Í MYND** Sýningin er liður í hátíðinni List án landamæra.

## Fólk í mynd í Norræna húsinu

**Portrettsýningin „Fólk í mynd“ verður opnuð í Norræna húsinu í dag. Sýningin er liður í hátíðinni List án landamæra. Á henni má sjá myndir eftir ellefu listamenn af fólki frá ýmsum sjónarhornum.**

**Meðal sýnenda eru Bergþór Morthens, Snorri Ásmundsson, Erla Björk Sigmundsdóttir, Gígja Thoroddsen - GÍA, Hermann Birgir Guðjónsson, Hulda Vilhjálmsdóttir og Ísak Óli Sævarsson.**

**Á opnuninni gefst gestum tækifæri til þess að spreyta sig á portrettformi í listsmiðju undir handleiðslu listamannsins Magnúsar Helgasonar.**

**Sýningin verður opnuð klukkan 15.**



**ÓTTAR GUÐMUNDSSON** Hefur greint Íslendingasögurnar út frá nútímalæknisfræði.

## Rýnt í geðslag fornhetja

**Hetjur og hugarvíl nefnist ný bók eftir Óttar Guðmundsson geðlækni, sem kom út á vegum Forlagsins í vikunni. Þar rýnir Óttar í þekktar Íslendingasögur og reynir að greina í ljósi nútímalæknisfræði hvaða geðvandamál hrjáðu Gunnar, Hallgerði, Skarphéðin og Njál. Hvaða áhrif höfðu þau á atburði Brennu-Njáls sögu? Hver er skoðun geðlæknisins á ástamálum Guðrúnar Ósvífursdóttur, Kjartans og Bolla?**

**Óttar setur fram geðgreiningu sem studd er ímynduðum viðtölum hans við persónurnar. Á grundvelli þessarar greiningar setur hann fram tilgátur um hvernig slíkri persónu myndi reiða af í nútímasamfélagi.**

## Kona hverfur í Útvarpsleikhúsinu

**Kona hverfur nefnist leikrit eftir Sigríði Jónsdóttur sem frumflutt verður í Útvarpsleikhúsinu á Rás 1 klukkan 14 á morgun.**

**Í tilkynningu frá Útvarpsleikhúsinu er verkinu lýst sem leikriti um kynslóðir kvenna og leyndarmálin sem þær geyma. Á meðan eldri kona berst fyrir lífi sínu vaka tvær aðrar yfir henni. Sú yngri verður að takast á við framtíðina, hin eldri við fortíðina. Hvorugar eru þær tilbúnar fyrir fórnirnar sem þær þurfa að færa fyrir ástina og lífið.**

**Leikendur eru Hanna María Karlsdóttir, Ingrid Jónsdóttir og Aðalbjörg Þóra Árnadóttir en Ásdís Þórhallsdóttir leikstýrir.**

# Caput heiðrar Hafliða Hallgrímsson

Caput hópurinn heldur tónleika til heiðurs Hafliða Hallgrímssyni tónskáldi í Norræna húsinu á morgun, sunnudag, klukkan 15.15. Tónleikarnir eru liður í 15:15 tónleikasyrpunni og verða þar flutt fimm verk eftir Hafliða.

Hafliði hefur lengi verið í fremstu röð norrænna tónskálda en hann hlaut Tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs fyrir verkið Poemi árið 1986. Hann á að baki feril sem sellóleikari með hljómsveitum á borð við English Chamber Orchestra og Scottish Chamber Orchestra en hefur helgað sig tónsmíðum eingöngu í 30 ár. Hann bjó lengi í Skotlandi en hefur nú flust til Bath á Suður-Englandi.

Á tónleikunum verða flutt eftirfarandi verk: Solitaire fyrir selló, 1979 - 1991; Offerto fyrir fiðlu, 1981; Seven Epigrams fyrir fiðlu og selló, 1996; Tristia fyrir gítar og selló, 1984. og String Quartet No. 2 op. 11a, 1991/2002.

Flytjendur á tónleikunum eru Hildigunnur Halldórsdóttir, fiðla, Zbigniew Dubik, fiðla, Þórunn Ósk Marinósdóttir, víóla, Sigurður Halldórsson, selló, og Pétur Jónasson, gítar.



**CAPUT-HÓPURINN** Heiðrar Hafliða Hallgrímsson tónskáld með tónleikum í Norræna húsinu.





**25% afsláttur á 25 ára afmælistónleika Nýdanskrar í Hörpu og Hofi**

Piltarnir síungu hafa aldrei verið í betra formi og halda upp á 25 ára afmælið með stórtónleikum í Eldborgarsal Hörpu 22. september og í menningarhúsinu Hofi, Akureyri 29. september.

**Gestir:**
KK, Högni Egilsson (Hjaltalín), Sigríður Thorlacius (Hjaltalín), Urður Hákonardóttir (Gus Gus), Svanhildur Jakobsdóttir, Bryndís Halla Gylfadóttir, Samúel Jón Samúelsson.

Viðskiptavinum Íslandsbanka bjóðast miðar á þennan einstaka tónlistarviðburð á **25% afslætti.** Uppselt varð á aðaltónleikana í Hörpu á fyrsta degi miðasölu. **Aukatónleikar kl. 23.00.**

Afslátturinn fæst þegar greitt er með greiðslukorti frá Íslandsbanka eða Byr í miðasölu Hörpu í síma 528 5050 eða á midasala@harpa.is og í miðasölu Hofs í síma 450 1000 eða á midasala@menningarhus.is.

*Tilboðið gildir ekki í netsölu.*

HARPA HOF

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 28. apríl 2012**

### Listasmiðja

**13.00 Guðrún Vera Hjartardóttir** myndlistarmaður og sýningarstjóri verður með listasmiðju fyrir börn á aldrinum 6 til 12 ára í Gerðarsafni. Smiðjan er í tengslum við Kjarval sýninguna Í teikningunni er hugsunin um teikninguna. Þátttaka er ókeypis.

### Fundir

**11.00** Haldinn verður **vorfundur miðstjórnar Framsóknarflokksins** í Rúgbrauðsgerðinni, Borgartúni 6. Fundurinn hefst með ræðu formannsins Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar.

### Sýningar

**15.00 Pétur Gautur** listmálari opnar vorsýningu í baksal Gallerís Foldar. Strákahljómsveitin The Retros spilar nokkur gömul og góð lög. Einnig opnar danski listamaðurinn Ole Ahlberg sýninguna Litógrafíur í hliðarsal gallerísins á sama tíma.

**15.00** Samsýning á vegum **List án landamæra** opnar í Norræna húsinu. Sýningin fjallar um portrett út frá ýmsum sjónarhornum.

### Umræður

**09.30 Sigrún Magnúsdóttir,** einn af dómurunum í Landsdómi, og **Haukur Arnþórsson,** stjórnsýslufræðingur, verða gestir á laugardagsspjalli Framsóknar að Hverfisgötu 33. Þau munu fara yfir dóminn og ræða hvaða breytingar hann hefur á störf stjórnsýslunnar.

**14.00 Heimspekikaffihúsið** verður á Horninu, Hafnarstræti 15. Umræðuefnið er Skiptir máli hvort brosið er ekta eða gervi?

### Opið Hús

**10.00 Leikskólar í Garðabæ** bjóða bæjarbúum á opið hús í tengslum við Listadaga barna og ungmenna. Nánar á www.gardabaer.is

**13.00 Waldorfskólinn Sólstafir,** Sóltúni 6, býður öllum til opins húss. Plöntusala, markaður, vöfflukaffi og karnival dýranna er meðal þess sem á dagskrá verður.

**13.00 Snyrtiakademían í Kópavogi** heldur upp á 10 ára starfsafmæli um þessar mundir og fagnar því með opnu húsi í allan dag. Ýmislegt verður í boði í húsi þeirra að Hjallabrekku 1 í tilefni dagsins.

### Uppákomur

**17.00 Útiskúlptúrinn Sylt/Síld - eyja á eyju** eftir listahópinn GV verður afhjúpaður í Skaftafelli, miðstöð myndlistar á Austurlandi.








### Dansleikir

**20.30 Félag harmonikkuunnenda** fagnar sumri með dansleik í Breiðfirðingabúð. Hljómsveit undir stjórn Eðvarðs Árnasonar og Gunnars Kvaran og Vindbelgirnir leika fyrir dansi. Allir velkomnir.

### Málþing

**10.00 Náttúruverndarhreyfingin á Íslandi** efnir til Náttúruverndarþings í Háskólanum í Reykjavík. Fjallað verður um stöðu rammaáætlunar og næstu skref í baráttunni fyrir verndun mikilvægra náttúruverndarsvæða.

### Tónlist

**11.30 Sinfóníuhljómsveit Íslands** býður upp á barnastund sem er sérstaklega ætluð hlustendum á aldrinum tveggja til fjögurra ára. Kynnir er trúðurinn Barbara og aðgangur er ókeypis.

**15.00 Rebekka Sif Stefánsdóttir** heldur burtfarartónleika í söng frá Tónlistarskóla Garðabæjar við Kirkjulund.

**17.00 Eydís Helena Evensen** heldur burtfarartónleika á píanó frá Tónlistarskóla Garðabæjar við Kirkjulund.

**20.30 Fransk-íslenska verðlaunahljómsveitin Klezmer Kaos** heldur útgáfutónleika á NASA í tilefni fyrstu plötu sinnar, Froggy. Varsjárbandalagið sér um upphitun og miðaverð er kr. 3.000.

**21.00 Ljótu hálfvitarnir** halda tónleika í Logalandi í Borgarfirði.

**22.00 Helgi og Hljóðfæraleikararnir** standa fyrir sínum árlega vorfagnaði á Græna Hattinum, Akureyri. Þeir tjalda hér fram sínu besta prógrammi til þessa. Miðaverð er kr. 1.500.



**23.00 Í Svörtum Fötum** spilar á balli í Hvíta húsinu. Greta Salóme verður þeim innan handar og mun Eurovision lagið án efa fá að óma. 18 ára aldurstakmark og aðgangseyrir kr. 2.000.

**23.00** Magni og félagar í stórsveitinni **Á Móti Sól** mæta á Spot í Kópavoginum í sumarstemningu.

**23.30 Hljómsveitin Spútnik ásamt söngkonunni Telmu Ágústsdóttur** heldur uppi dúndur dansstemningu í 80's stíl á 600 Akureyri.

### Leiðsögn

**14.00 Katrín Briem myndlistarmaður** og myndmenntakennari leiðbeinir gestum í teiknun á sýningunni Ásjóna í Listasafni Árnesinga. Allt efni er á staðnum og þátttaka ókeypis.

### Útivist

**10.00 Hjóladagur Vesturbæjar** verður haldinn í fyrsta skipti þar sem hjól og hjólreiðafólk af öllum stærðum og gerðum verða í forgrunni. Dagskrá dagsins má sjá á Facebook síðunni Hjóladagur Vesturbæjar!

**10.00 Hjólreiðaferð** verður farin frá Hlemmi og hjólað í 1 til 2 tíma um borgina. Allir velkomnir og þátttaka ókeypis. Nánar á vef LHM.is

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

**Sunnudagur 29. apríl 2012**

**Tónleikar**



**12.15** Aðrir tónleikar **Kvartetts Kammersveitar Reykjavíkur** í röðinni Meistaraverk Jóns Leifs verða haldnir í sal Kaldalóns í Hörpu.

**16.00** Síðustu tónleikarnir í **tónleikaröðinni Lofað öllu fögru** fara fram í Þjóðmenningarhúsinu. Um er að ræða tónleika með spænskum sönglögum. Aðgangseyrir er kr. 2.000, en kr 1.500 fyrir nemendur og 1.000 á mann ef fimm koma saman.



**16.00 Kammerkór Hafnarfjarðar** ásamt **Kristjönu Stefánsdóttir** söngkonu, Kjartani Valdimarssyni píanóleikara, Kristni Snæ Agnarssyni slagverksleikari og Jóni Rafnssyni kontrabassaleikara verða með tónleika í Norðurljósasal Hörpu. Fluttir verða sálmar bandaríska blökkumanna. Miðaverð er kr. 2.500.

**17.00 Vortónleikar Kammerkórs Mosfellsbæjar** verða haldnir í Háteigskirkju. Yfirskrift tónleikanna er Nú er ég glaður á góðri stund. Miðaverð er kr. 2.000, en kr. 1.500 fyrir eldri borgara og ókeypis fyrir börn.

**17.00 Jórukórinn, Kvennakór á Selfossi,** heldur vortónleika í Selfosskirkju. Miðaverð er kr. 2.500.

**Umræður**

**15.00 Samræðudagskrá sýningarinnar Núningur/Friction** fer fram í Listasafni ASÍ. Brynjar Helgason, Margrét H. Blöndal og Þorvaldur Þorsteinsson halda erindi og stjórna umræðum. Aðgangur er ókeypis.

**Kvikmyndir**

**15.00 MÍR,** Hverfisgötu 105, sýnir þrjár gamlar sovéskar kvikmyndir tengdar tónskáldunum Rachmaninoff, Aram Khatsjatúrjan og Dmitrij Shostakovitsj. Aðgangur er ókeypis.

**Uppákomur**

**20.00 Tómasarmessa** verður haldin í Breiðholtskirkju í Mjódd, undir yfirskriftinni Hryggð mun snúast í fögnuð. Umsjón með tónlistarflutningi hefur Þorvaldur Halldórsson.

**Dansleikir**

**20.00 Dansleikur Félags eldri borgara** í Reykjavík verður í Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist. Aðgangseyrir er kr. 1.500 en kr. 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

**Leikrit**

**14.00 Möguleikhúsið** frumsýnir tónleikinn Ástarsaga úr fjöllum eftir Pétur Eggerz og Guðna Franzson. Verkið er byggt á sögu Guðrúnar Helgadóttur og er sýnt í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Sýningin er ætluð börnum á aldrinum tveggja til níu ára.

**Tónlist**

**15.15 Caput hópurinn** spilar verk Hafliða Hallgrímssonar á tónleikum honum til heiðurs í Norræna Húsinu. Tónleikarnir eru liður í 15:15 tónleikasyrpunni. Aðgangseyrir er kr. 2.000, en kr. 1.000 fyrir eldri borgara, öryrkja og námsmenn.

**16.00 Andrea Jónsdóttir** leikur klassískt rokk af plötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Benni B-Ruff heldur upp á 15 ára starfsafmæli

„Ég held þessu áfram þar til börnin mín fara að heimsækja mig á skemmtistaðina, þá er þetta komið gott," segir Benedikt Freyr Jónsson, eða DJ Benni B-Ruff, sem fagnar 15 ára ferli sínum sem plötusnúður um þessar mundir.

Þegar Benni var 14 ára byrjaði hann með útvarpsþátt ásamt félaga sínum, Didda Fel. Í eitt skiptið fengu þeir í heimsókn til sín Robba Kronik sem bauð þeim í kjölfarið að koma í heimsókn í þáttinn sinn, Kronik. „Ég fékk að taka syrpu í þættinum hjá Robba og þaðan var ekki aftur snúið," segir Benni. Hann segir bransann hafa breyst mikið á þessum 15 árum. „Það er svo hröð þróun í tækninni og það sem byrjaði bara í vínilnum er nú komið í mun fjölbreyttari hluti líka," segir hann.

Benni er nýkominn heim frá New York þar sem hann þeytti skífum á klúbbnum Hotel Chantelle á Lower East Side. „Það er samt ekki hótel heldur er víst voða hipp og kúl að kalla allt hótel nú til dags," segir Benni og hlær. Tónlistin hans virðist hafa falla vel í kramið úti, því hann hefur þegar fengið boð um að koma aftur út að spila fljótlega.

Í tilefni starfsafmælisins mun Benni slá upp partíi á skemmtistaðnum Faktorý þann 9. júní næstkomandi. Ásamt honum munu margir af helstu plötusnúðum skemmtistaðarins Tetriz spila þar. „Tetriz var aðalstaðurinn þegar ég var að byrja í bransanum og margir sem tóku sín fyrstu skref þar," segir Benni að lokum. - trs



**15 ÁRUM SÍÐAR** Benni B-Ruff byrjaði að spila af alvöru 14 ára gamall. Nú fimmtán árum síðar er hann enn að og spilar reglulega á mörgum helstu börum bæjarins og jafnvel í New York.





**30%** **AUKNING VAR Á KARLKYNS VIÐSKIPTAVINUM** fótsnyrtistofa í Bandaríkjunum á milli ára. Samkvæmt Adeva-stofnuninni voru það helst viðskiptamenn, bankamenn og smiðir sem mættu reglulega á snyrtistofur að láta hlúa að fótum sínum. Snyrtifræðingar segja þá yfirleitt eiga við svipuð vandamál að stríða og konurnar; þurra húð eða inngrónar neglur.

# Fólk byrjað að þekkja salsadans frá salsasósu

**Salsa Iceland hefur komið salsadansi á kortið á Íslandi. Eigendur Salsa Iceland, ásamt fleirum, standa fyrir dansskemmtun í dag í tilefni af Alþjóðlega dansdeginum á morgun.**

„Þegar ég byrjaði fyrst að röfla um salsa árið 2003 tengdu flestir það bara við salsasósu. Það hefur þó mikið vatn runnið til sjávar síðan þá og í dag þekkja flestir salsadans," segir Edda Blöndal, sjúkraþjálfari, salsafíkill og einn eigenda Salsa Iceland.

Edda stofnaði Salsa Iceland eftir að hafa smitast af salsa bakteríunni í karate-keppnisferðalögum erlendis. „Árið 2006 byrjaði þetta fyrir alvöru hjá okkur og við fórum að kenna sjálf," segir Edda, en Salsa Iceland er í dag með 16 kennara á sínum snærum og kennir salsa á sex stigum auk annarra latíndansa. Á fimmtudagskvöldum bjóða þau upp á ókeypis salsakvöld með ókeypis prufutíma fyrir byrjendur á Thorvaldsen og þar hittist fólk og dansar saman fram eftir kvöldi. „Það er svo gaman við þetta að það er fólk úr öllum stéttum þjóðfélagsins og á öllum aldri að mæta," segir Edda og bætir við að dansinn sé aðgengilegur hverjum sem er. „Fæstir sem koma á námskeið eru einhverjir danssérfræðingar og það er ekki nauðsynlegt að mæta í pörum," segir hún.

Aðsókn herra hefur aukist mjög að undanförnu og að sögn Eddu er alltaf passað upp á kynjahlutföll á námskeiðunum „Við bjóðum til dæmis herrum að endurtaka námskeið sem þeir hafa tekið, sér að kostnaðarlausu. Þannig hjálpa þeir okkur með kynjahlutföllin og fá jafnframt tækifæri til að æfa sig betur, enda ekki lítið verkefni að læra að stýra þessum íslensku konum," segir Edda og hlær.

Í dag, laugardag, mun Salsa Iceland standa fyrir dansdegi í stúdíói sínu að Grensásvegi 12a í samstarfi við Háskóladansinn, Tangóævintýrafélagið, Lindy Ravers og Salsa Maffíuna. Dagurinn er haldinn í tilefni Alþjóðlega dansdagsins sem er 29. apríl ár hvert. „Við verðum með dagskrá í gangi allan daginn sem endar svo með hörkuballi um kvöldið," segir Edda og bætir við að þátttaka sé fólki að kostnaðarlausu. Allar nánari upplýsingar um daginn og Salsa Iceland má finna á heimasíðu þeirra, www.salsaiceland.is.

tinnaros@frettabladid.is



**SALSAKVÖLD** Vikulegu salsakvöldin á Thorvaldsen hafa verið að slá í gegn og yfirleitt á milli 80 og 100 manns sem mætir á þau.



**SALSAFÍKILL** Edda segir kveikjuna að Salsa Iceland hafa verið þá að henni fannst vanta samfélag hérlendis fyrir fólk að hittast og dansa saman.

# Mikilvægi dótakassans

**KYNLÍF** Ég fór í vettvangsferð í vikunni. Markmiðið var að kanna vöruúrvalið og þjónustuna í kynlífstækjaverslunum.

Kynlífstæki eru ekki eingöngu leikföng unga fólksins sem horfir á klám, því tækin geta aðstoðað þá sem aldrei hafa fengið fullnægingu og einnig þeim sem geta ekki fullnægt sér sjálfir, t.d. vegna fötlunar eða sjúkdóma. Í góðum dótakassa má því finna mikla hagræðingu með því að upplifa fullnægingu og í því að stytta fullnægingartíma, enda er það meðal annars ástæða þess að tólin voru fundin upp fyrir aldamót seinustu aldar.

Ef ég ætti að taka til byrjendadótakassa þá myndi hann innihalda smokka, sleipiefni, egg, titrara, typpahring og olíu. Það skiptir ekki máli hvort þú sért stelpa með stelpu, strákur með stelpu eða strákur með stráki. Þetta dót virkar á alla kanta. Þessir hlutir væru ágætis byrjun á dótasafni og svo mætti prufa sig áfram og bæta við í kassann eftir löngun.

Hlutirnir eru mjög misjafnir í gæðum og sleipiefni er ekki það sama og sleipiefni. Því þarf oft að prufa sig áfram með þau. Það á að vera hægt að biðja um prufur í búðunum og endilega nýttu þér það. Þá er titringur missterkur eftir eggjum og titrurum, svo fáðu að prófa tækin. Sumir vilja meira en aðrir minna. Titrarar eru oft útbúnir mörgum stillingum, svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Var ég kannski að lýsa aðstæðum sem innan við eitt prósent þjóðarinnar gætu hugsað sér að vera í? Er það að fara og kaupa sér kynlífstól og gera gæðasamanburð ekki eins og að máta þægilega skó í verslun?

Ég vann í kynlífstækjaverslun samhliða námi mínu í Ástralíu. Sú búð lagði áherslu á að þjónusta viðskiptavinina og láta þeim líða vel. Í því fólst ráðgjöf um val tóla og heimsending þeirra. Þú einfaldlega hringdir í búðina eða sendir tölvupóst og tilgreindir hvað þig langaði að prufa og svo var það okkar sérfræðinganna að finna eitthvað við hæfi. Svona þjónustu vantar hér á Íslandi. Ég ræddi þetta um daginn á Hrafnistu þegar ég var með fyrirlestur þar, en kynlífstól eru kjörin viðbót í kynlífsflóru eldri borgara. Í Ástralíu er ráðgjöf um kynlífstæki hluti af starfi margra kynfræðinga, en svo virðist ekki vera hér. Enda eru fullnægingar svo mikið einkamál, eða hvað?



**DÓTAKASSINN** Sigga Dögg skrifar um mikilvægi þess að prófa sig áfram með hin ýmsu hjálpartæki ástarlífsins.
NORDICPHOTOS/GETTY

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is








# VIÐ FÖGNUM VIKU BÓKARINNAR




Verð kr. 2.699,-




Frábær ný íslensk skvísubók sem hefur hlotið gríðarlega góðar viðtökur.

Tilboðsverð kr. 2.499,-
Verð áður kr. 2.699,-




Verð kr. 2.699,-




James Patterson býður hér upp á dramatísk átök og óbærilega spennu sem aldrei fyrr.

Verð kr. 2.699,-




Verð kr. 2.699,-




Ef þú átt síðustu bók Arnaldar eftir þá er tilvalið að skella sér á hana núna.

Verð kr. 2.699,-




Verð kr. 2.699,-




Geðlæknir greinir hetjur úr Íslendingasögunum og beitir fagþekkingu sinni á óvæntan hátt.

Verð kr. 2.699,-




Verð kr. 4.799,-




Verð kr. 4.999,-




Verð kr. 5.499,-




**Ræktum sjálf í sumar**
Hollara og hagkvæmara grænmeti.

Tilboðsverð kr. 3.999,-
Verð áður kr. 4.999 stk.

Tilboð gildir til og með 02.05.12



## Nýttu þína ávísun á lestur!

Nú hafa öll heimili landsins fengið senda til sín ávísun á lestur. Nýttu þína ávísun og styrktu um leið skólabókasafn að eigin vali.

Við bjóðum ávísanir í verslunum okkar fyrir þá sem hafa glatað sinni og einnig rafrænar ávísanir á Eymundsson.is




5% aukaafsláttur ofan á ÁVÍSUN Á LESTUR fyrir Vildarklúbbsmeðlimi í Eymundsson. Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

# popp

popp@frettabladid.is



**62 ÁRA** er grínistinn og þáttastjórnandinn Jay Leno í dag. Það er spurning hvort Leno bæti einu farartæki í safnið í tilefni dagsins en hann á um 100 bíla og 90 mótorhjól.



**Í DÓMNEFND** Ewan McGregor verður í dómnefnd á Cannes-hátíðinni í Frakklandi. NORDICPHOTOS/GETTY

## McCregor dæmir

Skoski leikarinn Ewan McGregor, Alexander Payne, leikstjóri The Descendants, og þýska leikkonan Diane Kruger eru hluti af níu manna dómnefnd kvikmyndahátíðarinnar í Cannes sem hefst 16. maí.

Opnunarmynd hátíðarinnar verður dramað Moonrise Kingdom í leikstjórn Wes Anderson. Með aðalhlutverkin fara Bill Murray, Bruce Willis og Tilda Swinton. Hún er ein 22 mynda sem keppa um Gullpálmann eftirsótta.

Kvikmynd Terrence Malick, The Tree of Life, hlaut Gullpálmann í fyrra. Þá ákváðu stjórnendur hátíðarinnar að setja danska leikstjórann Lars Von Trier í ævilangt bann eftir að hann talaði um Hitler á jákvæðan hátt á blaðamannafundi.

# Bomban í myndinni hans Balta

**Leikkonan Paula Patton leikur undir stjórn kvikmyndaleikstjórans Baltasars Kormáks í myndinni 2 Guns ásamt Mark Wahlberg og Denzel Washington. Patton er rísandi stjarna í Hollywood og þykir með fegurstu konum í heimi.**

Þrátt fyrir að vera ekki öllum kunn er Paula Patton ekki ný af nálinni í Hollywood. Hún verður 37 ára í lok árs en hún sást fyrst á hvíta tjaldinu með Will Smith og Evu Mendes í myndinni Hitch. Það var hins vegar í myndinni Déjá Vú sem hún komst á kortið er hún lék annað aðalhlutverkana á móti sjálfum Denzel Washington en þau tvö endurnýja kynni sín í mynd Baltasars.

Patton lék kennarann Blu Rain í myndinni Precious og þurfti að afþakka hlutverk í sjónvarpsseríunum Law and Order: Special Victims Unit þegar henni bauðst að leika með Tom Cruise í Mission: Impossible – Ghost Protocol sem frumsýnd var á síðasta ári. Síðan þá hefur Patton verið fastur gestur á rauða dreglinum.

Patton þykir með þeim fegurri í Hollywood enda komst hún í áttunda sæti hjá tímaritinu People yfir fallegustu konur heims. Leikkonan er gift R&B tónlistarmanninum Robin Thicke og saman eiga þau tveggja ára son. Patton lék einmitt aðalhlutverkið í myndbandi eiginmannsins við lagið Lost Without You. Hjónin komust í fréttirnar í byrjun árs þegar Thicke var handtekinn fyrir að vera með kannabisefni í fórum sínum, en var látinn laus eftir að hafa greitt sekt.

Patton er að færa sig ofar metorðastiga Hollywoodborgar og nú er spurning hvernig leikkonan á eftir að standa sig undir stjórn Baltasars í 2 Guns en myndin fer í tökur á næstunni.



**FEGURÐARDÍS** Baltasar Kormákur leikstýrir einni af fallegustu konum í heimi, leikkonunni Paulu Patton, í næstu mynd sinni 2 Guns. NORDICPHOTOS/GETTY


HÓPAKSTUR BIFHJÓLAFÓLKS

11:30
Bifhjólafólk safnast saman á laugarvegi.
Bifhjólafólk, verum sýnileg og látum í okkur heyrast.

12:30
Hópakstur leggur af stað frá Laugarvegi, hjólað um, Lækjagötu, Vonarstræti, Suðurgötu, Hringbraut, Ánanaust, Mýrargötu, Geirsgötu, Sæbraut, Kringlumýrarbraut, Borgartún og endað á Kirkjusandi.

DAGSKRÁ 1. MAÍ
Tekið verður á móti hópnum á Kirkjusandi með kaffi og með'ðí. Á planinu mun fara fram keppni í akstursleikni á vespum/skellinöðrum og eru verðlaun í boði fyrir færasta ökumanninn. Einnig verða veitt sérstök verðlaun fyrir þann sem er best gallaður með tilliti til öryggis.
Sniglar hvetja vespu- og skellinöðrufólk á öllum aldri til að mæta og taka þátt í keyrslunni með okkur.

Minnum á vorfund Umferðarstofu og Lögreglu á Grandhótel mánudaginn 30. apríl kl 18:00. Fundurinn er öllum opinn.

www.kjoarnir.com



VERÐVERND BYKO
# LÆGSTA VERÐIÐ

# LÁGT VERÐ
## - ALLA DAGA

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50

## BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

Með verðvernd BYKO tryggjum við þér að hjá okkur fáir þú vörur á lægsta mögulega verði.

Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódýrari annars staðar, innan 20 daga, endurgreiðum við þér mismuninn og 10% af honum að auki. Sjá nánar á www.byko.is

Í 50 ár hefur BYKO lagt sig fram við að bjóða Íslendingum allt til heimilisins. Sérfræðingar okkar leiðbeina þér varðandi allar framkvæmdir og veita góð ráð varðandi allt sem viðkemur heimilinu.

**Því okkar markmið er að bjóða viðskiptavinum okkar lágt verð alla daga.**





www.expo.is
Verðvernd BYKO tryggir þér lægsta verðið. Ef þú kaupir vöru hjá okkur og sérð sömu eða sambærilega vöru auglýsta ódýrari annars staðar innan 20 daga, endurgreiðum við þér mismuninn og 10% af honum að auki! Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is

# Stuttskífa frá Sin Fang

Stuttskífan Half Dream með Sin Fang kemur út á 12 tommu vínyl á vegum þýsku útgáfunnar Morr Music í lok maí. Þar verða fimm lög sem segja má að séu hálfgerður eftirmáli síðustu plötu hans, Summer Echoes, og formáli að þeirri næstu sem mun heita Flowers og kemur út á næsta ári.

Fyrsta lagið Half Dream, Only Eyes, hefur nú þegar verið kynnt til leiks. Sin Fang heldur svo í þriggja vikna tónleikaferð um Evrópu í lok maí, ásamt Sóleyju. Útgáfutónleikar verða á Íslandi í júní, strax eftir tónleikaferðina.



**NÝTT EFNI** Sin Fang gefur út 12 tommu vínyl í lok maí. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Springsteen fær þriðjung

Bruce Springsteen fær í laun næstum þriðjung af því sem kostar að halda Hróarskelduhátíðina í Danmörku fyrir að stíga þar á svið í fyrsta sinn. Þetta kemur fram í blaðinu Berlinske Tidende.

Stjórinn, eins og hann er stundum kallaður, fær um 250 milljónir króna fyrir að spila á hátíðinni en kostnaðaráætlun hennar hljóðar upp á tæpar 900 milljónir. Upphæðin er álíka há og Prince fékk fyrir að spila á Hróarskeldu fyrir tveimur árum. Rikke Øxner, stjórnandi hátíðarinnar, vildi ekki staðfesta upphæðina en er sannfærður um að Springsteen verði hverrar krónu virði.



**STJÓRINN** Bandaríski tónlistarmaðurinn fær um 250 milljónir fyrir Hróarskeldutónleikana.






**NEKTARMYND Á 6 MILLJÓNIR** 22 ára gömul nektarmynd af söngkonunni Madonnu verður boðin upp í næsta mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY

# Nektarmynd af Madonnu boðin upp

*Áður óbirt nektarmynd af tónlistarkonunni Madonnu verður boðin upp í næsta mánuði. Um er að ræða mynd sem stjörnuljósmyndarinn Steven Meizel tók af Madonnu fyrir bók hennar Sex árið 1990. Á myndinni má sjá söngkonuna liggja í rúmi með sígarettu og hvítt lak fyrir sínu allra heilagasta.*

Það er Bonhams í New York sem hefur fengið það verkefni að bjóða myndina upp en gert er ráð fyrir að hún fari á um 50 þúsund dollara sem gera rúmlega sex milljónir íslenskra króna. Madonna var 32 ára gömul þegar myndin var tekin.



**EKKI ALLTAF FÍN** Stacy Keibler segir kærastanum, George Clooney, vera sama hvernig hún er til fara. NORDICPHOTOS/GETTY

# Clooney alveg sama

Stacy Keibler segir kærastanum, leikaranum George Clooney, vera alveg sama þótt hún klæðist íþróttafötum þegar þau fara út úr húsi.

Keibler sagði Us Weekly að henni fyndist leiðinlegt að þurfa að hafa sig til í hvert sinn sem hún færi út og gerir það því ekki. „George er alveg sama hvort sem ég er fín eða hversdagsleg til fara. Ég nenni ekki að taka mig til í hvert sinn sem ég yfirgef húsið,“ sagði fyrrum glímukappinn.

Kjóllinn sem Keibler klæddist við Óskarsverðlaunaafhendinguna í febrúar vakti nokkra athygli og kveðst Keibler hafa haft gaman af því að velja sér flík fyrir kvöldið. „Þetta var ofsalega skemmtileg reynsla og ég er þakklát fyrir hana,“ sagði Keibler sem sótti tískuvikuna í New York í leit að rétta kjólnum.

# Áttunda Bræðslan

Tónlistarhátíðin Bræðslan á Borgarfirði eystri fer fram í áttunda skiptið í sumar, helgina 26.-29. júlí. Fram koma Mugison, Valgeir Guðjónsson, Fjallabræður og Contalgen Funeral.

Bræðslan hefur í gegnum árin skipað sér sess sem ómissandi hlekkur í tónlistarlífi landans. Tónleikarnir fara fram að kvöldi 28. júlí í gamalli síldarbræðslu sem heimamenn breyta í tónleikahöll einu sinni á ári.

Forsala á Bræðsluna hefst 10. maí á Midi.is en síðustu ár hefur selst upp á Bræðsluna í forsölu enda aðeins 800 aðgöngumiðar í boði.



**MUGISON** Tónlistarmaðurinn vinsæli spilar á Bræðslunni í sumar.

# Plötusnúðar keppa

„Þetta verður svakaleg stemning. Það eru mjög góðir keppendur og það verður hart barist,“ segir plötusnúðurinn Addi Exos.

Hann er einn af skipuleggjendum keppninnar Plötusnúður Íslands 2012 sem verður haldin á Gauknum í kvöld. Keppt verður í flokki 18 ára og yngri snemma um kvöldið og svo 18 ára og eldri eftir miðnætti. Keppendurnir verða tólf.

Dómarar í eldri-keppninni eru nokkrir af reyndustu plötusnúðum landsins, þar á meðal Dj Margeir, Exos, Dj Frímann og Þórhallur Skúlason en hann vann eina slíka keppni árið 1990. Dj Óli Geir, Sindri Bm og fleiri dæma yngri-keppnina. Síðasta plötusnúðakeppni var haldin árið 2010 og hét hún Djkeppni.is. Atli Barðason og Magnús Gunnarsson báru þar sigur úr býtum.

Miðaverð á Plötusnúð Íslands er 1.000 krónur og er það Tónastöðin sem gefur glæsileg verðlaun.



**SIGURVEGARI** Atli Barðason vann plötusnúðakeppnina fyrir tveimur árum.



**GWYNETH PALTROW** Í viðræðum um að leika í nýjum söngleik.

# Paltrow í söngleik

**Gwyneth Paltrow er í viðræðum um að leika í nýrri söngleikjauppfærslu á kvikmyndinni Finding Neverland sem kom út 2004. Paltrow á að leika Sylviu Llewelyn David, fjögurra barna móður sem vingast við rithöfundinn J. M. Barrie. Þessi vinskapur veitti honum innblástur til að skrifa ævintýrið um Pétur Pan. Með aðalhlutverkin í myndinni fóru Kate Winslet og Johnny Depp.**

**Paltrow hefur sungið í gestahlutverki sjónvarpsþáttanna Glee og í kvikmyndinni Country Strong og hefur því einhverja reynslu á þessu sviði.**



**HEIÐRAÐUR** Bob Dylan verður heiðraður með Frelsisorðunni.

# Dylan fær Frelsisorðu

**Bob Dylan verður heiðraður af forseta Bandaríkjanna í Hvíta húsinu í á næstunni. Hann fær afhenta æðstu orðu sem almennum borgara getur hlotnast í landinu, Frelsisorðuna.**

**Dylan, sem er einn af þrettán sem fá afhenta Frelsisorðuna, fær hana fyrir þau miklu áhrif sem hann hefur haft á bandaríska menningu á sínum langa ferli. Meðal hinna sem fá orðuna eru Madeleine Albright, fyrsti kvenkyns utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og geimfarinn John Glenn.**




# Vill hefja sambúð



**VILL HEFJA SAMBÚÐ** Jennifer Lawrence vill hefja sambúð með kærasta sínum, breska leikaranum Nicholas Hoult. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikkonan Jennifer Lawrence fær ekki leyfi frá móður sinni til að fara að búa með kærastanum sínum, breska leikaranum Nicholas Hoult. Lawrence óttast að þetta muni hafa slæm áhrif á sambandið ef marka má frétt The Enquirer.

Lawrence, sem er 21 árs, kynntist Hoult, sem er ári eldri, árið 2010 er þau léku saman í kvikmyndinni X-Men: First Class. Hoult er þó líklega þekktastur fyrir hlutverk sitt í kvikmyndinni About a Boy þar sem hann lék móti Hugh Grant.

„Þau langar mikið til að búa saman en móðir Jennifer er mótfallin því. Henni finnst þau of ung og vill heldur að þau einbeiti sér að vinnu en heimilisrekstri. Jennifer ber mikla virðingu fyrir móður sinni og leitar núna að leið sem allir aðilar geta sætt sig við,“ hafði tímaritið eftir heimildarmanni.







INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

**Frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis**
**Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 30. júní 2012**

Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis kemur saman til fundar á Hótel Borgarnesi, Egilsgötu 16, Borgarnesi, þriðjudaginn 22. maí nk. kl. 13.00, til þess að gefa vottorð um meðmælendur forsetaefna samkvæmt 4.gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur skili meðmælendalistum til oddvita yfirkjörstjórnar, Ríkarðs Mássonar, sýsluskrifstofunni, Suðurgötu 1, Sauðárkróki, þriðjudaginn 15. maí nk., milli kl. 13 og 15, til þess að unnt verði að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnar.

Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista. Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis gefur eingöngu vottorð um meðmælendur úr eigin kjördæmi.

Yfirkjörstjórn fer þess á leit að meðmælendalistar verði, auk hinna skriflegu eintaka, afhentir á tölvutæku formi ( í excel-skjali á minnislykli ).

*27. apríl 2012.*
*F.h. yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis,*
*Ríkarður Másson*


# RÓSÓTT ÞEMA Í TÍSKUPARTÝI



**BLÓMLEG** Julia Restoin Roitfeld, dóttir ritsjórans umdeilda Carine Roitfeld, mætti ólétt ásamt kærasta sínum, sænsku fyrirsætunni Robert Konjic.



**LJÓSBLEIK** Það hefur ekki farið mikið fyrir leikkonunni Leelee Sobieski undanfarið en hún skaut upp kollinum í tískupartýinu klædd í ljósbleikan kjól. NORDICPHOTOS/GETTY



**SILFURSKÓR** Fyrirsætan Poppy Delevigne mætti í hvítum kjól, silfurskóm og leðurjakka.

**Tribeca-kvikmyndahátíðin stendur þessa dagana yfir í New York en margmenni er statt í borginni af því tilefni. Ýmiss konar boð eru víðs vegar um New York en partý á vegum tískuhússins Chanel var stjörnum prýtt. Rósir settu skemmtilegan svip á gleðskapinn þar sem leikarar, fyrirsætur og tískufyrirmyndir brostu breitt.**



**LEIKARAPAR** Naomi Watts og Liev Schreiber mættu saman.



**FYRIRSÆTAN** Arizona Muse mætti svartklædd.


## Sales of Tyres and Wheels in Iceland

We are the largest tyre company in Denmark and we wish to increase our market share in Iceland. We stock and sell tyres and wheels for all kinds of driving materials from our branches in Denmark, Norway, Sweden, Finland, Germany and England.

Now the time has come for us to look at Iceland. Therefore, we are open to any proposal for increased sales in Iceland. This could for example be:

- **An NDI branch with purchased or rented facilities**
- **Employment at the NDI group as sales manager**
- **Agency agreements**
- **Large customer with exclusive rights**
- **Sole agent of all our products**
- **Joint venture cooperation/partnership**
- **Other kinds of cooperation**

*If the above mentioned should be of interest please do not hesitate to contact:*

**Benny Kristensen**
**Mail.** bkr@ndi-dk.com
**Mob.** +45 40 38 71 00

For further information please visit our website.
**www.ndi.eu**

**MERKURVEJ 7 · 6650 BRØRUP · DENMARK**

114552 12


SUMAR TILBOÐ
í Blómavali um land allt
ÁVAXTATRÉ
BERJARUNNAR OG KRYDDJURTIR
PLÆNEGRÆS PROMIX BLANDING
Grasfræ 1 kg
1.299 kr.
1.699 kr.
eplatré
Kryddplöntur
SUMAR TILBOÐ!
Sýpris 100 sm
999 kr.
Útsæði 5 kg aðeins
799 kr.
Nú er rétti tíminn!
Útsæðiskartöflur
Gullauga, Helga, Premier og rauðar
Jarðaberjaplöntur
Frostþolnir útipottar
11441587-88-89
11441593-94-95
NÝ SENDING
18 cm á hæð 1.490kr
24 cm á hæð 1.990kr
31 cm á hæð 2.990kr
Maxi Crop
Maxi Crop lífrænn áburður 0,5 ltr
599 kr.
749 kr.
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri
Egilsstaðir - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




TILBOÐ Í BÍÓ. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE AVENGERS 3D | 2, 4, 7, 10-POWER |
| THE AVENGERS 2D | 2 |
| 21 JUMP STREET | 5.45 og 8 |
| AMERICAN PIE: REUNION | 10.20 |
| HUNGER GAMES | 7 og 10 |
| LORAX 3D ISL TAL | 2 og 5 |



SAMBÍÓIN SAMbio.is






SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| AVENGERS | KL. 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS VIP | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| THE AVENGERS | KL. 2 - 5 - 10:20 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| BATTLESHIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 12 |
| AMERICAN PIE: REUNION | KL. 3:40 - 8 | 2D | 12 |
| FJÖRFISKARNIR M/ÍSL TALI | KL. 1:20 - 3:20 | 2D | L |
| JOURNEY 2 | KL. 1:30 | 2D | 7 |
| DÝRA FJÖR 3D M/ÍSL TALI | KL. 2 | 3D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS (3D) | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| FJÖRFISKARNIR | KL. 2 | 2D | L |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 4 | 2D | 12 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 5:40 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 | 10 |
| FJÖRFISKARNIR M/ÍSL TALI | KL. 2 | L |
| PUSS IN BOOTS M/ÍSL TALI | KL. 4 | L |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 6 - 8 | 16 |
| GONE | KL. 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 3 - 6 | 2D | 10 |
| BATTLESHIP | KL. 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| TITANIC ÓTEXTUÐ | KL. 9 | 3D | L |
| JOURNEY 2 | KL. 2 | 2D | 7 |
| WRATH OF THE TITANS | KL. 3:30 | 2D | 12 |
| THE COLD LIGHT OF DAY | KL. 5:50 | 2D | 14 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 2 - 5 - 6 - 8 - 9 - 10:50 | 3D | 10 |
| THE AVENGERS | KL. 3 | 2D | 10 |
| CABIN IN THE WOODS | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| COLD LIGHT OF DAY | KL. 6 - 8 | 2D | 14 |
| FJÖRFISKARNIR M/ÍSL TALI | KL. 2 - 4 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE AVENGERS | KL. 2 - 5 - 8 - 10:50 | 3D | 10 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS M/ÍSL TALI | KL. 2 - 4 | 2D | L |
| FRIENDS WITH KIDS | KL. 5:50 | 2D | 12 |
| GONE | KL. 8 | 2D | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 10 | 2D | 16 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
midi.is




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR

| | | |
|---|---|---|
| THE AVENGERS 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 5 - 8 - 10.30 - 11 | 10 |
| THE AVENGERS 3D LÚXUS | KL. 1 - 5 - 8 - 11 | 10 |
| THE AVENGERS 2D | KL. 1 (TILBOÐ) | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20 - 5.40 | L |
| AMERICAN REUNION | KL. 8 | 12 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 1 (TILBOÐ) - 3 | L |
| HUNGER GAMES | KL. 5 - 8 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 11 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| GRIMMD (BULLY) | KL. 3.30 (TILBOÐ) - 5.45 - 8 - 10.15 | 10 |
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.30 | 14 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.20 (TILBOÐ) - 5.40 | L |
| IRON SKY | KL. 10.30 | 12 |
| TITANIC 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.15 | 10 |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 3.15 (TILBOÐ) | L |
| LORAX – ÍSLENSKT TAL 2D | KL. 3.30 (TILBOÐ) | L |
| HUNGER GAMES | KL. 9 | 12 |
| SVARTUR Á LEIK | KL. 5.30 - 8 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| 21 JUMP STREET | KL. 8 - 10.10 | 14 |
| AMERICAN PIE | KL. 6 - 8 | 12 |
| BATTLESHIP | KL. 10.10 | 12 |
| MIRROR MIRROR | KL. 4 (TILBOÐ) - 6 | L |
| LORAX - ÍSLENSKT TAL 3D | KL. 4 (TILBOÐ) | L |


28 DAGAR í aðalkeppni Eurovision

# Perez Hilton spáir í Eurovision



**EUPHORIA** Lag Loreen fjallar um sæluvímu og segir Perez það standa undir nafni.

Sænska framlagið til Eurovision söngvakeppninnar þetta árið þykir einstaklega sigurstranglegt.

Hin sænska Loreen hefur hlotið fullt hús stiga, eða 12 stig, frá níu af þeim ellefu löndum sem kosið hafa í atkvæðagreiðslu á vegum alþjóðlegu Eurovision-aðdáenda samtakanna OGAE. Hin framlögin sem hafa hvort fengið 12 stig einu sinni eru lag Pastora Soler frá Spáni og framlag Gretu Salóme og Jóns.

Ekki nóg með það að Loreen sé að slá í gegn innan Eurovision-samfélagsins, heldur hefur sjálfur ofurbloggarinn Perez Hilton tjáð sig um dálæti sitt á söngkonunni. Perez þessi er einn frægasti bloggari heims og lætur sig flest varða. Hann beinir sjónum sínum yfirleitt að Hollywood-stjörnum og því helsta sem er í gangi í stjörnuheimum, en nú er hann kominn með puttana í Eurovision. Perez sagði á bloggsíðu sinni að Svíar kynnu vel að gera popptónlist og fer fögrum orðum um hina hæfileikaríku Loreen. Hann segir hana meðal annars ná að laða fram tilfinninguna sem hún talar um í lagi sínu Euphoria, sem á íslensku myndi útleggjast sem sæluvíma. **- trs**

# Þreytt á að tala um kynþokka

Scarlett Johansson er orðin þreytt á því að tala um kynþokka sinn. Hún segir að útlit sitt tengist því hversu mjúkar línur hún er með.

„Ég hugsa aldrei um þetta, nema þegar ég fær stanslausar spurningar í viðtölum um kynþokka. Ég hef í rauninni ekkert að segja um þessa hluti því mér finnst þeir svo leiðinlegir,“ sagði Johansson, sem leikur njósnarann Svörtu ekkjuna í hasarmyndinni Avengers Assemble.

Hún þurfti að klæðast níðþröngum kattarbúningi í myndinni en vill ekkert tala um kynþokka persónunnar.

„Þessar kvenkyns ofurhetjur nota oft kynþokka sinn í staðinn fyrir að vera hörkutól. Þessar persónur eru kjánalegar. Mín persóna er með dökka fortíð og af hverju ekki að vinna með það?“ sagði hún.

„Þegar ég ræddi við Marvel voru þeir sammála því að það hefði ekki verið til nein góð kvenhetjubíómynd og þeir vildu ekki byggja of mikið á kynþokkanum í þessari mynd.“



**ENGINN KYNÞOKKI** Scarlett Johansson er orðin þreytt á að tala um kynþokka sinn.


TILBOÐSBÍÓ




LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

SMÁRABÍÓ midi.is

| | | |
|---|---|---|
| THE AVENGERS 3D/2D | KL. 1 | 10 |
| MIRROR MIRROR | KL. 1 | L |
| LORAX 2D | KL. 1 | L |

HÁSKÓLABÍÓ midi.is

| | | |
|---|---|---|
| GRIMMD: SÖGUR AF EINELTI | KL. 3.30 | 10 |
| MIRROR MIRROR | KL. 3.20 | L |
| LORAX 3D | KL. 3.15 | L |
| LORAX 2D | KL. 3.30 | L |











tryggðu þér miða á sambio.is
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
SAMBÍÓIN SAMbio.is



BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

**LAUGARDAGUR:** JANE EYRE 17:30, 20:00, 22:30 ■ **LÓNBÚINN** 18:00, 19:00, 20:00 ■ THE WOMAN IN THE FIFTH 20:00, 22:45 ■ LAXNESS HÁTÍÐ: ATÓMSTÖÐIN 18:00 ■ LAXNESS HÁTÍÐ: BREKKUKOTSANNÁLL 20:00 ■ IRON SKY 18:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 22:00 **SUNNUDAGUR:** JANE EYRE 17:30, 20:00, 22:30 ■ **LÓNBÚINN** 18:00, 19:00, 20:00 ■ THE WOMAN IN THE FIFTH 18:00, 22:00 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ *SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS)* 22:00 ■ CARNAGE 20:00
ÍSL. TEXTI *ENG. SUBS*



AFLEGGJARINN EFTIR AUÐI ÖVU ÓLAFSDÓTTUR

# EVRÓPSK STJARNA



MYND: ANTON BRINK

## Metsölubók á Spáni og í Frakklandi

**Afleggjarinn** eftir metsöluhöfundinn **Auði Övu Ólafsdóttur,** kom fyrst út árið 2007. Bókin hefur farið sannkallaða sigurför um Evrópu síðasta árið og er nú loksins fáanleg í nýrri kiljuútgáfu.

Yfir 200.000 eintök seld … Væntanleg á sextán tungumálum.

„Opinberun … stórkostlega fallegur texti“ – LE MONDE

BJARTUR

12 bókmenntaverðlaun og tilnefningar.




Fyrri skáldsögur Auðar Övu, **Rigning í nóvember** og **Upphækkuð jörð**, eru væntanlegar.

DYNAMO REYKJAVÍK

# sport

sport@frettabladid.is

**ÁRSÞING HSÍ** verður haldið í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal í 55. sinn. Ekki er búist við átakaþingi en helst vekur athygli tillaga um að fjölga liðum í efstu deild karla úr átta í fjórtán og að átta lið taki þátt í úrslitakeppninni í stað fjögurra. Þingið hefst klukkan 10 og búist er við að því ljúki síðdegis.




**ÍSLENDINGALIÐ MÆTAST** Gylfi Þór Sigurðsson verður væntanlega í eldlínunni með Swansea sem mætir Wolves í dag, liði Eggerts Gunnþórs Jónssonar. NORDICPHOTOS/GETTY

Enski boltinn um helgina:

## Fallbaráttan í sviðsljósinu

**FÓTBOLTI Þó svo að flestir áhugamenn um enska boltann séu orðnir óþreyjufullir fyrir toppslag Manchester-liðanna á mánudagskvöldið er þó mikið um mikilvæga leiki á dagskrá ensku úrvalsdeildarinnar um helgina.**

**Hjá flestum liðum eru þrír leikir eftir á tímabilinu og hvert stig því afar dýrmætt, bæði hjá þeim liðum sem eru í fallbaráttunni sem og þeim sem berjast um að komast í Meistaradeild Evrópu í haust.**

**Wolves er þegar fallið úr deildinni en sem stendur eru Bolton og Blackburn í hinum tveimur fallsætunum. QPR, Wigan og Aston Villa eru þó skammt undan og mega ekki við því að missa sig.**

**Arsenal, Newcastle, Tottenham og Chelsea eru að berjast um þriðja og fjórða sæti deildarinnar sem gefa öllu jöfnu þátttökurétt í Meistaradeild Evrópu. Öll þessi lið eiga erfiða leiki fyrir höndum um helgina.** - esá

### Leikir helgarinnar

**Laugardagur:**

| | |
|---|---|
| 14.00 Swansea - Wolves | Sport 2 |
| 14.00 Stoke - Arsenal | Sport 3 |
| 14.00 Wigan - Newcastle | Sport 4 |
| 14.00 Sunderland - Bolton | Sport 5 |
| 14.00 Everton - Fulham | Sport 6 |
| 14.00 West Brom - Aston Villa | |
| 16.30 Norwich - Liverpool | Sport 2 |

**Sunnudagur:**

| | |
|---|---|
| 12.30 Chelsea - QPR | Sport 2 |
| 15.00 Tottenham - Blackburn | Sport 2 |

**Staðan í baráttunni um 3. sætið:**

| | |
|---|---|
| 3. Arsenal | 34 leikir, 65 stig (+24) |
| 4. Newcastle | 34 leikir, 62 stig (+11) |
| 5. Tottenham | 34 leikir, 59 stig (+18) |
| 6. Chelsea | 34 leikir, 58 stig (+18) |

**Staðan í fallbaráttunni**

| | |
|---|---|
| 15. Aston Villa | 35 leikir, 36 stig (-14) |
| 16. QPR | 35 leikir, 34 stig (-18) |
| 17. Wigan | 35 leikir, 34 stig (-26) |
| 18. Bolton | 34 leikir, 33 stig (-28) |
| 19. Blackburn | 35 leikir, 31 stig (-26) |
| 20. Wolves | 35 leikir, 23 stig (-41) |

# Tito stígur úr skugga Guardiola

**Pep Guardiola hefur ákveðið að hætta hjá Barcelona eftir fjögur afar farsæl ár sem knattspyrnustjóri liðsins. Aðstoðarmaður hans, Tito Vilanova, tekur við af honum og fær tækifæri til að sanna sig á stóra sviðinu.**

**FÓTBOLTI** Í gær greindi Pep Guardiola frá þeirri ákvörðun sinni að stíga frá borði sem knattspyrnustjóri Barcelona í lok leiktíðarinnar. Við starfinu tekur aðstoðarmaður hans, Tito Vilanova.

Ákvörðun Guardiola um að hætta kom fáum á óvart enda hafði nokkur óvissa ríkt um framtíð hans í dágóðan tíma. Fyrr í vikunni greindu svo fjölmiðlar ytra frá því að það yrði líklega niðurstaðan.

„Fjögur ár eru heil eilífð sem stjóri Barcelona," sagði Guardiola á blaðamannafundi félagsins í gær. „Allt hefur sinn tíma. Ég er búinn á því og þarf að taka mér tíma til hlaða batteríin. Eina leiðin til þess er að stíga til hliðar – annars hefði áframhaldandi samstarf skaðleg áhrif á báða aðila."

Hann sagði það trú sína að nýr maður hafi ýmislegt fram að færa sem hann getur ekki boðið upp á. Sá maður heitir Francesc „Tito" Vilanova og voru forráðamenn félagsins ekki lengi að ganga frá þeirri ákvörðun um að hann tæki við starfinu.

### Augnapot Mourinho

Vilanova er ekki þekktasta nafnið í knattspyrnuheiminum. Nafn hans komst fyrst í heimsfréttirnar þegar Jose Mourinho, stjóri Real Madrid, potaði í auga hans eftir leik liðanna í spænska ofurbikarnum í ágúst síðastliðnum. En hann fær nú tækifæri til að stíga úr skugga farsælasta þjálfara í sögu þessa stórveldis í heimsknattspyrnunni og sanna sitt gildi.

Vilanova er 42 ára gamall og tveimur árum eldri en Guardiola. Hann hóf knattspyrnuferil sinn hjá Barcelona en náði aldrei að spila með aðalliði félagsins. Guardiola var að stíga sín fyrstu skref sem leikmaður á sama tíma og urðu þeir strax þá góðir vinir.

Guardiola átti mjög farsælan feril sem leikmaður Barcelona og varð síðar fyrirliði liðsins. Vilanova spilaði hins vegar aðallega í neðri deildum Spánar og á aðeins 26 leiki að baki í spænsku úrvalsdeildinni.

### Hringt í gamlan vin

Þeir Guardiola og Vilanova héldu þó ávallt góðu sambandi. Árið 2007, þegar Guardiola var ráðinn til Barcelona til að stýra B-liði félagsins, vildi hann ólmur fá sinn gamla félaga sér við hlið. Vilanova var þá yfirmaður knattspyrnumála hjá C-deildarliðinu Terrassa en þekktist boðið, þó svo að Barcelona B hafi þá spilað í næstu deild fyrir neðan.

Þeir Guardiola og Vilanova stýrðu Barcelona B upp um deild strax á fyrsta ári og voru svo ráðnir til að taka við aðalliði félagsins á vormánuðum 2008, eftir að ákveðið var að Frank Rijkaard myndi ekki halda áfram með liðið.

Við tók ný gullöld hjá Barcelona en félagið vann á þessum árum þrettán titla. Guardiola og Vilanova fóru fyrir sigursælasta þjálfarateymi félagsins frá upphafi og því ef til vill eðlilegt framhald að Vilanova stígi fram á sjónarsviðið, nú þegar að Guardiola hefur ákveðið að hann hafi fengið nóg.

### Fjórtándi titilinn innan seilingar

Þó svo að stuðningsmenn Barcelona hafi ekki yfir miklu að kvarta eftir velgengni síðustu ára voru það vitaskuld vonbrigði að hafa fallið úr leik í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu, aðeins nokkrum dögum eftir að hafa tapað fyrir Real Madrid í hálfgerðum úrslitaleik spænsku úrvalsdeildarinnar.

Guardiola fær þó tækifæri til að kveðja félagið með titli í lok tímabilsins því Barcelona leikur til úrslita í spænsku bikarkeppninni gegn Athletic Bilbao þann 25. maí næstkomandi. En eftir það mun stund Tito renna upp og verður það hans verkefni að nýta þann frábæra efnivið sem félagið hefur svo það geti náð fyrri hæðum í knattspyrnuheiminum.

eirikur@frettabladid.is



**Á BAK VIÐ TJÖLDIN** Tito Vilanova hefur unnið náið með Pep Guardiola síðustu fimm árin en tekur í sumar við stjórn aðalliðs Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Þjálfaraferill Pep Guardiola í tölum

Þrátt fyrir ungan aldur og aðeins fjögur ár í starfi er Pep Guardiola engu að síður farsælasti þjálfari í sögu Barcelona.

- **13** Barcelona hefur unnið þrettán titla á fjórum árum undir stjórn Guardiola.
- **2009** Árið sem Barcelona vann Meistaradeild Evrópu fyrst undir stjórn Guardiola sem varð um leið yngsti knattspyrnustjórinn frá upphafi til að stýra liði til sigurs í keppninni.
- **170** Undir stjórn Guardiola hefur liðið spilað blússandi sóknarleik. Á þessari leiktíð hefur liðið skorað 170 mörk í öllum keppnum.
- **17** Guardiola átti einnig glæsilegan leikmannaferil og fékk sautján gullpeninga um hálsinn sem leikmaður – þar á meðal sex meistaratitla og Ólympíugull með landsliði Spánar.
- **15** Guardiola stýrði Barcelona í fimmtán „El clásico" leikjum gegn Real Madrid og vann níu þeirra.
- **363** Undir stjórn Guardiola hefur Barcelona fengið 363 stig í 148 deildarleikjum – níu meira en Real Madrid og meira en 100 stigum meira en öll önnur lið.





## Frá yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis
## Til væntanlegra frambjóðenda í forsetakosningum 30. júní 2012

Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis kemur saman til fundar í Ráðhúsinu, Geislagötu 9, Akureyri, fundarsal 2. hæð, þriðjudaginn 22. maí nk., kl. 13:00, til þess að gefa vottorð um meðmælendur forsetaefna samkvæmt 4. gr. laga nr. 36/1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Þess er óskað að frambjóðendur skili meðmælendalistum til oddvita yfirkjörstjórnar, Páls Hlöðvessonar skipatæknifræðings, Ráðhúsinu, Geislagötu 9, Akureyri, fundarsal 2. hæð, þriðjudaginn 15. maí nk., milli kl. 13 og 15, til þess að unnt verði að undirbúa vottorðsgjöf yfirkjörstjórnar.

Vakin er sérstök athygli á að afhenda skal yfirkjörstjórn frumrit meðmælendalista. Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis gefur eingöngu vottorð um meðmælendur úr eigin kjördæmi.

Yfirkjörstjórn fer þess á leit að meðmælendalistar verði, auk hinna skriflegu eintaka, afhentir á tölvutæku formi (í töflureikni á minnislykli).

Þá skal og fylgja skrifleg tilkynning frá frambjóðendum hverjir tveir menn séu umboðsmenn viðkomandi framboðs.

**Akureyri, laugardaginn 28. apríl 2012.**
**Yfirkjörstjórn Norðausturkjördæmis,**

Páll Hlöðvesson oddviti
Inga Þöll Þórgnýsdóttir
Helga Arnheiður Erlingsdóttir
Gestur Jónsson
Ólafur Rúnar Ólafsson


Meistaradeild Evrópu:

## Ólafur getur spilað með AG

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson er klár í slaginn og mun spila með danska liðinu AG þegar það mætir Barcelona í síðari viðureign liðanna í fjórðungsúrslitum Meistaradeildar Evrópu í dag.

Ólafur tók ekki þátt í æfingu liðsins í gær af fullum krafti en hann sagðist þó við danska fjölmiðla vera í góðu standi. „Mér líður vel. Ég verð klár fyrir leikinn á morgun [í dag]," sagði hann.

AG stendur vel að vígi eftir sex marka sigur á heimavelli um síðustu helgi en þá fór leikurinn fram á Parken fyrir framan 21 þúsund áhorfendur. Leikurinn í dag fer fram í Barcelona og hefst bein útsending á sporttv.is klukkan 18.00.

Íslendingaliðin Füchse Berlin og Kiel verða svo í eldlínunni á morgun. - esá

# MIKLABORG KYNNIR



# Mýrargata 26, 101 Rvk.

**Glæsilegt 7 hæða lyfthús á þessum einstaka stað með 68 lúxusíbúðum auk stæða og bílskúra í bílakjallara**



Staðsetning eignarinnar er rétt við smábátahöfnina, sjóminjasafnið, gömlu verbúðirnar, Hörpuna, miðbæinn, veitingastaði, leikhús og iðandi mannlíf borgarinnar. Skipulagið gerir ráð fyrir blandaðri byggð íbúðarhúsnæðis í sátt og samlyndi við fjöregg íslensku þjóðarinnar, sjávarútveginn, miðbæinn og gömlu húsin í næsta nágrenni.

**Á meðal fjölmargra kosta eru:**

- Sjávarútsýni
- Einstök staðsetning
- Gólfsíðir gluggar
- Frábær hönnun
- Miðbæjaríbúðir

Tækifæri til að eignast glæsilega íbúð rétt við sjávarsíðuna.





Allar teikningar, skilalýsing og nánari upplýsingar fást á Fasteignasölunni Mikluborg skv. samkomulagi.

**Hvers vegna á ég að fjárfesta?**

- Frábær fjárfesting!
- Hagstætt verð á íbúð á besta stað!
- Framtíðarheimili mitt!
- O.fl. kostir



**Í boði eru 2-5 herbergja íbúðir frá 67 $m^2$ til 160 $m^2$**



## Sími: 569 7000

Hafðu samband við sölumenn Mikluborgar og kynntu þér málið.

FASTEIGNASALAN
**MIKLABORG**

Síðumúla 13 108 Reykjavík
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



**HARRY REDKNAPP** Mun ekki halda með nágrannaliði sínu í Meistaradeildinni. NORDICPHOTOS/GETTY

Redknapp og Pardew:

## Halda með FC Bayern

**FÓTBOLTI Knattspyrnustjórarnir Alan Pardew hjá Newcastle og Harry Redknapp hjá Tottenham fara ekki leynt með þá skoðun sína að þeir munu báðir halda með þýska liðinu FC Bayern München í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu.**

**Chelsea leikur þar til úrslita og möguleikar Newcastle og Tottenham um sæti í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð eru úr sögunni nái Chelsea að vinna Meistaradeildina.**

**Samkvæmt reglugerð um Meistaradeildina fara aðeins þrjú ensk lið í Meistaradeild Evrópu nái Chelsea að vinna Meistaradeildina.**

**„Ég væri að ljúga ef ég myndi segja að ég vonaðist til þess að Chelsea vinni Meistaradeildina. Ég vona að FC Bayern vinni, það yrði gott fyrir alla stuðningsmenn Tottenham,“ sagði Harry Redknapp knattspyrnustjóri Tottenham.**

**Newcastle er með 62 stig í fjórða sæti deildarinnar þessa stundina og Tottenham er með 59 stig í fimmta sæti en bæði lið hafa leikið 34 leiki. Arsenal er með 65 stig eftir 35 leiki, og þar fyrir ofan eru Manchester City með 80 og Manchester United með 83 stig.** - seth

# Hafnaboltamaðurinn í NFL-deildinni

Saga leikstjórnandans Brandons Weedens er lyginni líkust. Fyrir tíu árum síðan var hann valinn í nýliðavali amerísku hafnaboltadeildarinnar af New York Yankees. Í gær var hann síðan valinn í fyrstu umferð nýliðavals NFL-deildarinnar. Hinn 28 ára Weeden er elsti leikmaðurinn sem hefur verið valinn í fyrstu umferð.

**NFL** Stuðningsmenn Cleveland Browns gætu átt bjartari tíma í vændum. Í nýliðavali NFL-deildarinnar fékk liðið hlauparann efnilega Trent Richardson og leikstjórnandann Brandon Weeder.

Leikstjórnandi Browns, Colt McCoy, mun því fá samkeppni frá nýliða sem er þremur árum eldri en hann. Hvernig stendur á því? Jú, Weeden er 28 ára gamall og á hreint ótrúlega sögu í bandarísku íþróttalífi. Í nýliðavalinu varð hann elsti leikmaður í sögu valsins sem valinn er í fyrstu umferð.

Hann er þess utan elsti maðurinn sem hefur verið valinn í nýliðavali NFL-deildarinnar síðan árið 1967. Talið er að McCoy vilji fara frá félaginu eftir þetta val en hvort eitthvað lið vill fá hann er svo allt önnur saga.

Mike Holmgren, sem gerði Green Bay Packers að meisturum og gerði svo alvöru lið úr Seattle Seahawks, sér um uppbygginguliðsins í Cleveland en það er í eigu Randy Lerner sem á einnig enska knattspyrnufélagið Aston Villa. Holmgren hefur trú á því að með Weeden sem leikstjórnanda geti Browns farið að geta eitthvað aftur eftir mörg mögur ár.

Weeden hefur alla tíð verið mikill íþróttamaður en þegar hann var búinn með framhaldsskóla taldi hann að leið sín í atvinnumennsku væri í gegnum hafnaboltann þó svo hann væri einnig liðtækur í amerískum fótbolta.

Hann var ekki einn um það því stærsta hafnaboltalið Bandaríkjanna, New York Yankees, valdi hann í annarri umferð nýliðavalsins árið 2002. Weeden náði aldrei að festa sig í sessi þar og spilaði með neðrideildarliðum í fimm ár.

Þá var honum nóg boðið og ákvað að skella sér í háskóla. Hann ákvað að láta hafnaboltann eiga sig í Oklahoma State-skólanum og einbeitti sér að því að vera leikstjórnandi í amerískum fótbolta.

Það gerði Weeden með glæsibrag og fór svo að hann var valinn númer 22 í nýliðavalinu.

„Þetta er með algjörum ólíkindum. Þetta er bara frábært. Að hafa verið valinn til Cleveland númer 22 er draumur fyrir mig. Ég er mjög lánsamur,“ sagði Weeden með tárin í augunum en nýliðinn verður orðinn 29 ára þegar leiktímabilið í NFL-deildinni hefst.

„Hvern hefði grunað þegar ég var leikstjórnandi númer þrjú hjá Oklahoma State að ég kæmist hingað? Ég er búinn að leggja ótrúlega hart að mér til þess að komast hingað.“

Weeden var ólíkt flestum sem voru valdir í fyrstu umferð ekki á staðnum. Hann fylgdist með í sjónvarpi heima hjá foreldrum sínum ásamt 50 öðrum vinum.

Þegar símtalið kom frá Browns um að þeir ætluðu sér að velja Weeden þá varð allt vitlaust heima hjá foreldrum hans. Draumurinn var loksins orðinn að veruleika.



**MAGNAÐUR** Weeden fagnar eftir sigur á Andrew Luck og Stanford-skólanum í janúar. NORDICPHOTOS/GETTY



**UNDIR PRESSU** Andrew Luck var valinn fyrstur í nýliðavalinu og þarf að leysa sjálfan Peyton Manning af hólmi. NORDICPHOTOS/GETTY

Síðustu tvö ár hefur Weeden verið aðalleikstjórnandi Oklahoma og slegið flest met sem máli skipta hjá skólanum.

Þrír aðrir leikstjórnendur voru valdir á undan Weeden í nýliðavalinu og flestir sérfræðingar voru á því að Weeden hefði klárlega verið á meðal tíu fyrstu í valinu ef hann væri yngri.

Það kom engum á óvart að Andrew Luck frá Stanford-háskólanum skyldi verða valinn fyrstur af Indianapolis Colts. Luck fær það verðuga verkefni að leysa goðsögnina Peyton Manning af hólmi hjá Colts. Það verður ekki auðvelt verk.

Það er skemmtileg tilviljun að þeir Luck og Weeden mættust í síðasta leik þeirra í háskólaboltanum. Þá mættust Oklahoma State og Stanford í Fiesta Bowl-leiknum.

Weeden undirstrikaði í þeim leik hversu góður hann er með því að hafa betur gegn Luck í hreint út sagt frábærum leik. Lokatölur þar 41-38 og frábær frammistaða Weeden gerði klárlega gæfumuninn í þeim leik. henry@frettabladid.is



# Hérahlaup

## INTERSPORTS OG BREIÐABLIKS

**Þriðjudaginn 1. maí 2012 kl. 11:00 í Smáranum,**
íþróttahúsi Breiðabliks, Dalsmára 5, Kópavogi. Húsið opnar kl. 9:30.
Sjá nánar á www.intersport.is



## KYNNING Á HLAUPASKÓM FRÁ asics®

Sérfræðingur frá Sportís leiðbeinir við val á hlaupaskóm milli **KLUKKAN 13 OG 16** Í DAG, LAUGARDAG OG Á MORGUN SUNNUDAG Í **INTERSPORT LINDUM.**

**30% AFSLÁTTUR**
AF ELDRI TÝPUM
AF HLAUPASKÓM
FRÁ ASICS

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.
EXPO · www.expo.is

INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 28. – 29. APRÍL
ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

## > Tina Fey

„Ég verð sífellt agndofa yfir Tinu Fey. Og ég er Tina Fey.“
Leikkonan sprenghlægilega Tina Fey á sér marga aðdáendur, þar á meðal sjálfa sig. Hún tekur höndum saman með húmoristanum Steve Carell í gamanmyndinni Date Night á Stöð 2 Bíó í dag klukkan 09.05 og 14.00.



# dagskrá
## sunnudagur

## SUNNUDAGSKVÖLD

### > Stöð 2 kl. 19.40
### Sjálfstætt fólk

*Jón Ársæll heldur áfram mannlífsrannsóknum sínum og næsti viðmælandi hans er Huggy, ljósmyndari sem hefur sérhæft sig í tískuljósmyndun og myndir hennar prýða forsíður allra helstu tískurita heims um þessar mundir. Sjálf var hún ofurfyrirsæta, en lenti í slysi þar sem henni var hent úr úr bíl og andlit hennar marðist illa og hún missti tennur og varir hennar fóru mjög illa. Sorg lífs hennar er þó hræðilegur atburður sem gerðist vestur í Kaliforníu þegar hún var aðeins fimm ára gömul. Þá varð tvíburasystir hennar fyrir bíl og lést þremur dögum síðar. Við fylgjum Huggy eftir í lífi og starfi, kynnumst því hvernig hún vinnur ásamt fjölda aðstoðarmanna og hlýðum á sögurnar í bransanum. Tískuþáttur eins og þeir gerast bestir og flottastir.*



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Íslensk menning **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Anna í Grænuhlíð og fleiri rauðhærðir kvenskörungar **11.00** Guðsþjónusta í Ástjarnarkirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Útvarpsleikhúsið: Kona hverfur **15.00** Sögur af misgóðum mönnum **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Úr tónlistarlífinu **17.25** Vestur um haf **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Kveðið við raust **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Sker **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.25 Alla leið** (2:5) (e)
**11.20 Landinn** (e)
**11.50 Djöflaeyjan** (e)
**12.30 Silfur Egils**
**13.50 Heimur orðanna – Babel** (1:5) (Planet Word) (e)
**14.50 Eugéne og Berenice: Frumkvöðlar í ljósmyndun** (Eugéne and Berenice - Pioneers of Urban Photography) (e)
**15.50 Af himnum ofan** (From the Sky Down) Heimildarmynd um hljómsveitina U2.
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Skellibær**
**17.40 Teitur**
**17.50 Pip og Panik**
**17.55 Espen og kóparnir** (Folk: Espen og selungerne) Tveir kópar eru fluttir frá Lófóten í sædýrasafn í Tromsø.
**18.25 Basl er búskapur** (7:7) (Bonderøven)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Landinn**
**20.15 Höllin** (14:20) (Borgen)
**21.15 Átjánda öldin með Pétri Gunnarssyni** (1:4)
**21.55 Sunnudagsbíó - Höfundur karrípylsunnar** (Die Entdeckung der Currywurst)
**23.40 Silfur Egils** (e)
**01.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**09.05 Date Night**
**10.30 Gray Matters**
**12.05 Babe**
**14.00 Date Night**
**16.00 Gray Matters**
**18.00 Babe**
**20.00 Magnolia**
**23.05 The Hangover**
**00.40 Unknown**
**02.05 Chestnut: Hero of Central Park**
**04.00 The Hangover**
**06.00 Gran Torino**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**12.00 Nágrannar**
**12.40 Nágrannar**
**13.20 Nágrannar**
**13.40 American Dad** (16:18)
**14.00 Friends** (8:24)
**14.25 American Idol** (32:40)
**15.10 Týnda kynslóðin** (32:32)
**15.35 Hannað fyrir Ísland** (6:7)
**16.20 Mad Men** (3:13)
**17.10 Mið-Ísland** (6:8)
**17.40 60 mínútur**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.40 Sjálfstætt fólk** (28:38) J
**20.20 The Mentalist** (18:24) Fjórða serían af spennuþáttaröð um Patrick Jane, sjálfstætt starfandi ráðgjafa rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína. En þrátt fyrir það nýtur hann lítillar hylli innan lögreglunnar.
**21.05 Homeland** (8:13) Stórbrotin þáttaröð í anda 24 með Claire Danes í aðalhlutverki. Carrie Mathieson starfar fyrir bandarísku leyniþjónustuna og fær upplýsingar um að hryðjuverkasamtök hafi náð að snúa bandarískum stríðsfanga á sitt band. Skömmu síðar frelsa bandarískir hermenn félaga sinn sem hafði verið í haldi hryðjuverkamanna í átta ár og var talinn af. Hermaðurinn, Nick Brody, snýr heim sem þjóðhetja en Carrie er sannfærð um að hann sé föðurlandssvikari og vinni með hryðjuverkamönnum.
**21.55 Boardwalk Empire** (11:12)
**22.55 60 mínútur** Glænýr þáttur í virtustu og vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndustu fréttaskýrendur Bandaríkjanna fjalla um mikilvægustu málefni.
**23.40 The Daily Show: Global Edition**
**00.05 Smash** (8:15)
**00.50 Game of Thrones** (4:10)
**01.45 V** (10:10)
**02.30 Supernatural** (11:22)
**03.10 The Event** (7:22)
**03.55 Medium** (7:13)
**04.40 The Mentalist** (18:24)
**05.25 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**09.50 Spænski boltinn: Real Madrid - Sevilla** BEINT
**12.00 Valencia - At. Madrid**
**13.55 Evrópudeildarmörkin**
**14.25 Meistaradeild Evrópu: Real Madrid - Bayern München**
**16.55 Þorsteinn J. og gestir: meistaramörk**
**17.15 Spænski boltinn: Real Madrid - Sevilla**
**19.00 Iceland Express: Grindavík - Þór** BEINT
**21.00 Spænski boltinn: Rayo - Barcelona**
**22.45 NBA 2011/2012 - Playoff Games**
**01.45 Iceland Express: Grindavík - Þór**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.00 Stoke - Arsenal**
**11.50 Premier League World**
**12.20 Chelsea - QPR** BEINT
**14.45 Tottenham - Blackburn** BEINT
**17.00 Sunnudagsmessan**
**18.20 Norwich - Liverpool**
**20.10 Sunnudagsmessan**
**21.30 Swansea - Wolves**
**23.20 Sunnudagsmessan**
**00.40 Chelsea - QPR**
**02.30 Sunnudagsmessan**

## EXTRA

**16.15 Íslenski listinn**
**16.40 Bold and the Beautiful**
**17.20 Bold and the Beautiful**
**18.00 Bold and the Beautiful**
**18.25 Falcon Crest** (17:30)
**19.15 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.40 Njósnaskólinn**
**20.05 American Idol** (31:40) (32:40)
**22.15 Mið-Ísland** (6:8)
**22.45 Damages** (8:13)
**23.30 Falcon Crest** (17:30)
**00.20 Íslenski listinn**
**00.45 Sjáðu**
**01.10 Fréttir Stöðvar 2**
**02.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## ÍNN

**14.00** Heilsuþáttur Jóhönnu **14.30** Undraheimar Kenía **15.00** Frumkvöðlar **15.30** Eldhús meistaranna **16.00** Hrafnaþing **17.00** Græðlingur **17.30** Svartar tungur **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur tækni og vísindi **19.00** Fiskikóngurinn **19.30** Bubbi og Lobbi **20.00** Hrafnaþing **21.00** Einar Kristinn og sjávarútvegur **21.30** Perlur úr myndasafni **22.00** Hrafnaþing **23.00** Motoring **23.30** Eldað með Holta

## N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**11.50 Dr. Phil** (e)
**12.35 Dr. Phil** (e)
**13.20 Dr. Phil** (e)
**14.05 Dynasty** (21:22) (e)
**14.50 90210** (13:22) (e)
**15.40 Britain's Next Top Model** (7:14) (e)
**16.30 Once Upon A Time** (17:22) (e)
**17.20 Franklin & Bash** (3:10) (e)
**18.10 Unforgettable** (1:22) (e)
**19.00 Girlfriends** (8:13) Skemmtilegur gamanþáttur um vinkonur í blíðu og stríðu.
**19.20 Solsidan** (2:10) (e)
**19.45 America's Funniest Home Videos** (3:48) (e)
**20.10 Titanic - Blood & Steel** (3:12) Vönduð þáttaröð í tólf hlutum sem segir frá smíði Titanic. Sagan hefst árið 1907 og er sögusviðið Belfast á Norður-Írlandi. Þættirnir segja frá því hvernig skipið var smíðað frá grunni, frá fólkinu sem kom að hönnun þess og sköpun. Mark kemst að því sér til mikillar skelfingar að stálið sem notað er í skipið er ekki nægilega sterkt. Á sama tíma magnast trúardeilur í borginni.
**21.00 Law & Order** (7:22)
**21.50 The Walking Dead** (13:13)
**22.40 Blue Bloods** (11:22) (e)
**23.30 Californication** (8:12) (e)
**00.00 The Defenders** (4:18) (e)
**00.45 The Walking Dead** (13:13) (e)
**01.35 Whose Line is it Anyway?** (6:42) (e)
**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.30** Zurich Classic 2012 (3:4) **10.45** Golfing World **11.35** Zurich Classic 2012 (3:4) **16.35** Inside the PGA Tour (17:45) **17.00** Zurich Classic 2012 (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** Ryder Cup Official Film 2010 **00.05** ESPN America

## BBC entertainment

**06.15** Fawlty Towers **07.25** EastEnders **09.25** QI **10.55** Come Dine With Me **13.20** QI **15.50** Come Dine With Me **18.15** The Graham Norton Show **19.00** Derren Brown: Trick or Treat **19.50** Peep Show **20.50** Live at the Apollo **21.35** The Graham Norton Show **22.20** Derren Brown: Trick or Treat **23.15** Peep Show **00.10** Live at the Apollo **00.55** Derren Brown: Trick or Treat **01.45** Shooting Stars **02.15** Peep Show **02.45** Live at the Apollo **03.30** Derren Brown: Trick or Treat **03.50** My Family **04.25** The Weakest Link

## DR 1

**08.55** Osman og Jeppe **09.10** Victorious **09.30** Ponyskolen **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** BingoBoxen **10.55** OBS **11.00** Jamie Olivers Amerika **12.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.00** Downton Abbey **13.50** Cirkusrevyen 2011 **14.45** Sherlock Holmes **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** OBS **17.05** Ekspedition Ny Guinea **18.00** Downton Abbey **19.00** 21 Søndag **19.40** Fodboldmagasinet **20.10** Inspector Rebus **21.20** Blod, sved og ris **21.50** Verdens skrappeste forældre **22.45** Den sidste fjende

## NRK 1

**08.55** Schrödingers katt **09.25** Migrapolis **09.55** Hund i huset **10.25** Litt av et liv **11.30** Maestro **12.30** Steingardane på Jæren **12.45** En gang Gitarkamerat. Alltid Gitarkamerat! **14.00** Amigo Grande **14.30** Mesternes mester **15.30** Underveis **16.00** Bokprogrammet **16.30** Newton **17.00** Søndagsrevyen **17.45** Sportsrevyen **18.05** Levende landskap **18.35** Naturens mirakelbarn **19.25** Miss Marple **21.00** Kveldsnytt **21.15** Filmbonanza **21.45** Filmens historie **22.50** Mesternes mester **23.50** Amigo Grande

## svt1

**10.05** Smartare än en femteklassare **11.05** Spisa med Price **11.35** Inför Eurovision Song Contest 2012 **12.35** Suits **13.15** Högklackat **13.45** Rapport **13.50** Handboll **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Landet runt **17.00** Sportspegeln **17.30** Rapport **17.55** Regionala nyheter **18.00** Mästarnas mästare **19.00** Coacherna **19.30** Titanic **20.15** The Big C **20.45** Rapport **20.50** Black mirror **21.55** Smartare än en femteklassare **22.55** Mord i paradiset **23.50** Rapport **23.55** The Big C

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.






# KAUPI GULL

Magnús Steinþórsson gullsmíðasmeistari er að kaupa
gull, gullpeninga og gullskartgripi.
Einnig veiti ég góð ráð og upplýsingar.

**Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**

**Opið alla helgina frá kl. 10 til 18**

Skoðunarkannanir sýna að við borgum best, gerið verðsamanburð.

*Verið velkomin*



**Magnús Steinþórsson • Upplýsingar í síma 699 8000**
**Pósthússtræti 13 101 Reykjavík**

> **Stöð 2 kl. 22.50**

**Bourne Supremacy**

***Matt Damon er í aðalhlutverki í þessari mögnuðu spennumynd um Jason Bourne, fyrrverandi leyniþjónustumann, sem vill fara að hafa það náðugt. Draugar fortíðarinnar sækja að honum og hann reynir að rifja upp hver hann er og hvaðan hann kom.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞORGILS JÓNSSON OG AFTURHVARF TIL FORTÍÐAR

## *Alvöru raunveruleikasjónvarp*

Nútímamaðurinn er oft þjakaður af amstri hversdagsins og því ekki að furða að stundum hverfi hugurinn á vit fyrri tíma. Einfaldari tíma þar sem lífið gekk á hægara tempói.

Ég er ekki heltekinn af neinni fortíðarþrá, svokölluðum *Luddism*, þar sem hvers konar framfarir eru taldar af hinu illa. Það af síður neita ég mér um nútímaþægindi, en mér finnst dágott að vita til þess að ekki séu allir jafn ofurseldir prjáli gervihnattaaldar. Þeirra á meðal er „bóndadurgurinn" Frank sem er stjarnan í danska raunveruleikaþættinum Bonderøven sem sjá má á RÚV. Frank og fjölskylda hans á Kastanjegården á Jótlandi reyna í hvívetna að hafa hefðbundin vinnubrögð í hávegum, hvort sem verið er að dytta að bænum, snuddast í útihúsunum eða plægja og sá í akurinn.



Það er ekki bara fróðlegt út frá sagnfræðilegu sjónarmiði, heldur er Frank hreinn og ærlegur í hugsjón sinni og hefur fyrst og fremst húmor fyrir vitleysunni í sjálfum sér.

Raunveruleikasjónvarp snýst í eðli sínu um allt annað en raunveruleika. Þættir eins og Big Brother og ævintýri Kardashian-fjölskyldunnar snúast miklu frekar um sviðsetta tilveru þar sem grunnhyggið og óáhugavert fólk býr til aðstæður sem aðeins er að finna í skrifuðu og leiknu sjónvarpsefni. Hvers lags fólk leggur það á sig að sýnast vera leiðinlegra og verra fólk en það er í raun og veru?

Frank er sko enginn Kardashian. Hann er alvöru.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **08.00** Morgunfréttir **08.05** Við sjávarsíðuna **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Listræningjnn **15.20** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Glæta **17.05** Matur er fyrir öllu **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skurðgrafan **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Leikritakvöld Útvarpsins **19.00** Mín ævi hefur verið söguaus **20.00** Íslandsklukkan - Seinni hluti **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fyrr og nú **23.15** Stefnumót **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**10.20 Skólahreysti** (e)
**12.10 EM í knattspyrnu** (6:8) (e)
**12.40 Útsvar** (e)
**13.40 Kiljan** (e)
**14.25 Ýta-Pása-Spila** (PressPausePlay)
**15.25 Óskar og Jósefína** (Oskar og Josefine) Dönsk ævintýramynd.
**16.50 Bille August** (Autograf) (e)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Óvænt heimsókn** (2:5) (Uventet besøg) (e)
**18.00 Ólympíuvinir** (2:10) (Store Nørd)
**18.25 Úrval úr Kastljósi**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.40 Ævintýri Merlíns** (2:13) (The Adventures of Merlin II)
**20.30 Alla leið** (2:5)
**21.35 Athvarf englanna** (Talk of Angels) Ung írsk kona flýr ólguna heima fyrir og yfirvofandi hjónaband og fer til Spánar.
**23.10 Gefðu duglega á kjaft** (R - Slá fyrst, slá hárdast) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**00.50 Spólað til baka** (Be Kind Rewind) Jerry eyðileggur allar spólur á myndbandaleigu þar sem vinur hans vinnur. Til þess að gleðja dyggasta viðskiptavin leigunnar, ellihruma konu, endurgera þeir myndirnar.
**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

### BÍÓ

**08.00 When In Rome**
**10.00 Flying By**
**12.00 Tangled**
**14.00 When In Rome**
**16.00 Flying By**
**18.00 Tangled**
**20.00 Balls of Fury**
**22.00 SherryBaby**
**00.00 Quantum of Solace**
**02.00 The Unborn**
**04.00 SherryBaby**
**06.00 Magnolia**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.35 Njósnaskólinn**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**12.40 Bold and the Beautiful**
**13.20 Bold and the Beautiful**
**13.45 American Idol** (31:40)
**15.10 The Block** (4:9)
**16.00 Sjálfstætt fólk** (27:38)
**16.40 Íslenski listinn**
**17.05 ET Weekend** F
**17.55 Sjáðu**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.49 Íþróttir**
**18.56 Lottó**
**19.04 Ísland í dag - helgarúrval**
**19.29 Veður**
**19.35 Robots** Bráðfjörug og skemmtileg tölvuteiknimynd fyrir alla fjölskylduna frá sömu og gerðu Ísöld. Myndin fjallar um ungt og efnilegt vélmenni sem dreymir um að verða uppfinningamaður en þarf fyrst að glíma við vondan auðkýfing sem kúgar öll vélmennin og ætlar sér að útrýma öllum vélmennavarahlutum.
**21.05 Love Happens** Áhrifamikil og rómantísk mynd sem segir frá ekkli sem skrifar metsölubók um það hvernig á að takast á við tilveruna þegar makinn fellur frá. Þegar hann er á viðskiptaferð í Seattle verður hann ástfanginn af konu sem kemur á fyrirlestur hjá honum. Aðalhlutverk Aaron Eckhart og Jennifer Aniston.
**22.50 Bourne Supremacy** Hörkuspennandi mynd um Jason Bourne sem hélt að hann væri búinn að setjast friðsamlega að en draugar fortíðarinnar sækjast að honum.
**00.35 Come See The Paradise** Jack McGurn er uppreisnargjarn verkalýðssinni sem kemur til Los Angeles árið 1936 og fer að vinna í japönsku kvikmyndahúsi hjá Hiroshi Kawamura. Hann heillast af Lily, sem er dóttir Hiroshi, en þeim er óheimilt að eigast samkvæmt lögum Kaliforníu og ákveða því að hlaupast á brott til Seattle.
**02.45 Rachel Getting Married** Dramatísk mynd þar sem Anne Hathaway leikur unga konu sem er nýkomin úr meðferð en heldur heim til sín til að vera viðstödd brúðkaup systur sinnar.
**04.35 1408** Hryllingsmynd með John Cusack og Samuel L. Jackson í aðalhlutverki.

### SPORT *besta sætið*

**10.10 Spænsku mörkin**
**10.40 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Chelsea**
**12.25 Þorsteinn J. og gestir**
**12.45 Fréttaþáttur Meistarad. Evrópu**
**13.15 Evrópud.: Valencia - At. Madrid**
**15.00 Evrópudeildarmörkin**
**15.30 Spænski boltinn: Barcelona - Real Madrid**
**17.15 Iceland Express: Þór-Grindavík**
**19.00 La Liga Report**
**19.30 NBA: Miami Heat - New York Knicks** BEINT frá úrslitakeppni.
**22:30 Winning Time: Reggie Miller vs NY Knicks** Heimildarmynd
**23:40 BOX: Hopkins - Dawson**
**01:15 Box: Hopkins - Dawson** BEINT

### SPORT 2 *enski boltinn*

**10.05 Premier League Review 2011/12**
**11.00 Man. Utd. - Everton**
**12.50 Premier League World**
**13.20 Premier League Preview**
**13.50 Swansea - Wolves** BEINT
**16.15 Norwich - Liverpool** BEINT
**18.30 Stoke - Arsenal**
**20.20 Wigan - Newcastle**
**22.10 Sunderland - Bolton**
**00.00 Everton - Fulham**

### EXTRA

**17.30 Nágrannar**
**19.15 Spurningabomban** (4:10)
**20.05 Týnda kynslóðin** (32:32)
**20.30 Cold Case** (21:22)
**21.15 Twin Peaks** (16:22)
**22.05 Bones** (12:23)
**22.50 Rizzoli & Isles** (4:10)
**23.35 True Blood** (1:12)
**00.30 Better With You** (13:22) (14:22) (15:22) (16:22)
**02.00 Cold Case** (21:22)
**02.45 ET Weekend**
**03.30 Íslenski listinn**
**03.55 Sjáðu**
**04.20 Týnda kynslóðin** (32:32)
**04.45 Fréttir Stöðvar 2**
**05.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**12.30 Dr. Phil** (e)
**13.15 Dr. Phil** (e)
**14.00 Dynasty** (20:22) (e)
**14.45 Got to Dance** (9:15) (e)
**15.35 Mobbed** (5:11) (e)
**16.25 Hæfileikakeppni Íslands** (5:6)(e)
**17.15 The Firm** (9:22) (e)
**18.05 Girlfriends** (7:13)
**18.25 Necessary Roughness** (3:12) (e)
**19.15 Minute To Win It** (e)
**20.00 America's Funniest Home Videos** (19:48)
**20.25 Eureka** (16:20)
**21.15 Once Upon A Time** (17:22) Emma er numin á brott af hattaóðum manni og vonda drottningin leggur á ráðin að stela dýrmætum hlut frá Hjartadrottningunni.
**22.05 Saturday Night Live** (17:22)
**22.55 Ghostbusters 2** Gamanmynd frá árinu 1989. Fimm árum eftir að draugabanarnir björguðu New York borg eru þeir aftur kallaðir til. Í þetta sinn þurfa þeir að stöðva djöfullegan seiðkarl sem vill komast aftur í heim hinna lifandi og risastórt neðanjarðarfljót af slími sem gefur frá sér neikvæðar tilfinningar sem hóta að draga borgina niður í svaðið. Bönnuð börnum.
**00.45 Jimmy Kimmel** (e)
**01.30 Jimmy Kimmel** (e)
**02.15 Whose Line is it Anyway?** (e)
**02.40 Real Hustle** (13:20) (e)
**03.05 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.00** Golfing World **08.50** Zurich Classic 2012 (2:4) **11.50** Champions Tour - Highlights (7:25) **12.45** Inside the PGA Tour (17:45) **13.10** Zurich Classic 2012 (2:4) **16.10** Golfing World **17.00** Zurich Classic 2012 (3:4) **22.00** LPGA Highlights (7:20) **23.20** Golfing World **00.10** ESPN America

### N4

**Endursýnt efni frá liðinni viku.**

### BBC entertainment

**06.15** Keeping Up Appearances **07.15** ,Allo ,Allo! **08.15** Fawlty Towers **09.25** ,Allo ,Allo! **10.30** My Family **11.30** My Family **12.30** QI **13.30** QI **14.30** QI **15.00** Shooting Stars **16.00** Doctor Who **16.45** Doctor Who Confidential **17.00** Strictly Come Dancing **19.00** Come Dine With Me **20.35** Come Dine With Me **22.15** QI **23.15** QI **00.15** QI **00.45** My Family **01.15** My Family **01.45** My Family **02.10** My Family **02.40** My Family **03.10** My Family **03.40** QI **04.15** Keeping Up Appearances **05.15** ,Allo ,Allo!

### DR 1

**08.50** Aaron Stone **09.10** Victorious **09.40** Troldspejlet 2012 **10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Tidens tegn **10.55** Sign up **11.25** Jamies mad på 30 minutter **11.50** Merlin **12.35** Mord på hjernen **14.15** Cirkusrevyen 2009 **15.10** Sporløs **15.40** Før søndagen **16.00** Min sport på vej mod OL **16.20** Held og Lotto **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Mr. Bean **17.30** Limbo **18.00** Alvin og De Frække Jordegern 2 **19.25** Sherlock Holmes **20.55** Mellem to kvinder **22.30** Blinded Angels

### NRK 1

**06.40** Førkveld **07.20** Debatten **08.20** Norge rundt **08.45** Megafon **09.15** Min idrett **09.45** Flukten fra DDR **10.25** Munter mat **10.55** Radiopiratene **12.20** Jakta på lykka **12.50** Ut i naturen **13.30** En kriger for fred **14.20** Den store reisen **15.10** Danmark fra kyst til kyst **16.10** Verda vi skaper **17.00** Lørdagsrevyen **17.45** Lotto-trekning **17.55** Amigo Grande **18.25** Mesternes mester **19.25** Litt av et liv **20.30** London 2012 **21.00** Kveldsnytt **21.20** Gåten Jason Bourne **23.05** Dansefot jukeboks m/chat

### svt1

**08.45** Svenska dialektmysterier **09.15** Kobra **09.45** Robins **10.15** Rapport **10.20** Bröderna Reyes **11.15** Mästarnas mästare **12.15** Coacherna **12.45** Från Lark Rise till Candleford **13.45** Rapport **13.50** Handboll **15.50** Helgmålsringning **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.15** Go'kväll **17.00** Sverige! **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Smartare än en femteklassare **19.00** Robins **19.30** Mord i paradiset **20.25** Rapport **20.30** Suits **21.15** Kaka på kaka **21.35** Speedway **22.35** Titanic **23.20** Rapport **23.25** Bröderna Reyes

### ÍNN

**17.00** Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Bubbi og Lobbi **00.00** Hrafnaþing

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


# Þetta er Dorma-verð!

## Nature's Rest

Nature's Bedding

HEILSUDÝNUR

*Nature's Rest*

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Frábærar kantstyrkingar
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir





12 mán. vaxtalaus greiðsludreifing*

Dorma-verð

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 39.000,- | 65.900,- |
| 100x200 | 42.000,- | 69.900,- |
| 120x200 | 48.000,- | 78.900,- |
| 140x200 | 53.000,- | 84.900,- |
| 160x200 | 67.900,- | 99.900,- |
| 180x200 | 73.900,- | 109.900,- |

*3,5% lántökugjald

Pöntunarsími 512 6800
www.dorma.is

DORMA

Holtagörðum




# SÉRSTÖK DOMINO'S FORSÝNING

Fyrstu 220 sem versla í dag fyrir 2.000 kr. eða meira og sækja, fá 2 miða á sérstaka forsýningu á **The Raid**, nk. fimmtudag.

PANTAÐU Á NETINU Í RÓ OG NÆÐI!



www.dominos.is **sími** 58·12345

## PERSÓNAN



*Gyða Katrín Guðnadóttir*

**Aldur:** 17 ára
**Starf:** Nemandi á náttúrufræðibraut í MR
**Foreldrar:** Svanfríður Franklínsdóttir og Guðni Axelsson
**Fjölskylda:** Á tvö eldri systkini, þau Egil Árna og Þórunni Evu
**Búseta:** Seltjarnarnes
**Stjörnumerki:** Naut

Gyða Katrín fór með sigur af hólmi í Next fyrirsætukeppninni á vegum Eskimo

# Kviknaktir á umslagi fyrstu plötunnar

„Við erum allir mjög spenntir fyrir útgáfunni, næstum eins og krakkar að bíða eftir jólunum," segir Víðir Björnsson, gítarleikari Kiriyama Family, um fyrstu plötu hljómsveitarinnar sem kemur út þann 7. maí. Platan hefur hlotið nafnið Kiriyama Family og mynd af kviknöktum meðlimum sveitarinnar prýðir plötuumslagið.

„Við ræddum saman um hvernig við vildum hafa umslagið á plötunni og vorum sammála um að við vildum hafa það svolítið gamaldags. Í gamla daga var oftast mynd af hljómsveitinni sjálfri framan á plötuumslaginu og við ákváðum að fara þá leið," útskýrir Víðir og bætir við að þeim hafi ekki þótt tiltökumál að fækka fötum fyrir myndatökuna. „Við erum allir svo nánir og það er enginn metingur í gangi. Við erum eins og ein stór fjölskylda."

Myndatakan sjálf tók ekki langan tíma að sögn Víðis en undirbúningurinn fyrir hana tók tvo daga enda var þakkarlistinn sem og lagatextinn málaður á bera kroppa hljómsveitarmeðlimanna. „Eins og sést kannski á myndinni vorum við ekki grimmir í ræktinni fyrir tökuna. Það tók lengstan tíma að mála alla textana á okkur og við fengum kærustur og vinkonur til að aðstoða okkur við það."

Kiriyama Family, sem einnig er skipuð þeim Jóhanni V. Vilbergssyni, Karli M. Bjarnarsyni, Guðmundi Geir Jónssyni og Bassa Ólafssyni, spilar svokallað electro-popp. Innblásturinn sækja þeir að einhverju leyti til Svíþjóðar, þaðan sem margir efnilegir tónlistarmenn koma að sögn Víðis.

Piltarnir ætla að fylgja frumrauninni eftir í vor og sumar með tónleikahaldi og er platan að auki komin í forsölu á Netinu. - sm




**NAKTIR Á UMSLAGI** Meðlimir hljómsveitarinnar Kiriyama Family eru naktir á umslagi sinnar fyrstu plötu. Að sögn Víðis Björnssonar bíða félagarnir spenntir eftir útgáfudeginum. MYND/




### HÖRÐUR ELLERT ÓLAFSSON: VANTAÐI MANN EINS OG MIG Í VINNU

# Myndar allt fyrir danska hönnuðinn Henrik Vibskov

„Þetta er mjög gaman og ég er umvafinn jákvæðu og listrænu fólki hérna," segir ljósmyndarinn og grafíski hönnuðurinn Hörður Ellert Ólafsson sem starfar sem eins konar hirðljósmyndari hjá danska hönnuðinum Henrik Vibskov.

Hörður kynntist Vibskov fyrir tveimur árum er hönnuðurinn var með vinnubúðir á Lunga-hátíðinni á Seyðisfirði. Í kjölfarið héldu þeir sambandi en Hörður hóf svo störf hjá Vibskov í byrjun árs. „Hann hafði samband við mig í haust og sagði að sig vantaði mann eins og mig í vinnu. Ég byrjaði svo í janúar og hef verið að gera allt fyrir hann, bæði mynda auglýsingar og tískusýningar," segir Hörður sem býr í Árósum þar sem hann stundar nám í nýsköpunar- og verkstjórnun í Kaospilot-skólanum. „Þetta felur í sér mikið flakk og mikla vinnu, en ég er bara þessi týpíski Íslendingur sem á ekki erfitt með að vera með marga bolta í loftinu í einu."

Danski fatahönnuðurinn Henrik Vibskov er frægur fyrir framúrstefnulega hönnun. Fatnaður hans fæst um allan heim og er hann þekktur fyrir að blanda saman list og tísku á skemmtilegan hátt. Enn sem komið er er Vibskov eini skandinavíski hönnuðurinn á dagskrá tískuvikunnar í París þar sem hann sýnir við góðar undirtektir.



**FYLGIST MEÐ VIBSKOV** Ljósmyndarinn Hörður Ellert Ólafsson er kominn í vinnu hjá hönnuðinum Henrik Vibskov og var meðal annars meðhönnuður í bók um kappann sem kemur út í Þýskalandi í dag.

Auk þess að mynda tískusýningar Vibskov er Hörður meðhönnuður í bók um danska fatahönnuðinn sem kemur út í dag á vegum þýska útgáfurisans Gestalten. Bókin nefnist Henrik Vibskov og fjallar um seinustu 10 ár í hönnunarlífi Vibskov. Bókin er hátt í 300 blaðsíður og sett upp með óhefðbundnu sniði. „Henrik er þekktur fyrir að fara óhefðbundar leiðir í hönnun sinni og í stað þess að setja bókina upp eftir tímaröð þá er hún sett upp í litaröð. Ég er mjög ánægður með hana og á von á því að hún eigi eftir að fást á Íslandi," segir Hörður sem var á leiðinni frá Kaupmannahöfn til Berlínar í lest þegar Fréttablaðið náði af honum tali en útgáfu bókarinnar verður fagnað þar í kvöld. „Það verður risagjörningur frá Henrik og heljarinnar partí, en við erum stór hópur frá Kaupmannahöfn á leiðinni þangað núna."

Herði líkar lífið vel í Danaveldi og er ekkert á leiðinni heim. Auk þess að starfa fyrir Vibskov og vera í námi er Hörður einnig duglegur að þeyta skífum á ýmsum skemmtistöðum. „Það er allt annað að vera að vinna hér en heima. Danir eru heiðarlegir og ég hef til dæmis aldrei lent í vandræðum með að fá borgað en það er því miður ekki hægt að segja það sama um Ísland."

alfrun@frettabladid.is

# Lágstemmd og leyndardómsfull

Sigur Rós fær þrjár stjörnur af fimm mögulegum í breska tónlistartímaritinu Q fyrir plötuna Valtara.

Þar segir að tónlistin hafi yfir sér leyndardómsfullan blæ og líkir henni við Riceboy Sleeps, plötuna sem söngvarinn Jónsi og Alex Somers sendu frá sér fyrir þremur árum. Valtari sé lágstemmdari en flest annað sem Sigur Rós hafi gert og söngur Jónsa hreinlega hverfi í fimmta laginu af átta og hljómi eftir það ekki meir á plötunni.

„Hin rólega uppbygging laganna krefst þess að þú leggir vel við hlustir og þeir verðlauna þá þolinmæði með ambient-tónum, stuttir útgáfu af fegurð," segir í dómnum. „Eftir smá stund ferðu á uppreisnarkenndan hátt að velta fyrir þér hvað myndi gerast ef þú myndir setja rödd Celine Dion í My Heart Will Go On í staðinn fyrir rödd Jónsa í Dauðalogni."




**ÞRJÁR STJÖRNUR** Hljómsveitin Sigur Rós fær þrjár stjörnur í Q fyrir plötuna Valtara. NORDICPHOTOS/GETTY

Gagnrýnandinn segir að fegurðin hafi ávallt verið aðall Sigur Rósar og ekki sé annað hægt en að heillast af lögunum Fjögur píanó og Varúð. Plötuna vanti samt í heildina meiri ákefð og spennu.

„Ekki hata þá vegna þess að þeir spila fallega tónlist. Vertu frekar pirraður yfir því að fegurðin skiptir þá svona miklu máli." - fb

# 30% AFSL. AF ÖLLUM VÖRUM FRÁ Calligaris



















# HEIMA HÚSIÐ

Öndvegi mood lifum GALLERY GÓLF

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** **VÍSIR**

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stjörnur í Bláfjöllum

Skíðamenn á höfuðborgarsvæðinu eru margir daprir þessa dagana þar sem síðasta helgaropnun Bláfjalla er nú um helgina. Íslenskir skíðamenn hafa sýnt ágæt tilþrif í brekkunum en þó vart í líkingu við þau tilþrif sem sáust í gær þegar hópur austurrískra afreksskíðamanna lék listir sínar. Á landinu er nefnilega 140 manna hópur skíðafólks sem er að kynna á væntanlegt heimsmeistaramót í alpagreinum. Kynningin átti að fara fram á Grænlandi en með skömmum fyrirvara var hún færð til Íslands vegna slæmrar veðurspár í nágrannalandi okkar. Meðal skíðakappa sem reyndu fyrir sér í Bláfjöllum í gær voru margfaldir heimsog Ólympíumeistarar á skíðum á borð við Stefan Eberharter, Annemarie Moser-Pröll, Mario Reiter og Michaela Dorfmeister.



### Of Monsters í Grey´s Anatomy

Lagið Lakehouse með Of Monsters and Men hljómar í nýjasta þætti Grey´s Anatomy sem var frumsýndur í Bandaríkjunum á fimmtudagskvöld. Hljómsveitin fetar þar með í fótspor Emilíönu Torrini sem átti fjögur lög í þessari vinsælu þáttaröð árið 2006 og Lay Low en lag hennar Mojo Love hljómaði í þættinum ári síðar. Vegur **Nönnu Bryndísar Hilmarsdóttur** og félaga í Of Monsters and Men hefur farið vaxandi að undanförnu og ljóst að vinsældir sveitarinnar eiga síst eftir að minnka við þátttökuna í Grey´s Anatomy. Hljómsveitin er þessa dagana á tónleikaferð um Evrópu og heldur svo til Bandaríkjanna í stutt stopp. Eftir það kemur hún til Íslands í um tvær vikur áður en hún heldur í aðra tónleikaferð til Bandaríkjanna.



**- mþl, fb**

### Mest lesið vísir

1. Staðreynd að ráðist er á konur í bílastæðahúsum
2. Ófrísk að níburum
3. Tannlæknar segja munnskol geta verið hættulegt fyrir heilsuna
4. Líkamsárás í Mjóddinni í nótt
5. Arnarhreiður skemmt af mannavöldum





© Inter IKEA Systems B.V. 2012



**DYNING** vind-/sólhlífar B250×H80cm
Ýmsir litir **2.990,-/stk.**



**1.290,-/stk.**

**MAMMUT** barnakollar
Sæti H30cm. Ýmsir litir



**BARBRO** teppi B120×L180cm
Ýmsir litir **1.690,-/stk.**



**HÅLLÖ** stólsessur B40×L40cm
Ýmsir litir **2.490,-/stk.**

# Allir út á svalir!



**LÄCKÖ** hillueining
B61×D32, H160cm. Grátt
**7.990,-**





**TÄRNÖ** línan. Gegnheill akasíuviður/stál
Fellistólar. Sæti H45cm **2.650,-/stk.**
Borð. B54xL55, H70cm **3.450,-**



**HÅLLÖ** stólsessur
B40×L40cm. Ýmsir litir
**2.490,-/stk.**



**695,-/stk.**

**RISÖ** sessur
B34×L34cm. Ýmsir litir



**2.490,-/stk.**

**ROXÖ** kollar
Sæti H45cm. Ýmsir litir



**BOLLÖ** felliborð
B60×L60, H72cm
Gegnheill akasíuviður **3.650,-**

**3.650,-**

**BOLLÖ** fellistóll. Sæti H46cm
Gegnheill akasíuviður/brúnt



**HÅLLÖ** púðar
B30×L60cm. Ýmsir litir
**1.490,-/stk.**



**SÄRÖ** stólsessur
B49×L99cm. Marglitt
**5.990,-/4 í pk.**

**Sterkir vængir**
með frönskum og gráðaostasósu eða sterkri vængjasósu



**695,-**



**ROXÖ** línan
Stólar. Sæti H46cm. Ýmsir litir **3.990,-/stk.**
Borð. Ø65, H71cm. Grátt eða hvítt **6.990,-**

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®